

B

Nr. V Lagt fram í Sakadómi  
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

XIII

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 1

FRUMRIT : Bls. 1 - 501

I

**B**

**Nr. V Lagt fram í Sakadómi  
Reykjavíkur 28/4 1977**

**G.Br.**

## **GEIRFINNSMÁL**

**MAPPA : 1**

**FRUMRIT : Bls. 1 - 501**



**I**

Nokkrar blaðsíður vantar í númeraröð vegna þess að blaðsíður voru númeraðar jafnóðum af þeim löggreglumann sem tók skýrslu eða setti skýrslu í málið. Í ljós kom við yfirferð að margar blaðsíður höfðu verið settar tvisvar inn í málið. Þá hafa endurrit úr sakadómsbók verið tekin út og fylgja þau sérstaklega. Þetta ætti að skýra vontun á blaðsíðunúmerum í málínus.



Eftirfarandi blaðsfóur vantar í  
rannsókn "Geirfinnsmálsins", það  
er rannsóknina, sem framkvæmd var  
í Reykjavík.

Bls.	260	Bls.	586	Bls.	868	Bls.	903
"	300	"	588	"	869	"	921
"	301	"	589	"	870	"	1123
"	302	"	652	"	871	"	1124
"	303	"	653	"	872	"	1125
"	304	"	654	"	873	"	1126
"	305	"	655	"	874	"	1127
"	502	"	656	"	875	"	1128
"	508	"	657	"	876	"	1129
"	509	"	658	"	877	"	1131
"	510	"	659	"	878	"	1132
"	511	"	679	"	879	"	1133
"	512	"	680	"	880	"	1134
"	513	"	681	"	881	"	1136
"	514	"	713	"	882	"	1137
"	515	"	714	"	883	"	1138
"	516	"	715	"	884	"	1139
"	517	"	744	"	885	"	1140
"	556	"	745	"	886	"	1150
"	557	"	746	"	887	"	1151
"	558	"	747	"	889		
"	559	"	748	"	890		
"	560	"	749	"	891		
"	561	"	750	"	892		
"	562	"	751	"	893		
"	563	"	752	"	894		
"	564	"	753	"	895		
"	565	"	754	"	896		
"	566	"	755	"	897		
"	573	"	756	"	898		
"	581	"	757	"	899		
"	582	"	758	"	900		
"	583	"	822	"	901		
"	584	"	867	"	902		

Hér á eftir aftan við skjöl varðandi rannsókn "Geirfinnsmálsins" í Reykjavík, eru skjöl með blaðsíðutalinu 3001 - 3404.

Petta eru skjöl tekin út úr skjölum varðandi rannsókn "Geirfinnsmálsins" í Keflavík, og beinlínis varða Geirfinn Einarsson.

Mál nr. 6293/1976

Nr. / Lagt fram í sakadómi

Reykjavíkur 30/3 1976

1

*[Signature]*

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Fimmtu-daginn 22. jan. 1976

kin af:

Óli N. Bjarnasyni  
eglum.

Kl. 14:15 er mættur í fangelsinu við Síðumúla hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. Sævar Marinó Cie-sielski kvíkmyndagerðarmaður til heimilis að þver-brekkju 4 í Kópavogi, (lögheimili að Grýtubakka 10 Rvk., núverandi gæslufangi), fæddur 6. 7. 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahrepp, Árnessýslu.

Gætt er 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opin-berra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er grunur rannsóknarlöggreglunnar um vitneskju hans varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast spurðist til í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftir-farandi: Mér er kunnugt um hvarf Geirfinns og ég fylgdist með rannsókn þess máls, eins og hún kom fram í fjölmöglum, fyrst hér heima á Íslandi og svo eftir að ég kom til Danmerkur í desember 1974.

Nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf, þá var ég að kvöldi, milli kl. 22:00 og 23:00 að mig minnir, einn á gangi niður Laugaveg hér í borginni. Þá var stöðvuð það rétt hjá mér fólksbifreið og maður í henni kallaði í mig með nafni. Þetta var Mercedes-Benz bifreið, að mig minnir bláleit að lit. Sá sem kallaði, reyndist vera Einar Bollason bróðir sam-býliskonu minnar Erlu Bolladóttur. Hann sat í aftur-sæti bifreiðarinnar og settist ég inn við hlið honum. Undir stýri bifreiðarinnar sat Magnús Leopoldsson og við hlið hans maður, sem peir Einar og Magnús nefndu

svo Geirfinn. Síðar, þegar ég sá myndir í fjölmöldum af Geirfinni Einarssyni, þá bekkti ég hann sem þann sama Geirfinn og ~~a~~ þarna var í bifreiðinni. Magnús bekkti ég ekki fyrir, en komst að því síðar, að hann væri starfsmaður samkomuhússins Klúbbsins við Borgartún hér í borginni. Þegar ég var kominn í bifreiðina, þá fóru þeir Einar og Magnús að tala um það við mig, hvort ég gæti ekki ~~a~~ tekið að mér dreýfingu á ~~xm~~ áfengi, sem um það bil væri verið að smyglra hingað til landsins. Ástæðan til þess, að þeir Einar og Magnús fóru þessa á leit við mig, var það sú, að þeim var kunnugt um, að ég hefði staðið í, eða stæði í ólöglegum innflutningi og dreýfingu á ~~fj~~kniefnum. Allt varðandi það athæfi mitt er löngu komið fram við yfirheyrslur hjá sakadómi í Ávana- og Fíkniefnamálum.

Nú var ekið hér um borgina og rætt um þennan ólöglega innflutning á áfengi og dreýfingu þess og tók ég vel í að taka þátt í slíku. Meðal annars sáum við um stund í bifreiðinni utan við Klúbbinn, en ökuferðinni lauk við Hótel Borg og þar fór ég úr bifreiðinni, en þeir hinir þrír óku á brott. Í samræðum okkar kom fram, að þeir félagar ættu von á áfengissendingu, töluverðu magni, og nefndu 75 % Vodka og Spíritus. Ekki man ég til þess, að þeir nefndu hvar ætti að koma áfenginu í land, en það myndi koma í brúsum. Þeir félagar kváðust myndu hafa síðar nánara samband við mig um þetta og var hugmyndin, að ég í millitíðinni kannaði möguleikana á að dreýfa áfenginu. Aðallega voru það þeir ~~æ~~ Magnús og Einar, sem ræddu þessi mál við mig í bifreiðinni, en Geirfinnur lagði lítið til málanna. Ekki minnist ég þess, að neitt hafi borið á góma hvar Geirfinnur ætti heima. Rætt var um, að ég ætti að ~~xekja~~ fá ~~xemxxvareldix~~ áfengið á því verði, sem svaraði kr. 2.000,00 pr. flësku og réði því svo sjálfur á hvað ég seldi það aftur.

Nokkrum dögum síðar hringdi Einar í mig heim til móður minnar að Grýtubakka 10 og var Erla einnig stödd þar, enda héldum við á þeim tíma töluvert til heima hjá móður minni. Ég held að klukkan hafi verið 2100 til 2200. Einar talaði um að koma og ræða við mig og samþykkti ég það. Skömmu síðar kom Einar svo og var þá ~~á~~ akandi á rauðri Fiat-fólksbifreið, ég held bifreið Bolla Gunnarssonar föður þeirra Erlu og Einars. Með Einari í bifreiðinni var Magnús og svo Valdimar Olsen, sem mun eiga heima að Framnessvegi 61 hér í borginni. Eftir því, sem ég best veit, þá hefur hann starfað á sumrum sem hótelstjóri í Hótel Vahöll á Pingvöllum. Eins og fram er komið, þá var Einar ökumaðurinn, en ég settist í framstæðið við hlið hans, en þeir Magnús og Valdimar sátu í aftursætinu. Þeir

spurðu mig hvort ég hefði kannað eitthvað markaðinn fyrir áfengið, en ég sagði þeim sem var, að það hefði ég enn ekki gert. Þeir sögðu mér þá, að þeir væru að leggja af stað til Keflavíkur til þess að sækja áfengissendingu þá, sem þeir höfðu átt von á og spurðu hvort ég vildi ekki fara með þeim. Því játti ég og var nú ekið áleiðis til Keflavíkur og farin leiðin um Vatnsendahæð og hjá Vífilsstöðum á Reykjanessbraut. Ekki var numið neinsstaðar staðar, fyrr en til Keflavíkur kom. Á leiðinni var rætt um áfengissölu og talað um, að ég gæti fengið spítusinn á hagstæðu verði, ef ég tæki hann í stórum umbúðum. Einnig spurðu þeir félagar mig um fíkniefnadreyfingu og neyslu. Þá töluðu þeir um, að hugmyndin væri að hitta fleiri aðila, er til Keflavíkur kæmi og nefndu, svo ég man, nafn Jóns Ragnarssonar forstjóra Hafnarbíós sem eins þeirra. Þegar við komum til Keflavíkur, en áður en bifreiðin var stöðvuð, þá töluðu þeir félagar um að hitta Geirfinn og skildist mér, að hann ætti að taka þátt í því að nálgast áfengið, sem byrfti að sækja út á sjó. Eitthvað lítilsháttar var ekið um Keflavík, en bifreiðin síðan stöðvuð á stað nálagt höfninni. Ég er mjög ókunnugur í Keflavík, en ég geri ráð fyrir, að ég myndi þekkja aftur stað þann, þar sem bifreiðin var stöðvuð. Nú fóru þeir Valdimar og Magnús úr bifreiðinni, en við Einar urðum eftir í henni. Talað var um, að taka þá Valdimar og Magnús aftur í bifreiðina eftir ákveðinn tíma og munu þeir hafa áður verið búrir að ákveða staðinn við Einar. Ég sá nú á eftir þeim Magnúsi og Valdimar, þar sem þeir gengu niður einhverja hliðargötu, sem virtist liggja niður að höfninni, en við Einar kóum á brott.

Ekki sá ég þarna í Keflavík neina menn, sem ég gat sett í samþand við ferðallag okkar, en mér skildist á öllu, að ~~þá~~ í það minnsta ein önnur bifreið hefði farið héðan til Keflavíkur og í henni, eða þeim, einhverjir, þeirra á meðal Jón. Við Einar ókum inn í Njarðvíkur og eitthvað þarna um og í Keflavík, og einnig var ekið áleiðis til Sandgerðis, en nánar til tekið í námunda við radarstöðina, sem þar er. Sennilega höfum við verið í þessum akstri í 1-2 klukkustundir. Við stöðvuðum um stund á veginum til Sandgerðis og ræddum saman og var umræðuefnið ferðir mínar til útlanda, handtöku mínar þar og hér-lendis og annað í þeim dúr. Að lokum ókum við svo inn í Keflavík og þar hittum við Magnús, en Valdimar var ekki með honum. Ekki treysti ég mér til að segja til um á hvaða stað það var í bænum.

Magnús settist upp í bifreiðina og hafði á orði við Einar, að þetta hefði "reddast" og átti þar við það að nálgast áfengið, en slys hefði komið fyrir. Magnús sagði, að Geirfinnur hefði fallið útþyrðis úr bátnum og drukknað. Ekki talaði Magnús neitt nánar um hvernig það slys hefði borið að ~~xxxxxx~~ höndum, eða hvort þeir hefðu náð Geirfinni aftur inn í bátinn. Aftur á móti sagði Þ Magnús við mig, að mér væri hollara að nefna slysið ekki við nokkurn mann, það væri mér fyrir bestu.

Nú var ekið hingað áleiðis til borgarinnar, en ekki varð ég frekar en fyrr, var við neina aðra aðila í sambandi við að sækja áfengið, þótt svo ég væri viss um, að fleiri hefðu farið þetta kvöld til Keflavíkur sömu erinda og við. Ekki man ég til þess, að ég ræddi neitt, í það minnsta ekkert sérstakt, við þá Einar og Magnús á leiðinni hingað til borgarinnar. Þeir voru eitthvað að ræða sín á milli og heyrði ég ekki hvað það var, nema þeir töluðu um að fara í Klúbbinn, er hingað kæmi. Ekki var neitt frekar minnst ~~áxþekks~~ á slysið svo ég heyrði. Þegar hingað til borgarinnar kom, þá var mér ekið rakleiðis heim til móður minnar, þar sem ég fór úr bifreiðinni, en þeir óku á brott. Æður töluðu þeir Einar og Magnús við mig um að hafa bráðlega samband við mig til þess að ræða nánar um áfengisdrejfunguna.

Ég held klukkan hafi verið um 03:00, þegar ég kom heim.

Daginn eftir fór ég heim til Sigurðar Hákonarsonar að Bergþóru-götu 27 og bauð honum að selja honum áfengi. Hann tók mjög vel í það og ætlaði ég að hafa samband við hann síðar. Nokkrum dögum síðar hringdi Einar svo í mig og spurði hvernig mér gengi í sambandi við að koma út áfenginu. Ég sagðist ekki vera búinn að athuga það endan-lega, en þá var bíðið að lýsa eftir Geirfinni í fjölmöglum og mér leist ekki á að eiga viðskipti við þá félaga. Ég kvaðst myndi hafa samband við Einar síðar, en gerði það aldrei.


Skömmu eftir þessa ferð mína til Keflavíkur, þá fór Erla til Kaupmannahafnar og ég svo nokkru síðar.


Ekki létt ég neinn vita um vitneskju mína varðandi hvarf Geirfinns, þrátt fyrir ítrkuð tilmáli lögreglunnar í fjölmöglum og réði þar ótti minn við hefndarráðstafanir gegn mér af hálfu þeirra félaga.

Yfirheyrslu lauk kl. 19:05.

Upplesið, staðfest:

  
Sevar M. Ciesielski

Vottar:  
  
Sigurbjörn Eggertsson.

  
Gunnar Guðmundsson  
Orn Amann

  
E. N. Bjarnason lögreglum.

23. jan. 1976 kl. 10:30 er mætt hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. sem vitni í máli þessu í Fangelsinu við Síðumúla, Erla Bolla-dóttir nú til heimjlis að Stóragerði 29 hér í borg sími 32138, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Eftir að mættu hefur verið gerð ljós vitnaskyldan skýrir hún frá eftirfarandi: Mér ~~en hefur ekki verið sagt~~ ljóst, að tilefni yfir-heyrslu þessar er sú, að rannsóknarlöggreglan telur hugsanlegt, að ég muni geta veitt einhverjar upplýsingar varðandi atvik það, er Geirfinnur Einarsson hvarf í og síðast spurðist til í Keflavík að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Þá ~~ax~~ hefur mér verið kynntur réttur minn til þess að neita að bera vitni, þar sem vitnisburður minn gæti orðið nánum vandamönnum mínum í óhag. Prátt fyrir það ætla ég að skýra frá því, sem ég tel mig vita um hvarf Geirfinns.

Ég var að kvöldi dags stödd við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún hér í borginni og var þáverandi sambýlismaður minn Sævar Ciesielski þar einnig. Á þessum tíma héldum við Sævar til ýmist í íbúð, sem við höfðum á leigu að Hjallavegi 31, eða heima hjá mður Sævars að Grýtubakka 10. Ekki man ég hversvegna við Sævar vorum stödd saman við ~~SK~~klúbbinn þetta kvöld, en eitt er ég viss um, að höfðum ekki verið að skemmta okkur. Ekki veit ég hvað klukkan var, en enn var verið að hleypa gestum inn í húsið, svo ekki getur hún hafa verið orðin 23:30. Þarna utan við Klúbbinn settumst við Sævar upp í fólksbifreið, sem mér í fyrstu fannst vera leigubifreið, enda sat maður undir stýri hennar. Ekki man ég hvort annar maður sat við hlið ökumannsins, en slíkt er hugsanlegt. Síðan var ekið af stað án þess að ég eða Sævar segðum neitt til um hvert halda skyldi og fannst mér, eins og betta væri allt fyrirfram ákveðið. Ekið var héðan út úr borginni og áleiðis ~~um~~ til ~~Reykjavík~~ Hafnarfjarðar. Ég hugsaði þá ekki neitt sérstaklega um það hvert verið væri að fara, nema ferðinni væri heitið til Hafnarfjarðar, þótt svo ég ekki vissi um neitt erindi okkar Sævars þangað. Við Sævar sáum ein í aftursæti bifreiðarinnar og sat hann mjög nálægt hurðinni hægra megin, en ég um það bil í miðju sætinu. Ekki var numið staðar í Hafnarfirði, heldur ekið í gegnum bæinn og inn á Reykjanessbraut sunnan við hann og stefnt í átt til Keflavíkur.

A leiðinni til Keflavíkur, þá hélt Sævar allan tímann í aðra hendina á mér og virtist ekki vilja sleppa henni, því ég reyndi oftar en einu sinni að draga að mér hendina, en hann slepti ekki. A leiðinni til Keflavíkur áttu sér stað samræðar milli Sævars og

Ökumannsinsæ, en ekki man ég þær neitt orðréttar. Ekki nefndu peir nein nöfn, en ég fekk það fljóttlega á tilfinninguna, að það ætti að styttu mér aldur og væri ferðalagið meðal annars farið í þeim tilgangi. Þinnig töluðu peir um, að manni ætti að styttu aldur með því að fara með hann út á sjó undir því yfirskini, að sækja eitthvað. Ekki var nafn þessa manns nefnt, en talað um, að ökumaðurinn og bróðir minn Einar Bollason hefðu báðir reynt að koma vitinu fyrir manninn með því að bjóða honum peningagreiðslur. Það hafði ekki borð árangur, maðurinn væri bara með "stæla", og því byrfti að láta hann hverfa.

Ekki er ég viss um af hvaða tegund bifreið þessi var, sem Sævar fórum þetta kvöld í til Keflavíkur, en sætin í henni voru mjög mjúk og þægilegt að sitja í þeim. Þá man ég eftir því, að ~~hvað~~ hraðamælir bifreiðarinnar var nokkuð sérkennilegur. Hann var kanntaður og stóð nokkuð ~~hátt~~ hátt upp úr mælaborðinu framan við ökumanninn. Það var eins og súla í mælinum og steig hún lóðrétt, þegar hraðinn var aukinn. Súlan var græn eða ráuð á litinn og efri endi hennar eins og skáskorinn, þannig að hann myndaði ~~ok~~ odd. Hraðamælir sem pennan tel ég, að ég myndi þekkja aftur ef ég sái hann. Frekar en þetta get ég ekki lýst bifreiðinni með neinni vissu.

Pegar til Keflavíkur kom, þá var bifreiðin stöðvuð niður undir flæðarmáli. Þar var ~~þryggja~~ ein bryggja og til hliðar við hana skammt frá, nokkuð háir klettar eða hamrar í sjó fram. Ég get ekki gert mér grein fyrir hvaða leið við ókum um Keflavík, áður en við stöðvuðum á þessum stað. Flæðarmálið ~~þarna~~<sup>til hliðar</sup> bryggjuna var möl eða sandur, en ekki steyptur kanntur eins og venjulega er í höfnum. Ekki tel ég mig geta lýst með orðum nánar umhverfinu, nema leiðin að bryggjunni lá dálítið niður í móti, í það minnsta var það fyrst í stað á fótinn, er ég fór af staðnum rétt á eftir. Nú þegar bifreiðin var stöðvuð, þá fór ökumaðurinn fyrstur út úr henni og ~~gerði~~ sá ég þá fyrst ~~hvað~~ í andlit honum og var það Magnús Leóldsson, sem er forstjóri eða eitthvað svoléiðis í Klúbbnum. Ekki er ég viss um nema ég hafi fyrr á leiðinni verið búinn að gera mér grein fyrir hver ökumaðurinn væri. Magnús fór út úr bifreiðinni með þeim ummælum, að Sævar skyldi gæta míð og jankaði Sævar því.

Þarna á staðnum voru fyrir aðrar bifreiðar, Ég og fleiri menn. Ég man fyrir víst eftir rauðri fólksbifreið, sem gæti hafa verið

bifreið föður míns, og ég man eftir stórrri sendibifreið, sem stóð á bryggjunni rétt upp undir flæðarmálinu. Þetta var bifreið með sama sniði og VW-sendibifreiðar, svokölluð rúgbrauð, nema miklu stærri. Ég held hún hafi verið ljós á litinn, þó er ég ekki viss um það. Bifreiðin sneri framandanum að landi og voru framrúðurnar stórar, en hliðarrúðum man ég ekki eftir frá yfir rúður á móts við framsæti. Mér fannst endilega, að maður væri í bifreiðinni. Þarna var dimmt og því erfitt að greina nákvæmlega, nema það, sem skammt var frá manni. Bátur lá utar við bryggjuna, en ekki get ég gert mér fyllilega grein fyrir hvernig hann leit út, ég held helst, að þetta hafi verið nokkuð stórv "trillubátur" með stýrishúsi.

Þarna í flæðarmálinu og rétt ofan við það sá ég alls 7 mann, það er eftir að Magnús og Sævar voru báðir komnir út úr bifreiðinni, en Sævar fór út rétt á eftir Magnúsi. Ég Bifreið sú, sem ~~es~~ kom í, stóð ofan við fjöruna og til hliðar við bryggjuna og sneri framenda að henni. Bryggjan var því svo lítið á vinstri hönd, þegar maður sat í bifreiðinni. Rétt skáhalt framan við bifreiðina til vinstri stóðu þeir Sævar og Magnús á tali við einhvern þriðja mann, sem ég ekki þekkti. Lengra frá og meira til hliðar við bifreiðina var einn maður, sem ég heldur ekki þekkti. Þriðjamanninn þekkti ég ekki heldur, en hann stóð enn ~~kregn~~ lengra frá bifreiðinni en hinir í svipaða stefnu og þeir Sævar, Magnús og sá, sem þeir voru að tala við. Skáhalt framan við bifreiðina í fjörunni til hægri stóð Einar bróðir minn og enn lengra til hægri, en fjær sjávarmálinu stóð Kristján Viðar Viðarsson. Eftir það, sem ég hafði heyrt af samræðunum í bifreiðinni á leiðinni, þá hafði ég það á tilfinningunni, að það væri Kristján Viðar, sem ætti að sjá um mig, en maðurinn, sem var á tali við þá Magnús og Sævar, væri sá, sem hefði verið með "stælana" og ætti að hverfa.

Mennirnir virtust eitthvað uppteknir af hvorum öðrum eða einhverju og bentu út í loftið. Ég var nú orðin mjög ~~hædd~~ og fór út úr bifreiðinni, en reyndi að gera það þannig, að ekki yrði eftir því tekið, og tókst það. Enginn virtist taka eftir því, að ég var ekki lengur inni í bifreiðinni, eða hafa nokkuð við það að athuga. Ég fór nú að fikra mig frá bifreiðinni og í átt frá mönnunum og gekk aftur á bak. Þegar ég var komin spölkorn frá þeim, þá ~~þók~~ sneri ég mér við og tók til fótanna í burtu. Ekki get ég gert mér grein fyrir hvert ég hljóp, enda hugsaði ég um það eitt

að komast sem lengst á brott og fela mig. Fyrst var leiðin aðeins á fótinn, en svo kom ég á jafnsléttu. Nú varð fyrir mér eitt-hvert hús, sem var opið og fór ég þangað inn til þess að leita að felustað. Þarna inni man ég, að var eitthvert timburdrasl og faldi ég mig úti í horni. Ég get ekki gert mér ljósa grein fyrir hvers-konar hús þetta var, en þetta gæti hafa verið hús í byggingu, eða eitthvert geymsluhúsnæði. Ekki get ég gert mér grein fyrir hversu lengi ég lá þarna í horninum en það skipti örugglega klukkustundum. Mér leið svo illa, að ég kastaði upp.

Í Pennan felustað minn yfirlagaf ég svo ekki fyrr en ég varð þess vör, að einhver umferð var orðin. Ég get ekki gert mér grein fyrir í hvaða átt ég nú gekk, en mér tókst að stöðva bifreið, sem mér fannst koma úr suðurátt og var það á malarvegi. Þetta var Moskvitch-fólksbifreið af eldri-gerð og ökumaðurinn fullorðinn maður. Hann var ræðinn og skildist mér á honum, að hann væri Vestmannaeyingur, sem hefði fluttst til fastalandsins eftir eldgosið í Eyjum. Ekki man ég nákvæmlega hvaða skýringu ég gaf manninum á ferðum mínum, eða hvort ég gaf honum einhverja skýr-ingu, þó minnir mig, að ég hafi talað um að starfa í frystihúsi í Grindavík. Hvernig sem það var, þá fór ég úr bifreiðinni við vegamót Reykjanessbrautar og Grindavíkurvegar. Þar stöðvaði ég svo stóra vörufuttingabifreið, sem á leið hingað til borgarinnar, ~~þegar ekki fær um óxnum~~ eða Hafnarfjarðar, allavega fekk ég far með þessari bifreið til Hafnarfjarðar, en frá Hafnarfirði tók ég svo almenningsvagn hingað til borgarinnar.

Hér fór ég í íbúð okkar við Hjallaveg og dvaldi þar um daginn. Sævar kom þangað heim einhvern tímann síðari hluta dagsins, eða um kvöldið. Hann vildi fá að vita hvar ég hefði verið og hvert ég hefði farið og eitthvað talaði hann um, að ég hefði ekki verið heima, þegar hann kom heim. Ekki man ég hverju ég svaraði honum.

Næsta dag eða þarnæsta, þá man ég eftir því, að farið var að lýsa eftir Geirfinni ~~Bjarnassyni~~ ~~SIGURDSSYNI~~, sem horfið hefði í Keflavík. Fyrst í stað setti ég hvarf hans ekki í samband við ferð mína til Keflavíkur, en þegar ég fór að hugsa málið betur, þá komst ég að þeirri niðurstöðu, að Geirfinnur myndi hafa verið maður sá, sem átti að láta hverfa. Ekki þekkti ég þó af myndum í fjöl-

miðlum af Geirfinni, hann sem neinn þeirra manna, sem ég sá niður við sjóinn í Keflavík. Hitt er annað, að hann gæti samt sem áður ~~vix~~ vel hafa verið einn þeirra, þótt svo ég þekkti hann ekki aftur á mynd, vegna þess hversu dimmt var á staðnum.

Aldrei töluðum við Sævar beinlinis um þessa ferð til Keflavíkur, eða ~~hver~~ hvað þar hefði skeð, en ég man eftir því, að Sævar talaði oft um það, að svona færi fyrir mönnum, sem væru með "stæla" eða væru að skipta sér af því, sem þeim kæmi ekki við, og átti þar við hvarf Geirfinns. Um hálfum mánuði eftir ferðina til Keflavíkur, þá fór ég til "aupmannahafnar og þangað kom svo Sævar ca. 10 dögum síðar. Ég var hreinlega orðin svo hrædd, því ég hafði það ein-hvern veginn á tilfinningunni, að einhver vildi ryðja mér úr vegini. Ekki hafði mér þó verið hótað neinu.


Yfirheyrslu lauk kl. 13:30.

Upplesið, staðfest:

Vottar:


  
Sigurbjörn V. Eggertsson.

  
Gunnar Guðmundsson.

  
Þorður Baldvin Sveinsson

  
Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir

  
E. N. Bjarnason

löggreglum.

23. jan. 1976 kl. 20:40 er mættur hjá rannsóknarlöggregl. í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson verkam. núverandi gæslufangi, til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg sími 21689, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Gætt er 1.málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er grunur rannsóknarlöggreglunnar um, að mætti kunni að vera viðriðinn hvarf eða vita um hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg tel mig ekki viðriðinn eða vita um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hitt er annað, en ég, eins og fleiri, fylgdist með því í fjöldum, er lýst var eftir honum og verið var að rannsaka hvarf hans.

Eg tel mig ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvísvar um æfina. Fyrra sinnið var, begar ég var um 13 ára gamall, en hitt sinnið gæti hafa verið einhvern tímamann um það leyti, sem Geirfinnur á að hafa horfið.

A þeim tíma var ég að öllu jöfnu mikið undir áhrifum ýmsujkonar lyfja, bæði örðandi og í róandi, þó aðallega róandi, en var aftur á móti lítið undir áhrifum áfengis, enda ráðlagt af lækni að láta áfengisdrykkju eiga sig. Vegna þessarar lyfjanotkunar í óhófi, þá er minni mitt frá síðari hluta árs 1974 mjög óljóst á köflum.

Eg man eftir því, að einhvern tímamann að kvöldlagi, þá fór ég upp í ~~stóra sendibifreið~~, ~~en~~ þá gerð, sem ýmist er notuð til vöru- eða fólksflutninga. Eftir því, sem ég best man, þá gerðist petta bakatil við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún hér í borginni. Ekki get ég gert mér grein fyrir hvers vegna ég fór inn í þessa bifreið, en eitt er ég viss um, að ég hlýt að hafa þekkt einhvern, eða einhverja, sem í bifreiðinni voru, annars hefði ég ekki farið inn í hana. Eg get því ekki, í það minnsta ekki enn sem komið er, sagt hverjir voru í bifreiðinni auk mínn, en fleiri menn voru í henni. Bifreið þessi gæti vel verið af Mercedes-Benz gerð með gluggum aftur eftir hliðunum og ég held, fremur dökk að lit. Þessari bifreið var ekið út úr borginni, að ég tel, til Keflavíkur. Eg er ókunnugur í Keflavík og get því ekki sagt um hvert þar var ekið, en ég man það, að bifreiðin var stöðvuð rétt við sjó. Eg held, að bifreiðin hafi verið stöðvuð til hliðar við stórt hús eða skemmu, sem ábyggilegax var ekki íbúðarhúsnæði, verslunar- eða skrifstofuhúsnæði. Framan við bygginguna var sjórinna í svolítilli fjarlægð og ég man eftir að

hafa séð þar fram á í það minnsta eina bryggju gerða úr steinsteypu. Lýsing var ekki gðð parna, engir ljósastaurar, heldur kom birtan frá ljósum á þeirri hlið fyrrnefndar byggingar, sem að sjónum sneri. Ég tel mig hafa séð aftan á nokkuð stóran bát, að ég held stálbát, en ekki get ég gert mér fyllilega grein fyrir hvort hann var í sjó, eða stóð á landi. Við bryggjuna var í það minnsta einn ~~þáttu~~ bátur og sá mjög lítill, ég held ekki með neina yfirbyggingu. Mér finnst eins og einhver hreyfing hafi verið á þeim báti, eins og hann væri um það til að koma að bryggjunni eða fara frá henni. Í það minnsta tvær aðrar bifreiðar voru parna á staðnum og voru það hvoru ~~þ~~veggja fólksbifreiðar. ~~Ummerkjuleikur~~ Ekki er ég viss um tegundir eða lit þessara bifreiða, en önnur fannst mér vera Volga, Datsun eða Mercedes-Benz. Fólk var parna við þessar bifreiðar, að mig minnir nokkrir karlmenn og einn kvennmaður. Í það minnsta sumir þeir karlmannanna voru eldri en ég. Ég tel mig hafa séð parna two menn í það minnsta, sem ég bar kennsl á. ~~Annar~~ Annar er Sævar Ciesie-lski, en hinn Einar Bollason. Sævar þekki ég vel, en Einar hef ég oft séð á myndum, en þekki hann ekki persónulega. Þá tel ég mig hafa séð parna systur Einars, Erlu Bolladóttur. Karlmannirnir virtust mér vera eitthvað að ræða saman. Aftur á móti man ég ekki eftir að hafa farið út úr bifreiðinni. Ekki man ég frekar eftir atvikum parna á staðnum eða ferðinni hingað til borgarinnar aftur.

Ég man eftir því, að sjávarmálið beggja vegna ~~xið~~ bryggjunnar var möl, en ekki steinsteyp eða malbikað.

Frekar get ég ekki tjáð mig um betta mál, í það minnsta ekki að sinni, en hugsast getur, að ~~é~~ atvik kunni að ryfjast betur upp fyrir mér síðar. Hvort þessi atburður eða ferðalag mitt var um það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, ~~það~~ get ég ekki fullyrt um, en ég tel það vel hugsanlegt.

Yfirheyrslu lauk kl. 01:10.

Upplesið, staðfest:

*Kristján Viðar Viðarsson*

Kristján Viðar Viðarsson

Vottar:  
Sigrún V. Eggertss.  
Guðrún Þóra  
Guðrún Þóra  
Skúli Steinsson

E. N. Bjarnason  
lögreglum.

25. jan. 1976 kl. 14:15 er aftur mættur til skriflegraræ skýrslutöku hjá krannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Sævar Marinó Ciesielski.

Hann kveðst ánú vilja breyta ~~xxix~~ skýrslu sinni frá 22. þ. m. að nokkru og bæta við hana.

Áminntur um sannsögli skýrir Sævar M. Marinó frá eftirfarandi: Þar sem ég talaði um, að ég hefði verið í bifreið með þeim Magnúsi Leópolðssyni, Einari Bollasyni og Geirfinni Einarssyni, þá sagði ég, að ég hefði farið úr bifreiðinni við Hótel Borg. Það er ekki rétt, því ég fór úr henni við Klúbbinn, en þangað var ekið, ejns og fram kom.

Ég sagði frá því, að Einar hefði nokkrum dögum síðar hringt heim til móður minnar að Grýtubakka 10, þar sem ég var staddur, ásamt Erlu Bolladóttur. Það er ekki rétt. Erla var ekki stödd þar og það var hún, sem hringdi til mína og kvaðst vera stödd heima hjá Einari bróður sínum. Hún spurði mig fyrir Einars hönd um það, ~~xix~~ hvort ég væri búinn að kanna möguleika á á dreýfingu áfengis, en ekki Einar sjálfur. Þegar ég var svo sóttur heim að Grýtubakka skömmu síðar, þá var Erla í bifreið þeirri, sem sótti mig. Í henni ~~xxxx~~ voru einnig, þeir Einar og Magnús, en ekki Valdimar Olsen, <sup>EINAS OG</sup> ég sagði áður. Í stað Valdimars, þá var Kristján Viðar Viðarsen í bifreiðinni. Einar sagði mér, að verið væri að leggja af stað til þess að sækja áfengissendingu, sem koma ætti í land í Keflavík og bauð mér að koma með, hvað ég þáði. Ekki man ég gjörla hvað ræðt var í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur, eða hvort komið var við einhversstaðar hér í borginni áðuræ en lagt var af stað. Einar ók bifreiðinni, en ég sat við hlið hans, en í aftursætinu sátu þau Magnús, Erla og Kristján Viðar. Ég sagði í fyrri skýrslu minni, að bifreiðin hefði verið af Fiat-gerð, en við nánari umhugsun tel ég það ekki víst og gæti þetta því hafa verið bifreið af einhverri annarri gerð.

Þegar til Keflavíkur kom, þá var ekið í gegnum bæinn og síðan niður með nokkuð stórrri byggingu, sem stóð nokkuð út úr eða í útjaðri bæjarins. Þetta hefur sennilega verið slippur, því man eftir bátum á þurru landi á milli byggingarinnar og flæðarmálsins. Þarna niður af var bryggja og við hana bátur. Ekki var þetta stórvinnu bátur, heldur "trilla", ca. 10 smálestu,

annars hef ég lítið vit á stærð báta. Lítið stýrishús var á bátnum og ~~kík~~ niðurgangur í lúkar frammi í bátnum. Slám lýsing var barna á staðnum og held ég, að birta sú, sem parna var, hafi komið frá ljósum, sem voru á fyrnlefndir byggingu. Ein-hver ljós voru einnig á bátnum, að mig minnir. Þegar við komum parna að, þá voru þar fyrir tvær bifreiðar. Ónnur var fólksbifreið, sem mig minnir, að hafi staðið aðeins úti á bryggjunni, og svo stór sendibifreið, sem stóð efst á bryggjunni, eða þar sem land og bryggja mættust. Sitt hvoru megin bryggjunnar var sandfjara. Parna við eða í bifreiðunum voru nokkrir menn, sem ég ekki bar kennsl á, enda dimmt. Síðar sagði Erla mér, að barna hefði <sup>verðið</sup> Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen, ég sá þá ekki barna svo ég muni. Ég held þeir Magnús og Kristján Viðar hafi farið fyrst út úr bifreiðinni og sagði Magnús eitthvað á þá leið við Kristján Viðar, að hann kæmi með sér. Erla fór um svipað leytti út úr bifreiðinni og fóru þau öll þrjú út á bryggjuna, enda hafði Erla spurt Magnús hvort ekki væri í lagi, að hún færi með í sjóferðina. Því var ekkert til fyrirstöðu og fóru þau öll um borð í bátinn. Við Einar fórum út úr bifreiðinn rétt á eftir þeim hinum, en fórum ekki út á bryggjuna. Parna voru fleiri menn, sem bæði virtust vera úr sendibifreiðinni og svo úr hinni fólksbifreiðinni. Auk þeirra briggja, sem ég hef þegar sagt að hafi farið um borð í bátinn, þá fóru þrír karlmenn aðrir, sem ég ekki bar kennsl á sakir myrkurs, en einn þeirra mun hafa verið Geirfinnur, eftir því, sem Erla sagði mér síðar. Príkmenn voru eftir í landi, auk okkar Einars. Þinn þessara manna man ég, að var nokkuð eldri en hinir, að því mér fannst. Erla tal-aði síðar eitthvað um þennan mann. Það leið ekki löng stund frá því við komum parna á staðinn og þar til báturinn sigldi frá bryggjunni. Rétt á eftir fórum við Einar aftur inn í bifreiðina og ókum á brott. Í fyrri skýrslu minni greindi ég frá því hvert við ókum. Hvað varð um hinar bifreiðarnar, það skal ég ekki segja.

Mér skildist á Einari, að við ættum að vera komnir á stað-inn aftur eftir ákveðinn tíma. Þegar við svo komum aftur, þá va r báturinn kominn að bryggjunni og verið var að skipa upp úr honum og setja inn í sendibifreiðina, sem þá hafði verið ekið afturábak út á bryggjuna, en færa fólksbifreiðina enn lengra út á bryggjuna. Við Einar fórum út úr bifreiðinni og gengum

niður í flæðarmálið. Æg sá, að eitthvað var verið að taka úr bátnum og setja í sendibifreiðina, en ekki sá ég hvað það var, eftir því sem ég man. Síðar sagði Erla mér, að það náð hefði verið í töluvert mikið magn af Vodka 75% og svo spíritus í brúsum. Binnig, að settar hefðu verið í bifreiðina einhverjar netadræsur. Við Einar gengum svo aftur í átt að bifreiðinni og kom Magnús þá til okkar. Þá var það, sem hann sagði, að ég betta hefði "reddast", en slys hefði orðið, því Geirfinnur hefði fallið útþyrðis og drukknað. Við settumst svo allir þrír inn í bifreiðina og ókum áleiðis hingað til borgarinnar. Erla kom ekki aftur í bifreiðina og man ég ekki betur, en Magnús hefði talað um, að hún kæmi með annarri bifreið. Mér var svo ekið heim til móður minnar, en ekki veit ég hvert þeir Einar og Magnús fóru. Ekkí var Erla þá komin þangað heima og kom ekki um nóttina, og hitti ég hana ekki fyrr en daginn eftir, að ég fór í íbúð þá, sem hún hafði á leigu við Hjallaveg. Þar var Erla þá fyrir og þegar ég spurði hana hvernig hún hefði komist hingað til borgarinnar, þá sagðist hún hafa komið með Valdimari. Þá var það, sem Erla sagði mér hverjir hefðu farið út með bátnum auk hennar og nefndi nöfn einhverra manna, sem ég ekki ~~kan~~ lengur man, nema nafn Geirfinns. Eitthvað talaði Erla um, að hún vissi ekki hvað af honum hefði orðið. Æg sá ekki, þegar báturinn kom að landi og veit því ekki hversu margir bátsverja komu til baka.

Mér hefur nú verið ekið til Keflavíkur og mér þar sýndir þeir tveir staðið, sem um gæti verið að ræða, það er sjálf höfni og svo athafnasvæði Dráttarbrautar Keflavíkur og bryggjan þar niður af. Æg tel mig þess ~~fxkk~~ fullvissan, að þeir atburðir, sem ég hef hér lýst, áttu sér stað við dráttarbrautina og þekki ég þann stað með vissu aftur. Sjálf höfnin kemur alls ekki til greina.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:30.

Vottar:

Sigurbj. V. Egertss.

Gunnar Marinósson  
Gunnar Marinósson

Jón Baldvin Sveinsson

Upplesið, staðfest:

Sævar Marino Ciesielski

E. N. Bjarnas. lögr.m.

26. jan. 1976 kl. 08:00 er mættur ~~um~~ hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla Valdimar Ólsen skrifstofu-maður til heimilis að Framnessvegi 61 hér í borg sími 20011, fæddur 22. 2. 1948 í Rvk.

Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er ákveðinn grunur rannsóknarlöggreglunnar um, að mætti kunni að vera á einhvern hátt viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Aðspsurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg neita því algjörlega, að hafa nokkra hugmynd um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á það hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kannu að hafa borið að höndum. Eg man eftir því, að hvarf þess manns var mikið í fjöldum á sínum tíma, en aðra vitneskju hef ég ekki um það. Geirfinn hef ég mér vitanlega aldrei séð, hvað þá bekkt.

Yfirheyrslu lauk kl. 08:13.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

*Sigurbj. V. Eggertss.*  
Sigurbj. V. Eggertss.

Valdimar Ólsen

*Valdimar Ólsen*

*E. N. Bjarnason*  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

26. jan. 1976 kl. 08:19 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Magnús Leópoldsson framkvæmdastjóri til heimilis að Lundarbrekku 10 í Kópavogi sími 41491, fæddur 23. 8. 1946 í Keflavík.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mál og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er ákveðinn grunur rannsóknarlöggreglunnar um, að mætti kunni að vera viðriðin hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Ég neita því algjörlega að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar, nema hvað ég fylgdist með gangi rannsóknar þess, eins og hún kom fram í fjölmöldum á sínum tíma. Ég var þá kvaddur til yfirheyrlu í lögreglustöðinni hér í borginni og þar ræddu þeir við mig Haukur Guðmundsson lögreglum. Ur Keflavík og Rúnar Sigurðsson lögreglum., en ekki undirritaði ég þá eða síðar neina skýrslu.


Geirfinn Einarsson þekkti ég ekki og veit ekki til þess að ég hafi nokkurn tímann séð hann.

Yfirheyrlu lauk kl. 08:28.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

  
Sigurbjörn V. Eggertsson

  
Magnús Leópoldsson

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

26. jan. 1976 kl. 08:55 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Einar Gunnar Bollason kennari, til heimilis að Heiðvangi 5 í Hafnarfirði sími 54 53496, fæddur 6. 11. 1943 í Rvk.

Gætt er 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra laga ~~umhverfiskráup~~ og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er ákveðinn grunur rannsóknarlöggreglunnar um, að mætti kunni að vera viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.


Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Mér er algjörlega ókunnugt um á hvern hátt hvarf Geirfinns Einarssonar kannxi að hafa borið að höndum. Æg veit ekki um það mál, nema hvað það var mikil rætt í fjöldum á sínum tíma. Geirfinn Einarsson þekki ég ekki og hef aldrei bekkt og veit ekki einu sinni til þess, að ég hafi nokkru sinni séð mann með því nafni.

Æg vil benda á það, að hugsanlegt er, að ég hafi þann 19. nóv. 1974 ~~hálf~~ verið á keppnisferðalagi með íþróttamönnum úr K. R. á Íslandi og víðar, en þó vil ég ekki fullyrða ~~axxum~~ aðlgjörlega um ~~þátt~~ dagsetninguna.

Yfirheyrlsu lauk kl. 09:16.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

  
Sigurbjörn V. Eggertsson

  
Einar Gunnar Bollason

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

27. jan. 1976 kl. 00:25 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Sævar Marinó Ciesielski.

Áð eignin ósk og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Æg vil nú skýra frá öllum atvíkum varðandi ferð mína til Keflavíkur og skýra rétt frá öllu.

Pað er rétt frá skýrt í síðustu skýrslu minni hvað varðar aðdragandann að því ferðalagi og hverjir voru í bifreiðinni, eða hvaða bifreið það var. Ekki er ég þó viss um, að Einar hafi ekið bifreiðinni, verið getur, að það hafi verið Magnús. Þegar við komum til Keflavíkur og þar niður að bryggjunni, þá voru þar fyrir tvær bifreiðar, eins og ég skýrði frá og var önnur sendibifreið, en hin fólksbifreið. Æg hef lýst sendibifreiðinni, eins og ég framast get, en varðandi fólksbifreiðina, þá held ég það hún hafi verið af tegundinni Volvo, allavega bifreið svipuð að lögun og stærð. Báturinn lá við bryggjuna og fór ég, ásamt þeim Magnúsi, Kristjáni og þrem öðrum mönnum um borð í bátinn. Einn þessara manna stjórnaði bátnum og var það nokkuð fullorðinn maður, sennilega 50-60 ára. Annar fullorðinn maður fór um borð í bátinn og sagði Erla mér síðar, að það hafi verið Sigurbjörn Eiríksson, en Sigurbjörn þekki ég ekki. Priðji maðurinn, sem ég ekki þekkti var yngri og talaði einhver um, að það væri Jón Ragnarsson, en hann þekki ég heldur ekki í sjón. Auk þessara sex aðrila, að mér meðtöldum, þá fór Geirfinnur Einarsson um borð í bátinn. Ekki þekkti ég Geirfinn, en þarna tel ég hafa verið um sama mann að ræða og var í bifreiðinni með þeim Magnúsi og Einari örfáum dögum áður en ég fór í þessa Keflavíkurferð. Þegar ég svo síðar sá myndir af Geirfinni í fjölmöldum og lýst var eftir honum, þá var ég þess fullviss, að hann var þessi sjöundi maður, sem fór um borð í bátinn. Í landi urðu eftir þau Erla og Valdimar Ólsen, en Valdimar þekki ég í sjón, síðan ég kom eitt sinn heim til hans að Framnesvegi '61 fyrir um 2 1/2 ári. Það var þar og þá, sem ég kynntist Erlu fyrst.

Bátnum var nú siglt frá bryggunni og á haf út, enda var mér kunnugt um, að ferðinni væri heitið til þess að ná í áfengi. Á útleiðinni kom til átaka á pilfari bátnins, og en þá var ég niðri í lúkarnum frammí. Ég heyrði læti uppi á pilfarinu og upp að gá hvað á gengi. Þá sá ég Kristján slá Geirfinn og einnig sá ég þá Magnús og Sigurbjörn leggja til ~~meum~~ Geirfinns. Hann varð við þetta eitthvað óstöðugur á fótunum og reikaði að borð-

stokkunum og féll útbyrðis í sjónn. Bátnum var þá snúið við og hann stöðvaður. Æg fór aldrei lengra upp úr lúkarnum meðan á þessu gekk, nema í lúkarsopið og sá því ekki hvað fór fram utanborðs, en eftir nokkuð vafstur, þá sá ég þá Kristján og Sigurbjörn drösla Geirfinni inn fyrir borðstokknum og var hann lagður á þilfarið. Mennirnir á þilfarinu stumruðu eitthvað yfir Geirfinni þarna á þilfarinu og veltu honum til, en ekki sá ég hann hreyfa sig neitt af sjálfsdáðum. Baturinn var nú settur á ferð aftur og siglinunni haldið áfram. Eftir nokkra stund var hann stöðvaður aftur og fór ég þá ~~xix~~ upp á þilfarið. Ekki get ég gert mér grein fyrir hvort Geirfinnur var þá enn um borð í bátnum, eða ekki. Nú var hafist handa um að ná varningi um borð, en þessi varningur, sem var áfengi, var vafioð inn í segl, utan um það neti og öllu saman fest við belg. Netadræsan og ~~xx~~ seglið var losað utan af áður en áfengið var tekið um borð í báinn. Nokkuð af áfenginu var í stórum plastbrúsum, ca. 50 l hver, en annað mun hafa verið í ~~sköknum~~ flöskum og voru þær í svörtum plastpokum. Síðast var seglið og netadræsan og belgurinn tekin um borð í bátinn. Þessu næst var haldið til lands á ný og lagst að sömu bryggju og lagt hafði verið frá. Þá voru bifreiðarnar þar enn. Allt dötið, nema belgurinn, var nú sett upp á bryggjuna og í sendibifreiðina. Eins og ég hef sagt, þá get ég ekki gert mér grén fyrir hvort Geirfinnur var enn um borð í bátnum, er varningurinn var tekinn um borð svo ég get ekki um það fullyrt, hvort lík hans hafi einnig verið sett í sendibifreiðmna. Hafi svo verið, þá hefur því verið vafioð inn í selgið og netið. Æg er alveg viss um, að Geirfinnur var láttinn, er hann lá á þilfari bátnsins, ég heyrði hina tala um það, æn athugaði það ekki sjálfur.

Þegar lagt var á sjóinn, þá varð Valdimar eftir í landi og Einar, og ég held Erla einnig, því ég man ekki eftir henni um borð í bátnum. Strax og búið var að ferma sendibifreiðina lagði ég af stað hingað til borgarinnar í sömu bifreið og ég hafði komið, en nú var Erla og Kristján ekki í henni. Æg tel, að Kristján hafi farið í sendibifreiðinni og Erla í ~~bifreiðinni~~ andari bifreið, í það minnsta sagði hún mér það, þegar ég hitti hana daginn eftir, eins og ég hef skyrt frá. Æg tel, að Valdimar, eða Jón Ragnarsson hafi ekið sendibifreiðinni, en Sigurbjörn hinni fólksbifreiðinni.

Þeir Magnús og Einar óku mér nú heim til móður minnar að Grýtubakka 10 og var ég þar, sem eftir var nætur. Daginn eftir hitti ég svo Erlu í íbúðinni við Hjallaveg. Hvert hinar bifreiðarnar fóru, er ég ekki viss um, en mér hafði skilist, að sendibifreiðin ætti að fara að Klúbbnum með farminn.

æBg vil bæta því við, að það voru fleiri en einn belgur, sem varningnum var fest við.

Eftir þetta hitti ég engann þessara mann fyrr en við Erla komum heim frá Danmörku síðari hluta vetrar.

Yfirheyrslu lauk kl. 01:50.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

Högni Ólmann  
Högni Einarsson

Ófn Armann

Guðrún Þórsson

Sævar Ciesielski

E. N. Bjarnason

Lögbergum

Erik Bjarnason

27. jan. 1976 kl. 13:30 er aðtak mættur til skriflegrar skýrslutökum hjá rannsóknarlöggreglunni Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson.

Mætti kveðst ~~at~~ nú muna betur eftir atvikum í máli þessu, það er eftir að hann kom á stað þann, sem hann telur hafa verið í Keflavík.

Aminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eins og fram er komið áður hjá mér, þá var bátur við bryggjuna. Ég ásamt fleirum, fór um borð í bátinn. Ég held þetta hafi verið stærri bátur, en ég skýrði hér fyrst frá, því það var pilfar á honum. Hvort á honum var lítið stýrishús eða lúkar, það man ég ekki fyrir víst. Bátnum var síðan siglt frá bryggjunni og stefnt á haf út. Ég man, að þá voru um borð í bátnum þeir Sævar Ciesiel-ski, Magnús Leóppoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Einar Bollason og svo í það minnsta einn enn, sem ég ekki þekkti. Mér hefur hér verið sýnd ljósmynd af manni, sem mér er sagt að hafi heitið Geir-finnur Einarsson og tel ég mig vissan um, að hún er af þessum manni, æ sem ég ekki þekkti. Þó vil ég fullyrða um hver stjórn-aði bátnum. Eftir í landi urðu þau Erla Bolladóttir, Valdimar Olsen og svo held ég, að þar hafi einnig verið Jón Ragnarsson.

Ég hef áður gert grein fyrir því, að Sævar er kunningi minn og Erlu sambýliskonu hans þekki ég vel. Systir Valdimars, Huldu, þekki ég, því við vorum bekkjarsystkyn eitt sinn í skóla og hef ég oft komið heim til þeirra systkyna að Framnessvegi 61 hér í borginni. Af þeim sökum þekki ég Valdimar vel í sjón, þó svo ég þekki hann ekki persónulega. Í veitingahúsið Klúbbinn hef ég oft komið og þar hef ég oft séð Magnús og þekki hann þaðan í sjón, en ekki persónulega. Sigurbjörn tel ég mig einnig þekkja í sjón, en ekkert frekar, nema ég veit hann mun vera eigandi Klúbbsins. Jón held ég, að ég þekki í sjón, en er ekki viss um það og get því ekki sagt um með vissu, hvort hann var parna nær-staddur.

Varðandi fólksbifreiðarnar, sem voru við bryggjuna, þá held ég við nánari umhugsun, að önnur hafi verið Fiat, en hin Mercedes-Benz. Ég held, að Fiatinn hafi verið rauður á lit og ökumaður hans hafi verið Einar, en hver ók hinni fólksbifreið-inni, er ég ekki viss um. Ég tel, að Valdimar hafi ekið sendi-bifreiðinni.

Ég er ekki viss um hversu langann tíma sjóferðin tók, en ég giska á 1 1/2 klst. til 2 klst. Ég get ekki gert mér grein fyrir hvert sight var, enda ég ókunnugur, en við komum að einhvæskonar bauju eða dufli. Við þetta var fest varningi, sem í ljós kom, að var áfengi. Það voru flöskur í plastpokum og svo áfengi í stórum plastbrúsum. Þetta var einhvern veginn bundið ~~xx~~ saman og segl utan um, annars sá ég ekki vel fráganginn á þessu, eða man það ekki betur. Þessi varningur var tekinn um borð í bátinn og held ég, að flestir um borð í bátnum hafi hjálpast að við pað, t. d. tók ég þátt í því. Að því loknu var haldið til lands á ný.

Meðan á þessari sjóferð stóð, þá urðu átök um borð í bátnum. Hvort þau voru á útleiðinni, eða á leiðinni í land aftur, það man ég ekki fyrir víst. Í þessum átökum áttust við annarsvegar maður sá, sem ég þekki sem Geirfinn, og hinsvegar Einar, ~~E~~ Sigurbjörn og Magnús. Ég blandaði mér eitthvað í þessi átök, en það var Geirfinni til aðstoðar. Hver upptökin eða ástæðan fyrir þessum átökum var, það veit ég ekki. Ekki get ég lýst náið hvernir átökin gengu fyrir sig, en Geirfinnur var sleginn í höfuðið, að ég held af ~~Minari~~, og Sigurbjörn tók hann hálstaki. Meðan á þessum átökum stóð, þá minnir mig, að báturinn hafi hægt ferðina, eða jafnvel stöðvast. Ekki varð ég þess var, að Sævar tæki þátt í þessum átökum. Eftir átökin lá Geirfinnur á pilfarinu ~~xixxix~~ út við borðstokkinn og bærði ekki á sér. ~~xxxxxx~~ Peir bátsverjar, að mér og Sævari undanskildum, fóru nú að ræða eitthvað saman, sem ég ekki heyrði, enda mér bersýnilega ekki ætlað að heyra hvað þar var rætt.

Er að landi kom aftur, þá voru bifreiðarnar þar fyrir og ég held það fólk, sem ég hef hér fyrr í þessari skýrslu skýrt frá, að hafi orðið eftir í landi. Nú var hafist handa um að setja varninginn upp á bryggjuna og inn í sendibifreiðina og man ég ekki betur, en Geirfinnur innpakkaður í plast, hafi farið sömu leið. Þegar því var lokið, þá var lagt af stað hingað til borgarinnar, en ekki er ég viss um hvaða bifreið lagði af stað fyrst. Þó minnir mig, að sendibifreiðin, sem ég nú var í sem fyrr, hafi farið fyrst. Ekið var til Hafnarfjarðar, að ég best man og þar að einhverju húsi, en ekki get ég að svo komnu máli gert mér ákvæðna grein fyrir hvaða hús það var. Ekki held ég, að staðið

hafi verið þar við nema stutta stund og fór ég ekki út úr bifreiðinni á meðan. Ekki minnist ég þess, að neitt hafi þar verið tekið úr bifreiðinni. Nú var ekið hingað til borgarinnar og held ég, að ökuferðin hafi endað við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún. Ég yfиргaf strax þar staðinn og fór niður á Laugaveg 32. Ekki sá ég Sævar við Klúbbinn, er við komum þangað. Hvað gert var við farminn í sendibifreiðinni, það skal ég ekki segja um.


Ekki hef ég rætt þetta ferðalag við neinn þáttakanda í því, síðan þetta skeði, ekki einu sinni við Sævar eða Erlu, enda hef ég síðan haft mjög lítil samskipti við þau.

Varðandi ~~páttakanda~~ afskipti míni af átökunum þá vil ég taka það fram, að þau voru eingöngu í þeim tilgangi að ganga á milli, en Einar ýtti mér til hliðar og skipaði mér að skipta mér ekki af þessu. Eftir ~~áttu~~ átökin, þá var mér sagt, að ég skyldi þegja yfir þeim, eða ég skyldi hafa verra af, og man óg ekki betur, en það hafi verið Sigurbjörn sem talaði þetta til míni.


Yfirheyrslu lauk kl. 17:45.

Upphæsið, staðfest:

Vottar:

  
Sigurbj. V. Eggertsson.

  
Gunnar Marinósson.

  
Erlingur Guðmundsson.

  
Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Laugardaginn 31/1 1976 kl. 1450, þá er mætt sem vitni á skrifstofu rannsóknarlögðeplnnar Anna Gunnarsdóttir, hjúkrunanemi, tilh. Kársnesbr. 8 Kóp. s. 40259, f. 11/3 1952 í Rvík.

Mættu er kynnt tilefni yfirheyrlunnar, en það er að fram hefur komið dagbók Magnúsar Leopoldssonar, starfsmanns Klúbbins að Borgartúni 32, sem hann skráði í útleigu hússins til einka-aðila, að kvöldið 19 nóv. 1974 var húsið leigt Hjúkrunarnema-félagi Íslands til skemmtanahalds.

Voru í fyrrgreindi dagbók tilgreind nöfn tveggja hjúkrunarnema, þeirra Aðalbjargar Þorvarðardóttur og Önnu Gunnarsdóttur en Magnús Leopoldsson benti á að þessar stúlkur kynnu að munu eitthvað eftir dvöl sinni þar á staðnum umrætt kvöld, því Magnús kvaðst ávallt koma í húsið hvert sinn, sem þar er þaldin skemmtun, þótt hann dveldi þar ekki allt kvöldið.

Mættu hefur verið kynnt vitnaskyldan og skýrir frá eftir-farandi, áminnt um sannsögli:

"Eg stóð fyrir skemmtunum á vegum hjúkrunarnema þ. 19/11 1974, ásamt þeim Aðalbjörgu Þorvarðardóttur og Ragnheiði Snorra-dóttur, en við hríjum vorum saman í skemmtinefnd Hjúkrunarnema-félagsins. Við stöllurnar töluðum við Magnús Leopoldsson í Klúbbnum, um að fá húsið leigt til afnota umrætt kvöld, en ég man vel að það var um að ræða þriðjudagskvöld.

Eg þekkti Magnús í sjón fyrr, en hafði ekki talað við hann aður en að þessari skemmtun kom.

Þegar svo skemmtunin höfst kl. um 2000 þetta þriðjudagskvöld, þá kom éh á staðinn ásamt Ragnheiði, en Aðalbjörg var forfölluð.

Eg man að löggreglumaður sá, er hafði með dyravaktina að gera, hleypti okkur Ragnheiði innfyrir og minnir mig að við höfum byrjað að selja aðgöngumiða um kl. 2030.

Eg man vel að Magnús Leopoldsson kom þarna á staðinn fyrri hluta kvöldsins og benti mér svo á að gera upp skemmtunina við yfirþjóninn, sem hann vísaði á. Man ég að þjóninn var frekari maður með gleraugu og var klukkann langt genginn í oloo, þegar uppgjörið fór á skrifstofunni á þriðju hæðinni, að mig minnir.

Asamt mér við uppgjörið var Ragnheiður, lögreglumaðurinn og að sjálfsögðu yfirþjónninn.

Ég minnist þess þegar Magnús Leopoldsson vísaði á þjóninni varðandi uppgjörið, að hann kvaðst mundu verða upptekinn og ekki geta annast það sjálfur.

Ég get ekki tilgreint tímann, þegar Magnús fór af staðnum, en ég er alveg viss um að hann var aðeins parna fyrri hluta kvöldsinns.

Ég framvísa nú uppgjöri í formi reiknings, dags. 19/11 1974 og er þar greitt fyrir hljómlist svo og skemmtanaskatt, alls. kr. 58.225.- og reikningurinn undirritaður af Magnúsi Leopoldsyni. Héffur Magnús verið búinn að útbúa reikninginn aður en hann fór af staðnum og þjóninni síðan skrifð inn á hann miða-fjöldann og fjárhæð skattssins, því ég er viss um að Magnús var ekki viðstaddir uppgjörið.

Petta er það helsíða sem ég man í sambandi við petta kvöld".

*Magnúr*  
Magnús Magnússon

Upplesið staðfest,  
*Anna Gunnarsdóttir*  
Anna Gunnarsdóttir

þ1/l 1976 kl. 1535, þá er mætt sem vinti í málínu Ragnheiður Snorradóttir, hjúkkunarnemi, tilh. Þingholtsstræti 22 Rvík, s. 2017l, f. 2/12 1948 á Akureyri.

Mættu er kynnt tilefni yfirheyrlunnar og eftir að hafa verið gerð kunn vitnaskyldan, skýrir mætta frá eftirfarandi:

"Eg stóð fyrir skemmtun á vegum Hjúkrunarnemafél. ísl. þann 19/11 1974 og man ég að við Anna Gunnarsdóttir séum um miðasöluna í anddyri Klúbbsins.

Við Anna vorum komnar parna á staðinn fyrir kl. 2100 og man ég vel stír löggreglumanninum, sem átti að taka við myðunum við innganginn.

Eg man eftir Magnúsi Leopoldssyni parna á staðnum gg var það frekar fyrri hluta kvöldsins, en þann síðari.

Eg man að ég spurði Magnús um hvort hann myndi gera upp við okkur að lokinni skemmtun, en það sagðist Magnús ekki geta gert og vísaði á Rafn yfirþjón varðandi það atriði.

Það var svo einhverntíma <sup>um</sup> kl. oloo, að við Anna fórum saman á skrifstofuna, ásamt Rafni og löggreglupþjóninum og var skemmtunin þar gerð upp.

Rafn afhenti okkur reikning fyrir greiðslu á hljómlist og einhverjum skatti og var reikningurinn undirritaður af Magnúsi Leopoldssyni, en Magnús var ekki viðstaddir uppgjárið.

Eg man að Magnús hafði sagt mér fyrr um kvöldið, þegar hann var staddir á staðnum, hvað hljómlistin myndi kosta okkur, en þegar ég áhuga reikninginn nú, sé ég að annar litur er á blekinu, þar sem miðafjöldim er skrifaður á reikninginn. Virðist mér því augljóst að Rafn hafi ritað miðafjöldann inn á reikninginn, eftir að löggreglumaðurinn hafði talið þá og við Anna svo greitt samkvæmt niðurstöðutölum hans".

*Magnússon*  
Magnús Magnusson

Upplesið staðfest,  
*Ragnheiður Snorradóttir*  
Ragnheiður Snorradóttir

Mánudaginn 2/2 1976 kl. 11:05, þá er mættur sem vitni í málínu Porkell Gísli Guðbrandsson, löggreglupjónn, tilh. Laugarnesvegi 102 Rvík, s. 84436, f. 15/1 1928 í Álfgerðarholti, Mýrarsýslu.

Mættum er kynnt tíkefni skýrslutökunnar, en það er að hann var að störfum frá lögreglunnar hálfu, er dansleikur var haldinn á vegum Hjúkrunarnemafélags Ísl. í Klúbbnum að Borgartúni 32, þann 19/11 1974.

Mættum hefur verið gerð kunn vitnaskyldan og skýrir frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli:

"Ég minnist þess að ég var á vakt í Klúbbnum þ. 19/11 1974 þegar þar var haldinna dansskemmtun á vegum Hjúkrunarnemafél.

Ég man að lítið var um að vera þetta kvöld og skemmtunin fremur illa sótt.

Varðandi það hvort ég muni eftir að hafa séð Magnús Leopoldsson þarna á staðnum um kvöldið, þá get ég ekki fullyrt um það atriði, en varðandi það þegar dansleiknum lauk um kl. oloo og miðauppgjörið fór fram á skrifstófu veitingahússins, þá er ég viiss um að Magnús var þar ekki staddur. Minnir mig að einhver þjónninn hafi gert upp við stúlkur tvær, sem þar voru mættar af hálfu hjúkrunarnema.

Vorum við fjögur við uppgjörið og létt ég stúlkunum í té upplýsingar um miðafjöldann, þegar að uppgjörinu kom.

Ekki man ég hvernig þetta var gert upp á milli hússins og hjúkrunarnemana og get ekkert frekar um það atriði sagt."

Upplesið staðfest,

  
Magnús Magnússon

  
Gísli Guðbrandsson

Priðjudaginn 3/2 1976 kl. 1405, þá er mætt aftur í málínu Erla Bolladóttir og skýrir hún frá eftirfarandi, áminnt um sannsögli:

"Eg hef reynt að ryfja betur upp allt varðandi ferð míni til Keflavíkur í nóvembermánuði 1974, sem ég hef þegar reyndar gefið skýrslu um hér áður.

Eg man það að ég átti að hitta Sævar við veitingahúsið Klúbbinn að kvöldlagi í fyrrgreindum mánuði, en ekki man ég tilefnið að því stefnumóti. Ég hitti Sævar þarna á fyrrgreindum stað og fórum við í beinu framhaldi af því inn í bifreið, sem var þarna götumegin við hísuið. Ekkert þurftum við að bíða eftir bifreiðinni og var þetta frekar eins og bifreið hefði verið að bíða okkar Sævars.

Ég man að það var Magnús Leopoldsson, sem sat undir stýri bifreiðarinnar og allt varðandi bifreiðina sjálfa, þá hef ég þegar lýst henni eins og mér er framast unt.

Við Sævar settumst í aftursætið og sat Sævar nær hurðinni hægra megin, en ég við hlið hans. Ekki man ég eftir fleirum í bifreiðinni þegar við komum í hana í fyrstu, en ég man það að Magnús ók niður í bæ og stöðvaði bifr. síðan á Vatnsstíg. Ég þekki Vatnsstíginn frá öðrum götum og til merkis um það er, að Sævar hafði sýnt mér hús á vegum heildverslunar þarna við götuna, sem hann sagði að verslaði með skotfæri og hafði því til áréttингar sýnt mér kassa í gegnum glugga, sem hann sagði að í væru skotfæri.

Þar sem ég vissi ekki um erindi ferðalagðins í bifreiðinni, þá datt mér í fyrstu í hug að verið væri að ná í skotfæri þarna frá heildversluninni, en rétt þegar bifreiðin hafði verið stöðvuð, kom Kristján Viðar í bifreiðina og kom hann aftan að bifreiðinni.

Kristján settist í aftursætið við vinstri hurðina.

Ég man að ekið var næst meðfram sjónum að nokkru og man ég einnig eftir að ekið var um Framnesveginn, en þá götu þekki ég vel, þar sem ég þekki fólk búandi við götuna, auk þess sem ég bjó eitt sinn við götuna.

Ekki man ég hvort einhver var sóttur þarna á Framnesveginn, en tel að svo gæti vel hafa verið. Allavega þykir mér líklegt að einhver hafi setið við hlið bifr. stjórans, en það hefur verið einhver annar en þeirra Sævars og Kristjáns.

Ég hef þegar skýrt frá því sem ég heyrði á tal þeirra Sævars

og Magnús <sup>ar</sup> á leiðinni, en ferðin endaði eins og ég hef skýrt frá áður, við bryggju í Keflavík.

Ég hef þegar farföld í fylgd rannsóknarlöggreglunnar, til Keflavíkur og skoðað þar staðhætti og hef ég þar endurþekkt stað þann, sem ég sá mennina og vélbátinn við bryggju. Var mér tjáð að þar væri um að ræða Dráttarbrautina í Keflavík.

Ég man eftir að vélbátur sá, sem lá bundinn við bryggjuna, var frekar lítill, en aðra lýsingu á honum hef ég ekki.

Ekki man ég eftir því að hafa farið í sjóferð með þessum bát.

Varðandi þá menn, sem þarna vpru samankomnir, þá eru þar fyrstir til að telja Magnús Leopoldsson, Sævar og Kristján Viðar.

Ég man að Sævar var í klæddur dökkum (svörtum) leðurjakka, en ekki man ég eftir klæðnaði Kristjáns.

Ég man vel að Magnús var í jakka úr leðurlíki, með laust hangangi belti um mittið, en ekki man ég litinn á jakka hans.

Mig minnir að Magnús hafi eitthvað verið með höfuðfat meðferðis; en er ekki alveg viss um það atriði. Eitt sameiginlegt áttu þeir menn, sem þarna voru samankomnir, að ~~allir~~<sup>allir</sup> voru allir með hanska á höndum.

Þá man ég eftir Einaribróður mínum og Valdimar ~~x~~ Olsen held ég að einnig hafi verið þarna.


Mér hafa nú verið sýndar ljósmyndir af nokkrum karlmönnum hér hjá rannsóknarlöggreglunni og þekki ég þar m.a. eina mynd af karlmanni, sem ég er viss um að hafi verið þarna staddur á bryggjunni.


Er mér tjáð að það sé ljósmynd af Geirfinni Einarssyni, en varðandi klæðnað þessa manns, þá get ég ekki sagt um hann, en mér fannst maðurinn vera frekar "sveitalegur".

Þá man ég eftir manni þarna, sem var eldri en aðrir og gæti ég látið mér detta í hug fimmtíugsaldurinn. Ég hef séð hér mynd af manni hjá rannsóknarlöggreglunni, sem mér er tjáð að sé af Sigurbirni Eiríkssyni veitingamanni og sýnist mér þar geta verið um sama mann að ræða, en vil ekki fullyrða um það að svo stöddu.

Þá vil ég geta þess að ég hef hér þekkt ljósmynd af Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni og minnir endilega að hann hafi verið þarna viðstaddir og því sambandi dettur mér í hug að hann hafi komið inn í bifreiðina á Framnesvegi, en ég ég þekki Ásgeir og vissi til að hann bjó um tíma hjá Valdimari Olsen á Framnesvegi."

Upplesið staðfest,

Vottur:   
Sigurður J. Eggertsson

  
Erla Bolladóttir  
Magnús Magnússon  
Erla Bolladóttir

10. feb. 1976 kl. 09:35 er mættur hjá rannsóknarlög-reglunni í Rvk. í fengelsinu við Síðumúla, Sævar Marinó Ciesielski kvíkmyndagerðarm., núverandi gæslufangi, til heim-ilis að Grjótbakka 10 hér í borg sími 71282, fæddur 6. 7. 1955 að Stóra Hofi í Gnúpverjahrepp, Árnessyslu.

Gætt er 1. málsggr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar.

Mætta hafa hér verið sýndar ljósmyndir af 16 mönnum, sem rannsóknarlögreglan telur hugsanlegt, að verið hafi við Drattarbraut Keflavíkur og/eða í bátsferð þaðan að kvöldi 19. nóv. 1974.

Mætti segist fyrir víst þekkja hér myndir af í það minnsta þrem beirra manna, sem í Keflavík voru á fyrrgreindum tíma. Menn þessir eru Einar Bollason og Valdimar Ólsen, sem mætti segist þekkja báða í sjón, en þriðja myndin er af Sigurbirni Þórðssyni, en þann mann segist mætti ekkert þekkja.

~~Ekkix regix matixxxix~~ Ekki telur mætti, að þeir Einar og Valdimar hafi farið í bátsferðina, en fullyrðir, að það hafi maður sá gert, sem hann hér þekkir sem Sigurbjörn Þórðsson.

Um þá menn aðra, sem mætta hafa hér verið sýndar myndir af, vill mætti ekkert fullyrða, það er hvort hann hafi í einn eða annan tíma séð þá.

Yfirheyrlu lauk kl. 10:00.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

  
Sigurður V. Eggertsson.

  
Magnús Magnússon

  
Sævar Marinó Ciesielski

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

10. feb. 1976 kl. 10:09 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í ~~fx~~ fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson verkam. til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar.

Mætta hefa hér verið sýndar ljósmyndir ~~fx~~ af 16 mönum, sem rannsóknarlöggreglan telur hugsanlegt, að komið gætu við sögu varðandi för í Dráttarbraut Keflavíkur og bátsferð ~~fx~~ þaðan þann 19. nóv. 1974.

Hann telur sig þekkja fyrir víst ~~fx~~<sup>fimm</sup> af þeim mönum, sem myndir eru hér af. Það eru þeir Valdimar Olsen, Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og Ásgeir Hannes Eiríksson. Þann fimmta þekkti ~~eg~~<sup>matti</sup> ekki með nafni, en ~~mer~~<sup>honum</sup> er sagt, að það sé mynd af Geirfinni Einarssyni. Mætti segir, að þeir Valdimar, Einar, Sigurbjörn og Geirfinnur hafi allir verið í sambandi við ferðina til Keflavíkur og bátsferðina. Mætti segir, að Geirfinnur hafi farið í bátsferðina og það hafi Sigurbjörn einnig gert. Ekki er mætti alveg eins viss um hvor þeir Einar og Valdimar voru, en er þó viss um, að í Keflavík voru þeir umræddan dag. Mætti segist þekkja Ásgeir Hannes, síðan mætti starfaði eitthvað fyrir hann fyrir nokkuð löngu síðan.

Mætti segist kannast við myndir, sem eru af þeim Bergþór Bergþórssyni, Jósafer Arngrímssyni, Magnúsi Leópoldssyni og Guðmundi Agústssyni, en ekki treystir mætti sér til að fullyrða um hvor eða hvenær hann hefur hitt eða séð pessa menn. Ekki man mætti eftir að hafa séð eða hitt aðrammenn, sem honum hafa hér verið sýndar myndir af.

Yfirheyrlsu lauk kl. 10:42.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

Sigurður V. Einarsson  
Magnús Magnússon

Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson

E. N. Bjarnason lögreglum.

1976

10. feb./kl. 10:50 er mætt hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Erla Bolladóttir til heimilis að Stórargerði 29 ~~xx~~ hér í borg sími 32138, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Erla er mætt hér sem vitni í máli þessu og hún segir, að sér sé kunnugt um vitnaskyldana.

Mættu hafa hér verið sýndar ~~xxxxx~~ ljósmyndir af 16 mönnum, sem rannsóknarlöggreglan telur hugsanlegt, að hafi verið viðriðnir atburðina við Dráttarbraut Keflavíkur og bátsferð þaðan þann 19. nóv. 1974.


Mætta segist þekkja eða kannast við 9 af þeim mönnum, sem henni hafa hér verið sýndar ljósmyndir af. Varðandi Keflavíkurferðina, þá segist mætta þekkja myndir af þeim Magnúsi Leópoldssyni, Einari Þórasyni, Sigurbirni Eiríkssyni og Geirfinni Einarssyni. Hún segir alla þessa menn hafa örugglega verið stadda í Dráttarbraut Keflavíkur umræddan dag, eða öllu heldur kvöld. Hver þeirra fór um borð í bátinn, það segist mætta ekki geta sagt um með vissu. Þá segist mætta þekkja hér myndir af þeim Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, Valdimar Ólsen, Guðmundi Ágústssyni og kannast við mynd, sem henni er sagt, að sé af Jósaðat 'Arngrímssyni. Þá hefur ~~xxxxx~~ mætta hér séð ljósmynd af Jóni Ragnarssyni, en ekki segist hún geta þekkt hann á þeirri mynd, myndin hljótti að vera gömul. ~~xxx~~ Aftur á móti segist mætta þekkja Jón Ragnarsson í sjón.


Yfirheyrslu lauk kl. 11:07.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

  
Sigurður V. Eggersson

  
Magnús Magnússon

  
Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

11. feb. 1976 kl. 10:30 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Sigurbjörn Eiríksson verslunarm. til heimilis að til heimilis að Laufássvegi 17 hér í borg sími 11777 (lögheimili að Stóra-Hofi á Rangárvöllum), fæddur 5. 12. 1925 að Gestsstöðum á Fáskrúðsfirði.

Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrsldunnar, en það er ákveðinn grunur rannsóknarlögreglunnar, að mætti sé viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.


Aminntur um sannösli skýrir mætti frá eftirfarandi: Mér er algjörlega ókunnugt um á hvern hátt hvarf Geirfinns Einarssonar kann að hafa borið að höndum, umfæam það, sem fram kom í fjölmöglum á sínum tíma. Æg pekki ekki og hef aldrei bekkt með þessu nafni og veit yfirleitt ekki til þess, að ég hafi umræddan mann nokkurn tímamann séð. A sínum tíma kom mynd af þessum Geirfinni í fjölmöglum og sá ég hana, en kannaðist ekkert við mann þann, sem hún var af.


Æg neita því einnig algjörlega, að hafa nokkurn tímamann farið í bátsferð til eins eða neins frá Keflavík, hvað þá, að ég hafi lent í átökum við nokkurn mann í slíkri bátsferð.


Yfirheyrslu lauk kl. 10:46.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

  
Sigurbj. V. Eggertsson.

  
Gunnar Marinósson.

  
Jón Sveinsson

  
Sigurbjörn Eiríksson

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Priðjudzginn 11. febr. 1976 kl. 15: 35 er mætt sem vitni í máli þessu í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Lára Kristjana Hannesdóttir til heimilis að Rjúpufelli 31, Rvík., sími 73521, fædd 24/10 1926 í Keflavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er vegna beiðni Hafsteins Baldvinssonar hrl., um að tekin verði skyrsla af mættu vegna hugsanlegrar vitneskju hennar um verustað Magnúsar Leópoldssonar að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Mættu er brínd vitnaskyldan og áminnt um annsögli skyrir hún svo frá:

" Eg hef unnið í veitingahúsinu Lækjarteigi 2 sl. 9 ár og nú sl. 2 ár hef ég unnið í fatageymslu hússins. Það var svo þegar að "leirmyndin" kom í ~~fjölmánumánum~~ fjölmánum vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar frá Keflavík, að ég og samstarfskona míni fórum að heyra alskonar sögur um að hún (leirmyndin) væri af framkvæmdarstjóra veitingahúsa að Lækjarteigi 2.

Við fórum þá að athuga hvort verið hefði dansleikur í veitingahúsinu það kvöld sem um var rætt, það er 19. nóv. 1974. Eg hef undanvarin ár fært alla þá tíma sem ég hef unnið inn í almanaksbók og þegar að við fórum að athuga hana þá sá ég að dansleikur hafði verið það kvöld.

Eg og samstarfskona míni, sem heitir Puríður Gísladóttir, fórum þá að rifja upp á vegum hvers þessi dansleikur hefði verið. Mundum við þá eftir því að hjúkrunarkvennar höfðu verið með dansleikin.

Eg man ~~en~~ það fyrir víst að ég var komin í veitingahúsið skömmu fyrir kl. 21:00 þann 19. nóv. 1974. Þá voru þar komnar að mig minnir tvær stúlkur sem sáu um að göngumiðasöluna á dansleikin. Eg man það einnig að Puríður var ekki mætt þegar að klukkan var rétt rúmlega 21:00. Eg spurði þá Magnús Leópoldsson að því hvort Puríður ætti ekki að mæta til vinnu þetta kvöld og sagði hann mér þá að hringja til hennar, þar sem það gæti verið að gleimst hefði að láta hana vita.

Eg hringdi þá heim til Puríðar og kom hún þá skömmu seinni. Við vorum síðan tværi í fatageymslunni og man ég vel eftir því að það var frekar fátt fólk á þessum dansleik. Það var því um kl. 22:45 að ég fór í kaffi upp í eldhús og sá ég þá að Magnús Leópoldsson var þá inni á skrifstofu sinni sem er á sömu hæð og eldhúsið. Eg kom aftur niður í fatageymsluna um kl. 23:15 og taldi þá peninga sem komið höfðu inn í fatageymsluna þá um kvöldið og fór Puríður með uppgjörið upp á skrifstofu til Magnúsar

um kl. 23:30. Þegar að Puríður kom aftur niður eftir að hafa fengið sér kaffi þá sagði hún mér að hún hefði afhent Magnúsi uppgjörið.

Það var svo nokkru seinna sem ég sá Magnús fram í andyri húsins, en ekki get ég gert mér grein fyrir því hvað klukkan var þá. Eg man einnig eftir því að það var löggreglumaður á vakt við dyrnar þetta kvöld, en ekki man ég hvaða löggreglu maður það var eða hvernig hann leit út. Eg hef nú skyrt frá því sem ég best man í sambandi við þetta einstaka kvöld og er það allt satt og rétt."

Yfirheyrslu lauk kl. 16:50.

Upplesið, staðfest,

Vottar:  
Hellert Jóhannesson.

Lára Hannesdóttir  
Lára Kristjana Hannesdóttir.

Sigurður V. Eggerthss.  
löggreglum.

Priðjudaginn 11. febr. 1976 kl. 17:10 er mætt sem vitni í máli þessu í skrifstofu ~~en~~nsóknarkögreglunnar, Þuríður Gísladóttir til heimilis að Kríuhólum 6, Rvík., sími: 74299 fædd 28/8 1946 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er vegna beiðni Hafsteins Baldvinssonar hrl., um að tekin verði skýrsla af mættu vegna hugsanlegrar vitneskju hennar um verustað Magnúsar Leópoldssonar að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Mættu er brínd vitnaskyldan og áminntu um sannsögli skýrir hún svo frá:

"Eg hef unnið í veitingahúsinu að Lækjarteig 2 síðan í maí 1974 og hef ég þá alltaf unnið í fatageymslu hússins. Eg man sérstaklega vel eftir dansleik þeim er var í húsinu þann 19. nóv. 1974 og er það vegna þess að þá nokkru seinna var birt mynda eða afsteypa úr leir af manni, vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar frá Keflavík og þá skömmu seinna fór ég að heyra alskonar sögur um það hver sá maður væri, sem leirmyndin var af. Meðal annars heyrði ég að Magnús Leópoldsson var kallaður "Leirfinnur".

Eg fór þá að hugsa um þetta tiltekna kvöld og mundi þá að það hafði verið dansleikur í húsinu á vegum hjúkrunnarkvenna. Þetta kvöld hafði ég ekki verið boðuð til vinnu og hringdi samstarfskona míni til míni klukkan rúmlega 21:00. Eg fór þá strax til vinnu í veitingahúsið og var ég komin þangað um kl. 21:30. Eg fór þá til vinnunar á bifreið sem ég átti þá og var það V.W. fólksbifreið, en ég man ekki hvaða skráninganúmer var á bifreiðinni.

Það var svo skömmu eftir að ég kom til vinnu að ég sá Magnús fyrst og var hann þá að tala við dyraverðina frami í andyri. Eg man að ég sá hann nokkrum sinnum eftir þetta og var hann þá á gangi barna við andyrið.

Það var svo eftir að húsinu hafði verið lokað að ég fór upp í eldhús til þess að fá mér kaffi. Þá var klukkan rúmlega 23:30. Þvíð var þá að gera upp peninga þá er komið höfðu inn í fatageymslunni þá um kvöldið og bað Lára, sem er samstarfskona míni, mig þá um að fara með peningana upp til Magnúsar, sem ég gerði. Eg man að ég hitti Magnús í eldhúsinu þar sem hann stóð við borð sem er við eldavélina og fékk ég honum þá peningana sem voru í umslagi.

Eg man eftir því að ég sá Magnús síðan aftur eftir þetta

en ekki man ég hvað klukkan var þá. Dansleikurinn byrjaði kl. 21:00 og lauk honum kl. 01:00 og man ég ekki eftir því að hafa séð Magnús eftir að dansleiknum lauk. Ég fór úr húsinu um kl. 01:30.

Ég man að þegar að ég var að rifja þetta kvöld upp fyrir mér þá töluðum við saman ég og Lára og komumst við báðar að svipaðri niðurstöðu. Það sem ég hef hér skýrt frá er satt og rétt og eftir minni bestu vitund."

Yfirheyrslu lauk kl. 17:38.

Upplesið, staðfest,

Sigrún Gísladóttir  
Purfiður Gísladóttir.

Vottur:

Njörður Sænholm. Sigurður V. Eggertsson  
Njörður Sænholm. Sigurður V. Eggertsson  
lögreglum.

Miðvikudaginn 11/2 1976 kl. 1750, þá er mætt sem vitni í málinu Sigrún Ingólfssdóttir, bankagjaldkeri, tilh. Heiðvangi 5 Hagnarf. s. 53496-20120-51862, f. 22/7 1947 í Rvík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar og eftir að hafq verið gerð kunn vitnaskyldan, skýrir mætta frá eftirfarandi; áminntu um sannsögli:

"Eg hef reynt að ryfja upp það, sem gerðist heima hjá mér priðjudagskvöldið 19/11 1974 ~~xxxx~~ og við þá athugun, sem ég hef gert varðandi það, hefur komið í ljós að ég mun hafa verið á saumavélanámskeiði á w gum "Phaff", sem haldið var af Ernu Helgadóttur, Stórhjalla 9 Kóp, s. 43525.

Eg var á þessu mámskeiði, ásamt þremur öðrum konum og fékk þær heim til míni s.l. sunnudag, til að ryfja upp, hvort við hefðum verið á þessu námskeiði priðjudagskvöldið 19/11 1974.

Það komu tvö kvöld til greina, sem áttu að vera lokatímarnir, en það var priðjudagskvöldið 12/11 og 19/11.

Konurnar minnstust þess að hafa séð sjónvarpið, samkv. þeirri dagskrá sem var þ. 12/11, en mundu ekki eftir dagskránni þ. 19/11.

Við nánari athugun hjá Ernu Helgadóttur, þá hafði hún nýverið búin að fleygja bók þeirri, sem hún ritaði í tímana, en samkvæmt úttektarnótu frá versluninni Phaff, dags. 14/11, sem ég legg nú ljósrit af, þá mun Erna hafa tekið þetta efni út, til að hafa tiltak þegar við kæmum í tíma hennar.

Samkvæmt því þá mun síðasti tími okkar hafa verið þ. 19/11 1974.

Það sem ég man í sambandi við það kvöld var, að ég fór að heiman kl. um 2000 og var ég þá búinn að útvega barnagæzlu, en það annaðist Helga Stefánsdóttir, 15 ára, Arnarhrauni 36, s. 52136.

Ekki man ég hvort Einar kom í kvöldmat þetta kvöld, en það gerði hann vanalega.

Tíminn hjá mér byrjaði kl. 2030 og stóð til kl. 2300, en ég kom ekki heim fyrr en kl. rúmlega 2400 og minnist ég þess að Einar var háttáður inn í rúm og reifst við mig, hversu seint ég hafði komið heim aftur.

Eg hef þegar athugað með tíma þá, sem Einar átti að kenna í Námsflokkum H.fjarðar þ. 19/11 1974 og hefur hann kennt tímann frá kl. 1730-1900 og þá verið laus.

Ég tel líklegast að ég hafi fengið bíl afa míns, sem ég kalla svo, en það er Bolli Gunnarsson, faðir Einars, til að fara á í Kópavgginn og hefur Einar þá verið á bifreið okkar, sem var þá grænn Saab 99 árs 1974, G- 9002.

Ég hef rætt við Helgu Stefánsdóttur, varðandi það sem ég gróf upp í samahli við kvöldið. Helga mundi eftir að hafa gætt barnanna um kvöld þarna á þessum tíma, þörum en mánudagskvöldum, sem hún var hjá okkur alveg fast. Helga mundi hins vegar ekki eftir dagsetningu í sambandi við þessa gæslu, en það sem hún mundi eftir þessu auka-kvöldi var, að Einar hafði tekið við gæslunni af henni um kl. 2200.

Upplesið staðfest,

*Sigrún Ingólfssdóttir*

Sigrún Ingólfssdóttir

*Magnússon*  
Magnús Magnússon

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Fimmtudaginn daginn 12-2- 1976.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,  
áðalvarðstj.

Mátt er í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar  
frú Guðný Sigurðardóttir, tilh. Brekkubraut 15,  
Keflavík, eiginkoha, þ.e. ekkja Geirfinns  
Einarssonar.

Máttu er birt tilefni yfirheyrlunnar.

Hún skýrir aðspurð svo frá:

Skýrsla sú sem þeir Guðmundsson  
og Valtýr Sigurðsson, tóku af mér þann 28.nóvember  
1974 er rétt og sannleikanum samkvæmt, en eg talaði  
allt saman inn á segulband og hef því aldrei séð  
skýrsluna, sem skrifuð var eftir því samtali.  
(Máttla les nú skýrslu þessa, sem merkt er lo).

Nú þegar eg er búin að lesa skýrsluna, sé  
eg að það sem þar kemur fram, er rétt eftir mér haft  
og því skrifa eg mí nafn mitt undir skýrsluna. Eg  
hef í þessarri skýrslu ekki á nokkurn hátt gert  
tilraun til að fegra Geirfinn, og framkoma hans var  
því við mig og á minu heimili eins og fram kemur.

Eg hafði löngu áður en Geirfinnur kvarf,  
farið nokkrum sinnum í Klúbbinn v.Lækjarteig.

Tvisvar ~~síðu~~ með vinkonu minn, en aldrei alein.

2.

Eg man eftir þremur skiptum sem eg fór í Klúbbinn með Geirfinni og fleirum. Í síðasta skiptið sem eg fór, var er við fórum með Póroddi sem vann með Geirfinni í Sigöldu, á gröfu, að mig minnir, en hann býr á Lundi í Reykjadal. Póreddur kom heim til okkar um helgi og var þar, og þá skruppum við í Klúbbinn, en Póreddur ók okkur báðar leiðir. Við vorum sjö saman og þetta var um vetur, því það var snjór. Þetta hefur sennilega verið í byrjun ársins 1974.

Eg veit ekki til að Geirfinnur hafi haft samband við neina ráðamenn í Klúbbnum, og heyrði aldrei neitt sem bent gæti til þess.

Mig minnir endilega að eg hafi látið Hauk hafa tvær myndir af Geirfinni, er beðið var um mynd. Önnur var um 5 ára gömul, em hin mjög nýleg, en á þeirri mynd, var hann líkari því sem hann var er hann kvarf. Eg hafði ekki samband við Hauk, er eg sá að eldri myndin kom í fjölmöglum, því eg hélt að honum hefði fundist hún vera betri. Heimir ljósmyndari í Keflavík, hafði tekið seinni myndina af Geirfinni og látið Hauk hafa hana, og þá kom Haukur til mína og spurði hversvegna eg hefði ekki látið hann hafa þá mynd. Eg sagði honum þá að hann hefði fengið báðar myndirnar í sama skiptið.

Eg veit ekki til að Geirfinnur hefði aðgang að bát, nema þá að bát Georgs Valentínussonar, en hann fór tvívar með honum á sjó að gamni símu. Í Maðrað skiptið var það 17. júní 1973 eða 74. Mig minnir að hitt skiptið hafi verið áður. Georg var hins vegar fluttur með bátinn með sér, til Kópaskers, talsverðu áður en Geirfinnur kvarf. Þetta er eini vinur Geirfinns, sem

Gudni

eg veit til að hafi verið með bát og eini báturinn,  
sem eg veit til að Geirfinnur hefur haft afskipti af.

Við Geirfinnur fórum á Sæluvikuna á Sauðárkróki í apríl eða maí 1974 og vorum þar fjóra til 5 daga, en fórum síðan til Akureyrar. Þóroddur sótti okkur á Sauðárkrók og fór með okkur til Akureyrar og vorum þar hjá systir minni í einn til two daga yfir helgi. Við Geirfinnur vorum saman allan tíman á Sæluvikunni og kunningjakona okkar sem býr þarna og svo hittum við bróðir mannsins hennar. Kona þessi heitir Edda Hjaltadóttir og maður hennar Kristinn Björnsson, og þau bjuggu að Skógargötu 5 b. Kristinn á engann bát.

Eg heyrði Geirfinn aldrei tala um að hann ætlaði, eða þyrfti að fá lánaðan bát, enda var hann sjóveikur og mig minnir að hann hafi orðið það er hann fór með Georg á skyttiri í bæði skiptin.

Eg held að það séu ein 5 ár síðan við Geirfinnur byrjuðum að leika okkur að því að leggja í og búa til vín úr sykri og geri, og þá fékk Geirfinnur lánuð taki til að sjóða þetta, en svo voru þau tekin til baka og urðu þar ónýt, svo þá fengum við önnur taki lánuð frá vinnufélaga Geirfinns, Guðbrandi, sem býr í Ytri Njarðvík, en þau voru alveg ný, en það var á að giska 50 lítra brúsi, mjólkurbrúsi, og einhver rör og slöngur tilheyrandi honum. Það var hægt að sjéða í þessu. Guðbrandur sagði Geirfinni einhverntíman frá þessu, og að hann hefði aldrei fengið tækifæri til að nota takin, því hann byggi í fjölbýli, en þá bjó hann í Keflavík. Georg Valentinusson, var stundum með okkur í þessu og við framleiddum bara fyrir okkur fjögur. Við vorum

*Gudny*

4.

búin að skila tækjumum áður en Geirfinnur kvarf.

Mig minnir að það hafi verið um það bil viku áður en Geirfinnur kvarf, ~~sem~~ gæti verið um hálfum mánuði áður, ~~sem~~ Snæbjörn Adólfsson, sem þá bjó við Aðalgötu í Keflavík, en er nú fluttur á Greniteiginn í Keflavík, í nýtt hús, hringdi heim til okkar og talaði við Geirfinni og spurði hvort hann héldi að hann gæti náð sjó úr spíra. Geirfinnur sagðist ekki vera með tækin, en sagðist skyldi athuga þetta, en Snæbjörn ætlaði þá að hringja aftur seinna. Snæbjörn var að spyrja um þetta fyrir mág sinn, sem bjó í Hafnarfirði.

Pegar eg spurði Geirfinn hver hefði hringt, ~~þá sagði~~ hann mér að þetta hefði verið svona, og að ~~Snæbjörn~~ ~~hefði~~ ætlað að koma með ~~fílmálu~~ af spíra til að prufa þetta. Snæbjörn kom aldrei með þetta og það var því aldrei gert. Eg vissi heldur ekki til að Snæbjörn hringdi aftur. Kona Snæbjörns er Óskarsdóttir, en eg veit ekki hvað bróðir hennar í Hafnarfirði heitir.

Mig minnir að Haukur hafi tekið skýrslu af Snæbirni og þessum strák í Hafnarfirði um þetta.

Eg man ekki hvort eg sagði Hauki frá þessu, eða hvort hann fór að spyrja mig um tækin og eg þá sagt honum frá himu.

Það var engin óreiða með tékkaviðskipti okkar Geirfinns, því eg var alltaf með heftið, en við gátum bæði skrifað út úr því, enda var Geirfinni illa við að hafa heftið með sér ef hann fór út. Hann fékk þá peninga hjá mér.

Gudny

Það var safnað inn handa mér peningum eftir að Geirfinnur kvarf, en eg veit ekki um nöfn á fáum þeirra. Vatnsveitan á Akureyri og kvenfélagið í Mývatnssveit, svo eitt hvað sé nefnt. Svo var eg að fréttu fyrir stuttu síðan að það hafi verið lagðar inn í allt um kr. 200.000.- á bæk handa mér í Sparisjóð Keflavíkur. Eg veit ekki frá hvaða aðilum þetta er.

Eg veit ekki til að eg hafi fengið nokkrar peninga sendingar frá Klúbbnum, Lækjarteigi 2, eða nokkrum sem þar vinnur, eins og t.d. Sigurbirni Eiríkssyni, enda veit eg ekki til að eg þekki hann neitt.

Eg veit ekki til að eg þekki Einar Bollason, en eg hef heyrt talað um hann sem íþróttamann. Ekki Magnús Leopoldsson, Valdimar Olsen, Ásgeir Hannes Eiríksson, Gísla, Helga eða Eistein Ingvarssyni, Hafstein Kristinsson, eða Bergþór Bergþórsson eða Hreiðar Albertsson. Eg þekki engann þessarra manna af myndum þeim, sem eg hef nú skoðað hér. Konráð Halldórsson, Hótel Vestmannaeyjum, þekki eg ekki heldur svo eg viti til og ekki Kristján Viðar Viðarsson, Albert Klan Skaftason, Tryggva Rúnar Þeifsson eða Sævar Cielkski. Eg kannast ekkert við þessi nöfn. Eg veit ekki hvort Geirfinnur hefur kannast við nokkuð af þessum nöfnum. Eg man ekki til að hann hafi nokkurn-tíman nefnt þau.

Eg hef ekki komið í Klúbbinn síðan Geirfinnur kvarf.

I gerkvöldi kom maður í heimsókn til mínn, Pór Helgason, málari, eg fór að tala um að hann hefði heyrt að "aukur, sem hefði unnið í Slippnum í Keflavík, áður en Geirfinnur kvarf, hefði allt í einu, að mér skildist á slíkt

*Godny*

sumri, flutt eitthvað norður, án þess að kveðja kunningja sína, eða láta þá vita. Eg veit ekki hver þessi "aukur er og veit ekki hvað hann gerði í Slippnum, en mér skildist að hann hefði verið búinn að vera í þrjú ár fyrir sunnan. Þetta var giftur maður.

Þór þekkti Hauk, og sagðist vita að hann hefði farið norður. Var að tala um að hann væri einhver grallari. Eg vissi ekki hvenær á s.l. sumri Haukur hafði átt að flytja.

Upplesið, játað rétt. Guðny Sigurðardóttir.

N.Snæhólm.

*Guðny Sigurðardóttir*

Föstudaginn 13/2 1976 kl. 1410, þá er mættur aftur sem vitni í málínu, Gísli Guðbrandsson, löggreglum. nr. 46, tilh. Laugarnesvegi 102 Rvík, s. 84436, f. 15/1 1928.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrsunnar, en það er að hann er nánar inntur eftir kvöldinu 19/11 1974, er hann var á lögregluvakt í veitingahúsinu Klúbbnum að Borhartúni 32 hér í borg.

Aminntur um sannsögli, skýrir mætti/frá, eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan:

"Eg hef þegar greint frá því í kýrslu hér hjá rannsóknarlöggreglunni, að það var lítið um að vera á þessari vakt minni kvöldið 19/11 1974.

Eins og ég gat um áður, þá var ég viðstaddir uppgjörið, sem fór fram í lok dansleiksins á skrifstofunni, sem staðsett var á efstu hæðinni. Þá voru þar, eins og áður greinir, þessar tvær stúlkur frá hjúkrunarnemum, svo og einn þjónninn.

Eg er viss um að hvorki Sigurbjörn Eiríksson, né Magnús Leopoldsson hafi verið þar viðstaddir.

Eg greindi fífá því áður, að ég væri ekki viss um að hafa séð Magnús Leopoldsson barna á ferli í húsinu um kvöldið og gæti ekki fullyrt um það, en varðandi Sigurbjörn Eiríksson, þá held ég að hann hafi alls ekki verið á staðnum um kvöldið.

Eg man að þegar uppgjörið fór fram í lok skemmtunarinnar, þá fékk ég kaffi og brauð, en ég minnist þess einnig að ég fékk molakaffi fyrst um kvöldið og var það boríð fram á borðið hjá fatageymslunni og drukku þar kaffi auk mína, bæði dyraverðir og fatageymslustúlkurnar, en Sigurbjörn kom þar hvergi nálægt og ég tel mig muna eftir því, ef ég hefði séð Sigurbjörn barna á staðnum um kvöldið.

Eg vil geta þess að undir miðnætti þ. 26/1 s.l. hringdi Sigurbjörn Eiríkssonum heim til mína og spurði mig hvort ég myndi eftir að hafa séð Magnús Leopoldsson þriðjudagskvöldið 19/11 '74 í Klúbbnum, en hann sagði ég hefði þá verið þar á lögregluvakt.

Eg bað Sigurbjörn um að bíða í símanum, á meðan ég aðgætti um þetta í minnisbók minni þar, en ég hef haft það fyrir vana að skrá allar aukavaktir í minnisbók um margra ára skeið.

AA.

Eg sá í minnisbókinni að ég hafði verið á vakt þetta kvöld í Klúbbnum og um leið ryfjaðist það upp fyrir mér að Hjúkrunarnemafélagið hafði haldið dansleikinn, enda hef ég aðeins verið á vakt á þessum stað í örfá skipti og reyndar ekkert eftir þetta kvöld, að ég best man.

Eg skýrði Sigurbirni frá því að ég minntist þess ekki að hafa séð Magnús þarna á sfaðnum þetta kvöld, en vildi ekki fullyrða um það, en bætti því svo við að ég myndi ekki eftir því að hafa séð hann sjálfan á staðnum, þ.e. Sigurbjörn.

Þá svaraði Sigurbjörn því þannig, að svo hefði ekki verið og kom það hreint fram hjá honum, að myndi ekki hafa verið þar.

Eg hef hér sagt allt það sem ég vit sannast og réttast um kvöldið 19/11 1974 og vil svo bæta því við að Sigurbjörn gaf mér engar skýringar á því, hvers vegna hann væri að spyrja mig að þessu, en næsta morgunn voru fréttir um það í dagblöðnum, um að þrír menn hefðu verið handteknir og úrsk. í gæsluvarðhald, vegna rannsóknar á hinu svokallaða "Geirfinnsmáli" og í framhaldi af því fréttist að Magnús Leopoldsson hefði verið einn þessara þriggja manna.

Bað Sigurbjörn mig þess að skilnaði, að hafa ekki orð að þessu samtali okkar við aðra".

Upplesið staðfest,

*Magnússon*  
Magnús Magnússon

*Gísli Guðbrandsson*  
Gísli Guðbrandsson

Laugardaginn 14-2-1976 er mætt á skrifstofu rannsóknar-löggreglunnar, frú Gróa Bæringsdóttir, tilh. Lönguhlíð 25, sími 13438. 42 ára að aldri.

Mættu er birt tilefni yfirheyrlunnar.

Hún skýrir aðspurð svo frá áminnt um sannsögli:

Það eru um það bil 18 ár síðan við Sigurbjörn Eiríkssonmúnum að búa saman, en við giftumst aldrei. Við eignum saman ~~xxx~~ son og dóttir. Hann er eldri og er 17 ára, en hún 11. ára. Eg átti dóttir áður, og Sigurbjörn ættleiddi hana, en hún er 21 árs. Einnig á eg son sem er 24 ára. Sigurbjörn á two drengi og eina stúlkuna, frá hjónabandi fyrir minna tið. Drengir hans heita Gestur og Eiríkur. Eiríkur er 24 ára og Gestur 22 ára, og stúlkunum 26 ára.

Eiríkur byrjaði nokkuð ungur að drekka áfengi og það var orðin hálfgerð plága á honum, og hann var hættur að vinna. Gestur drakk einnig orðið um helgar, en var samt ekki glataður þessvegna. Eg held að það hafi verið seint á árinu 1974 sem Viðar náði í bræðurna og kom þeim í Fíladelfiu og Einar í Fíladelfiu hjálpaði þeim einnig, en Viðar tók Eirík alveg til sín. Bræðurnir fóru svo að sækja fundi í Hvítasunnusöfnuðinum, og það endaði með að þeir voru báðir skírðir og fóru á bibliuskóla til Noregs, en það var s.l. haust. Þeir komu aftur um jólin og fóru svo aftur og eiga að vera í 9 mánuði, en eru á sínhvorum skólanum og þetta gengur mjög vel og eg veit að þeir fá sérstaklega góða dóma.

Dóttir mínn og sonur eru bæði hjá mer og í skóla, en annars hafa þau meira og minna verið hjá pabba sínum og austur í sveit. Stelpan hefur mikil verið hjá honum í veturnum.

Gróa

Við Sigurbjörn bjuggum í Álfnesi í nokkur ár, en síðan fluttum við á Skálholtsstíginn, á meðan Glaumbær var í gangi. Það hefur sennilega verið um haustið 1966 sem eg fór í annað sinn upp í Álfnes og var þar til í janúar 1971, en þá fór eg að heiman, og skildi þá alveg við Sigurbjörn, og við bjuggum ekki saman eftir það.

Sigurbjörn hefur sennilega verið búinn að vera með Klúbbinn í ein tvö ár, áður en brann í Glaumbæ, en eg var með veitingaleyfi í Glaumbæ. Eg held hinsvegar að Sigurbjörn hafi verið með veitingaleyfi í Klúbbnum. Eg byrjaði eiginlega strax að vinna í Klúbbnum og var þar til er eg skildi við Sigurbjörn.

Eg fullyrði það, að allan þennan tíma, sem eg var með Sigurbirni og vann í Glaumbæ og Klúbbnum, varð eg aldrei vör við annað áfengi en frá Áfengisverzluninni. P.e. aldrei spíritus. Í Álfnesi vildi Sigurbjörn aldrei hafa áfengi, nema þá eins og eina flösku, því honum var illa við að geta ekki losnað við fólk sem komfyrri en út á nætur, og sjálfur drakk hann aldrei heima. Ef hann drakk þá kvarf hann. Börnin hafa aldrei séð hann undir áhrifum áfengis, svo eg viti til.

Eins og eg segi, varð eg aldrei vör við að smyglað áfengi væri notað í Klúbbnum, og eg tel alveg útilokað að það hefði geta átt sér stað, á meðan eg var barna. Það var alltaf öðruhvoru farið yfir barina og talið upp, og það án þess að láta vita um það fyrirfram. Eg er því viss um að þetta átti sér ekki stað á meðan eg vann á þessum stöðum.

Eftir að Geirfinnsmálið komst í gang og eitthvað var talað um Klúbbinn og Magnús Leopoldsson í því samhandi,

talaði eg við Sigurbjörn og þá sagði hann að hann skildi ekkert í þessum og hann var hryggur yfir þessu kjaftæði, og sagði að kona Magnúasar og fjölskylda væri komin að rúmmINU vegna þessa umtals. Eg man eftir því að einhver sagði við mig að afsteypan (Leirfinnur) ætti að vera af Magnúsi Leopoldssyni, en þá hafði eg ekki heyrt það. Eg hef aldrei spurt Sigurbjörn að því hvort hann væri viðriðinn Geirfinnsmálið, því það kvarflaði aldrei að mér að hann væri neitt viðriðinn það. Eg hef örugglega aldrei spurð sigurbjörn hvort Magnús gæti verið viðriðinn þetta mál, því mér fannst það fráleitt. Eg veit því ekkert um þetta Geirfinnsmál.

Eg talaði við Sigurbjörn eftir að Magnús var tekinn, og hann var niðurbeygður yfir því og taldi þetta tómt kjaftæði. Eg hef heldur ekki orðið vör við neitt, sem bent gæti til að þessir menn gætu hafa verið viðriðnir Geirfinnsmálið.

Eg held að mér sé óhætt að fullyrða að ekki væri hægt að selja nokkuð magn af smygluðu áfengi, þ.e. spíra, í vinveitingahúsi, án þess að nokkrir menn vissu um það. Eg við tökum Klúbbinn, þá tel eg að þetta væri ekki hægt nema Sigurbjörn, Magnús og a.m.k. yfirþjónninn vissi um það. Svo er engin aðstaða í Klúbbnum til að gera neitt slikt. ~~Anness~~ var Sigurbjörn mikil fráverandi.

Eg hef ekkert átt í Klúbbnum síðan 1971, og ekki í neinum öðrum fyrirtækjum Sigurbjörns. Eg hef aldrei neitt tekið úr tryggingunum vegna barnanna. Það var samkömulag á milli okkar Sigurbjörns, að hann klæddi börnin og fæddi þegar á því þyrfti að halda. Hann hefur því ábyggilega greitt meðlögin og vel það á þennan hátt. Sigurbjörn borgaði fyrir mig húsaleigu í hálft ár, að

eg má segja. Svo keypti eg bíl og vantaði uppá upphæðina, svo eg hringdi í Sigurbjörn og fékk það sem vantaði. Sigurbjörn hjálpaði mér alltaf ef eg leitaði til hans.

Eg giftist Ragnari Magnússyni í júlí 1974, en þá vorum við búin að þekkast lengi. Við erum barnlaus og skildum á s.l. hausti í september eða október, en eg hafði farið frá honum í maí það ár.

Út úr viðskiptum okkar Ragnars fékk eg kr. 3. milliónir.

Það var einhverntíman á s.l. sumri sem eg kynntist Guðmundi Agnarssyni og við vorum nokkuð saman eftir það og við vorum m.a. í viku tíma á Hótel Valhöll. Eg man ekki hvað þessi dvöl kostaði, en minnir að hún hafi verið eitthvað yfir kr.loo.ooo.- Eg veit ekki til að þetta hafi verið greitt, en Guðmundur átti að greiða þetta. Eg man að eg þurfti einnig að skrifa upp á einhverja skuldaviðurkenningu í sambandi við þetta.

Eg held að það hafi verið bæði Ragnar og Jón, sem voru með Valhöll. Eg man að það var einhver Valdi í móttökunni. Ljóshærður piltur. Eg veit örugglega að Sigurbjörn hafði ekkert með Valhöll að gera, eða veitingareksturinn þar.

Ef Guðmundur hefur sagt að það væri athugandi að hlera símann hjá mér, þá get eg ekki séð annað en að það hafi verið í sambandi við stöðugar hringingar konu hans til mína. Konan er margbúin að hringja í mig og skammast vegna Guðmundar. Svo hefur hún hringt þrisvarsinnum og sagt að eg yrði bráðum tekin út af Geirfinnsmálínus.

Einusinni nefndi hún Guðmund í sambandi við Geirfinnsmálið og svo mig. Þetta var núna eftir áramótin. Eg spurði konuna hversvegna hún kærði þetta ekki, hvort hún gerði sér ekki grein fyrir að það væri ein millión í boði. Hún sagðist

pá vera búin að því. Eg man ekki hvort konan var búin að hringja í sambandi við þetta s.l. haust, eða tala um Geirfinnsmálið, en eg held ekki, þó það geti verið.

Áður en þið Haukur Bjarnason, tókuð Guðmund á s.l. hausti, hafði eg aldrei heyrt hann tala um að hann hefði verið viðriðinn Geirfinnsmálið og verið settur inn í sambandi við það, og að hann hafi vitað um bát í Keflavík, sem hafi verið notaður í þessu sambandi. Eg er alveg viss um að hann hafði ekki nefnt þetta.

Eftir að þið töluðuð við Guðmund, þá spurði eg hann hvað þið hefðuð viljað honum og þá sagði hann mér að hann hefði verið að þvæla eitthvað um þetta í fylliríi við krakkana sína, en sagðist ekki botna neitt í því hversvegna hann gerði það. Taldi sig hafa verið orðinn ruglaðan. Eg man að hann sagði að hann hefði verið búinn að taka einhverjar pillur og svo drukkið ofan í þær. Guðmundur sagði að þetta væri ekki rétt.

Eftir að Sigurbjörn var tekinn, þá kallaði eg í Guðmund til að spyrja hann um það hvort hann hefði sjálfur verið viðriðinn Geirfinnsmálið. Eg þvældi honum fram og til baka um þetta, en hann neitaði. Í gærkvöldi þá var Guðmundur á fylliríi og þá spurði eg hann en um þetta og reyndi eins og eg gat, en hann harðneitaði og sór og sárt við lagði, að hann vissi ekkert um þetta mál.

Eg held að Klúbburinn hafi aldrei haft neinn bíl, eða fyrirtækið sem slikt. Sigurbjörn átti sjálfur rauðan Volgswagen G-78, sem dóttir hans er með og svo var hann með jeppa, eða Rangerover, sem eg held að hann hafi selt á s.l. sumri. Eg held að það hafi verið G númer á þessum bíl.

*Gísá*


Sigurbjörn var einnig með einhvern jeppa frá Rangár-völlunum, en hvort hann á þann bíl, veit eg ekki.

Synir Sigurbjarnar voru aldrei með bíl, eða áttubíl.

Um jarðir þær sem Sigurbjörn er með, veit eg ekki neitt, eða um rekstur þeirra og slikt.

Upplesið, játað rétt. Gróa Bæringsdóttir.

N. Snæhólm.



Gróa Hildis Þorlingsdóttir

Athugun á jarðeignum Sigurbjörns Eiríkssonar.

Sunnudaginn 15-2-1976 fórum við Magnús Magnússon, Sigurbjörn V.Eggertsson, Ásmundur Guðmundsson, og Njörður Snæhólms, austurfyrir fjall, í þeim tilgangi að athuga jarðir þær, eða húsakynni þau, sem Sigurbjörn Eiríksson, er talinn hafa umráð yfir, en það eru:

Oddhóll á Rangárvöllum, ábuandi Ólafur Jónsson.

Stóra-Hof í Rangárvallasýslu, en Sigurbjörn  
er sjálfur skráður þar.

Skálmholt í Villingaholtshreppi, en Gústaf

Lillendahl, er talinn bóndi þar. Vinnur í Klúbbnum.

Sigurbjörn gaf skriflegt leyfi til að athuga mætti í húsakynni á þessum stöðum. Sagðist bara hafa hlöðu og bragga að Oddhóli.

Þessi ferð var farin samkvæmt beiðni Arnar Höskuldssonar, ftr, sakadóms.

Lagt var af stað kl.0900 í hríð og vitlausu veðri.

Fyrst var farið að Skálmholti. Þar var enginn heima, en allt ólæst. Þá var farið að Stóra-Hofi. Þar var ekki heima nema Bæring, 17 ára sonur Sigurbjörns. Kunningi hans á svipuðum aldri og ung stúlka frá Svisslandi. Við léttum Bæring lesa bréfið frá Sigurbirni, en síðan sýndi hann okkur íbúðarhúsið og svo önnur hús, sem á jörðinni eru. Sjálfir skoðuðum við svo hlöðu, sem mun hafa verið byrjað að byggja í júní á s.l. ári og stendur nokkuð langt frá bænum, og sagt er að muni hafa kostað milli 20 og 25 milliónir króna. Ekki fundum við neitt athugavert, nema hvað í þessarri hlöðu, í blásarahúsi, ver einn 20 lítra plastbrúsi. Stimplað í aðra botnbrún "Phönix". Þetta er svipaður brúsi og sumir þeirra er notaðir hafa verið undir

spíra, en fleiri tegundir brúsa hafa verið notaðir í það, svo þetta þarf ekki að hafa neina þýðingu.

Aðstaða til blöndunar, virðist ekki vera fyrir hendi á þessum bæ.

Næst fórum við í Oddhól og hittum Ólaf Jónsson og skýrðum honum frá leyfi Sigurbjörns.

Ólafur sagði að Sigurbjörn hefði ekkert þar na nema heyhlöðu og bragga, sem opinн er í annan endann. Ekkert að sjá athugavert þar na. Sagði að Sigurbjörn hefði verið þar na með um 50 hross og heyjað. Annað hefði hann aldrei verið með þar na, en hann væri búinn að vera þar na öðruhvoru síðan 1966. Ólafur sagðist hafa selt Sigurbirni Álfnesið á árinu 1961, en þá hefði hann ekki þekkt hann. Sagðist sjálfur eiga Oddhól og vera eini eigandinn að honum. Ólafur fullyrти að þar na hefði aldrei neinn spíritus komið. Það er heldur ekki hægt að sjá að nein slík aðstaða sé þar na. Ólafur sagðist hafa látið taka öll hrossin í fyrradag. Sagði að Sigurbjörn hefði viljað kaupa Oddhól, en hafa Ólaf búandi þar áfram.

Næst fórum við að Skálmholti, en ennþá var enginn heima. Við athuguðum húsakynni, en sáum ekkert athugavert. Í heyhlöðu við enda á hesthúsi, var blár Sunbeam bíll X-3425. Það hefur warla verið hægt að vera með blöndun á þessum bæ, án þess að fjöldi manns vissi um það.

Þá var einnig komið við á þrem öðrum bæjum og rætt við bændur. Ekkert sérstakt kom fram í þeim samtölum.

Komið til Reykjavíkur kl. 2000.

N. Snæhólm.

Reykjavík 14. feb. 1976.

Eg undirritaður veiti hér með rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík heimild til þess að leita í öllum þeim húsakynum, sem ég hef með að gera á jörðunum Stóra-Hofi og Oddhóli í Rangárvallahrepp, og jörðinni Skálmholti í Villingaholtshrepps.

Eg hef með að gera öll húsakyni að Stóra Hofi, að frátöldum tveim herbergjum, sem Agúst Guðmundsson hefur umráð yfir. Að ~~þessum~~ herbergjum hef ég samt sem áður aðgang. Ær ég tala um húsakyni, þá á ég einnig við öll úтиhús.


Að Oddhóli hef ég aðeins með að gera eina heyhlöðu, og bragga.


Í Skálmholti hef ég með öll húsakyni að gera, að frátöldu fjárhúsi og tilheyrandi heyhlöðu og standa þau úтиhús undir holti eða klettum skammt frá bænum.

Þá óska ég eftir því, að ef því verður við komið, þá verði viðstaddir leitina að Stóra Hofi, Agúst Guðmundsson, að Oddhóli, Ólafur Jónsson og að Skálmholti Gústaf Lilliandahl.

Agúst býr að Stóra Hofi, en hefur verið hér eitthvað til lækninga. Ólafur er bóndi á Oddhóli, en Gústaf var að Skálmholti, en er nú búsettur á Selfossi, ég er ekki viss um hvar.

Virðingarfyllst:

Vottar:  
  
 Gunnar Guðmundsson  
 Gunnar Guðmundsson  
 Gunnar Guðmundsson

  
 Sigurbjörn Biriksson

Mánuðaginn 16/2 1976 kl. 1405, þá er mettur sem vitni í málínu, Gunnar Gunnarsson, gjaldkeri, tilh. Kriuhólmum 2 Rvík, s. 72565, 81530, f. 21/4 1945 í Rvík.

Mettum er kynnt tilefni yfirheyrlunnar og eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan, skýrir metti frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli:

"Ég hef verið og er ennþó gjaldkeri körfuknattleiksdeildar KR. Við félagannir í körfuknattleiksdeild KR. höfum reynt að myfja upp, það sem við munum í sambandi við priðjudagskvöldið 19/11 1974 og þá hvað við munum eftir í sambandi við Einar Bolleson.

Ég vil geta bess að fyrir dyrum stóð að fára í keppnisferðalag til Íslands og Austuríkis og var mikill undirbúningur að þeirri ferð daganna fyrir brottförina, en farið var á föstudagi 22/11 74.

Mánuðagskvöldið 18/11 1974 var ég á efingu í KR heimilinu og þar var Einar mettur, ásamt öllum þeim sem fóru í ferðina, en Einar var þjálfari liðsins.

Efingin var á tímanum frá kl. 1930-2115 eða þar um bil.

Nesta efing fór svo fram á miðvikudeginum 20/11, en priðjudagskvöldið atluðum við nokkrir að hittast í KR heimilinu, til að skipuleggja sölu á fánum deildarinnar, varðandi Evrópukeppni okkar í körfuknattleiki.

Ég var ekki staddur þetta priðjudahskvöld í KR heimilinu, þar sem ég hafði nýverið sett íbúð og var að vinna við hreingerningu á henni.

Eftir því sem ég kemst næst, þá hefur Jón Otti Ólafsson tjáð mér að hann muni nokkuð vel eftir priðjudagskvöldinu 19/11 1974.

Sagði Jón Otti að Einar hefði þar verið staddur og að um kl. 2115 hefðu þeir farið saman í bifreið Einars, frá KR heimilinu og heim til Jóns Otta, þar sem Einar létt hann út og fór svo áfram þaðan og klukkan var tælin vera um k 2130, er Jón Otti var kominn heim.

Jón Otti og Hilmar Viktorsson muna eftir því að þetta kvöld þarna á milli eflinga mánuðagsins og miðvikudagsins, þá voru þeir að skipuleggja fánasöluna og m.a. men Hilmar eftir því að hann seldi Ellert Schram einn fána og fékk frá honum greitt með tékka.

Er nú verið að kenna það atriði nánar, m.a. með því að fá ljósrit af tékkanum.

Varðandi það mál, sem Einar mun vera grunaðu um að vera við-  
riðinn, þá veit ég ekkert um það frekar og ég hef aðeins einu  
sinni átt viðskipti við Einar í sambandi við smyglæð afengi og  
það var nú skömmu fyrir jölin sñóustu.

Var það með þeim hætti að Einar hringdi í okkur strákana í  
körfubolatanum og bauð okkur Vodka til kaups. Sagði Einar mér  
t.d. að honum hefðu áskotnast tveir kassar af smygluðu Vodka 45%  
og keypti ég af honum tvær flöskur, sem kostuðu samtals kr. 5000.-

Einar orðaði betta við mig þannig að sér finndist ólíklegt  
ennað, en að hann myndi losna við þessa tvo kasse Þiðið og vissi  
ég að fleiri strákar keyptu af honum vin.

Minnir mig að tegund þessa víns hafi verið "Taverish" eða eitthvað  
í þeim dír".

*Magnússon*  
Magnús Magnússon

Upplesið staðfest,

*Gunnar Gunnarsson*  
Gunnar Gunnarsson

22-lo-1975 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Árni Sigurður Guðmundsson, tilh. Bergstaðastræti 60, 19 ára að aldri.

Hann gefur eftirfarandi skýrslu af frjálsum vilja og gefnu tilefni. Jafnframt frá því skýrt að hann sé alls ekki skyldugur til skýrslugjafar vegna tengsla við þann sem skýrslan varðar aðallega.

Faðir minn Guðmundur Agnarsson, vinnur hjá Landspítalanum og er kallaður vaktmaður og í starfinu fellst að aka sendiferðabílum spítalans. Einn bílanna getur verið Volkswagen Station og áður voru þeir með Transit Station, en nú er búið að skipta þeim út. Móðir mínn heitir Guðrún Bjarnadóttir. Síminn heima er 26317.

Um miðjan september á s.l. ári fór eg á bát í Norðursjó og kom heim í endaðan nóvember og þá fannst mér endilega að faðir minn væri ekki eðlilegur í framkomu, eða ekki eins og hann var er eg fór á sjóinn, en eg vissi ekki til að hann væri þá farinn að bragða áfengi og hann stundaði vinnuna alveg. Svo fór eg á loðnu þann lo. janúar s.l. og kom aftur heim um miðjan marz, en þá var faðir minn kominn í eitthvert ástand, sem eg skildi ekki og var þá farinn að drekka áfengi mjög stíft. Okkur grunaði að hann væri farinn að halda framhjá, en vissum ekki hver konan var. Svo fór eg aftur í Norðursjó þann 22.apríl og kom til baka 20 júní s.l. og þá sagði móðir minn mér að faðir minn væri eiginlega kominn út af heimilinu, og þá sagði hún mér að það myndi vera Gróa Bæringsdóttir, fyrverandi eiginkona Ragnars A. Magnússonar, endurskoðanda og sú sem áður bjó með Bjössa í Klúbbnum, sem hann héldi við. Þá lá faðir minn orðið alveg í fylliríi. Í summar ók faðir minn bíl súnum útaf á Pingvöllum og klessti hann, en þá var Gróa með honum. Nokkru eftir það fór eg á

Pingvöll ~~áskurk~~ og í Valhöll ásamt Rúnari Sigurpálssyni, sem er mágur minn, til að hitta faðir minn, sem var þar og reyndist vera fullur, og Gróa var einnig barna og þau voru að drekka og faðir minn bauð okkur bæði mat og vín. Eg spurði hann hvort hann ætti mikið af peningum og hann sagði að eg þyrfti engar áhyggjur að hafa af því. Við vildum ekki nema ís, sem faðir minn greiddi og svo fórum við stuttu seinna, því það var ekki hægt að ræða við hann og Gróa var alltaf nálægt, en meiningin var að ræða við hann um bílinn. Um svipað leyti og þetta skeði, hringdi faðir minn í mömmu og sagði henni þá að hún þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu, Jón Ragnarsson, (sem á Hafnarbið) sagi um þetta, því hann væri á fylliríi með honum.

Svo var það í kringum þann lo.ágúst s.l. sem eg fór út í sjó og kom til baka í endaðan september og er eg kom til baka var faðir minn búinn að kaupa húsið ~~Njálsgötu~~ 35 A, og þá var móðir míni búin að ganga frá skilnaði við hann, og hann því alveg farinn að heiman. Eg viissi svo af honum barna niðurfrá og hann var oftast fullur og stundaði því lítið vinnu.

Svo var það í gérðag er eg kom úr skólanum þá var móðir míni og Margrét systir míni heima, og þá sögðu mæðgurnar mér að pabbi hefði verið viðriðinn Geirfinnsmálið. Að hann hefði viðurkennt það fyrir Margréti nóttina áður, en þá verið drukkinn. Mér skilst að mæðgurnar hafi verið búnar að hringja í Hauk Bjarnason vinnufélaga þinn og biðja hann að koma til viðtals, er eg kom heim. Eg fór svo með Margréti niður á Njálsgötu 35 a, og hittum pabba okkar, en þá var Gróa hjá honum, svo við töluðum fyrst um daginn og veginn. Gróa fór

svo eitthvað að rífast, en þau voru að drekka, og þá fór faðir minn að tala um þetta Geirfinnsmál að fyrrabragði og þá var eins og skotið hefði verið á Gróu.


Hún hrökk við. Við fengum þá faðir minn til að koma með okkur heim til Rúnars, í Bólstaðahlíð 30, en pabbi sagði við Gróu, sem varð eftir, "nú er komið að dómsdögum", en hann vissi þá ekki að búið var að hafa samband við Hauk. Við fórum svo öll heim til Rúnars, en þar var einnig Anna, kærastan mínn. Pabbi vildi ekki tala við okkur öll, en bað Rúnar um að tala við sig einslega og við hlustuðum því ekki á það samtal, en þeir töluðu saman nokkuð lengi. Pabbi hringdi svo í Góru og sagðist vera að koma, en þá var Gróa komin heim til sína, en hún býr í Lönguhlíð 25, efstu hæð til hægri. Við fórum með pabba niður á Njálsgötu og þar sótti hann flösku, en síðan fórum við með hann upp í Lönguhlíð og skildum hann þar eftir, en hann sagðist skyldi hafa samband við okkur ef eitthvað gerðist. Klukkutíma seinna hringdi svo pabbi heim til okkar og bað okkur um að sækja sig strax, svo við Rúnar fórum strax og upp í íbúð til Gróu, en þá var pabbi kominn í einhvern ham og braut skáp, sem hann á sjálfur í íbúðinni og Gróa hringdi í lögregluna, en hann sagði að "hún skyldi passa sig á að kalla í lögregluna á sig, því að það hafi einusinni horfið maður úr Keflavík". Hann sagðist ætla að fara með lögreglunni niður á stöð og tala aðeins við þá, og hann fór með lögregluþjónunum og Rúnar fór með honum. Lögreglan sagði pabba að hann skyldi bara koma ófullur ef hann byrfti að segja eitthvað og svo fór hann án þess að láta okkur vita, en við náðum honum á Njálsgötunni og þar töluðum við við hann og vorum að reyna að leiða honum það fyrir

sjónir, að hann ætti að fara og tala við lögregluna og segja henni eins og væri með þetta. Hann féllst á það, en það var orðið áliðið nætur og því ákveðið að fresta viðtalinu til í dag, og um framhaldið veist þú.

Rúnar sagði mér svo hvað pabbi hefði sagt honum, og þeirri sögu bar saman við söguna sem systir míni og móðir, voru búnar að segja mér eftir honum. Eftir að hafa heyrt þessar sögur, finnst mér að það hljóti að vera talsvert rétt í þessu, sem faðir minn sagði, og einnig eftir viðbrögðum Gróu að dæma. Faðir minn sagði í gær, við mig og Rúnar, að hann hefði í gær fengið ávisun á kr. 175.000.- stimplaða af Klúbbnum í Reykjavík og útgefna af Magnúsi Leopoldssyni í Klúbbnum. Sagði að þetta væri ávisun frá Búnaðarbankanum, en vildi ekki sýna okkur hana. Eg veit því ekki hvort þetta er satt. Eg veit ekki til að faðir minn hafi unnið neitt hjá Klúbbnum, eða Magnúsi Leopoldssyni, sem gerði það að verkum að hann ætti að fá þessa greiðslu. Pabbi sagði okkur einnig að Bjössi í Klúbbnum væri búinn að vera fullur í viku. Taugarnar væru ekki í lagi hjá honum. Einig sagði hann að Ragnar Á. Magnússon, væri potturinn og pannann í þessu öllusaman.

Upplesið, játað rétt. Arni S. Guðmundsson.

Vottur:

  
Þeukur Bjarnason.

  
Arni S. Guðmundsson.

N. Snæhólm.

22-lo-75. Þá er mætt í máli þessu Guðrún Bjarnadóttir, tilh. Bergstaðastræti 60, f.l-6-1922. simi 26317.

Mætta veit um tilefni yfirheyrlunnar, og gert kunnugt að hún þurfi ekki að gefa skýrslu í sambandi við eiginmann sinn, Guðmund Agnarsson.

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

Við Guðmundur erum búin að búa saman í 24 ár, en gift í 19 ár. Eg held að Guðmundur sé búinn að vinna hjá Landspítalanum í 8 eða 9 ár, og hann er þar umsjónarmaður og í því er falinn akstur á bílum spítalans.

Árið 1953 var Guðmundur, að því er mig minnir, 2. vélstjóri á vélbátnum Drífu og þá lenti hann í því að báturinn strandaði rétt fyrir utan Reykjanesið, en Guðmundur var í koju er það skeði, og þeir urðu að kveikja í öllu lauslegu í bátnum til að vekja á sér athygli. Eftir þetta varð Guðmundur taugaveiklaður og eg hef aldrei þekkt hann fyrir sama mann síðan, því áður var hann ákaflega rólyndur og fór aldrei neitt frá. Það er eins og hann geti ekki stjórnað skapi sínu síðan, og er kominn með hryllilega innilokunar kennd. Eg má aldrei loka svefnherbergini.

Það hefur sennilega verið árið 1964, annaðhvort í febrúar eða marz, sem hann lennti á Farsótt vegna tauganna og var þar einhvern tíma, og var settur í raflost um morgun, en var svo útskrifaður eftir hádegið og kom þá heim með fleiri glös með allskonar pillum í, en þá var eg með börnin ung og á næturvakt á Sólheimum. Guðmundur kom heim og hattarði og eg sá að hann var ekki eins og hann átti að vera, og eftir smá stund fór eg að athuga glösin og sá þá að hann var búinn að steypa öllu úr þeim

í sig, svo eg ætlaði strax að hringja í sjúkrabíl, en hann brást strax illur við, því pillurnar voru ekki byrjaðar að verka, en um leið og eg sá að þær voru það, hringdi eg í sjúkrabíl sem kom, en um leið og mennirnir sáu Guðmund, sögðust þeir ekki meiga hreyfa hann fyrr en lögreglan kæmi, svo eg hringdi í lögregluna og þá var farið með Guðmund í Heilsuverndarstöðina og þar lá hann á annan sólarhring í dáí, og það var búist við að hann færi. Svo var hann aftur sendur á Þarsótt og er hann var búinn að vera þar smá tíma, átti að senda hann í Hveragerði. Þá var hann svo illur út í mig af því að eg hefði bjargað honum, svo eg sendi krakkana til hans til að kveðja hann. Drengirnir fóru fyrst og Margrét seinna um kvöldið. Svo hringdi Margrét til míν og sagði að pabbi sinn væri að koma heim, svo eg varð hrædd og fór út, en Margrét fór heim með föður sínum, en svo varð hann alveg víti sínu fjær heima, svo eg létt hringja í lögregluna og taka hann og þá var hann fluttur í Síðumúla og þar var hann í þrjá eða fjóra daga, til er hann fór á geðdeildina á Kleppi. Mig minnir að hann hafi verið þar í þrjár vikur til mánuð og svo var hann fluttur á deildina í Víðihlíð og þar minnir mig að hann hafi verið í two mánuði, en eftir það fór hann niður á Flókadeild og þar held eg að hann hafi einnig verið í two mánuði, en kom þá heim og var þá orðinn sæmilegur, en ekki góður.

Á meðan Guðmundur var á Þarsótt, var þar einnig vistmaður, Bjössi í Klúbbnum.

Rétt eftir að Guðmundur kom heim, fór hann um haustið á sjó með bróðir sínum, en fékk svo stuttu

pláss á síldarskipi á Akureyri, og það gekk svo vel, að það bjargaði árinu. Guðmundur hefur oft kvartað um doða í höfði. Á þessum bát var Guðmundur í tvö ár, að mig minnir, þar til að hann fékk pláss á Landspítalanum í gegnum mig, og hefur komið sér ákaflega vel þar. Steingrimur, er yfirmaður hans þar.

Það var svo einhverntiman í fyrra haust, sem eg fór að verða vör við að Guðmundur fór að verða eitthvað upptrektur. Eg varð ekki vör við að hann væri þá farinn að drekka áfengi. Það var fyrst í mars s.l. sem Guðmundur fór að stunda áfengisdrykkju og þá bókstaflega sprakk hann, og eftir það fannst mér ekki ná neinum tökum á honum, sem eg var ánægð með. Eg varð ekki vör við neitt athugavert við Guðmund í nóvember s.l. og eg varð ekki vör við neina breytingu á honum eftir að farið var að tala um Geirfinnskvarfið. Hann vildi helst ekkert um það tala, en sagði að þetta væri alveg hryllingur, en hann var mikið heima s.l. haust.

I mars s.l. voru strákarnir að koma heim og þá sagði Guðmundur við mig um morgun "eg ætla að skreppa upp á Landspítala, eg verð fljótur Gunnar Mín". Hann hafði fyrir síð að hringja til míni og láta vita hvenær hann kæmi. Sonur okkar átti að fara á sjó þennan morgun. Eg hringdi svo á Landspítalann rétt fyrir hádegið, en þá kom í ljós að Guðmundur hafði aldrei komið þangað. Rétt fyrir kl. 1300 kom svo Guðmundur, svo eg spurði hvar hann hefði verið, því hann hefði ekki komið á Landspítalann. Hann sagðist þá hafa hitt mann og lent á kjaftatörji og sagðist ætla að fara vestureftir og kveðja son okkar og gerði það og sagðist ætla að vera fljótur, því við

A.7.

ætluðum til Keflavíkur eftir hádegið. Guðmundur kom þá ekki heim fyrr en sólarhring á eftir og var þá hálffullur, eða a.m.k. ryk í honum. Eg spurði einskis og talaði ekki við hann. Eftir þetta fór Guðmundur að kverfa annaðsslagið og kom alltaf eins og hálfgert rekald. Stundum reifst eg í honum og stundum þagði eg. Eg er alltaf með ferðafólk á sumrin, og eina helgi var fólk hjá mér og þegar eg var búin að gera upp við fólkið, fékk eg Guðmundi peningana eins og vant var og þá fór hann á fylliri á laugardagskvöldi og kom heim kl. 0500 um nóttina, en þá frétti eg af því að hann hefði verið inni í Glæsibæ. Pennan sunnudag spurði svo Smári sonur okkar, 13 ára, hvort pabbi vildi koma út og keyra með okkur. Eg heyrði þá að Guðmundur sagði "nei hún mamma þín getur keyrt með þig, eg ætla að fara annað", og þá fór hann um leið og hann var búinn að borða hádegismat og kom ekki heim fyrr en milli kl. 0200 og 0300 aðfaranótt mánudagsins. Sagðist þá hafa farið til Keflavíkur og verið hjá systkynum sínum þar, en foreldrar hans og systkyni búa í Keflavík. Eg held að það hafi verið rétt að hann hafi farið þangað.

Nokkru seinna fékk eg aftur gesti, en þá vildi eg ekki láta Guðmund hafa peninga aftur. Helgina eftir Hvítasunnu fannst mér Guðmundur vera eitthvað þungur í skapi og spurði hvort einhver bensinstöð væri opin. Hann sagðist búast við því svo eg sagðist fara eftir bensini. Eg fór og kom svo heim og þá spurði Guðmundur hvort bensinstöðin væri opin. Eg sagði já, og þá sagðist hann ætla að fara og kaupa bensin á bílinn sinn, og hann fór. Eg var þreytt og illa fyrir kölluð og fór því til

vinkonu minnar upp á Háaleitisbraut, því eg bjóst ekki við að Guðmundur kæmi aftur, en er eg hringdi heim um miðnættið, var Guðmundur kominn. Á mánudagskvöld fór eg á næturvakt og fór svo til vinkonu minnar á morgnanna og svaf þar, því mér fannst svo mikil pressa á mér. Á föstudeginum er eg vaknaði, var eins og ýtt væri óþyrmilega við mér. Eg get ekki gert mér grein fyrir hvernig, en eg ákvað að fara heim og vita hvað væri að gerast, og gerði það því, og þegar eg kom inn, þá sátu við drykkju í íbúðinni, Gróa Bæringsdóttir og Guðmundur, og Guðmundur sagði mér að Gróa væri búin að vera þarna í þrjár nætur. Gróa var öll blá og marin og sagðist hafa farið frá manni sínum Ragnari, því hann hefði misþyrmt sér. Guðmundur fór svo á vaktina rétt fyrir kl. 2000 og Gróa fór út með honum, og þau óku burt í einkabil, en Guðmundur fékk Gróu lykil að húsinu hjá okkur og herbergi, sem Guðmundur átti að hafa leigt henni, en eg var ekki ásátt með þvð því eg var búin að lofa lögreglustjóra að hafa ekki fólk með vin í húsinu. Eg fór svo á næturvakt um kvöldið og mér varð á að hringja heim um kl. 0300 og þá kom Guðmundur í símann svo eg spurði hvort hann væri ekki á næturvakt. Hann sagðist þá hafa farið heim til að borða, sem gat verið rétt. Eg spurði þá næturvaktina sem var með mér, hvort eg mætti skreppa frá, og skrapp þá heim, en þá var enginn í húsinu. Svo kom eg heim af vaktinni um laugardagsmorguninn og þá var Guðmundur kominn heim af vaktinni, svo eg spurði hvort Gróa væri hérrna, og hann sagði að hún væri uppi og brást illur við, svo eg fór upp á loft og inn til Gróu, því eg hafði lykil að herberginu, og sagði henni að koma sér út.

Þá kom Guðmundur upp á eftir mér og tók mig út úr herberginu og henti mér aftur á bak og sagði mér að láta sína gesti í friði. Eg varð þá snepps vond. Fór út og hringdi í lögregluna og ætlaði að láta fjærslægja Gróu, en lögreglan vildi það ekki, því Guðmundur væri eins húsráðandi og eg. Eg fór því niður á lögreglustöð og talaði við varðstjórnann, en hann sagðist ekkert geta fyrir mig gert. Guðmundur skipti svo um föt og fór með Gróu út og þau voru úti smá stund, en höfðu síðan komið aftur og svo farið út, en svo kom Guðmundur ekki til baka fyrr en að faranótt sunnudagsins, 1. júní s.l. en það var á laugardagsmorginnum sem þau fóru út. Guðmundur var með Gróu með sér og ætlaði með hana beint inn í herbergi, en sonur okkar og Anna tengdadóttir míni, hentu þá Gróu út. Eftir þetta hafa þau Guðmundur og Gróa alltaf verið saman og hafa legið á hótelum. Í júní talaði eg við Ragnar Magnússon og þá sagði hann mér að Guðmundur og Gróa hefðu verið skráð sem hjón á City Hótelinu. Ragnar sagðist hafa látið Gróu hafa tékkhefti og sagði að þau hefðu verið að moka úr því tékkum og að hann hefði hringt í lögregluna út af tékkheftinu. Mér skildist að það hefði ekki verið næg innistæða fyrir þessu. Þegar þarna var komið var eg búin að fara fram á skilnað, því eg sá mér ekki annað fært. Svo var Guðmundur og Gróa rekin af hótelinu og fóru þá í Brautarholt 22 og voru þar 17. júní. Guðmundur kom heim öðruhvoru og var á vakt öðruhvoru, en þá lá Gróa alltaf í símanum og hringdi stanslaust, svo eg varð að taka símann úr sambandi. Einhverntíman eftir 17. júní kom Guðmundur af næturvakt og fór þá á Bingvöll með Gróu í bílnum, og þau voru þau þá til 12 daga. Eg spurði Ragnar

hvernig þau gætu haldið þetta út svona, því eg vissi  
 að Guðmundur var peningalaus. Ragnar sagði þá að  
 þetta væri enginn vandi, því Jón sonur Ragnars í  
 Þórkaffi, væri bezti vinur Gróu og að hann væri að  
 skilja og að hann væri mikill óreglumaður. Þegar  
 Guðmundur og Gróa komu að austan, þá sótti systur-  
 dóttir Gróu þau, því þá var Guðmundur búinn að eyði-  
 leggja sinn bíl, og þá kom Guðmundur heim og spurði  
 hvort hann mætti sofa og eg leyfði honum það og hann  
 svaf heima í nokkrar nætur, en eg sá að honum leið  
 óskaplega illa á öllum sviðum. Svo kvarf Guðmundur  
 og hafði þá fengið sér herbergi með Gróu á Hótel Holt  
 og þar held eg að þau hafi verið í lo daga. Svo fór  
 Gróa af Hótel Holt til Huldu vinkonu sinnar, en Guðmundur  
 fékk sér herbergi á Hjálpræðishernum og var þar rúma  
 viku. Þá var komið fram í ágúst. Eftir 24. ágúst kom  
 hann heim og þá var hann heima til er hann keypti  
 húsið Njálgsgötu 35 a., sem var í endaðan ágúst. Hann  
 spurði hvort mér fyndist hann geta verið heima, þar  
 sem hann væri orðinn svo brotlegur. Eg sagði honum  
 að við hefðum ekkert með hann heim að gera, nema hann  
 yrði eins og áður. Eg man eftir því að Gróa hringdi  
 einusinni í Guðmund, en þá sagði hann henni að þau  
 skyldu hætta þessu því hann hefði svo lítið kaup, að  
 hann gæti þetta ekki. Hverju hún svaraði, veit eg ekki,  
 en hún létt hann aldrei í friði. Guðmundur var alveg  
 farinn að heiman um mánaðarmótin ágúst og september,  
 en hann hefur komið heim öðruhvoru og eg þjónaði honum  
 og amaðist aldrei við honum fyrr en um s.l. mánaðarmót,  
 er við vorum búin að gera upp.

Mér fannst Guðmundur vera undir einhverri pressu, sem eg gat ekki gert mér grein fyrir hvað var.

Á s.l. sumri sagði Guðmundur við mig að hann langaði til að trúá mér fyrir svolittlu, en hann vildi ekki leggja það á míg, þrátt fyrir að eg marg reyndi að fá hann til þess. Þetta endaði með að hann fór að gráta og fór út.

Það var svo í gærmorgun sem Magga dóttir míni kom, og sagði mér þá að Guðmundur hefði trúáð henni fyrir því að hann hefði farið út á bát frá Keflavík með Geirfinni til að sækja spíra, og Geirfinnur hefði þá dottið fyrir borð og honum ekki tekist að finna hann. Þá ákvað eg í samráði við Möggu, að hringja í Hauk, því mér fannst að við gætum ekki þagað yfir þessu. Þetta er það fyrsta, sem eg heyrðum Guðmund í sambandi við þetta mál.

Eg hef aldrei séð Guðmund með annað áfengi heima, en Campari.

Upplesið, játað rétt. Guðrún Bjarnadóttir.

Njörður Snæhólm.



22/10 1975.

Kl. 18:25 er mættur í máli þessu Guðmundur Agnarsson, Njálgsgötu 35a. f. 14/3 1933 á Ísafirði. Mætti skýrir svo frá, eftir að hafa verið kunnert það er fram er komið í máli þessu. Gætt var ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Það er ekki rétt sem fram er komið í máli þessu, með það að ég hafi farið með Geirfinni í umræddar sjóferðir, heldur er petta hugaburður minn einn og ég sagði börnum mínum ekki satt hvorki í fyrrinótt né í gærkveldi. Eg veit ekkert um mál þeyta og get því engar upplýsingar gefið í málínu. Það er rétt að ég á Högsna Oddsson fyrir frænda í Keflavík, en mér er ekki kunnugt um að hann eigi nokkurn bát.

Vottur: Yfirheyrslu lauk kl. 2035. Upplesið, staðfest.

Njörður Snæhólm

Guðmundur Agnarsson

aðalvarðstjóri

H. Bjarnason

lögreglum.

*Guðmundur Agnarsson*

Guðmundur Agnarsson, var settur í geynslu í Síðumúla kl. 2045 þann 22-10-75.

Sleppt út kl. 1735 þann 23-10-75.

*N. Snæhólm.*  
*Snæhólm.*

22/10 1975.

Mættur er á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Rúnar Sigurpálsson, Bólstaðahlið 30. f. 12/6 1953 í Grindavík. Nætti skýrir svo frá, eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan og um leið var mætta bent á 89 gr. laga um meðferð opinberra mála. Nætti óskar eftir að skýra frá máli þessu að sjálfþáðun.

Ég er giftur Margréti Guðmundsdóttur og í fyrrakvöld var ég að vinna til kl. 22:00 og fór þá heim. Skömmu seinna kom tengdafaðir minn Guðmundur Agnarsson, Bergstaðastræti 60 til Okkar og var hann drukkinn. Við fórum að ræðast við og um kl. 24:00 tæpt kom konan míni heim úr vinnunni og þá settumst við öll í eldhúsið og þá fór Guðmundur að ræða við Margréti, sem var að atyrða hann fyrir að vera með Gróu Bæringsdóttir, en samband þeirra varð til þess að tengdaforeldrar mér skildu. Guðmundur kvaðst ekki geta hætt að vera með Gróu, því hann væri " flætur " vegna hennar. Margrét fór þá að ganga á föður sinn og að lokum brast hann í grát og sagði okkur frá því að hann væri flæktur í svo kallað Geirfinnsmál og að hann hafi verið með Geirfinni er hann tyndist. Er við gengum betur á hann sagði hann okkur alla söguna, en hún væri sú að er hann lá á Farsóttarspítalanum fyrir nokkrum árum síðan, þá kynntist hann ~~Eirík~~ Sigurbirni Eiríkssyni, þáverandi ~~forstjóri~~ forstjóra fyrir Glaumbæ. Eftir það hafa kynni hans að Sigurbirni verið eðlileg, en þegar Sigurbjörn vissi að Guðmundur væri vélstjóri, bauð hann honum samstarf sem gæfi af mér mikla peninga. Ég veit svo ekki hvernig nánari kynni Sigurbjörs og Guðmundar urðu aftur, en Gróa var samþýliskona Sigurbjarnar. Það var svo í haust, er Guðmundur var að vinna á vöktum á Landspítalanum, að Sigurbjörn bauð honum starfa við að stjórna vél báts, en þá átti að sækja smyglvarnin í sjóinn við Keflavík. Það var svo Guðmundur, sem útvegaði bátinn, og kvaðst hann hafa tekið hann traustataki, en bát pennan á frændi Guðmundar Högni Oddsson í Keflavík. I það sinn sóttu þeir smygl og var það Geirfinnur sem þá kafaði eftir því.

Það var svo 13 nóvember að mig minnir, sem farið var í að sækja stórmeygl á sama stað og áður og þá var Guðmundur á næturvakt í Landspítalanum og mun hann hafa farið á vinnustað og stimplað sig inn, en síðan farið á bíl spítalans, sem er hvítur Transit sendi-ferðabíll og á honum ók hann til Keflavíkur. Eithvað mun hafa dregist með tímann, því þeir komu of sent til Keflavíkur, miðað við þann tíma, er þeir ætluðu að hitta Geirfinn, og þá var það að Magnús Leopoldsson starfsmaður Klúbbsins fór inn í sjóppu og hringdi til Geirfinns. Guðmundur fór þá og sótti aftur sömu trilluna og

D. 3  
og þá voru einnig komnir á staðinn Sigurbjörn Eiríksson og maður með honum, sem ég veit ekki hver var, en þeir voru á Range Rover.

Guðmundur sagði okkur að smyglvarningurinn hafi komið með m/s.

Goðafossi og verið um borð í skipinu, þar til skipið var að fara út úr höfninni og var á rólegri ferð, en þá var honum varpað fyrir borð á tilteknum stað og tekið mið af. Guðmundur kvað þá Geirfinn hafa farið út á stað þennan og þar kafaði Geirfinnur niður og tóku þeir í bátinn smyglvarninginn og voru búrir að fara tvær ferðir með hluta hans í land, en strax eftir fyrstu ferðina, fór Magnús til Reykjavíku með hluta varningsins. Þeir voru svo að fara þriðju og seinustu ferðina út aftur og þá hafði Geirfinnur farið niður í froskmanna-búningnum og ekki komið upp aftur. Guðmundur kvaðst hafa beðið á staðnum í fjóra klukkutíma, en þá taldi hann að öruggt væri að Geirfinnur kæmi ekki aftur upp. Frekar vildi hann ekki ræða þann þátt málsins.

Þegar Guðmundur kom svo í land í seinasta skiptið taldi hann að Sigurbjörn hafi beðið, en hinir verið farnir.

Guðmundur kvað þarna um slys hafa verið að ræða, en að honum hafi brostið kjarkur til þess að skýra frá þessu, en síðan þetta skeði kvaðst hann hafa verið undir præssu Sigurbjörns og þeirra félaga, en þá væri kominn í máli Ragnar A. Magnússon.

Guðmundur kvaðst ekki hafa fengið neina peninga fyrir þetta verk sitt en hinsvegar fengið loforð um þá og væri hann alltaf að rukka um peningana og þá núna síðast í fyrrinótt kvaðst hann ~~XXXXXX~~ ekkert vera búinn að fá.

Það var svo í gærkveldi að ég fór með mági mínum heim til Guðmundar þar sem hann býr núna á Njálsgötu 35a og fórum við ræða við hann um að hann gæfi sig fram að sjálfþáðun og skýrði frá máli þessu, en þá var hann búinn að segja okkur að hann væri orðinn uggandi um líf sitt vegna málsins. Þá var það að hann skýrði okkur frá því að hann væri kominn með ávísun upp á kr. 175.000,00 útgefna af Klúbbnum og umdirritaða af Magnúsi Leopoldssyni. Ekki syndi hann okkur ávísun þessa. Guðmundur lofaði okkur því að fara hingað til rannsóknar-löggreglunnar í dag og skýra frá máli þessu.

Ég persónulega trúi þessari sögu Guðmundar til þess að auðvelda honum eftirleikinn kér ég hér að sjálfþáðun. Guðmundur sagði okkur að hann væri hræddur um að þótt hann segði frá máli þessu skorti hann sannanir fyrir hlutdeild Sigurbjörns og þeirra í málinu.

Guðmundur kvað mál þetta hafa hvilt á sér sem mara og væri hann orðini mjög taugaslappur vegna þessa og hafi honum verið haldið gangandi á víni, sem sent væru heim til hans frá Ragnari og þeim félögum.

H. Bjarnason

Upplesið, staðfest.

lögreglum.

Rúnar Sigurðsson  
Rúnar Sigurðsson

22/10 1975.

Mætt er sem vitni í máli þessu Margret Guðmundsdóttir, Bólstaðahlíð 30. f. 15/7 1952 í Reykjavík. Mætta skýrir svo frá, eftir að hafa verið kunngerð 89 gr. laga um meðferð opinberra mála. Mætta kémur hér að sjálfdáðun.

Það var í fyrrakvöld að ég var að koma af vakt um kl. 24:00 og þegar ég kom heim, var faðir minn Guðmundur Agnarsson, þar fyrir og var hann í eldhúsinu ásamt manni mínum Rúnari. Faðir minn var drukkinn og fór ég að atyrða hann um að hann væri alltaf með Gróu Bæringsdóttur og þá sagði hann mér að hann væri löngu ~~fæ~~inn frá henni, ef hann væri ekki flæktur í mál henni tengdu. Ég fór því að ganga á pabba og spyrja hann hvað væri á seiði og að lokum brást hann í grát og sagði mér að þetta væri vegna " Geirfinnsmálsins ". Ég gékk þá betur á hann og þá sagði hann að hann hafi verið <sup>með</sup> Geirfinni, er hann hvarf. Nánar skýrði mér frá því, að hann hafi farið að beiðni Sigurbjörn Eiríkssonar einherntíman á síðasta ári og þá sótt smygl, sem kastað hafði verið í sjóinn rétt fyrir utan Keflavíkurhöfn og þá hafi hann útvegað bátinn, sem væri eign frænda hans í Keflavík og hafi hann tekið bátinn traustataki. Þá var um óverulegt smyglmagn að ræða. Þá kafaði Geirfinnur eftir smyglinu í sjóinn og pabbi flutti það í land. Fyrir þetta ómak kvaðst hann hafa fengið kr. 70.000,00.

Það var svo í nóvember á síðasta ári að pabbi kvaðst hafa farið til vinnu á Landspítalann og þá stimplað sig inn, en síðan farið á bíl Landspítalans og ekið til Keflavíkur, því þá átti að ná í stórt smygl á sama hátt og áður. Pabbi ók bílnum til Keflavíkur og þá voru þeir orðnir of seinir miðað við tímann sem áætlað var og þá fóru þeir að Hafnarbúðinni og hann og Magnús Leopoldsson, fóru þar inn og Magnús hringdi í Geirfinn. Hann kvaðst síðan hafa farið og sótt sama bátinn aftur og fóru þeir Geirfinnur á honum út á tiltekin mjöld rétt utan Keflavíkurhafnar og þar kafaði Geirfinnur niður og ~~síðu~~ sótti smyglvarninginn, en þetta var meira en í tvær ferðir með trillunni og þegar þeir ~~fórum~~ fóru út í þriðja og síðasta sinnið, þá fór Geirfinnur niður, en kom ekki aftur upp. Pabbi kvaðst hafa beðið í fjóra klukkutíma og þá var hann orðinn öruggur um að ~~þ~~ eithvaðværi að hjá Geirfinni og fór í land. Þá voru þeir allir farnir er í landi höfðu verið nema Sigurbjörn Eiríksson. Hann tjáði honum hvað skeð hafði og þá flýttu þeir sér til Reykjavíkur, eftir að vera búinir að skila bátnum á sama stað og ganga frá honum.

Pappi kvað fjóra menn hafa verið við höfnina er hann kom í fyrstu ferðinni að og voru það Sigurbjörn, Magnús, og man ég ekki hverjir

það voru. Þeir affermdu bátinn við svokallaða "Gömlu bæjarbryggjun og flyttu hann upp í Range-Roverinn og spítalabílinn og voru báðir bílarnir orðnir fullur, áður en farið var út í þriðju ferðina.

Ekki sagði pabbi mér hvert farið var með smyglið, sem í hans bíl var, en það getur hann skýrt frá sjálfur. Ekki kvaðst hann hafa fengið neitt greitt fyrir þessa vinnu enn, en hann kvaðst hafa átt að fá kr. 1.900,000,00. Pabbi kvaðst hafa verið að pressa þá félaga um greiðsluna, en hún hafi ekki verið innt af hendi enn. Hinsvegar kvað hann þá félaga Sigurbjörn og c/o hafa haldið sér uppi á víni og hótelkostnaði síðan þetta skeði.

Hann kvaðst margsinnis vera búinn að ætla að skýra frá máli þessu, en sig hafi ávalt brostið kjark. Einnig kvaðst hann vera kúgaður af þeim félögum, með að segja ekki frá þessu, enda kvaðst hann ekki geta lagt fram neina sönum fyrir aðild þeirra í málinu.

Eg lagði mjög hart að þabba að hann skýrði lögreglunni frá þessu og hafði hann að orði að sennilega yrði hann einn sem fengi fangeßsis-dóm en hinir slyppu.

Það var svo í gær eftir að vera búin að tala við lögregluna, að ég fór heim til pabba á Njálgsgötu 35a, til þess að fá hann með mér heim svo hægt væri að ræða við hann og fór Arni bróðir minn með. Er við komum þangað var Gróa Bæringsdóttir þar fyrir og voru þau bæði drukkin. Pabbi sagði þá við Gróu, að best væri að segja lög-reglunni frá máli þessu og skýra satt og rétt frá öllu, enda kæmist þetta hrort sem væri upp. Gróa brást þá reið við og réðist á þabba og sló hann utanundir. Gróa kvaðst ekki trúa því að Sigurbjörn, Ragnar A. Magnússon og fleirri væru í þessu, en rétt í því kom leig-jandinn úr kjallaranum og þá var hætt við að ræða mál þetta.

Pabbi sagði okkur að fara heim og gerðum við það.

Skömmu síðar hringdi pabbi svo heim til okkar og bað ~~bróðir~~ minn Arna að koma og sækja sig og gerði hann það. Arni kom með hann heim til mínu og þar fórum við að ræða mál þetta og án þess að hann vissi að við værum búin að segja lögreglunni frá þessu, þá féllst hann á það að ~~kemur~~ rannsóknarlögreglan kæmi heim til hans í morgun og þá ætlaði hann að skýra frá þessu. Það var svo í morgun eftir að hann vissi að lögreglan væri á leið til sín að hann fór að heiman og hefur sennibrostið kjarkur.

Eftir að hann kom heim til okkar í gærkveldi ræddum við mál þetta nánar og skýrði hann þá frá því ~~á~~ á sama veg og hann hafði gert nóttna áður, nema hann breytti því að Sigurbjörn beið hans eftir að hann kom í seinustu ferðinni, en hafði sagt okkur kvöldið áður að þeir hafi allir verið farmir er hann kom í land.

I gærkveldi sggði hann okkur að hann væri með ávísun útgefna af Klúbbnum og undirritaða af Magnúsi Leopoldssyni að upphæð kr. 175.000,00, sem væri greiðsla upp í kostnaðinn, en hann vildi ekki sýna okkur ávísunina og tel ég frekar að hann hafi verið með óskhyggju, en hitt að hann væri með ávísunina.

Ég persónulega trúi sögu þessari, enda hef ég veitt því athygli síðan Geirfinnur hvarf að pabbi hefur ekki verið mönnum sinnandi, nema þegarhann hefur verið drukkinn og mikið hefur hann notað af taugatöflum.

Ég veit það af ef rannsóknarlöggreglan talar við pabba núna, að þá mun hann segja allt satt, því hann hefur lofað því og um leið ætlaði hann að halda Sigurb rni utan máls þessa.

H. Þjóðarason  
Löggreglum.

Upplesið, staðfest.  
Márgrétt Guðmundsdóttir.

Márgrétt Guðmundsdóttir

23/10 1975.

Kl. 14:20 er mættur til yfirheyrslu í máli þessu Guðmundur Agnarsson, Njálgsgötu 35a. f. 14/3 1933 æá Ísafirði. Mætti skýrir svo frá, eftir að hafa enn verið bent á l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Það er rétt sem fram er komið í máli þessu að ég hef veruð að segja börnum mínum þessa sögu sem fyrir liggar í málínu, en ég endurtek það að þetta hafa verið tómur hugarburður hjá mér og ekki á neinn hátt haft við rök að styðjast.

Það er rétt að ég heimsótti Rúnar og Margréti í Bólstaðahlíðina á mánudagskvöldið og var ég þá drukkinn. Er ég kom á staðinn var Rúnar heima, en Margrét kom ekki fyrr en um kl. 24:00. Ég var að tala við þau frammi í eldhúsi og þá var Margret að tala um samband mitt og Gróu og sagði ég henni að ég vildi gjarnar hætta þessari sambúð okkar, en þyrði það ekki, því ég væri flæktur í mál henni viðkomandi. Þegar Margrét gákk svo á mig betur, þá sagði ég henni þessa sögu að ég hefði verið með í bátnum þegar Geirfinnur tyndist og hafi ég þá verið að sækja smygl með Sigurbirni, Magnúsi Leopoldssyni, og fleirrum, en ég man ekki núna hvaða nöfn ég tiltók. Ég sagði þeim Margréti og Rúnari að ég hafi umrætt kvöld farið til vinnu og stimplað mig inn á, en síðan farið á Landspitalabílnym til Keflavíkur og þar hitt þá félaga, en þá hafi verið komið fram yfir tímann, sem hitta átti Geirfinn, og þá hafi Maggi farið inn í Hafnarbúðir og hringt á Geirfinn, en ég beðið á meðan og þá inni í Hafnarbúðum. Eftir þetta þóttist ég hafa farið niður að höfninni og tekið þar bát Högna frænda míns traustataki og sett vélina í gang og síðan farið með Geirfinni út fyrir höfnina og hann farið í froskbún- ingi niður og sótt smygl varning, sem átti þar að vera frá því að Goðafoss hafði verið þar inni. Ég þóttist hafa fengið mjög nákvæmt mið frá einhverjum, sem sagði til um hvar varan væri og hafi ég syglt bátnum þangað. Þar fór Geirfinnur niður og sótti smyglið, en við fórum tvær ferðir í land með varning og síðan fórum við út þriðju ferðina og þá sagði ég þeim að Geirfinnur hafi farið niðurm en ekki komið upp aftur og kvaðst ég hafa beðið í fjóra tíma eftir Geirfinni, en vissi samt að hann hafði ekki loft á köfunarkútum sínum, nema til 1 og hálfs gíma. Þegar kom svo í land hafði hópurinn verið farin nema Sigurbjörn. Ég kvaðst hafa hlaðið Landspítalabílann af varningi og eins hafi Range-Roverinn verið fylltur og hafi Maggi farið strax á honum til Reykjavíkur. Eithvað gaf ég í skin að hluti smyglsins hafi verið eithvað dýrmætara en spiritus og því hafi þessi ferði með Geirfinni verið dýrmæt fyrir Sigurbjörn og c/o. Eftir þetta kvaðst ég hafa farið til Reykjavíkur eftir að vera búinn að leggja bátnum aftur á sinn stað og ganga frá honum, en kvaðst hafa landað varningum við slyppinn gamla. Ég ekki mjög kunnugur í Keflavík, en veit þó

*Guðmund Agnarsson*

hvar gamlabryggjann er.

Ég sagði ekkert um það hvert ég hafði farið með varninginn eftir þetta og man ég ekki til þess að hafa verið spurður um það. Ég sagði þeim að ég hefði ekkert fengið fyrir ferð þessa enn, en hugmyndin væri að ég fengi greitt 1.990,000 krónur fyrir vikið.

Ég sagði þeim að ég hefði gert þetta áður og þá nokkru áður, en þá haf smyglið verið í mun minna mæli og fyrir það fékk ég kr. 70.000,00.

Það var svo daginn eftir að ég var farinn að fá eftirþanka af þessu og þá fór ég að draga í land sögur mínar, en þá gengu krakkarnir á mig og þá lofaði ég að segja lögreglunni sem var, en síðan fór ég til Gróu og þar varð okkur dundurorða og þá kallaði hún á lögreglunar, og ég var fluttur á lögreglustöðina, þar sem ég sagði lögreglunni að ég þyrfti a gefa skýrslu um mannhvarfið í Keflavík. Þar var mér sagt að geyma það til dagsins eftir þegar runnið væri af mér vínvíman. Það var svo þar næsta dag að ég hafði lofað að tala við lögregluna strax um morguninn, en þá brást mér kjarkur og ég fór heim til Gróu og þar var ég þann dag, þar til að ég fór heim til mínum um kl. 18:30 og tók á móti rannsóknarlögreglunni.

Eins og fram er komið hef ég verið með Gróu Bæringsdóttur, en hún bjó með Sigurbirni Eiríkssyni og einnig síðar giftist hún Ragnari A. Magnússyni og höfum með verið í sambandi við fólk þetta. Það er rétt að ég var á Þingvöllum í summar í 12 daga og bjó þar á hótelinu með Gróu og veitti á báða bóga, og að þokum var ég láttinn undirritað 280.000 kr. víxil, sem ekki er farið að innheimta enn.

Ég kynntist Sigurbirni er ég lá á Farsóttarhúsinu og höfum við þekkst síðan. Sigurbjörn vissi þá að ég var vélstjóri og kunni að fara með vélar og var með staðgóða þekkingu á meðferð báta.

Mig minnir fastlega að Högni frændi minn hafi átt trillu einhverntíman og það hafi verið kveikjan af sögunni um traustatak mitt á bát hans tvíveigis.

Mig ramar í það þegar ég er mynntur á það að ég hef verið að segja þessa sögu um að ég hafi verið viðriðin Geirfinn er hann hvarf, en þetta hefur ávalt verið þegar ég hef verið drukkinn og eins í "pillum því ég hef mikið neytt hvorutveggja síðan í vor aðalega.

Kunningsskapur minn við Gróu hófst um mánaðmót apríl og mai, var ég staddur á Nausti og þar hitti ég Gróu í fyrsta skipti og kom hún beint til mínum þar sem ég var á barnum og upp frá því varð kunningsskapur okkar nán. Vegna hans varð svo skilnaður minn og Guðrúnar og erum við nú skilin að skiptum.

*Gudr. Agnaren*

Hvað viðkemur því framskoti mínu við lögregluna í gær að rétt væri að hlera síma Gróu og Sigurbjarnar, þá vakti ekkert annað fyrir mér en að ef eithvert samkurl væri þeirra á miðli í smyglmálk væri hægt að hlusta það.

Ég tekfram að lokum að það hefur ekkert annað vakað fyrir <sup>mér</sup> með þessum upplognu sögum, en að spila mig stærri mann og geri ég mér ljóst núna hvað ég var að gera.

Eins og fram er komið í málinu hef ég mikið verið að skemmta mér með Gróu og höfum við mikið drukkið saman. Mest af þessu hef égfjármagnað sjálfur, því ég hef unnið og fengið greitt kaup hjá Landspítalanum sem svarar upp undir kr. 100.000,00 þegar mest ~~x~~ hefur verið, en stundum minna. Eitt sinn er við Gróa bjuggum á Citty hótelri að þá var Gróa með tékkhefti, sem hún gaf út úr og þá innistæðulausa tékka, en annaðhvort hefur Ragnar A. Magnússon eða Sigurbjörn greitt þá. ( Í sambandi við sögn þessa er vitað að Ragnar A. Magnússon innleysti ávísanir þessar allar )  
Einnig hefur Gróa fjármagnað þessa fyllirí okkar, en ég þó aðalega en ég tók t. d. 150.000,00 til 160.000,00 kr. lán hjá lögmanni mínum Árna Gretari út á hús mitt á Njálsgötunni.

Með pennan tékka upp á kr. 175.000,00, sem éggottist hafa fengið hjá Magnúsi Leopoldssyni og væri stimplaður af Klúbbnum og undirritaður af Magnúsi, þá er það tómur hugarburður og frekar óskhyggja en hitt.

Sérstaklega aðspurður skýrir mætti svo frá: Það hefur oft komið fyrir að við vinnufélagarnir höfum verið að stimpla hvorn annan inn og út á Landspítalanum, ef vitað væri að við kæmum rétt of seint.

Vaktarfyrirkomulag okkar á síðasta hausti og fram á vorinð voru þannig að þær voru þrískiptar, frá kl. 08:00 til 16:00 frá 16:00 til 23:00 og frá 23:00 til 08 að morgni.

Ég man það ekki á hvernig vakt ég var þann 19. nóvember 1975, en það er hægt að sjá á vinnukortum. Það kom stundum fyrir að ég skrapp af næturvaktini heim til þess að fá kaffi, en ég mynnis t þess ekki að hafa verið langtínum saman frá spítalanum, án þess að vera í starfi fyrir hann, og ég hef aldrei verið þar næturlangt í burtu, þegar ég hef átt að vera þar á vakt, eða mesta lagi í klukkutíma. Þegar ég hef verið heima að nóttu til, hef ég verið með "kriju" tæki með mér og hef ég þá heyrt í því heim, þegar mitt númer var kallað upp.

Yfirherysru lauk kl. 15:30.

Vottur:

Njörður Snæhólms.

aðalvarðstjóri

Upplesið, staðfest.

Guðmundur Agnarsson.

H. Bjarnason, lögreglum.

Guðmundur Agnarsson

23/10 1975.

Mættur er sem vitni í máli þessu Gestur Reynir Guðjónsson, Bogahlið 7. f. 21/4 1926 Valþúfu Fellsströnd. Mætti skýrir svo frá, eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan.

Eg er búinn að vinna þarna á Landspítalanum um nokkura árabil og um langann tíma, var ég á vakt með Guðmundir. Mér fóll vel við Guðmund, því hann var dagfarsprúður og rækta starfa sinn sämilega. Eg hafi því ekkert undan honum að kvarta svo teljandi sé.

Hvað viðkemur því að Guðmundur hafi verið frá starfi á vaktinni um lengri tíma, er útilokað, því þótt Guðmundur hafi verið nokkuð laus stundum við vinnusína var það aldrei nema stutt stund og í mesta lagi að ég man tbeir klukkutímar. Það er útilokað að hann hafi getað horfið af vaktinni í heila nótt, því slíkt hefði mér orðið minnisstæt. Það er einnig útilokað að Guðmundur hafi farið ~~þekk~~ fram á það við mig að ég stimplaði hann inn á næturvakt og að hann hefði ekki komið fyrr en mjög seint, því eftir því hefði ég örugglega munað.

Það er rétt að Guðmundur þurfti oft að skreppa frá á vöktum, en það var oftast stutt stund. Stundum fékk Guðmundur að skreppa heim til sín í kaffi, en hann bjó sem kunnugt er stutt frá vinnustað og þá var hann oftast með " Krijuna ".

Það er útilokað að Guðmundur hafi fengið lanaða bifreið frá spítalanum, þegar hann hefur ekki verið að vinna, því slíkt er aldrei gert. Eg man ekki eftir að slíkt hafi skeð.

Sérstaklega aðspurður um það hvort hann myndi sérstaklega eftir næturvaktinni aðfaranótt 20/ 11 1974, skýrir hann svo frá:

Mér er þessi næturvakt ekki mynnisstæð ~~en~~ fremur öðrum og ég ítreka það að ég man ekki til þess að Guðmundur hafi verið óvenjulega fjarverandi þessa nótt.

Frekar get ég ekki borið um mál petta, en er að sjálfssögðu reiðubúinn að bera vitni í máli þessu ef þess verður frekar óskað.

H. Bjarnason  
lögreglum.

Upplesið, staðfest.

Reynir Guðjónsson.


*Reynir Guðjónsson*

22/lo 1975.

Hafði ég samband við hafnarstarfsmenn í Keflavík og fáekk uppgefið hvaða skip frá Eimskipafélagi Íslands hafi komið inn í höfnina í Keflavík í nóvember árið 1974.

skip:	Komud.	Brott.f.d.	Dvalard.
m/s Brúarfoss	13/11	13/11	1 dagur.
m/s Lagarfoss	14/11	14/11	1 "
Alafoss m/s.	15/11	15/11	1 "
m/s. Bakkafoſſ	25/11	30/11	6 "
m/s. Brúarfoss	2/12	2/12	1 "
m/s Goðafoss	3/12	4/12	2 "

Upptalning þessi er samkvæmt hafnsögumannabók Keflavíkur.

  
H. Sjámannson  
leggregum.

17. júní feb. 1976 kl. 16:10 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Guðmundur Agnarsson, en hann er sá hinn sami, og mætti hér til yfirheyrslu í málínunum varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, þann 23. okt. 1975.


Aðspurður kveðst mætti ekki hafta neinu við framburð sinn frá 23. 10. að bæta, því þar og þá hafi hann skyrt rétt frá sinni hlið málsins. Hann segir, að orsökin til þess sögutilbúnings, sem þar kemur fram, hafi verið sú, að mætti hafi af einhverjum ástæðum reyðst út í Gróu Bæringsdóttur og hafi ætlað með þessu á einhvern hátt að ná sér niðri á henni. Mætti segir, að hann hafi byggt söguna upp algjörlega á þeim sögusögnum, sem á þeim tíma og áður höfðu gengið manna í millum um hvarf Geirfinns.

Ekki segist mætti þekkja neitt til Sigurbjarnar Eiríks-sonar, nema hvað þeir hefðu smtímis leigið í sjíkráhúsinu Farsóttahúsinu fyrir mörgum árum. Mætti kveðst að vísu síðan heilsa Sigurbirni á götu, ef hann mæti honum, en önnur samskipti hafi hann ekki haft við Sigurbjörn. Þegar mætti var til sjós eftir veru sína í Farsóttahúsinu, þá segist hann hafa í eitt eða tvö skipti hafa fengið tékka skipt í samkomuhúsinu Glaumbæ, og hafi þar verið um launagreiðslutékka að ræða, sem mætti hafi ekki getað fengið skipt annarsstaðar, sakir þess hversu áliðið hafi verið.

Aldrei segist mætti hafa fengið nokkrar greiðslur í einni eða annarri mynd frá Sigurbirni eða Magnúsi Leopoldssyni, eða yfirleitt frá nokkrum af aðstandendum Klúbbsins, enda aldrei neitt gert fyrir þá menn, eða það fyrirtæki.

Það, sem kunni að hafa verið haft eftir mætta varðandi einhverjar staðsetningar við höfnina í Keflavík, þá segir mætti þær vera algjörlega út í bláinn, ~~því hafi hann þá yfirleitt nokkurn tímann talað um þær við einn eða neinn.~~

Yfirheyrslu lauk kl. 17:45.

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Upplesið, staðfest:

  
Guðmundur Agnarsson

Miðvikudaginn 18/2 1976 kl. 1055, þá er mættur sem vitni í málinu Jón Ótti Vigfús Ólafsson, prentari, tilh. Keldulandi 17 R. s. 16838-85578, f. 10/7 1941 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yfiheyrsunnar. Mættum hefur verið kunngerð vitnaskyldan og skýrir hann frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli:

"Eg hef verið formaður körfuknattleiksdeilda KR í tvö s.l. ór og hefur Einar Bollason verið varðaform. jafn lengi, en auk þess var Einar þjálfari liðsins árið 1974.

Eg man nokkuð vel eftir dögunum fyrir utanlandsferð liðsins 22/11 1974, en þó var nokkuð mikill undirbúningur af hálfu piltana. Allan þennan veturn voru æfingar á ménudögum og þriðjudögum miðvikudögum og veit ég ekki annað en þar æfingar hafi verið daganna 18/11 og 20/11 1974.

Auk þess heyrði ég um að nokkuð hörð æfing hefði verið á fimmtudaginum 21/11, en ég man ekki sérstaklega eftir hví.

Æfingarnar voru á tímanum kl. 1940-2120 og ég man að við strákarnir hittumst í KR heimilinu eitt kvöldið til að skipuleggja fánasölu, varðandi fjárlögn fyrir deildina og finnst mér að ekki komi annað kvöld til greind en þriðjudagskvöldið 19/11, en ég hori ekki að fullyrða um dagsetninguna.

Allavega man ég að þetta fánasölukvöld vorum við allir staddir í KR heimilinu um kl. 2110 og vorum við þá að tygja okkur til heimferðar. Man ég að Einar ók mér heim og setti mig út úr bifreið sinni á Bústaðaveginum, en það var vani hans, þegar mér var ekið heim. Mig minnir að hann hafi rætt um að hann þyrfti að flýta sér heim, en nánar um það atriði veit ég ekki.

Einn félaga okkar Hilmar Viktorsson veit nokkuð ákveðnar um þetta kvöld og veit ég að hann er fús til að bera vitni í málinu, ef gagn gæti orðið að framburði hans.

Eg hef aðeins einu sinni vitað til að Einar væri með smygðað áfengi og það var á s.l. hausti, nánar tiltekið í okt. eða nóv. og bauð hann mér til kaups. Vodka og varð úr að ég keypti af honum tvær flöskur, en parna var um að ræða óvenjulega tegund af Vodka og var styrkleikinn c.a. 45% eða þar um bil. Eg greiddi kr. 2.500.- fyrir stykkið og vissi ég um einhverja fleiri stréka í deildinni, sem einnig keyptu eitthvað smávegis".

*Magnús Magnússon*

Upplesið staðfest,  
Jón Ótti Ólafsson

Miðvikudaginn 18/2 1976 kl. 1430, þá er mættur sem vitni í málinu Kolbeinn Hermann Pálsson, fulltrúi hjá Áskulýfösræði R. tilh. Eyjabakka 24 Rvík, s. 73542-v:15937, f. 26/11 1945 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar og eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan, skýrir mætti frá eftirfarandi, minntur um sannsögli:

"Eg hef verið í varastjórn körfuknattleiksdeilda KR nú í s.l. tvö ár og hefur Einar veriðvaraformæður deildarinnar.

Eftir að Einar Bollason var handtekkinn vegna pessa svokallaðs "Teirfinnsmáls", þá fórum við strákarnir í körfuknattleiksdeild KR að reyna ryfja upp þá daga, sem unnið var að undirbúningi fyrir Ævrópukeppni KR í Austurríki, en þangað fórum við í keprnisferðalag h. 22/11 1974, en það var á föstudagsmorgni, sem lagt var upp.

Vor Einar þjálfari liðsins og vann mikil að undirbúningi fararinnar, ásamt með bkkur hinum.

Við vorum með afingar á ménudögum og miðvikudögum og fimmtudögum í hverri viku og er ég nokkuð viss um að afingarnar hafa verið á ménudeginum 18/11 og miðvikudeginum 20/11 1974, en lykist bess nokkuð viss að fimmtudagsafingin hafi verið felld niður.


Ég vissi til að strákarnir hittust í KR heimilinu eitt kvöldið til að leggja á ráðin varðandi innhóimtu á soldum fánunum, sem framleiddir voru í fjároflunarskyni fyrir deildina.


Ekki vissi ég hvaða kvöld þettá var og ég var ekki með í þeiri skipulagninu og sölu, sem þá fór fram, en veit hinsvegar eftir þínum stráklunum í deildinni, að þeir hittust og að Einar var þá með þeim.

Ég minnist þess ekki að hafa átt viðskipti við Einar, varðandi áfengi, sem hann hefði átt að selja mér, en ég man eftir því að við ræddum saman um áfengi í nóvembermánuði, sem ég atlaði að kaupa af honum og hann mun hafa haft til sölu.

Ég minnist þess sem sagt ekki að hafa keypt vín af Einari, en atlaði jafnvel að ná mér í áfengi, þar sem til stóð að ég héldi upp á þritugssafmáli mitt í nóv. 1975.

Þessi viðsi ég hvaða tegund af víni Einar hafði til boða".

Upplesið staðfest,  
  
 Kolbeinn Pálsson

  
 Magnús Magnússon

18-2-1976. Í dag var tekið fyrir að hafa sakbendingu í sambandi við Magnús Leopoldsson. Fengnar voru 6 óviðkomandi menn og Magnús Hafður á milli þeirra í Tæknideildinni.

Þær Guðlaug Jónasdóttir og Ásta Grétarsdóttir, úr Hafnarbúðinni í Keflavík, voru fengnar til að koma hingað. Farið var með þær í herbergi innanf Tæknideildinni og hurðinni á milli lokað, en í henni er spegill, sem sést í gegnum innanfrá, en ekki framanfrá. Mennirnir voru síðan látnir koma inn í deildina og raða sér upp með andlit að speglinum og síðan ganga í röð upp að honum og staldra þar við.

Guðlaug var fyrst látin skoða mennina, en Ásta höfð inni í myrkrahverbergi á meðan, en síðan var skipt um, svo þær gætu ekki haft áhrif hvor á aðra. Hjá þeim var á meðan, eg, Haraldur Árnason og Hafsteinn Baldvinsson, réttargæslumaður Magnúsar.

Guðlaug sagði að maðurinn í grænu úlpunni, væri líkastur þeim er kom inn í Hafnarbúðina, en það var Magnús Leopoldsson. Ásta sagði að sér findist maðurinn í rauða jakkanum, vera líkastur umræddum manni, en það var Ásgeir Guðmundsson, maður sem er í löggreglu-skólanum mína, 21. árs að aldri.

Eg tók síðan smá skýrslu af stúlkunum, án þess að þær hefðu talast við, eða vissu hvað hvor um sig hefði sagt. Eg sagði þeim hinsvegar aldrei hver mannanna hefði verið Magnús Leopoldsson, og var ekki hundik heldur búinn að segja þeim að það væri um hann að ræða.

N. Snæhólm.

Miðvikudaginn 18-2-1976 er mætt í skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar, Guðlaug Jónasdóttir, frú, Melteigi 6, Keflavík, en hún var í Kafnarbúðinni í Keflavík er maður kom þar inn til að hringja, eins og áður er framkomið.

Hún hefur nú skoðað hér 7 menn, en meðal þeirra var Magnús Leopoldsson.

Hún skýrir í þessu sambandi svo frá:

Mér finnst maðurinn sem var í grænu úlpunni vera voðalega líkur mannum, sem kom í Hafnarbúðina og um hefur verið rætt og fékk að hringja þar í umrætt sinn. Þar sem svona er langt um liðið, get eg hinsvegar alls ekki fullyrt að um sama mann sé að ræða, þó þessi sé sláanlega líkur honum. Eg veit hinsvegar ekki til að eg hafi nokkurntíman séð Magnús Leopoldsson. Mér finnst hinsvegar þessi í grænu úlpunni vera aðeins grenri en sá sem kom inn og fékk að hringja. Mér finnst hæðin á þessum í grænu úlpunni vera samaskonar og á þeim sem fékk að hringja, og hárgreiðslan á honum er svipuð.

Einhverntíman á s.l. sumri kom eg við í skrambúð við Skólavörðustiginn, þar sem körfurnar hanga utan á veggnum og ~~xxx~~ þá var þar inni eitthvað af fólk, m.a. maður og kona sem voru saman. Það var kona með mér, sem tók eftir því að þessi maður hrofði mikið á mig og þá leit eg á manninn og fannst eg kannast við hann, en þá flýtti hann sér út ásamt konunni. Billinn minn, sem er með Ö númeri, stóð beint fyrir framan dyrnar og eg tók eftir því að þessi maður hallaði sér niður og leit á bílmúnerið um leið og hann fór framhjá. Eg hūgsaði svo ekki meira um þetta fyrr en um kvöldið, og þá fannst

*Gud.*

mér endilega eð þetta myndi hafa verið maðurinn sem kom í Hafnarbúðina í umrætt skipti og mér finnst það vera sami maðurinn sem eg sá áðan í grænu úlpunni.

Upplesið, játað rétt. Guðlaug Jónasdóttir.

N.Snæhólm.

*Guðlaug Jónasdóttir.*

Má er einnig mætt Ásta Grétarsdóttir, Vesturgötu 15 Keflavík, en hún var einnig stödd í Hafnarbúðinni umrætt kvöld og sat við borð nr. 2 og var að horfa á sjónvarp, þegar sá sem kom inn fékk að hringja, og um ræðir. Ásta hefur skoðað sömu menn og Guðlaug og skýrir í því sambandi svo frá:

Mér fannst maðurinn sem var í rauða jakkanum líkastur manninum sem kom í Hafnarbúðina og fékk að hringja. Eg fullyrði hinsvegar ekki að þetta sé sá maður. Eg tók eftir umræddum manni, vegna þess að það voru svo fáir inni, og er hann kom leit eg á hann og sá að hann fór að símanum, en sá var í skinnjakka.

Guðlaug var hinsvegar í betri aðstöðu til að sjá manninn, því hann fór uppað henni og hún talaði við hann, en eg var í nokkurri fjarlægð.

Mér fannst eg allavega eitthvað kannast við þennan mann í rauða jakkanum, eða þann sem eg sá hér.

Upplesið, játað rétt. Ásta Grétarsdóttir.

N.Snæhólm.

*Jóna Guðmund.*

Fimmtudaginn 19. febr. 1976 kl. 10:35 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, sem vitni í máli þessu, Eðvarð Hafsteinn Hjaltason til heimilis að Krúmmahólum 2, Rvík., sími: 72147, fæddur 30/8 1935 í Reykjavík.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er kunningsskapur hans við Geirfinn Einarsson. Mætta er kunn vitnaskyldan og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

" Eg vil byrja á því að skýra frá því að ég þekkti Geirfinn Einarsson mjög lítið. Það var sumarið 1974 að ég var á ferðalagi með fjöldskyldu minni og fórum við meðal annars norður á Sauðárkrók og dvöldum þar í nokkra daga hjá kunningja fólk i okkar Kristni Björnssyni og eiginkonu hans Eddu Hjaltadóttur.

Það var svo þegar að við vorum hjá Kristni að þangað kom Geirfinnur Einarsson ásamt fjöldskyldu sinni og dvöldu þau þar í eina tvo eða þrjá daga. Geirfinnur og Kristinn virtust þekkjast vel og held ég að það sé vegna þess að eiginkona Kristins, Edda, er frá Keflavík.

Eg fór með Geirfinni og syni hans í veiðiferð og einnig voru börnin míin með í ferðinni. Etlun okkar var að fara vestur á Skaga og fá þar feiðileyfi í vatni sem þar er, en þegar að við komum þangað gátum við ekki fengið leyfi til veiða í vatninum. Við fórum þá aftur til baka og minnir mig að við höfum komið til Sauðárkróks um kl. 19:00.

Eg ræddi ekki mikið við Geirfinn og fariðst mér hann vera mjög rólegur eða dulur og talaði hann ákaflega lítið við mig nema það sem ég beinlínis spurði hann um.

Eg hafði ekki séð Geirfinn fyrr en þarna á Sauðárkróki og sá ég hann heldur ekkert eftir það. Eg vil taka það fram að ég þekki Kristinn Björnsson frá því að við ~~xerum~~ unnum báðir við það að aka vöruflutningabifreiðum norður í land fyrir nokkrum árum."

Yfirheyrslu lauk kl. 11:11.

Upplesið, staðfest,

Eðvarð H. Hjaltason  
Eðvarð H. Hjaltason.

Sigurbj. V. Eggertss.  
lögreglum.

Fimmtudaginn 19/2 1976 kl. 1125, þá er mættur sem vitni í málínu Guðjón Jónsson, rafvirki og stjórnarform. Lækjarmóts h/f að Borgartúni 32 Rvík, tilh. Skálholtsstíg 2a Rvík, s. 26293, f. 7/5 1925 á Reyðarfirði.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar og eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan, skýrir mætti frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli:

"Ég hef verið stjórnarformaður hlutafélagsins Lækjarmót frá stofnun þess í ágúst 1973, en auk míñ eru í stjórn hlutafélagsins Magnús Leopoldsson prókúruhafi, Hallur Leopoldsson, tilh. Skálholtsstíg 2a Rvík, Björk Valsdóttir eiginkona Magnúsar Leopoldss. og Magnús A. Magnússon vörubifr. stjóri, tilh. Dalba v/Blesugðsf.

*Taðin  
K. Már  
Blesugðsf.* Björk sér aðallega um endurskoðun félagsins, ásamt með Birni Knútssyni endurskoðanda, sem hefur skrifstofu að Garðastr. 4 R.

*Sjá 668 X* Eg hef nú verið fastur starfsmaður þessa hlutafélags í s.l. tvö ár, en aður starfaði ég hjá Ljósvirkjanum í Bolholti 6 R.

*Bla 365* Aður vann ég stundum við fafviðgerðir og þá fyrst lítillega í Glaumbæ og síðan í Klúbbnum.

Eg hafði heyrt talað um hlutafélagði Bær, en vissi ekki nánari deili á því og get ekkert frekar tjáð mig um það félag.

Starfssvið Lækjarmóts h/f var að sjá um veitingarekstur hússins að Borgartúni 32, en húseigðina átti Sigurbjörn Eiríksson og var húsið leigt af honum til veitingarekstursins.

pEg veit ekki nánar um leigukjörin á húsinu, en varðandi starfssvið hlutafélagsins Bær, þá hef ég ekki hugmynd um það og veit ég ekki hvort það félag er ennþá starfrækt, en tel svo ekki vera.

Sigríður Breiðfjörð er starfsstúlka hjá Lækjarmót h/f og eng staffar á skrifstofu fyrirtækisins að Borgartúni 32 R.

Mér er ekki kunnugt um að Sigríður starfi hjá örðu hlutafélagi en Lækjarmóti h/f og varðandi tékkútgáfu hennar, þar sem hún undirritar tékka með eigin nafni og stimplar undirskrift sína með "Borgartún 32", þá væit ég ekkert um það mál og tel að það sé félag á vegum Sigurbjörns Eiríkssonar.

Lækjarmót h/f hefur haft bankaviðskippi við Albýðubankann og hefur Magnús Leopoldsson haft með þau viðskipti að gera, sem prókúruhafi fyrirtækisins.

Um víンkaup fyrir veitingareksturinn hefur Rafn Helgason yfirþjónn haft með að gera en Eggert Guðnason hefur meira haft með stjórnun á starfsfólkini að gera.

G.J.

Varðandi víンkaup fyrir húsið, þá veit ég ekki annað en að allt það víн, sem inn í húsið hefur komið, hafi verið fengið eftir réttum og löglegum leiðum, p.e.a.s. frá A.T.V.R.

Ég hef hér sagt allt það sem ég veit sannast og mættast í máli þessu og ekkert undan dregið.

Ég veit ekkert um þetta svokallaða "Geirfinnsmál" og hef aldrei séð þennan Geirfinn Einarsson né heyrt, þar til maðurinn hvarf í nóvember 1974.

Ég minnist þess að ég var að störfum inn í Klúbb þ. 19/11 1974 og minnist þess að verið var að tala um dansleik, sem átti að halda um kvöldið af Hjúkrunarkvennaskólanum og það var á þriðjudagi.

Ég get ómögulega munað hvar ég var staddur þetta kvöld, en tel að ég hafi ekki verið staddur í Klúbbnum".

*Magnússon*  
Magnus Magnússon

Upplesið staðfest,  
*Guðjón Jónasson*  
Guðjón Jónasson

Fimmtudaginn 19. febr. 1976 kl. 14:36 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, sem vitni í máli þessu, Sigurður Snævar Hákonarson til heimilis að Bergþórugötu 27, Rvík., sími: 20386, fæddur 13/11 1929 á Seyðisfirði.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er framburður Sævars Ciesielski, um að hann hafi boðið Sigurði smyglað áfengi eða spíra til ~~kaups~~<sup>kaups</sup>. Mætta er kunnugt vitnaskyldan og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

"Eg hef bekki Sævar Ciesielski og er það vegna þess að hann var mikið með strákunum mínum, en hefur nú hætt öllum samskiptum við þá. Sævar kom nokkuð oft heim til míni, en hann hefur ekki komið þangað, svo að ég minni, í um það bil tvö ár.

Eg man ekki til þess að Sævar hafi boðið mér smyglað áfengi eða spíritus til kaups, en ég þori þó ekki fullyrða neitt þar um. Eitt er þó víst að ég hef ekki keypt neitt áfengi af Sævari.

Eg man eftir því að ég var að skemmta mér í Þjóðleikhúskjallaranum og var þá nokkuð drukkinn, þegar að ég hitti Sævar þar. Eg man að við ræddum eitthvað saman, en hvað það var man ég ekki. Eg man heldur ekki hvenær þetta var sem ég hitti hann þarna."

Yfirheyrslu lauk kl. 15:10.

Upplesið, saðfest,

Sigurður S. Hákonarson.

Sigurbjörn V. Eggertsson.  
lögreglum.

Mánuðaginn 23/2 1976 kl. 1055, þá er yfirheyrður í fangelsinu í Síðumúla, Valdimar Olsen, skrifstofum. tilh. Framnesvegi 61 R. s. 200ll, f. 22/2 1948 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar.

Gætt er ákvæða l. málsg. ro. gr. laga um mæðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli, skýrir mætti frá eftirfarandi:

"Eg lauk stúdentsprófi frá Verslunakóla Íslands vorið 1969 og hóf störf hjá Nesco h/f að Laugavegi 10, þar sem ég staffaði við sölumennsku fram á sumarið 1970. Fór ég um sumarið til Frakklands, þar sem ég nam frönsku í two mánuði og er ég kom heim ástur, hóf ég aftur störf hjá Nesco, en var lausamaður.

Pann 1. mars 1971 hóf ég störf í prenssmæðjunni Grágás í Keflavík og vann þar skrifstofustörf, en vorið 1972 hóf ég störf í Hótel Valhöll á Þingvöllum, en ~~stæf~~ staffaði samt í fólkjum í prentsmæðjunni meðfram vinnunni í Valhöll.

Vinnuna í Hótel Valhöll fékk ég fyrir milligöngu Jóns Ragnars-sonar, en Jóni kynntist ég í gegnum vin minn Ásgeir Hannes Eiríkss. sem var vel kunnugur ~~Jóni~~ honum.

Ég vann skrifstofustörf í Valhöll um sumarið og sá Jón Ragnarsson um rekstur hótelsins, því Ragnar sjálfur var sjúklingur og að mestu hættur allri vinnu.

Eftir að Valhöll lokaði um haustið, var ég ekkert í atvinnu og fór til Bandaríkjana um jólin það ár.

I ársbyrjun 1973 hóf ég störf hjá Þórshöll, en það er fyrirtækið sem rekur Þórscafé og er fáramkvæstjóri þess Björgvin Arnason

Meðfram vinnunni hjá Þórshöll, vann ég hálfan daginn í Tjarnarbúð hjá Sigursæli Magnússyni og um vorið hóf ég sömu störf í Valhöll og árið á undan.

Jón veitti rekstrinum forstöðu og myndi helst teljast hótelstjóri á þessum tíma.

Ég vann svo áfram hjá Þórshöll eftir að Valhöll lokaði um haustið 1973 og vann einnig alemnn skrifstofustörf hjá Tjarnarbúð.

I marzmánuði 1974 hóf ég störf við bókhald hjá Eimskipafélagi Íslands og vann hjá því fyrirtæki fram til 23/4 1975.

Um sumarið 1974 fór ég að vinna aukalega hjá Válhöll, en sá er hafði unnið mitt starf þar í fyrstu um samarið, hætti því starfi um mánaðarmót júlí-ágúst, en hann hét Þorvaldur Jónsson og starfar nú hjá Vélum og verkfærum h/f í Bolholti R.

Ég vann á kvöldin og um helgar hjá Valhöll eftir að Þorvaldur hætti og var þar helst um að ræða skrifstofustörf og annað það sem til félle.

Vetur/1974-75 var ég svo áfram hjá Þórshöll, en mjög lítið aftur hjá Tjarnarbúð og svo um sumarið 1975 var ég alveg hjá Valhöll á Þingvöllum.

Ég sá um innkaupin á áfenginu og útbjó þá lista, þar sem ritað var á þær tegundir, sem vantaði og kom ég því svo áleiðis með sendibílstjóranum, eða eftir öðrum leiðum.

Sumarið 1974 var Bergþór Bergþórsson leigubifr. stjóri á Borgarbílstöðinni í sendiferðum fyrir hótelid og ók hann þá víninu austur og notaði til þess sendibifreið hótelssins, sem var af gerðinni Ford Transit blá að lit.

Ég sá um að það væri fengið af víni, sem vantaði og Bergþór sá um flutninginn á því, eins og öðrum vörum.

Bergþór var einnig í þessum flutningum á s.l. sumri, en um mitt sumar tók við staafinu Jón Knútsson, sem býr í Kópavogi.

Mér var ekki kunnugt um að annað víni hefði borist til hótelssins, en það sem telst vera fngið eftir réttum og ~~kóngskíðum~~ löglegum leiðum, en það er frá ÁTVR.

Ég minnist þess að sumarið 1975 tók ég eftir tveimur til premflöskum af amerísku Bourbon Whiskýi, sem mun sennilega hafa verið pantað á árinu 1974 og kannaðist ég ekki við að hafa pantað þá tegund af víni sjálfur. Hljótur að vera að þetta víni hafi einnig verið til haustið 1974, því það kom ekki inn 1975.

Hefur þetta víni því orðið að koma þarna inn fyrir tilstilli Jóns Ragnarssonar og/eða Þorvaldar, en nánar veit ég ekki um það og ekki aðgætti ég á flöskurnar, hvort þær væru merktar ÁTVR eða ekki.

'Víngeymsla hótelssins er staðsett á loftinu í hótelinu og er í súðarherberginu, gengt herbergi nr. 3."

*Vottar: V. Eggertsson*  
Sigurbj., Víðir Eggertsson

Upplesið staðfest,  
*Valdimar Olsen*  
Valdimar Olsen

*Magnús Magnússon*  
Magnús Magnússon

Mánudaginn 23. febr. 1976 kl. 16:20þá er mættur aftur í máli þessu, í fangelsinu við Síðumúla, Magnús Leópoldsson til heimilis að Lundabrekku 10, Kópavogi, sími: 41491, fæddur 23/8 1946 í Keflavík.

Mætta er kynnt tilefni yfir heyrslunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gæ. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

" Eg vil nú tjá mig um þau skipti er ég heft keypt smyglað áfengi og um þau tilvik sem ég veit um og hugsanleg er að þar sé um smyglað áfengi að ræða.

Eg man eftir því að Hafsteinn Kristinsson, sem var bifreiðarstjóri hjá Innkaupastofnun ríkissins, kom einu sinni í skrifstofu mína, sem þá var að Skálholtsstíg 2a. Hafsteinn kom þá með 2 kassa af áfengi og fór ég út að bfireiðinni, sem var grá Ford Transit sendibifreið, og sótti kassana og fór með þá inn á skrifstofuna til mínu. Eg held að þetta hafi verið einhver-tíman að árinu 1973. Eg man að ég greiddi Hafsteini ekki fyrir þetta áfengi og því finnst mér eins og að Hafsteinn hafi komið með áfengi fyrir Hreiðar Albertsson og minnir mig einnig að ég hafi greitt Hreiðari fyrir áfengið. Eg man að greiddi sama verð fyrir pr. flösku og ~~xix~~ áfengisflaska kostaði á þeim tíma í ATVR. Eg man að þessar áfengisflöskur voru ferkantaðar og á þeim var blár miði og held ég að þetta hafi verið 75% Vodka frekar en spíritus.

Eg man eftir því að hafa keypt smyglað áfengi af Stefáni Björgvinssyni, sem er starfsmaður í Klubbnum, um haustið 1975. Þetta áfengi var í tveimur kössum og var bundið utan um kassana með snæri og flöskunum var pakkaið inn í blöð ofan í kässunum. Ekki man ég fyrir víst hvað þetta voru margar flöskur, en gæti trúð að þar hefði verið 15 til 20 flöskur. Þetta var Holenskt Vodka og var rauður miði á flöskunum. Eg man ekki hvað ég greiddi fyrir pr. flösku, en man það þó að mér fannst það ekki ~~á~~ sangjarnt verð. Einnig keypti ég af Stefáni nokkar kassa af erlendum björ, á þessu tímabili.

Eg vil einnig skýra frá því að Halldór ~~Hestnes~~ Eyjabakka 7, sem ég leigði verzlun á Kjalarnesi, hringdi til mínu og bauð mér spíritus til kaups. Eg man að Halldór vissi ekki hvað spírinn átti að kosta, en hann sagði mér að hann væri ekki á flöskum heldur væri hann í palstbrúsum. Eg vildi ekki kaupa spírann og tjáði Halldóri það, endað vissi ég ekki hvort hann var

að spauga með þetta eða ekki. Æg man heldur ekki hvort Hældór bauð mér þennan spíritus fyrir eða eftir að svo kallað "Geirfinnsmaí" kom upp.

Æg man einnig eftir því að Jón Ó Ragnarsson spurði mæg hvort ég gæti útvegað honum smyglæð áfengi, þar sem hann vantað áfengið til einhverra veisluhalda. Æg sagði honum að ég gæti það ekki.

Æg spurði Jón svo að því nokkru seinna hvort hann hefði náð í smyglæð áfengi og sagði hann mér þá frá því að hann hefði fengið það hjá Þórði Stefánssyni eða Ómari Hallssyni, sem báðir eru þjórar í veitingahúsinu Glæsibæ.. Æg vil taka það fram að ég vissi ekki hvaða áfengi þetta var og hef þetta bara eftir Jóni.

Æg vil taka það fram að það vín sem ég hef keypt og skýrt frá í skýrslu þessari, notaði ég aðeins til eigin þarfa og kom það hvergi nálægt veitingarekstri þeim, sem ég hef með höndum.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:58.

Upplesið, staaðfest

Hlynur Þór Magnússon  
Magnus Leopoldsson.

Vottar:

Gunnar Guðmundsson  
Gunnar Guðmundsson

Hlynur Þór Magnússon  
Hlynur Þór Magnússon

Sigurbj. V. Eggertsson  
Sigurbj. V. Eggertsson.

lögreglum.

26. feb. 1976 kl. 12:45 er mættur aftur til skriflegarar skýrslutöku í máli þessu, Valdþómar Olsen núverandi gæslufangi.

Gætt er l. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: 'Eg neita því nú sem fyrr að hafa nokkra hugmynd um á hvern hátt Geirfinnur Einarssonar hefur horfið, eða vita um nokkuð smygl sem tengja mætti því mannshvarfi.

Eg hef að vísu nokkrum sinnum komist í tæri við áfengi, sem ég hef vitað, að ekki hefur verið flutt til landsins á lögmætan hátt. Í afmælisveislu, sem ég hélt nokkrum kunningjum mínum á ~~á~~ afmælisdag minn á s. l. ári, þá veitt ég áfengi. Þetta var Vodka af tegundinni Smirnoff og fekk ég það á fimmpelaflöskum. Skömmu fyrir afmælið, þá hafði ég orð á því við Björgvin Árnason vinnuveitanda minn í Þórskafffi, að mig vantaði áfengi til afmælisveislunnar, áfengi, sem ekki væri eins dýrt og hjá A.T.V.R. Björgvin útvegaði mér svo 5 eða 6 flöskur af þessu Vodka og ég notaði þær í afmælinu. Síðar frétti ég, að Björgvin hefði ekki sjálfur haft áfengi þetta til sölu, heldur fengið það hjá Ómari Hallssyni, sem er þjónn í samkomuhúsinu Glæsibæ. Síðar ~~þurfti~~ þurfti ég á áfengi að halda og vildi helat fá það sem ófýrast og sneri ég mér þá beint til Ómars. Eg hringdi heim til hans, en hann reyndist ekki vera heima og mér var bent á að hafa samband við hann á vinnustað hans. Eg fór því að Glæsibæ og þar hitti ég Ómar. Eg held þetta hafi verið nálægt miðjum degi og starfsfólkið hafi eitthvað verið að undirbúa skemmtun kvöldssins. Ómar kvaðst auðveldlega geta útvegað eða látið mig hafa áfengi og létt einhvern starfsfélaga sinn fara með mér út að bifreið við húsið og þar afhenti sá maður mér 3 fimmpelaflöskur af Whiskey. Ekki held ég, að þetta hafi verið bifreið Ómars, heldur hafi þessi starfsbróðir hans átt bifreiðina og mig minnir, að þetta hafi verið nokkuð stórá blá fólksbifreið af bandarískri gerð. Eg greiddi manninum fyrir áfengið og minnir mig, að ég hafi greitt kr. 3.000,00 til kl. 3.500,00 fyrir hverja flösku. Sama eða svipað verð greiddi ég fyrir Vodka-flöskurnar, sem Björgvin útvegaði mér áður. Þetta eru einu áfengisviðskiptin, sem ég hef átt við Ómar.

~~Hann~~ Góður vinur minn Ásgeir Hannes Eiríksson gifti sig um þáskana ~~árið~~ árið 1974 og fór veislun fram í Klúbbnum. Þar var töluvert margt veislugesta, sennilega eitthvað á annað hundrað.

Meðal veitinga þar var áfengi og var mér kunnugt um, að í það minnsta eitthvað af því var Vodka af styrkleikanum 75 %, en slíkt áfengi er ekki hægt að kaupa hér á lögmætan hátt. Fleiri áfengistegundir voru þarna á boðstólnum, en ekki skal ég segja um hvernig þær voru fengnar. Ég kom heim til Ásgeirs Hannesar skömmu áður en veislun fór fram, en þá átti hann heima í húsi við Flókagötu. Þá sá ég í eldhúsinu hjá honum nokkuð af áfeng og var það Vodka 75 %, ég gæti ímyndað mér ca. 20-30 þriggjapelaflöskur, annars taldi ég þær ekki. Mig minnir, að Ásgeir Hannes hafi eitthvað verið að blanda áfengið ~~xix~~ einmitt með notkun þess í brúðkaupsveislunni fyrir augum. Í veislunni var áfengið veitt af einum bar og er hann staðsettur í salnum á 1. hæð hússins á upphækkuninni lengst inni í horninu til vinstri, þegar gengið er í salinn úr anddyrinu. Þaðan var áfengið veitt í glösum og var það stúlka, sem þá afgreiðslu annaðist. Ég vissi, að ~~gáðumxxviii~~ Ásgeirs Hannesar. Baldvin Hafsteinsson, aðstoðaði Ásgeir Hannes eitthvað í sambandi við brúðkaupsveisluna, t. d. ~~xx~~ók þeim hjónum á brúðkaupsdaginn. Stúlkun, sem afgteiddi áfengið var þáverandi unnusta Baldvins, annars veit ég ekki fyrir víst hvort þau eru hætt að vera saman eða ekki. Ekki er mér kunnugt um með hvaða kjörum Ásgeir Hannes hafði húsið þetta kvöld, en þetta var á pannig kvöldi, að húsið hefði annars ekki verið í notkun. Ekki minnist ég þess, að hafa í þessari veislunum séð ~~xx~~ annað af forráðafólki Klúbbsins, en Sigurbjörn Eiríksson. Ekki tók hann þó þátt í veilsunni, heldur virtist frekar hafa eftirlit með hlutunum. Ekki ~~ég~~ er ég alveg viss um hvað klukkan var, þegar ég fór úr veislunni, en gennilega hefur það verið um kl. 03:00 og virtist mér fólk þá almennt vera að fara. Ásgeir Hannes hafði þót eitthvað talað um það áður, að veislun ætti að standa til morguns.

A árinu 1973 eða 1974, þá keypti ég 3 kassa af erlendum áfengum bjór af hælfbröður mínum Hinrik Olsen, Meistaravöllum 25 hér í borginni. Arið eftir, það er 1974, þá keypti ég af honum, að mig minnir 2 fimmþelaflöskur af Wiskey. Björinn var enskur af tveim tegundum og í dósum, en dósirnar af tveim stærðum. Wiskeyið var bandaríkst. Svo var það á gamlaársdag 1974, að ég fekk hjá Hinrik spítitus. Ég held það hafi verið alveg um einn lítri, sem ég fekk og var ég að þessu fyrir kunningja minn Gísla Sigurgeirsson, sem starfar í bókhaldsdeild hjá Eimskipafélagi Íslands og býr í Hafnarfirði. Ég er viss um, að ég átti svona

viðskipti við Hinrik bróðir minn í þessum þrem tilvikum, en hugsanlegt er, að ég hafi átt samskonar viðskipti við hann oftar, en þó varla nema einu sinni, án þess ég muni eftir því. Í hvert þessara priggja tivlika, þá fór ég heim til Hinriks til þess að ná í áfengið, en ekki var það hann sjálfur, sem afhenti mér það, heldur móðir hans, Anna Jónsdóttir eða Jóhannesdóttir. Björinn og Wiskeyið var í þeim umbúðum, sem það hefur verið í frá verksmiðjunni, en spírinn var í plastbrúsa. Ég kom með mið tómar flöskur til þess að fá tappað á, því mér var fyrirfram kunnugt um, að spírinn væri í brúsa. Hinrik hafði einhvern tímann sagt mér frá því, að spíritusinn væri í flerri en einni stærð af plastbrúsum. Ég held, að ég hafi komið með tvær priggjapela flöskur og ~~xxxxxx~~ Anna hafi sett á þær báðar sem svaraði einum lítra samtals. Hún helti spíranum úr plastbrúsa og horfði ég á hana gera það í eldhúsínu heima hjá henni. Hinrik var ekki heima. Ekki æveit ég hvar áfengið var geymt. Ég veit ekki annað, en Hinrik hafi átt áfengið, í það minnsta talaði ég alltaf við hann varðandi viðskiptin. Ekki var hann þó farmaður, en ég held, að hugsánlega hafi einhver Hlölli, sem þá var á millilandaskipum, útvegað Hinrik áfengið. Ekki man ég hvað ég greiddi fyrir spíranum, en ég held ég hafi greitt kr. 3.000,00 til kr. 3.500,00 fyrir ~~xxxxx~~ Wiskey-flöskuna. Ekki man ég hvað ég greiddi fyrir björinn, en það var ekki sama verð á öllum kassunum.

Í eitt skipti til man ég eftir að hafa aflað mér smyglaðs áefngis, Þáð held ég, að hafi verið seinni hluta árs 1974. Ég hringdi þá í Jón Ragnarsson og spurði hann hvort hann gæti ekki útvegað mér eina flösku af ~~xx~~ áfengi og hafði smyglað áfengi þá ekkert sérstaklega í huga. Hann gaf engin ákveðin svör við því, en bað mig að koma heim til sín og aka honum niður í Hafnarbíó. Ég gerði það, en Jón stóð stutt við í bíðinu. Síðan létt hann mig aka að húsi við Nökkvavog, en ekki veit ég húsnúmerið, því Jón nefndi ekki götuheiti í ökuferðinni, heldur benti mér hvað aka skyldi. Í ljós kom, að á þessum stað bjó Dóra Breiðfjörð starfsstúlka í Hafnarbíó, en það vissi ég ekki fyrr en við vorum komnir á staðinn. Við fórum barna inn og fengum kaffi, eða einhverjar veitingar. Þá brá Dóra sér eitthvað út úr herberginu og kom aftur með eina fimmpelaflösku af Wiskeyi. Þá fyrst var mér ljóst, að við Jón vorum komnir á þennan stað í þeim tilgangi að ná í áfengi það,, sem ég hafði beðið Jón að útvega mér. Ekki man ég hvað ég greiddi fyrir flöskuna. Ég

ók Jóni svo aftur í bíðið og fór mína leið.

Ég vil geta þess sérstaklega, að ég er ekki viss um, að Hinrik bróðir minn hafi talað við mig um spíritus í fleiri en einni stærð af ~~fix~~ brúsum, mér finnst bara einhvern veginn, að hann hafi talað um spíránn í fleiri en einni stærð af ílátum.

Þann tíma, sem ég hef verið nokkurskonar hótelstjóri í Valhöll á Þingvöllum, þá veit ég ekki til þess að þangað hafi komið smyglað áfengi, eða í annan tíma. Hitt er annað, að í einn mánuð á sumrinu 1974, þá var allt áfengi fyrir hótelid keypt beint úr vínbúð A.T.V.R. í stað þess að kaupa það í gegnum þá sérstöku deild A.T.V.R., sem á að sjá um sölu á áfengi til vínveitingahúsa. Fluttinginn á áfenginu héðan og austur annaðist pennan mánuð, Bergþór Bergþórsson, eins og annan flutning og útréttigar fyrir hótelid. Ekki létt ég Bergþór hafa peninga til þessara áfengiskaupa, heldur mun Ragnar Jónsson ~~eigendixVxx~~ einn af eigendum hótelins hafa látið Bergþór hafa peninga til áfengiskaupanna. Þetta var gert síðasta mánuðinn, sem hótelid var opið sumarið 1974. Í sambandi við sölu á þessu áfengi, þá var það selt eins og annað áfengi í hótelinu og fór í gegnum hendurnar á mér eins og áfengi úr hinni sérstöku deild A.T.V.R. Hvernig því var svo hagað við heildaruppgjör, það þeit ég ekki. Þetta var ástæðan til þess, að ekki var skilað aftur til A.T.V.R. þeim byrgðum af áfengi, sem til voru í Valhöll, þegar þar var lokað haustið 1974. Þetta hefur reyndar varla gengið í heilan mánuð, en upp undir það. Ég gæti ímyndað mér, að samtals hafi þannig verið keyptir til hótelins 5-7 kassar af sterkum vínum ~~xx~~ og nokkrir kassar af léttum. Nú er ég ekki að fullyrða neitt, heldur giska aðeins á þetta og miða þá við á hvaða árstíma þetta var og hver líkleg ~~nokkrum~~ sala á áfengi hafi verið á þeim tíma.

A.s. l. sumri kom Jón Ragnarsson eitt sinn austur í V<sup>a</sup>lhöll með 4 kassa af áfengi. Það var 1 kassi af rommi, 1 kassi af vodka og 2 kassar af wiskeyi. Allt var þetta merkt A.T.V.R., en ekki VH, eins og áfengisflöskur þær eiga að vera merktar, er þær koma frá A.T.V.R. ætlaðar til vínveitingahúsa. Mjög lítið af þessu áfengi var selt, heldur var það notað til þess að veita vinum og kunningjum.

Yfirheyrlu lauk kl. 14:25.

*Gunnar Marínesson.*  
Gunnar Marínesson

*Jón B. Sveinsson*  
Jón Sveinsson

Upplesið, staðfest:  
*Valdimar Olsen*

E. N. Bjarnas. lögr.m.

Fimmtudaginn 26. febr. 1976 kl. 16:30 er mættur í málí þessu, í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Július Ingvarsson til heimilis að Hraunbraut 6, Kópavogi, sími: 42677, fæddur 27/9 1937 á Selhaga, Mýrasýslu.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrsunnað, en það er að hann hafi ekið með bifreiðina G-7, sem var í eigu Magnúsar Leópoldssonar, eftir að bifreiðin haðði lent í árekstri, að ákveðnu húsi í Kópavogi. Mætta er kynnt vitnaskyldan og áminntur um aannsögli skýrir hann svo frá:

" Eg starfa við það að aka með bifreiðar, sem skemmst hafa í árekstri eða á annan hátt og hef ég kranabifreið til þess. Ég man eftir því að eittsinn færði ég bifreiðina #7 G-7, sem var V.W. fólksbifreið blá græn að lit, af árekstursstað á Kringlumýrarbraut. Eftir því er ég best man var petta vorið 1974 og man ég eftir því að ég fór með bifreið þessa heim til míni að Hraunbraut til geymslu. Ég man einnig eftir því að petta átti sér stað um morgun og gæti ég trúð að klukkan hafi verið um 08:00.

Það var svo skömmu eftir að ég kom heim að til míni hringdi einhver maður og sagði hann að bifreiðin #7 G-7, átti að fara að Mánavraud 6, til viðgerðar.

Eg fór þá með bifreiðina að Mánavraud 6, þar sem Hörður Jónasson, sem þar býr, tók á móti bifreiðinni. Hörður sagði að reikninginn fyrir aksturinn greiddi Magnús Leópoldsson og gaf hann mér upp heimilisfang# hans, en ég man það ekki lengur.

Eg fár síðan nokkar ferðir til Harðar með bíla, eftir petta og man ég eftir því að í eittskipti, þegar ég kom til hans þá skrapp hann eitthvað frá og ég fór þá inn í bílskúr þann sem hann gerir við bílanu í. Þegar að inn kom eru dyr til vinstri og þar innaf er gangur. Eg leit þá þar inn og sá þá í tveimur herbergum, sem voru sitt til hvorra handar í ganginum, plastbrúsa.

Plastbrúsar þessir voru nokkuð stórir og gæti ég trúð að þeir tækju ca. 20 til 25 lítra. Brúsarnir voru hvítir og var rauður tappi á þeim öðrumegin. Eg get ekki sagt til um það með vissu hversu margir plastbrúsarnir voru, en gæti látið mér til hugar koma 6 til 8 brúsar í það heiða.

Ég man að ég fór ekki heim til Magnúsar með reikninginn, vegna anna hjá mér og í eittskiptið er ég kom með bifreið til Harðar þá greiddi hann reikninginn fyrir Magnús og virtist mér

pá sem einhver kunningsskapur væri á milli þeirra. Ekki man ég neitt frekar um samskipti míni og Harðar, en það sem ég hef þegar skýrt frá og er sannleikanum samkvæmt."

Yfirheyrslu lauk kl. 17:30.

Upplesið, staðfest,

Julius Ingvarsson  
Julius Ingvarsson.

Vottur:

Magnús Magnússon  
Magnús Magnússon.

Sigurbj. V. Eggertsson  
Sigurbj. V. Eggertsson.  
lögreglum.

Fimmtudaginn 26/2 1976 kl. 1635, þá er mættur sem vitni í mælinu Hilmari Kristján Jacobsen Viktorsson, viðskiptafræmsti, tilh. Bólstaðarhlíð 56 Rvík, s. 35309, f. 12/9 1952 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrlunnar og eftir aðhafa verið kunningarð vitnaskyldan, skýrir mætti frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli:

"Ég man vel eftir þeim dögum sem voru fyrir utanferð KR til Austurríkis í nóv. 1974.

Sunnudaginn 17/11 1974 man ég að KR lék 1. deildar leik í körfuknattleik gegn HSK og hófst sá leikur kl. 1800.

A manudeginum 18/11 var æfing sem hófst í KR heimilinu kl. 1940 og stóð til kl. 2120, en ég minnist þess að þetta kvöld var fyrirhugaður æfingaleikur gegn Varnarliðinu, en ekki varð af honum.

Ég minnist þess að þetta kvöld eftir æfingu, fóru nokkrir af félögnum úr deildinni að selja fána, til styrktar fyrir deildina, vegna utanfararinnar og man ég eftir mönnum eins og Gísla Gíslasyni, presti Guðmundssyni, Braga Jónssyni og Birgi Guðbjörnssyni. Þeir þrír síðasttöldu fóru saman út að selja, en varðandi Gísla, þá var mér kunnugt um það að hann seldi m.a. Ellerti Schram fána, en það var að sjálfsögðu eftir að hann var búinn að vera þar.

næsta dag

Þetta manudagskvöld var ákveðið að hittast í KR heimilinu/milli kl. 2000-2030, eða strax eftir fréttir í sjónvarpið og man ég stír því að ég kom í KR heimilið kl. 2040 og var þá síðastur allra. Þá var Einar þegar kominn á staðinn, en hann ásamt Jóni Otta skipulagði söluna.

Ég staldraði æ eins við og fór síðan niður í Útvegsbanka, þar sem ég sötti Bjarna Jóhannesson og var kl. þá rétt um 2100.

Við Bjarni fórum saman að selja fána og fórum við m.a. á einn eða tvo staði strax og um kl. 2130 ókum við framhjá KR-heimilinu og að Frostaskjóli 5, þar sem Gunnar G. Schram býr og tökk ég þá eftir bifreið Einars Bollasonar á stæðinu framan við heimilið. Var þar um að ræða Saab 99 G- 9002, en við Bjarni fórum til Gunnars, sem þá var að horfa á sjónvarpið og var þá verið að sýna þátt um erlend malefni.

Við Bjarni fórum eftir þetta á enn aðra staði og komum svo aftur í KR heimilið kl. rúmlega 2200 og er við komum þar inn, þá

þá man ég eftir því að Marius húsvörður sagði við okkur Bjarna, að Einar og Jón Otti væru nýlega farnir af staðnum.

Ég man vel eftir því sem skeði á þessum tíma og er alveg viss um þau atriði, sem ég hef þegar nefnt hér í skýrshuð minni".

*Magnússin*  
Magnús Magnússon

Upplesið staðfest,

*Hilmar Viktorsson*  
Hilmar Viktorsson

27. feb. 1976 kl. 12:40 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, sem vitni í máli þessu, Niels Hörður Jónasson trésmíðameistari til heimilis að Máanabraut 6 í Kópavogi sími 40561, fæddur 23. 3. 1942 í Keflavík.

Eftir að mætta hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og til-efni yfirhýrslunnar, skýrir hann frá eftirfarandi: **É** Pótt svo ég nú hafi um briggja ára skeið starfað við bifreiðaviðgerðir, þá er ég trésmiður að iðn og meistari í iðninni. Þessar bifreiðaviðgerðir hef ég allan tímann stundað í bílskúrnum heima hjá mér.

Mér hefur ~~x~~ verið gert kunnugt, að tilefni hfirheyrlunnar sé samskipti ~~amín~~ við Magnús Leópoldsson og ~~x~~ hugsanlega aðra, sem séu í sambandi við samkomuhúsið Klúbbinn hér í ~~þ~~orginni. Magnús er sá eini mér vitanlega, sem ég kannast við og stendur í sambandi við rekstur nefnds ~~þ~~ samkomuhúss. Ekki þekki ég Magnús neitt, nema ég er málkunnugur honum, en Guðmundur Þorvar bróðir minn þekkir Magnús betur, enda ráku þeir eitt sinn verslun í sam einingu. ~~Samband~~ ~~þ~~ ~~gjallt~~

Ég skannast við Magnús síðan við vorum báðir börn og áttum heima í nágrenni við hovrn annan. Nú á fullorðinsárum hafa sam-skipti eða viðskipti okkar ekki verið önnur en þau, að ég hef gert við bifreiðar, sem hafa verið í eigu Magnúsar eða á hans vegum og eitt sinn skrifastaði ég sem ábyrgðarmaður á víxil, sem Magnús var með.

Sennilega eru um 2 1/2 ár síðan ég fór að gera við bifreiðar fyrir Magnús. Fyrst held ég það hafi verið VW-bifreið, sem ég blettamálaði eitthvað. Æg held Magnús hafi verið eigandi þessarar bifreiðar. Næst blettmálaði ég afturaurbretti á Mercedes-Benz fólksbifr., sem Magnús mun einnig hafa átt. Þá almálaði ég Dodge eða Plymouth-bifreið, sem ég held, að ~~Sigur~~ Sigurbjörn Eiríksson hafi átt. Æg gerði þetta á vegum Magnúsar, því pennan Sigurbjörn hef ég aldrei séð mér vitanlega og bekki ekki í sjón. Þá gerði ég við Cortina-fólksbifreið, sem var skemmd eftir árekstur. Sú bifreið heð ég hafi verið í eigu einhverra starfsmanna Sigurbjarnar Eiríkssonar, en sem fyrr gerði ég þetta á vegum Magnúsar. Svo var það, að ég skipti um framhluta á VW-bifreið, ég held G-7, og held <sup>rétti</sup> að einhver bفوðir Magnúsar hafi átt þá bifreið. Eins ~~gerð~~ ég frambretti á Ford-Pinto bifreið, sem einhver rafvirki í Klúbbnum átti.

Einni bifreið enn man ég ~~sig~~ eftir ~~enn~~, sem kom til míni á vegum Magnúsar. Það var Fiat fólksbifreið, rauð að lit, b6 eins

og rauði liturinn væri svolítið bláleitur. Æg er ekki viss um hvaða gerð af Fiat þetta var, en bifreiðin var ekki mjög lítil en/nokkuð ~~gönnu~~ gamalli árgerð. Þessi bifreið kom til míni fyrir ca. 1 1/2 ári frá Magnúsi og var ætlunin, að ég ryðbætti ~~bifreið~~ inna og málæði svo, í það minnsta að einhverju leiti. Æg skoðaði ekki bifreiðina strax og hún kom, ég held hún hafi komið til míni að kvöldlagi og verið sett inn í bílskúrinn, en ég hafi ekki skoðað ásigkomulag hennar fyrr en morguninn eftir. Þá leist mér svo á, að svo mikið væri yfirbygging bifreiðarinnar ryðbrunninn, að ekki svaraði kostnaði að gera við hana og ~~tæki~~ taldi ég hana ónýta, Æg hringdi því til Magnúsar og tjáði honum þetta, en setti bifreiðina út úr skúrnum. Þangað held ég svo, að Magnús hafi sótt eða látið ~~þekkjukrif~~ sækja bifreiðina mjög fljóttlega.

Þessi bifreið var mér ekki með öllu ókunn. Á henni var eitt-sinn skrásetningarnúmerið Y-88 og átti þá bróðir minn Rúnar hana. Svo eignaðist Guðmundur Þorvar bróðir minn hana, en þar sem hann var um það lekti gjaldþrota, þá mátti hún ekki vera á hans nafni, svo bifreiðin var skráð á mitt nafn. Æg átti hana þó aldrei. Síðar mun Guðmundur Þorvar hafa selt eða á annan hátt hafa látið Magnús hafa bifreiðina og veit ég ekki betur, en bifreiðin hafi strax eftir áramót 1972-1973 verið tekin af mínu nafni og skráð á nafn eiginkonu Magnúsar. Um skráningu á þessari bifreið veit ég ekki í dag, en mér vitnalega er hún ekki á mínu nafni og hefur ekki verið síðan um fyrrgreind áramót.

Æg hef hér greint frá öllum viðskiptum mínum við Magnús Leópoldsson eftir því sem ég best man eftir þeim. Æg vil bæta því við, að ég hafi einnig skipt um vél í Vw-bifreiðinni G-7. Magnús greiddi mér ætið fyrir vinnu mína í reiðufé, utan ef til vill einu sinni eða tvisvar, þá greiddi hann mér með tékka, sem útgrefinn var af fyrirtækinu Bæ h/f.


Æg hef ~~á~~ mér verið spurður um plastbrúsa í minni eigu. Það er rétt, að ég á 4-5 slíka brúsa og tekur hver þeirra, að ég best man, 25 l. Þessir brúsar eru allir heima í bílskúr og kjallara. Æg man ekki betur, en ~~kum~~ nágrannar míni tveir hafi látið mig hafa þessa brúsa, naðar tiltekið gefið mér þá tóma. Annar þessa nágranna minna er Sigurður Júlíusson og á hann heima að Mána-braut 7. Hann rekur húsgagnaverkstæði í ~~þ~~ kjallara hússins á horni Njálsgötu og Rauðarárstígs hér í borginni, en á hæðinni fyrir ~~og~~ an er matstofa. Sigurður sagði mér, að brúsana hirti hann við


sorptunnur bak við húsið og myndu þeir vera undan einhverju efni, sennilega matarolíu, æm notað væri í matsstofunni. Hina brúsana, ég held þrjá, gaf Sigurgeir Jónsson mér, en hann á heima í húsi við Þinghólsbraut skáhalt ofan við húsið hjá mér. Hús hans er nr. 7. Hann hefur rekið ~~eggskekur~~ matstofu stúdenta í háskólanum hér og sagði hann mér, að brúsarnir væru undan matarolíu, sem hann hefði notað við matargerðina. Nú held ég, að Sigurgeir starfi á Keflavíkurflugvelli. Ekki held ég, að Sigurgeir hafi komið með alla brúsana í einu, heldur tvo í annað skiptið, en einn í ~~hinn~~ hitt. Ég er að innréttu sendibifreið við húsið heima og ætla að nota hana sem sumarbústað. Brúsana ætlaði ég að nota sem vatnsfílát og g festa aftan á bifreiðina. Þetta vissu þeir Sigurður og Sigurgeir og þess vegna heð ég, að þeir hafi gefið mér brúsana. Ég er aftur á móti ekki kominn svo langt í breytingunum á bifreiðinni, að ég sé farinn að nota brúsana í þessum tilgangi, heldur hef ég notað þá undir bensín og vatn, í það minnsta flesta.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:10.

Upplesið; staðfest:

Vottar:

  
Sigurður V. Eggertsson  
  
Erlingur Guðmundsson

  
Niels Hörður Jónasson

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Föstudaginn 27/2 1976 kl. 1430, þá er mett sem vtni í málínu Erna Helgadóttir, húsmóðir, tilh. Stórahjalla 9 Kópavogi, s. 43525, f. 16/7 1933 í Rvík.

Mættu er kynnt tilefni yfirheyrlunnar og áftir að hafa verið gerð kunn vitnaskyldan, skýrir metta frá svohljóðandi, um minnt um sansögli:

"Ég hef haldið kennslutíma á saumavélar á vegum Pfaff og held ~~stundum~~ framhaldsnámskeið fyrir konur, þegar þess er óskað sérstaklega.

Ég man eftir Sigrúnú Ingólfssdóttur, samt þremur öðrum konum, sem voru á námskeiði heima hjá mér haustgöð 1974, en þetta var aukanámskeið og ég skrifa aldrei hjá mér þau námskeið, því þau eru í svo litlum mæli.

Ásent Sigrúnú, voru þarna stúlkur er heita Sveinbjörg og Ragnar, en ég nán ekki nafnið á priðju stúlkunni.

Tessar konur komu til mína í samtals fjóra tíma og voru allir tímarnir áætlaðir á priðjudögum, en ég man að ég frestaði tímanum sem átti að vera priðjudagskvöldið 5/11 1974, vegna afmælis sonar míns og var sé ~~hæ~~ tímí haldinn næsta laugardag eftir, eða p. 9/11.

Eftir þennan tíma sem var á laugardeginum, var eðeins lokatíminn eftir og var hann örugglega ekki haldinn næsta priðjudag á eftir, þar sem ég hef þurft að útvega mér efni til þess tíma, en þá er lögða áhersla á útsaum.

Ég tökk út efni vegna þessa síðasta tíma hjá versluninni Pfaff og var það samkv. nótum par um, þann 14/11 1974.

Hunu því stúlkurnar ekki hafa komið priðjudagskvöldið p. 12/11 samkv. úttektarnótunni hjá versluninni Pfaff, en ég/pá nótum aðallega til að styðjast við.

Bessi síðasti tími var frá tímanum kl. 2100 til kl. 2330 og voru konurnar að tygja sig til brottferðar framundir kl. 2400.

Ég er alveg viss um að Sigrún Ingólfssdóttir var í þessum síðasta tíma og vil ég taka það fram að ég vil ekki alveg fullyrða um þetta kvöld p. 19/11 1974, en tel samt ekki mikla möguleika á öðrum tíma, sem bessi lokatími hefur verið ~~haldinn~~ á.

*Magnússon*  
Magnús Magnússon

Upplesið staðfest,  
*Erna Helgadóttir*  
Erna Helgadóttir

Föstudaginn 27/2 1976 kl. 1505, þá er mett sem vitni fí mílinu Helga Björg Stefánsdóttir, nemandi í Kþennaskóðanum í Rvík, tilh. Arnarhrauni 36 ~~H. f.~~, s. 52136, f. 29/7 1960 í Hafnarf.

Mettu er kynnt tilefni yfirheyrlumna, svo og vitnaskyldan og skýrir frá eftirfarandi, áminnt um sannsögli:

"Eg hef gott barna þeirra Einarss Bollasonar og Sigrúnar Ingólfssdóttur meira og minna í tvö ár.

Varðandi nóvembermánuð 1974, þá man ég eftir hví að Sigrún ótti fjóra tíma í saumvélarnámskeiði og áttu þeir tímar að vera á þriðjudagskvöldum.

Eg gotti barna þeirra alveg fast á manudögum og fimmtudögum allan þannan vetur og fram á vor, en ég man einnig eftir hví, að ég passaði börnin eitt sinn á laugardegi, þegar Sigrún fór í saumvélartíma, sem hafði breyst og verið fluttur af þriðjudagi.

Dá minnir mig að ég hafi einnig passað í einn tíma, sem Sigrún var á nánsekiðinu og þá á þriðjudagskvöldi og man ég eftir hví að Einar tók við gæslunni, eða allavega minnir mig það, en þori ekki að fullyrða það, þótt það sé langliklegast.

Eg var aldrei ~~meikit~~ lengi frameftir að gæta barnanna á virkum kvöldum og mig minnir að petta fyrirkomulag um barnagæsluna á þessum þriðjudagskvöldum hafi verið þannig, að Einar hafi átt að gæta þeirra, en eitt skiptið ekki getað hað og ég verið þar í staðinn og Einar svo tekið við af mér.

Eg hef ekki verið leyst af síðar en klukkan rúmlega 2200 og held ég að það þriðjudagskvöld, sem ég passaði börnin, vegna þess að Einar var upptekinn, hafi einmitt verið þriðjudagskvöldið 19/11, en get þó ekki fullyrkt það og hef ég reyndar ekkert sérstakt tilvik, sem ég get stuðst við, að petta hafi verið á þriðjudagskvöldinu 19/11 frekar en annað þriðjudagskvöld, nema hvað mig minnir að ég hafi ekki passað börnin fyrstu tvo tímanna, sem hún var á námskeiðinu".

Upplesið staðfest,

*Helga Stefánsdóttir*  
Helga Björg Stefánsdóttir

*Magnússon*  
Magnus Magnússon

Mánudaginn 1. mars 1976 kl. 18:15 er mætt í máli þessu Katrín Porkelsdóttir til heimilis að Mariubakka 4, Rvík, sími 43378, fædd 23/8 1950 í Bolungarvík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfir heyrslunnaar, en það er framburður Magnúsar Leópoldssonar, þar sem hann telur það hugsanlegt að hann hafi verið staddur heima hjá mættu seinni-part kvölds þann 19. nóv. 1974. Enfremur telur Magnús að hann hafi komið sjaldan heim til mættu í miðri viku, en man þó eftir tveimur tilvikum þar um. Í eittskipti telur hann, að mætta hafi sagt sér að hún hafi lánað bróður sínum bifreið sína og svo í annað skiptið, þá hafi bróðir mættu verið á skemmtun, sem haldin var á vegum Menntaskólans við Tjörnina og kvaðst Magnús þá hafa skilið það svo að sú skemmtun hafi ekki verið haldin í neinu samkomuhúsi. Þá segir Magnús að það kvöld er hann hafi komið til mættu, þ.e. þegar bróðir hennar var á skemmtuninni, þá hafi hann sagt henni (mættu) að hann gæti ekki verið lengi hjá henni, þar sem mikil vinna sé framundan hjá honum í veitingahúsinu.

Mættu er kunn vitnaskyldan og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: " Eg vil ~~þyrjast~~<sup>skýra frá</sup> hví að lítilsháttar kunningsskapur var á milli míns og Magnúsar Leópoldssonar um haustið 1974. Magnús kom þó nokkrum sinnu heim til míns að Mariubakka og hef ég nú undanfarið hugsað mikið um þær heimsóknir, vegna þeirra atburða sem nú hafa skeð.

Eg get ekkert áttað mig á hví þótt ég hafi lánað bróður mínum Bjarna, bifreið mína, þar sem hann hefur svo oft fengið hana lánaða. Eg man eftir hví að einu sinni kom Magnús heim til míns og var það á tímabilinu frá kl. 23:00 til 24:00. Það kvöld man ég eftir hví að Bjarni bróðir minn var á skóladansleik og kom hann heim á meðan að Magnús var þar staddur. Það er eins og að mig minni, þegar að ég heyri minnst á það, að þá hafi Magnús sagt mér, þegar að hann kom, að hann gæti ekki verið lengi vegna þess að mikil vinna væri framundan hjá honum. Eg þori þó ekki að fullyrða neitt um það atriði.

Eg hef kannað það hvenær skóladansleikkur hefur verið haldinn í nóv. 1974 á vegum Menntaskólans við Tjörnina, en þar var Bjarni bróður minn nemandi. Eg hef nú fengið þær upplýsingar að dansleikur var haldinn á vegum skólagsins í Sigtúni þann 20. nóv. 1974.

Það er allveg víst að þegar að bróður minn kom heim til míns og Magnús var þar, þá var hann að ~~þá~~ koma af dansleik og var hann undir áhrifum áfengis. Eg get ekki munað það hvort Magnús

kom heim til míni þriðjudaginn 19. nóv. 1974 og þori því ekkert að fullyrða neitt í því sambandi.


Ég hef kannað hvernig ég vann þá viku er um ræðir og vann ég þá frá kl. 08:00 til 21:00 og einnig er möguleiki á því að ég hafi unnið eftir klukkan 21:00 og þá sennilega í einhverju samkomuhúsi, en það atriði hef ég ekki getað kannað að svo stöddu.

Fram hefur komið að málfundur var haldinn í Menntaskólanum við Tjörnina þann 19. nóv. 1974. Mér finnst mjög ósennilegt að Bjarni hafi verið á þeim fundi, þar sem ég veit ekki til þess að hann hafi sótt slíka fundi eða nokkara aðra fundi á vegum skólans, en það er þó með það eins og annað að ég þori ekki að fullyrða neitt um það.

Ég hef nú skýrt frá því sem ég best man í þessu sambandi og er það satt og rétt."


Yfirheyrslu lauk kl. 19:10.

Upplesið, staðfest,

  
Katrín Þorkelsdóttir.

Vottur:

  
Gunnar Guðmundsson.

  
Sigurbj. V. Eggertsson.  
lögreglum.

2. mars 1976 kl. 21.00x er enn einu sinni mættur til yfirheyrslu í máli þessu hjá rannóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson.

Aminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg vil nú breyta öllum fyrri framburðum mínum í máli þessu og lýsi því hér með yfir, að þar hef ég farið með algjörlega rangt mál. Eg fór aldrei í þessa Keflavíkurferð, né í nokkra bátsferð þaðan. Eg tók heldur aldrei þátt í því að flytja nokkuð áfengi þaðan eða annarsstaðar að hingað til borgarinnar, eða varð sjónarvottur að nokkrum átökum, sem hugsanlega gætu verið tengd hvarfá Geirfinns Einarssonar. Eg hef því í raun enga hugmynd um hvernig hvarf Geirfinns hefur borið að höndum og mér vitanlega hef ég aldrei augum litið þann mann. Mín vitneskja um hvarf hans en eingöngu fengin úr fjölmöldum frá þeim tíma, er Geirfinns var saknað og svo hef ég vafalaust ekki komist hjá því að heyra kjaftasögur eins og aðrir.

Eg get ósköp litlar skýringar gefið á því hvers vegna ég hef sagt það, sem eftir mér er haft í fyrri framburðum mínum í máli þessu. Þegar ég var spurður um hvort ég vissi eitthvað um "Geirfinnsmálið" og svo hvort ég hefði farið til Keflavíkur, þá var ég töluvert miður míni, slappur á taugum, eins og það er kallað, því allt umtalið um atburðinn í Hafnarfirði varðandi Guðmund Einarsson, hafði fengið töluvert á mig. Eg hreinlega bjó til í huga mér algjörlega söguna um það hvernig ég hefði farið til Keflavíkur og hvernig staðháttum þar hefði verið hagað. Þetta gerði ég algjörlega á eigin spýtur, en get ekki, eins og ég hef ~~yk~~ fyrr sagt, gert mér grein fyrir hvers vegna. Eg var aðeins í upphafi spurður um vitneskju mína varðandi ~~&~~ "Geirfinnsmálið" og ferð til Keflavíkur. Ferðinni og staðháttum lýsti ég sjálfstætt.

Næst þegar skrifleg skýrsla var tekin af mér, þá skýrði ég nánar frá atburðum og nefndi ýmis mannanöfn. Þá hafði mér verið sagt, að fleiri hefðu ~~xixi~~ skýrt frá þessari Keflavíkur-ferð og ég hafði heyrt ýmis nöfn, án þess þó þau hefðu við mig verið sett í samband við þessa ferð. Eg held, að það hafi verið orsókin til þess, að ég kom með þessi mannanöfn og reyndar þekkti ég alla eða flest þá aðila í sjón, eða meira. Eg get ekki frekar gert grein fyrir því hvaða hvatir lágu að baki þess, að ég gaf þessar röngu upplýsingar.

I þriðja sinni, sem skrifleg skýrsla var tekin ~~á~~ mér, þá

voru mér sýndar ljósmyndir af nokkrum karlmönnum. Æg þekkti þá myndir af 4 mönnum, með nafni, en taldi mig þekkja þann fimmta, en þó ekki vita hvað hann hét. Það er rétt, að þessa 4 þekki ég í það minnsta í sjón og gerði ég rétta grein fyrir hvernig ég þekkti þá. Æg hafði aldrei séð ósíður mann þann, sem fimmta myndin var af og get enga grein gert fyrir hvers vegna ég þóttist þekkja þann mann, þótt ekki væri með nafni. Sama sagan var með aðrar þær myndir, sem ég taldi mig kannast við, ég veit ekkert af hverjum þær eru og benti á þær aðeins af handahöfni.

Eg geri mér að sjálfsgöðu ljóst, að það er mjög alvarlegt athæfi, sem ég hef gerst sekur um með þessum framburðum mínum, en nú hef ég skýrt algjörlega rétt frá atburðum.

Mér hefur verið tjáð, að bæði Sævar Ciesielski og Erla Bolladóttir hafi borið það, að ég og þau bæði höfum verið í þessari Keflavíkurferð, en ~~því~~ kann ek enga skýringu á þeim framburðum kann ég enga skýringu, aðra en þá, að þau fara þar með alrangt mál.

Yfirheyrslu lauk kl. 24:00.

Vottrar:

Vottar:  
Sigurður V. Eggertsson  
Sigurður V. Eggertss.

Upplesið, staðfest:

Kristjan Óðar Ólafsson

Kristján Viðar Viðarsson

E. N. Bissel

## Lösgesellum

$\pm 0.5 \pm 0.5$  mm.

Miðvikudaginn 3/3 1976 kl. 1400, þá er sem vitni í málínunum  
Bjarni Magnús Jóhannesson, postmaður, tilh. Ránargötu 23 Rvík,  
s. 21852, f. 21/9 1953 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar. Þá er mættum gerð  
kunn vitnaskyldan og skýrir frá eftirfarandi, áminntur  
um sannsögli:

"Ég man eftir vissum atriðum í samhændi við undirbúninginn að  
utanferð KR til Austurríkis og í því sambandi man ég að ég  
var aðeins eitt kvöld í fánasölu á vegum KRinga og kemjur ekki  
til greina annað kvöld í þessa fánasölu, nema þriðjudagskvöldið  
19/11 1974, en þá var ekki æfing, sem var annars bæði mánudags-  
kvöld og miðvikudagskvöldið.

Ég var að vinna við hreingerningar í Útvegsbankanum öll kvöld  
og man ég að petta kvöld, sem ég var í fánasölunni, fór ég með  
Hilmari Viktorssyni, en hann hafði komið á bifreið sinni til að  
sakja mig og var klukkan þá um 2100, að ég gæti best trúað.

Ág man eftir því að við fórum m.a. til Gunnars G. Schram og  
svo til Péturs Snæland og er ég viss um að við byrjuðum hjá  
Gunnari G. Schram.

Ég man það að við vorum mjög ánægðir með móttökurnar hjá  
Gunnari, því hann greiddi vel fyrir sinn fána. Við ókum framhjá  
KRheimilinu, er við fórum til Gunnars, en ekki veitti ég því þá  
eftirtekt, hvort bifreið Einars Bollasonar var þar á bifr. staðinu  
eða ekki.

Hinsvegar var Einar Bollason aðalskipuleggjarinn við þessa  
fánasölu, ásamt með Jóni Otta og tel ég því vist að hann hafi  
verið í KRheimilinu þetta kvöld.

Að lokinni sölu þetta kvöld, fórum við Hilmari í KRheimilið og  
minnir mig, er við k-omum þangað inn, að Marius húsvörður hafi  
tjað okkur að þeir Einar og Jón Otti hafi þá verið nýfarnir af  
staðnum og gæti ég átrúað að klukkan hafi þá verið á bilinu  
2200-2230.

Þetta er allt sem ég get ryfjað upp í samhændi við þriðjudaginn  
19/11 1974".

*Magnússon*  
Magnús Magnússon

Upplesið staðfest,  
*Bjarni M. Jóhannesson*  
Bjarni M. Jóhannesson

3. mars 1976 kl. 21:20 er mættur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlöggreglunni í máli þessu í fangelsinu við Síðumúla, Einar Gunnar Bollason nýjandi gæslufangi.

Honum ~~hurfuk~~ hafa hér verið kynntir framburðir þeirra Sævars Ciesielski, Kristjáns Viðars Viðarssonar og Erlu Bolladóttur í máli þessu þar sem fram kemur, að mætti hafi farið til Keflavíkur og tekið þar þátt í að smygla þar í land áfengi og koma því hingað til borgarinnar. Öllum ber þeim saman um, að mætti hafi ~~væxið~~ farið til Keflavíkur, en aðeins Kristján Viðar heldur því fram, að ~~mætti~~ hafi farið á sjó á báti til þess að sækja áefngi. Þá kemur fram hjá Kristjáni Viðari og Sævari, að átök hafi átt sér stað um borð í bátnum og þar muni Geirfinnur Einarsson hafa látið lífið.

Aðspurður ~~með~~ skýrir mætti frá eftirfarandi: Mér hafa nú hér í aðalatriðum verið kynntir framburðir þeirra briggja, sem hér að framan greinir, í máli þessu. Eg hef því til að svara, að allt það, sem þar kemur fram, er tilhæfulaust með öllu.


Eg hef aldrei til Keflavíkur farið í þeim tilgangi að ná þangað í áfengi, eða þangað farið í félagsskap þessa fólks. Eg að sjálfsögðu þekki Erlu systur mína og svo kannast ég við Sævar, en Kristján Viðar þekki ég ekki og kannast ekki einu sinni við nafn hans.

hafði verið ákveðið að kasta því fyrir bord, óður en komið yrði í  
höfn á Íslandi.

Við preddum línu í gegnum handföng brúsauna og festum síðan  
langa línu og keðju við endan, en þannig léturn við það f sjóinn  
tbluvert langt fyrir utan svenefuda 7 bauju hér í flóanum. Það  
hafði verið ákveðið, að bróðir Gísla Ingvarssonar, sem heitir  
Eisteinn næði f spíritusinn, en hann á tveggja tonna trillu,  
þegar við léturn spíránn frá berði var hvass vindur og almett  
sjólag og af þeim orsökum gat Eisteinn ekki náð í áfengið á  
tilsettum tíma.

Eisteinn annaðist síðan leit að áfengingu á trillubát sínum og  
fann hann 3 - 4 dögum síðar áfengið á svipuðum slóðum og við  
höfðum varpað því frá berði, en vedrið langdi ekki fyrr. Eisteinn  
fann um 75 l. af framangreindu magni. En hitt hvarf os hafði

## 140

vitneksju um hvar það er nú niðurkomið. Af þessum 75 l. móttók óg 50 l., en Eisteinn fólk í sinn hlut um 25 l. Af þessu magni óg nú oftir 45 l., en þeir eru geymir heima hjá kunningja mínum Braga Finnboagasyni, Hlíðarbr., 1, Hafnarfirði.

Sjór hafði komist í alla brásana og nunn því unaruddur spíratus vera með öllu ónytur. Óg reyndi að kveikja í þessu, en þá varð aðeins oftir saltvatn. Óg ræddi við mág minn í Keflavík, sem heitir Snæbjörn Adélfossen, Kirkjuv. um hvort hann bekkti nekkurna aðila, sem geti einað spíratus, svo að eittihvað af þessu magni yrði nethsft til neyzlu. Hann skyrði mér frá því, að hann bekkti mann að nafni Geirfinnur Einarsson í Keflavík, sem atti eimingartaki og myndi hann (Snæbjörn) ruða við Geirfinn um þetta mál. Snæbjörn sagði mér, að Geirfinnur myndi athuga málid, en ekkert haf óg heyrt um það síðan. Óg held að Snæbjörn hafi rött við Geirfinn um þetta skömmu áður en hann hvarf. Óg er reiðubúinn að afhenda ykkur þann spíratus sem Bragi geymir fyrir mig.

Óg fór fyrst á millilandaskip vorið 1971 á m/s Gedafoss (tverfördir), en var síðan á sama skípi allt árið 1972, en fór svo í Sjómannaskólanum haustið 1973. Óg fór þó nokkrar ferdir með m/s Mílafossi 1973 um sumarið. Á m/s Mámafossi var óg frá því í apríl - okt. 1974, en þá fór óg aftur í Sjómannaskólanum.

Vékkir kl. 18.30.

Bannig gjört,

Kristján Péturasson, deildarstj.

Vottar: Haukur Guðmundsson

Haukur Guðmundsson, rannsókharlögr.m.

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

Upplesíð, staðfest.

Ingvar Sigurðsson

Rannsóknarlöggreglan í Keflavík, Gullbringusýslu  
og Grindavík

## SKÝRSLA

Föstu daginn 10 jan. 1974 Kl. 20.10 er aftur mættur í málí þessu Ingvar Sigurðsson til heimilis Bröttukinn 30, Hafnarf. f. 31-7-1954.

Mætta er kunnert tilefni skýrslutökunnar og gott er ókvæða 1. mgr. 40 gr. laga nr. 74 frá 1974 um meðferð opinberra mæla.

Mætti skýrir svo frá áminnatur um sannsögli:

Eg vil nú skýra að fullu frá aðild og hlutdeild minni í smyglum frá a.l. sumri og ennfremur hlutdeild minni í þeim málum er varðar síðustu ferð okkar á n.s. Mánafoss.

Eg keypti ásamt þeim mönnum, sem frá greinir í fyrri skýrslu minni í dag um 300 lítra af 96% spíritus þegar skipið var í Rotterdam þann 2.jah.s.1. Við pöntuðum þetta áfengismagna hjá einhverjun þarlendum sölumannni, sem afðar sá um að koma því um bord, en við greiddum fyrir þetta 7 hollensk gyllini pr. lífir. Við földum ekki þetta í skípinu, þar sem fyrirfram var ókeið að varpa því fyrir bord óður en komið yrði til Reykjavíkur.

Við bundum brúsana saman með línu og settum síðan net utan um þá, en síðan <sup>væ</sup>spírabrusunum kastað fyrir bord við bauju 6 her f flóanum. Mér er ókunnugt um hver átti að sakja áfengið í þessari ferð, en Gísli Ingvarsson sér um þá hlið málins og lastur okkur eftur síðan vita hvor og hvencest við eignum að móttaka þa.

Auk þess, sem óður er frágreint hef ég ásamt fyrrgreindum mönnum smyglæð til landsins með sama hatti í two til þrjú skipti: 250 - 270 lítrum í ferð af 96% spíritus, en það átti sér stað í ágúst og september a.l. Auk þessa magns komum við Gísli Yngvason með um 10 ks. (12 fl. f ks.) af 75% Vodka í júli a.l., en Giasiur var ekki með í þeirri ferð.

Sérstaklega aðspurður, hver hafi átt hugmyndina og verið upp - hafsmáður að framangreindum verknaði, svarað mætti sve: "Það var


Efslí sem fyrst hafði erð á þessu, en ég félleit strax á að vera þátt - takandi f þessu smygli, en ég tel klut Gísla ekki verri en okkar hinna f þessum efnunum.

Það magn, sem hefur komið f minn hlut úr framangreindum sendingum hef ég ráðstafað og selt á eigin vegum, kaupendur þess hafa verið ýmsir aðilar, en þó aðalega kunningjar míni. Eg hef selt priggja þela flöskur af óblönduðum spírátus á kr. 2200.00. Móttakandinn í landi Eysteinn Þingvason, sem ég hef áður greint frá fékk í sinn hlut af heildarmagninu 20 - 25 %, en mér er ókunnugt um hvernig hann hefur ráðstafað því.

Aðspurður um hvernig mætti hafi aflað sér gjaldeyris til framan - greindra áfengiskaupa, svarað mætti svo: "Fyrir síðanxx áhafnargjald - eyririnn, ennfremur hef ég selt útvegendum áfengisins í Hollandi, svo og bönkum þar í landi 100 kr. seðla og fengið 2 - 2,35 gyllini fyrir hverjar hundrað krónur.

Vék frá kl. 21.00.

Bannig gjört.



Kristján Pétursson, deildarstj.

Vottur, Rúnar Sigurðsson, lögr.m.

Applesið, staðfest.



Ingvar Sigurðsson

þessi er meðan ófengið, með minni ræði, til að fá  
ekki ófengið, með minni ræði, til að fá  
síðanxx áhafnargjald - eyririnn, ennfremur hef ég selt útvegendum áfengisins í Hollandi, svo og  
þökkum þar í landi 100 kr. seðla og fengið 2 - 2,35 gyllini fyrir hverjar hundrað krónur.  
Hér eru ófengið, með minni ræði, til að fá  
adólfus, ennfremur hef ég selt útvegendum áfengisins í Hollandi, svo og  
þökkum þar í landi 100 kr. seðla og fengið 2 - 2,35 gyllini fyrir hverjar hundrað krónur.  
Hér eru ófengið, með minni ræði, til að fá  
þessi er meðan ófengið, með minni ræði, til að fá  
jamferð með ófengið, með minni ræði, til að fá  
þessi er meðan ófengið, með minni ræði, til að fá  
Helga og lífins, ennfremur hef ég selt útvegendum áfengisins í Hollandi, svo og  
þökkum þar í landi 100 kr. seðla og fengið 2 - 2,35 gyllini fyrir hverjar hundrað krónur.

Síðanxx áhafnargjald - eyririnn, ennfremur hef ég selt útvegendum áfengisins í Hollandi, svo og  
þökkum þar í landi 100 kr. seðla og fengið 2 - 2,35 gyllini fyrir hverjar hundrað krónur.

Ég er viður um að ég seldi Seirfinni þessun aldrar spára, en du  
viðsi til og hlifur þetta að hafi varit fyrir meðan ófengið.

Fimmtudaginn 19/2 1976 kl. 1430, þá er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Ingvar Jósef Sigurðsson, nemandi f. 3. bekk Stýrimannaskólangs, tilh. Bröttukinn 30 Hafnarf. s. 52130, f. 31/7 1954 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yf8rheyrsunnar, en það er að við athugun á tékkaútgáfu Geirfinns Einarssonar, sem hafði ávisanareikning nr. 34628 við Verslunarbanka Íslands, útibúið í Keflavík, þá fyrirfannst tékki nr. B 208307 á fyrrgreindan reikning, útgefinn til handhafa þ. 13/10 1974 að fjárhæð kr. 2.200.- og var nafnið Ingvar Sigurðsson, Bröttukinn 30 Hf. ritað sem nafn framseljanda tékkans.

Samkv. bankastimplun aftan á tékkanumf sest dags. 25/10 1974 og er móttakandi bankagjaldkeri nr. 5 og nafn gjaldkerans Guðbjörg Guðjónsdóttir, en nafn bankans hefur ekki stimplast þar með.

Í greiðslubankann, þ.e. Verslunarbanki Íslands í Keflavík, er tékkinn stimplaður inn þ. 29/10 1974.

Mættum er kynnt ákv. 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala og áminntur um sannsögli, skýrir mætti frá eftirfarandi:

"Mér hefur nú verið sýndur tékki útg. af Geirfinni Einarssyni að fjárhæð kr. 2.200.- óg frams. með mínu nafni. Þekki ég þar skrift mína á bakhlið tékkans og tel það engan vafa, að ég hafi skipt þessum tékka í banka og þá helst í Sparisjóði Hafnarfjarðar, því ég átti eingöngu viðskipti við þá bankastofnun á þeim tíma.

Eg man ekki á hvern hátt þessi tékki barst í mínar hnndur og get ekki gert mér aðra grein fyrir tilkomu hans en þá, að ég hafi selt einhverjum spíraflösku, sem hafi verið að útvega það fyrir Geirfinn og að Geirfinnur hafi greitt með þessum tékka.

Mér dettur þá helst í hug að þetta hafi verið í gegnum Snæbjörn Adolfsson og/eða Sigurð Einarsson, bróður Geirfinns, en það kom fyrir að Sigurður keypti af mér spíra á priggja pela flösku, sem ég var búinn að hella á og soldi ég flöskuna á kr. 2.200.- eins og greint hefur verið frá í mínum fyrri skýrslum um þetta efni frá því í janúar 1975.

Sigurður Einarsson er giftur stúlkur er heitir Helga og eru þær Helga og hálfssystir míni Elsa Óskarsdóttir, kona Snæbjarnar, miklar vinkonur og var Helga heimagangur á heimili okkar að Bröttukinn 30, aður en hún giftist.

Ég er viss um að ég soldi Geirfinni þessum aldrei spíra, svo ég vissi til og hlítur þetta að hafa verið í gegnum annann.

J.S.

Ég var skipverji á m/s Mánafossi, eins og þáður hefur komið fram fyrir óknunum á þessu svokallaða "spíramáli" og kom skipið til Rvíkur þ. 8/lo 1974 að kvöldi, samkv. upplýsingum sem þegar liggja fyrir og afkráðist ég þá af skipinu og fór í nám í Stýrimannaskólan.

Fór ég svo eina ferð með skipinu um jölin og í janúar var ég svo handtekinn vegna smyglmálsins, sem þá var upp komið.

Ég hef nú skýrt frá öllu sem mér dettur helst í hug varðandi þenna tékka og get ekki gefið aðra skýringu á tilkomu hans í málinar hendur".

*Magnússon*  
Magnús Magnússon

Upplesið staðfest,  
*Ingvar Sigurðsson*  
Ingvar Jósef Sigurðsson

Fimmtudaginn 19/2 1976 kl. 1603, þá er mættur sem vitni í málinu Sigurður Smári Einarsson, verkamaður, tilh. ~~Kinnet~~ Austurgötu 27 Hafnarfirði, s. 52978-52144, f. 19/9 1946 á Vopnafirði. Mættum er kynnt tilefni yfirheyrlunnar og eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan, skýrir mætti frá svohljóðandi, éminntur um sannsögli:

"Eg kannast við Ingvar Sigurðsson, Bröttukinn 30 Hafnarfirði, en þona mína Helga og Elsa systir Ingvars voru og eru enn miklar vinkonur. Mér var kunnugt um að Ingvar var sjómaður og að hann verslaði með smyglað áfengi, en ég hafði keypt af honum vín um sumarið 1974. Þá man eftir því að skömmu áður en Geirfinnur hvarf, þá fór ég að Bröttugötu 30, þásamt Geiffinni bróður mínum og ók Geiri á bifreið sinni þangað. Geiri hafði komið í heimsókn til mína að Linnetstíg 6, þar sem ég bjó þá og komst það í tal að hann vantaði áfengi. Þar sem ég vissi um áfengi til sölu hjá Ingvari og að þetta var um helgi, sem Geiri var hjá mér, þá fórum við til Ingvars.

Geiri greiddi fyrir eina flösku af spíra og man ég ekki hvort hann lét mig hafa peninga eða tékka, en ég vissi um verð flöskunnar fyrirfram, þar sem ég hafði keypt flösku af Ingvari einum eða tveimur dögum áður.

Geiri beið mína í bifreiðinni, á meðan ég hljóp inn og sótti flöskuna. Mér vitanlega þekktust þeir Ingvar og Geirfinnur ekkert og ég ~~er~~ þykist vera þess fullviss að Geirfinnur hafi greitt með þessum tékka, sem mér hefur nú verið sýnt ljósrit af og er að fjárhæð kr. 2.200.- Ekki man ég nú hvað hver flaska kostaði hjá Ingvari, en ég mundi þá hvað verðið var, þegar þessi viðskipti fóru fram.

Eg hef ekkert frekar um málid að segja".

*Magnússon*  
Magnus Magnússon

Upplesið staðfest,

Sig. Smári Einarsson

*Sigurður Smári Einarsson*

146

50/3/1928

B Nr. 208307

KEFLAVÍK.



VERZLUNARBANKI ÍSLANDS H

ÚTIBÚ - KEFLAVÍK

731

19

VERZLUNAR  
BANKI  
ÍSLANDS  
H

0313

K.R.

7200.00

34627

GREIDID GEVN TÉKKA ÞESSUM ÚR AVÍSANAREIKNINGI NR.

Hanns Guðrúnarson  
tvo " þúsund " og tvo " hundruð  
krónur

EÐA EFTIR FRAMSÁLI

Gunnar Ólafsson

146 A

Ingrid Sigurdsson  
Birchukur 30  
Hff.





147

Fn: 5 Legt fram í sakadómi  
Fremkvæðið 30/3 1976


## VERZLUNIN PFAFF H.F.

Skólavörðustíg 1 & Bergstaðastræti 7, Reykjavík  
Sími 26788 (5 línum) Nafnnúmer 7122-6646A Nr. 17404      Æma Helgadóttir  
                      Slatrútgjalla 9

Sölkilmálar:	Hið selda er eign seljanda, þar til verðið er greitt að fullu. Samþ. víxlar eða greiðsla með ávisunum afnemur ekki eignarréttinn, fyrr en full greiðsla er komin.	Kr.
14/11	Pr. 1sdk. Ólaf	150.-
10 skilt utsvartstír		
20 cm. stír 175/-	1.750.-	
20" 13 cm plast 100/-	3.200.-	
10" spólinus 50/-	500.-	
10" fatn 93.100 912 750/-	7.500.-	
10 kassar dverri		
Brt 859 215/-	2.150.-	
	15.250-	
- a/s/	2.395.-	
	12.855-	
	✓ 17/11/75	

Greitt

VERZLUNIN PFAFF H.F.

Nr. 6 Lagt fram í sakadómi  
 Reykjavíkur 30/6/1976  


## RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, tekna af Geirfinni Einarssyni, á  
Ljósmyndastofu Suðurnesja, Keflavík, árið 1968 og  
1973.

REYKJAVÍK, 15. mars 1976.

Tæknideild

Ranndóknarlöggreglanar

Reykjavík



Ljósmynd tekin 1968 og  
birtist í fjöldum.



Ljósmynd tekin 1973.

2/4/1976

Rúic. 23.2.76.

143

Undirritaður framkvæmdi athugun á skráningu eftirtalinna bifreiða og kom þá í ljós eftirfarandi.:

- R- 882 P. 06091973, er skráður á þetta nr. Volkswagenbifr.(fólksbifr.) árgerð 1971, innfl. notuð. Eigandi Magnús Leopoldsson.  
P. 29121973 verða eigendaskipti og egnast þá Lækjarmót bifr.  
P. 27.3. 74 er bifr. umskráð á R-39121. Sami eigandi.

Pennan dag var víxlað númerum á tveim bifr. og verður sá bifr. sem áður var R- 39121 að R- 882.

Sú bifreið er Mercedes Benz 230, árgerð 1970, hvít að lit. Eigandi er Lækjarmót.

P. 6.10.74 kaupir Jóhannes Kristleifsson Sturlureykjum Borgarfirði bifreiðina og umskráir síðan þ. 09101974 yfir á M- 1786

P. 24101974 kemur Range Rover af M-446 á R- 882. Þessi bifreið er árgerð 1971 eig. Lækjarmót. Umskráð á R- 45681 þ. 14051975.

P. 14051975 kemur svo á R- 882 Range Rover árg. 1974, en hann var áður R- 813. P. 16071975 er hann svo umskráður á R- 561.

P. 8.9.75 kemur svo Chevrolet Lagona árg. 1973 á R- 882. Lækjarmót eigandi. Var áður R- 1081.

- R- 4079. 250 P. 06031972 er þetta Daimler Benz ~~300~~ árgerð 1968, hvítur að lit eigandi Hafnarþíó. Þessi bifreið ~~XXXXXXKX~~ eignast svo Sigurbjörn Eiriksson þ. 20081974 og umskráir á G- 9484 þ. 12091974. Síðan hefi ég ekki fundið bifreið skráða á þetta nr fyrr en þ. 31071975 að á þetta nr. kemur Daimler Benz 300 árgerð 1971. Eigandi er Jón Ragnarsson Hlyngerði 5 Rvík. Þessi bifreið var áður Y 436 og hefur verið frá því 26081974.

Ekki var framkvæmd hliðar athugun á skráningum þessara bifreiða þ. e. hverjir eiga eða hafa átt þau númer sem ofantaldar bifreiðir hafa verið skráðar á áður eða þau númer sem þær bera nú, eftir að umskráningar hafa farið fram.

*Halldór Sigurðsson.*  
Halldór Sigurðsson.

I framhaldi af athugunun á skráningu nokkurra bifreiða hefi ég nú farið í gegnum skráningargögn bæði hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins Reykjavík og hjá Bæjarfógetanum í Hafnarfirði varðandi eftir-taldar bifreiðar og kom í ljós við þá athugun að:

G- 813 er Volkswagen ~~fállks~~ sendibifreið árgerð 1972. Bigr. var skráð ný þ. 12071972. Eig. Kaupfélaf Hafnfirðinga. Litur blár. Bifreiðin er enn skráð á nafn Kaupfélagsins og hafa ekki farið fram neinar breytingar.

G- 1701 var áður skráður Y- 3685. kemur á G- þ. 06031973 er Saab 96. árg. 1972 gulur að lit. Eigandi Unnsteinn Jóhannsson Markarflöt 4 Garðahreppi hefur átt bifr. frá 06031973. Engar breytingar á skráningu síðan.


G- 9484 var áður skráður R- 4079. verður G- þ. 12091974 er Mercedes Benz árg. 1968 hvítur að lit. eig. Sigurbjörn Eiríksson Alfsnesi. Umskráður þ. 08011975 á R- 850.

G- 78 skráður þ. 14091971 þá Merc.Benz árg. 1967, eig. Sigurbjörn Eiríksson, Alfsnesi. Bifreiðin var áður G- 1701. Bifr. síðan umskráð þ. 21.3.1973 og verður þá X- 333.

Þ. 21061973 kemur síðan Volkswagenbifreið á G-78. Sú bifreið var áður R- 32974. Bifreiðin er árgerð 1967, rauð að lit, eigandi er Sigurbjörn Eiríksson. Þ. 24.10.1974 er bifr. síðan umskráð aftur og varð þá Ö-3365.

Þ. 24.10. '74 kemur svo á G- 78 rauður Volkswagen 1302 árgerð 1971. Eigandi Sigurbjörn Eiríksson, Alfsnesi. Þessi bifreið var áður R- 39121. Ekki hafa orðið neinar breytingar á skráningu eftir 24.10.1974.

Reykjavík 23.2.1976.

  
Halldór Sigurðsson.

Priðjudaginn 30. mars 1976 kl. 15:50 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Guðmundur S. Jónsson f. lo.ll. 1928 til heimilis að Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, s. 14574, skipstjóri á m/s Karlsey.  
Mætta er kunnugt um vitnaskylduna og áminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

" Eg hef nú sett mig í samband við rannsóknarlöggregluna, vegna auglýsingar hennar eftir ökumanni og bifreið, sem á að hafa ekið stúlkuna frá Keflavík til Grindavíkurvegar, þann 20. nóv. 1974.

Er ég tók eftir þessari auglýsingu mundi ég strax eftir síku atviki, en ég tók upp stúlkuna í Keflavík um haustið 1974 og ók henni í bifreið minni að mótmum Grindavíkurvegar.

Eg tók þessa stúlkuna upp við gatnamót vegarinn upp á Keflavíkurflugvöll, en þar stóð hún og veifaði mér. Ég stöðvaði bifreið mína og tók stúlkuna upp í. Ég man óljóst hvernig þessi stúlka leit út, en hún var grónn og frekar lítil vexti, skolhærð með frekar sítt hár. Um aldur get ég ekki sagt, en gæti verið um tvítugt.

Strax og stúlka þessi kom upp í bifreið mína, man ég það greinilega að hún bað mig aðeins um að aka sér að vegamótum Grindavíkurvegar, en hún kvaðst ætla að fara til Grindavíkur og sagðist mundu veifa öðrum bíl til þess að komast þangað.

Ég get ekki fullyrt um það á hvaða tíma dags þetta gerðist, nán heldur get ég dagsett pennan atburð nákvæmlega. Hins vegar minnir mig að ég hafi verið hjá dóttir minni í Sandgerði, nóttna áður og verið á leiðinni heim, en það gæti þá hafa verið að morgni til. Ekki tel ég út-lokað að ég geti bekkt þessa stúlkuna aftur.

Ekki ræddum við mikið saman á leiðinni að vegamótum Grindavíkurvegar, en þar stöðvaði ég og stúlkan fór út úr bifreiðinni, en ég hélt áfram ~~xix~~ áleiðis til Reykjavíkur.

Síðan gerðist það að stórá græn vörubifreið sem wirtist vera á leið til Grindavíkur, stöðvar hjá stúlkunni, en heldur svo áfram, en stúlkan fór ekki í bifreiðina. Þetta fannst mér skrítið að stúlkan færi ekki með vörubifreiðinni, þar sem hún hafði talað um að hún ætlaði til Grindavíkur og vörubifreiðin var á leið þangað.

Eg hélt nú áfram á bifreið minni, sem var af Skoda 1000 gerð, rauð að lit. Skráningarnúmer hennar voru G-9093, en ég hafði keypt bifreiðina um vorið áður.

Nokkru síðar man ég eftir því að stóð rauðbrún vörubifreið var ekið framúr minni bifreið, en þá tel ég að ég hafi verið staddur í hallanum á Stapanum og tel ég mig hafa séð þessa stúlku í framsæti bifreiðarinnar. Ekki get ég lýst þessari bifreið frekar, en ég man allvel eftir þessu. Fannst mér þessi hegðun all undarleg hjá stúlkunni, að fara úr bifreiðinni hjá mér, en fara svo sömu leið í annari bifreið.

A þessum tíma var ég stýrimaður á dýpgunarskipuni Gretti en það var við vinnu í Grindavíkurhöfn, um þetta leyti. Hins vegar hef ég nú gáð í dagbókina hjá mér og þá séð að á þessum umrædda tíma var ég ekki við vinnu, vegna þess að ég var handlama. Ég minnist þess að ég var hjá dóttír minni í Sandgerði, eina nótt um haustið 1974, eins og áður er getið og þá gæti þetta komið heim og saman við þann atburð sem um er rætt."

Matthías M. Guðm.  
rannsóknarlöggreglum.

Uppl. staðfest.


  
Guðm. Jónsson.

Priðjudaginn 30 mars 1976 kl. 16:00 er aftur mættur á skrifst. rannsóknarlöggreglunnar, Guðmundur S. Jónsson og skýrir svo frá, áminntur um sannsögli:

"Það hefur nú farið fram sakbending vegna þessarar stúlku og hef ég horft á nokkrar stúlkur í hóp, hér á skrifstofunni. Í þeim hóp fannst mér ein stúlka koma til greina að vera sú sama og ég tók upp í bifreið mína, sem fyrr er getið. Stúlka sú er skolhærð með sítt hár í dökkrauðri mussu og nankinsbuxum. Mér er nú tjáð að stúlka þessi heiti Erla Bolladóttir."

Matthías M. Guðm.  
rannsóknarlöggreglum.

Uppl. staðfest.



Miðvikudaginn 31. 3. 1976 kl. 11:35 mætir á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Ingimundur Magnússon, ljósmyndari, til heimilis að Kaplaskjólsvegi 55, Reykjavík, fæddur 14. 1. 1931 í Rvík.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er varðandi bifreiðir, sem hann hefur átt á undanförnum árum. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá, að nú eigi hann bifreiðina R-1495, sem sé pólskur Fiat 125, blár að lit. Hann hafi fengið þessa bifreið í happdrættisvinning hjá DAS um áramótin 1973-74. Aður hafi hann átt bifreið af Moskovich-gerð. Hann hafi keypt hana nýja árið 1967 og selt hana austur í Arnessýslu, er hann fékk happdrættisvinninginn. Að þóum þessum bifreiðum hafi verið skráningarnúmerkið R-1495. Þær tímasetningar sem gefnar eru hér að framan kvest hann telja réttar, en það atriði sé hægt að fá staðfest í Bifreiðaeftirlitini.

A framangreindu tímabili hveðst hann ekki hafa haft aðrar bifreiðir undir höndum.

*Grétar Sæmundsson*  
Grétar Sæmundsson  
lögreglum.

Upplesið staðfest,  
*Ingimundur Magnússon*  
Ingimundur Magnússon

Samkvæmt meðfylgjandi ljósriti af skráningarspjaldi bifreiðarinnar R-1495, þá var sú bifreið fyrst skráð 12. 12. 1972 og þá ný. Bifreiðin er af gerðinni Fiat 125 P., blá að lit.

*Grétar Sæmundsson*  
Grétar Sæmundsson  
lögreglum.

Fyrir skráningardagur  
AB-372 12.12.72

Fyrir skráningamúmer  
NYSKR.

154

Skráningamúmer

R- 1495

Skráningamúmer verður

Umhakrásningardagur

Tíðindi op gerð		Argið	Framleiðslustand		Litur
FIAT 125P		1973	Hestöfl	Slagrými	BLÁR
Vetur/þjúnumér	Vélarinnúmer	80	cm <sup>3</sup>	Innfl. nýtt/notað	Bensin/Diesel
126233	60302	Elgin þyngd	Framás	NYTT	BENSIN
Náðarðarfirman	Breidd	970 kg	kg	Aiturbás(ar)	Hlaðþyngd
aftan	m	Sérhbúnaður	kg	kg	kg
Heildarþyngi	Farþ. alls	Notkun	Tegundartala	Notkunarfl.	Skattfl.
kg	4 1	FOLKSB.	235	00	Upphafsst. afturbásum.
Dagsetning	Eink	Nafn númer		Tryggingarfélag	Skírteinisnúmer
12.12.72	LILJA GUNNARSD	6099-8035	HAGTR.		
	KAPLASKJOLSVEGUR 55	0000			

Mánudaginn 29. mars 1976, kl. 14,10, er mættur hér á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Ólafur Eyjólfsson, fulltrúi, til h. Háaleitisbraut 36, Reykjavík, sími 31292, f., s. 8.-2. "24.

Ólafi hefur verið kynnt tilefni skýrslutökunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli.

Eg starfa sem yfirmaður ~~xí~~ Ritsímans og er Bolli Gunnarsson undir stjórn minni þegar ég er á vinnustað.

Er ég var staddur í kaffistofu fyrirtækisins, um miðjan janúramánuð s.l., barst mér til eyrna, að nefndur Bolli hefði verið að bjóða áfengi til sölu innan stofnunarinnar. Í því sambandi var nefnt hollenskt Vodka og þótti mér það skrítið.


Þar sem ~~máx~~ vildi ekki að petta liðist, snéri ég mér til yfirmanns míns, Jónasar Guðmundssonar, yfirdeildarstjóri, ~~hg~~ tilkynnti honum um petta. Jónas mun hafa rætt petta við Bolla og er mér ekki kunnugt hvað þeim fór á milli.

Ég hefi ekki orðið var við, hvorki fyrr eða síðar, að Bolli hafi boðið áfengi til sölu.

Petta atvik mun hafa skeð fyrrihluta janúarmánaðar.

Skýrslutöku lokið kl. 14,20.

Upplesið staðfest,

  
Ólafur Eyjólfsson

Mánudaginn 29. mars 1976, kl. 16,45, er mættur hér á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Viggó Emil Bragason, yfir-símrítari, til h. Blikahólum 12, Reykjavík, sími 74212, f. 4.-ll. "42.

Viggó skýrir svo frá ~~effitrxmxx~~ áminntur um sannsögli, eftir að honum hefur verið kynnt tilefni skýrslutökunnar.

S.l. ellefu ár hefir ég unnið hjá Ritsímanum og þá hefi ég kynnt Bolla Gunnarssyni og einnig kynntist ég Erlu dóttir hans þegar hún starfaði með mér.

Síðarihluta janúarmánaðar eða í byrjun febrúarmaðar s.l. bauð nefndu Bolli áfneigi til sölu á vinnustað okkar og keypti ég þá af honum tvær flöskur. Mig minnir, að þarna hafi verið um að ræða hollenskt Vodka og greiddi ég fyrir hvora flösku kr. 2,500,00 eða fyrir báðar kr. 5,000,00. Viðskipti fóru þannig fram, að ég létt Bolla hafa peningana, en hann kom síðar um daginn, eða daginn eftir, og var þá merkt umslag til míni, sem á stóð "Þú átt tvær rúpur inni í skáp" og í umslaginu fylgdi lykill að skáp hans, og stóð það heima, að flöskurnar voru þar.

Astæðan fyrir því að viðskiptin fóru fram með þeim hætti, varð að Bolli hafði ekki flöskurnar meðferðis, en síðar vorum við ekki á sömu vakt.

Þetta er í fyrsta og eina skiptið sem ég hefi keypt áfengi af Bolla, eftir því sem ég man best. Við Bolli erum kunningjar og tel ég vist, að hefi hann hefur haft áfengi til sölu, þá hefði hann látið mig vita af því.

Nálægt því tímabili, sem nefnd Erla var að hætta störfum hjá Ritsímanum, keypti af henni eina flösku af J.B:S. viskíi, ekki man ég þó hvað ég greiddi fyrir flöskuna, en það var eitthvað undi útsöluverði A.T.V.R. Ég minnist, að hafa drukkið úr þessari flösku heima hjá mér og síðan sett hana inn í skáp. Síðar rakst ég á þessa sömu flösku, að ég taldi, og sá þá að hún var einkennd A.T.V.R. og datt með þá helst í hug, að ég hafi keypt af Erlu þýfi.

Áður hafði ég keypt eina flösku af henni, en man ekki hvaða tegun og taldi ég mig því vera að kaupa smygl. Eg man ekki hvað ég greiddi fyrir þá flösku, en hún mun hafa verið ódýrari en hjá A.T.V.R.

Pessi viðskipti fóru fram á vinnustaðnum.

Skýrslutöku lokið kl. 17,35.

Upplesið staðfest,

Viggó Bragason

Viggó Bragason

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Priðju **daginn** 6. 4. 1976 kl. 17:35 er mættur á

*Ikin af:*

Grétari Sæmundssyni  
löggreglumanni.

skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Bolli Gunnarsson,  
yfirsímrítari, til heimilis að Heiðvangi 5, Hafnar-  
firði, s: 51862, fæddur 1. 7. 1918 á Þingeyri,  
Dýrafirði.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrlunnar, sem er  
að spyrja hann um tengsl hans við tvö barna sinna  
Einar og Erlu, sem eru hálfsystkyn og tengsl peirra  
innbyrðis. Honum er bennt að hann hafi rétt til  
að neita að svara þeim spurningum sem hann verður  
spurður, þar sem þessi skýrslutaka er þáttur í  
rannsókn opinbers máls, þar sem börn hans eru  
grunuð um hlutdeild í afbrotamáli.

Aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

"Fyrri kona míni var Hjörðís Einarsdóttir og eignuð-  
umst við two syni, þá Einar og Bolla Þór. Mig  
minnir, að þeir hafi verið u.p.b. 3ja og 5 ára er  
ég skildi við móður þeirra. Einar ólst eftir það  
upp hjá móður sinni, en Bolli Þór ólst upp hjá  
móður minni og systur minni.

Tveim til þrem árum síðar giftist ég svo síðari  
konu minni, Þóru Erlu Ólafsdóttur. Með henni  
eignaðist ég 5 börn. Elst þeirra var drengur, en  
svo voru 4 telpur og er Erla næst elst af telpunum.  
Ég skildi svo við síðari konuma 1972 að mig minnir.

Eftir að ég skyldi við fyrri konuna þá um-  
gekkst ég syni okkar fremur lítið, en þær kom til,  
að ég flaug á millilandaflugvél hjá Loftleiðum, en

*Settur í varðhald:*

um lo ára bil starfaði ég í New York á vegum Lofteliða. Minnir mig að það hafi verið á árabilinu milli 1952 og 1962. Þetta átti sinn þátt í því að ég umgekkst syni mína minna en ella, þó umgekkst ég Bolla Þór meira en Einar. Meðan ég starfaði erlendis kom Einar einusinni í heimsókn til míni og dvaldi í um eina viku hjá mér. Ég umgekkst drengina þannig, að ég fékk þá í heimsókn til míni og einnig gaf ég þeim gjafir á jólu og afmælu þeirra. Þegar stærri stundir voru í lífi þeirra svo sem er þeir fermdust og urðu stútentar, þá hittust fjölskyldurnar, það er móðir þeirra og börn hennar með síðari manninum og einnig ~~Kennarmánnag~~ síðari kona míni og okkar börn.

Þegar Bolli komst af unglingsárum fór hann til náms erlendis og var þar 7 vetur við nám. Þá hitti ég hann ekki nema á sumrin, er hann vann hér heima.

Þegar Einar og Bolli Þór voru að alast upp, takmarkaðist samband mitt við þá nokkuð af því að síðari konan vildi síður að ég héldi nánu sambandi við þá. Hins vegar hafði móðir þeirra ekki á móti að ég umgengist þá.

Er ég skildi við síðari konuna flutti ég í leiguíbúð á Bergstaðastræti og þangað fluttu tvær elstu dætur okkar með mér, en þær voru þá um fermingaráldur. Þá fór samband mitt við Einar að verða nánara en áður var. Hann kom þangað til okkar í heimsókn ~~xxxxxx~~ og ég fór að fylgjast meira með honum í íþróttaiðkunum en áður var. Hann aðstoðaði mig svo síðar við að kaupa íbúð að ~~Hjókku~~ Hamarsbraut 11, Hafnarfirði. Það er að segja hann aðstoðaði mig ekki fjárhagslega, heldur á annan máta og þar á meðal lögfræðilega aðstoð, sem hann sá um. Í þessa íbúð flutti ég með Erlu, en Exx eldri systirin var þá flutt af landi brott. Einar bjó stutt frá þessari íbúð minni og var því um nokkurn samgang milli okkar að ræða vegna þess. Fyrir kom að ég heimsótti hann og við tókum glas sáman og þá kom einnig fyrir, að ég gisti hjá honum yfir nótt.

Ég varð ekki var við að Erla væri farin að umgangast Sævar á meðan við bjuggum á Bergstaðastrætinu, en ég man að mig var farið að gruna að hún neýtti eynhverra lyfja, þar sem mér sýndist að hún væri stöku sinnum undir einhvers konar áhrifum, þó ekki áfengis-áhrifum. Er við vorum flutt suður í Hafnarfjörð, þá vissi ég að hún var farin að umgangast Sævar. Ég taldi í fyrstu, að þetta væri

piltur sem henni þætti vænt um, eins og gengur með ungar stúlkur og skipti ég mér ekki af því í fyrstu. Eg fór svo að heyra, að verið gæti að Sævar neytti eytyrlyfja og seldi þau, jafnvel meðal barna. Ekki vissi ég sönnur á þessu, en ég ræddi þessi mál við Erlu og bað hana að slíta sambandinu við Sævar, en hún gerði ekkert með það. Ekki var um neitt rifrildi að ræða milli okkar vegna þessa. Eg ræddi þetta ekki við Sævar, en ég talaði um þetta við Einar. Einar vissi hug minn í þessu efni, en ekki bað ég hann, að hafa nein áhrif á Erlu í þá átt að slíta sambandi við Sævar. Mér er heldur ekki kunnugt um að hann hafi gert þeitt í því að fá hana til þessa, en þó finnst mér ekki ótrúlegt, að hann hafi gert það, er ég var kominn á spítala.

I nóv. 1973 veiktist ég af blöðtappa og var lagður inn á spítala. Þá bað ég Einar um að annast um íbúðina og sjá til þess, að Sævar flytti ekki þangað til Erlu. Gaf ég Einari fyrirmæli um að loka íbúðinni, ef með þyrfti í þessu efni. Eg var í um 5 mánuðum á spítala en eftir það flutti ég heim til Einars. Rétt er að geta þess, að er ég veiktist, þá bað ég um að Einar yrði láttinn vita og annaðist hann um míni mál á meðan ég lá og heimsótti mig. Hann bauð mér að flytja til sín,ær ég útskrifaðist, sem ég þáði enda var ég lasburða eftir veikindin.

Erla heimsótti mig á spítalann eins og hinar dætur mínar, en ég held að hún hafi ekki dvalist mikið á Hamarsbrautinni þann tíma sem ég lá. Heldur hafi hún verið mikið hjá vinkonu sinni, sem heitir Hulda og held ég að hún eigi heima á Bræðraborgarstíg. Mér er ekki kunnugt um hvort Sævar hefur eitthvað dvalist hjá henni á Hamarsbrautinni meðan ég var á spítalanum, en sú íbúð var seld fljóttlega eftir að ég útskrifaðist og held ég að það hafi ekki verið neitt á móti vilja Erlu.

Eg hef svo verið heimilisfastur hjá Einari síðan ég flutti til hans, sem áður sagði. Hvað varðar samband okkar Erlu eftir að ég fluttist til Einars er það að segja að það hélst svipað og áður. Eg hef lýst því eins ítarlega og mér er unnt í bréfi til Arnar Höskuldssonar fulltrúa og vitna ég til þess. Skömmu eftir að ég kom út af spítalanum fékk' eg styrk frá Félagi íslenskra símamanna, til að fara til útlanda, til hressingar, og tók ég Erlu með mér í þá ferð.

Eg varð ekki var við, að samband okkar Erlu breyttist nokkuð þótt ég dveldi alveg hjá Einari. Ekki fann ég heldur að þeirra

samband breyttist neitt. Þess má geta að í utanlandsferð þá sem við Erla fótum, þá fór lí ára gamall sonur Einars með okkur og fór með á með okkur öllum.

Eg hef ekki orðið var við að nein spenna skapaðist á milli Einars og Erlu. Þetta atriði hef ég hugleitt mikið og meðal annars leitt hugan að því hvort ég geti sjálfur hugsanlega hafa orðið til þess að spilla þeirra samkomulagi. Ekki get ég neitt fundið, sem gæti bent til þessa. Hins vegar er það að athuga, að þau tímabil komu, að Erla varð afhuga Sævari og til að mynda var það á síðastliðnu ári og flutti hún þá á Grundrstíg í Reykjavík. Kænn að vera að þá hafi hún farið að hugleiða þá stöðu sem komin var upp, að hún var orðin ein og ég fluttur til Einars, enda þótt hún hefði valið að búa hjá mér, er ég skildi við móður hennar. Eg var þó ekki var við neina öfund hjá henni í gærð Einars.

Eg útvegaði Erlu starf á ritsímanum og kom hún sér þar vel og var fljótt að tileinka sér starfsaðferðir. Eg gæl að hún hafi góða greind ~~en~~ búi yfir skapbrestum. Mér þykir ekki ósennilegt, að hún hafi leiðst út á afbrotabraut vegna neyslu lyfja og tengsla sinna við Sævar. Eg hef rætt við Erlu eftir að Einar var settur í gæsluvarðhald. Töluðum við um þessi mál og benti ég henni á að hún myndi vera völd að því að svo var komið. Spurði ég hana hvort hún tryði, að hann væri sekur ~~um~~ refsivert athæfi og hvort hún ætlaði ekki að vinna að því að það sanna kæmi í ljós og Einar yrði laus. Hún gaf lítið út á þetta, en talaði um að hún ætlaði sér að halda sig við sannleikann í málínu, enda væri hún búin að sjá að það væri best. Hún vildi ekkert segja mér um hvort hún teldi Einar sekan eða saklausan. Mér virtist framkoma hennar vera nokkuð örugg og eðlileg gagnvart mér í þetta sinn.

Eg vil geta þess, að þegar Geirfinnur Einarsson hvarf, þá var sá tími, að ég hafði talað um við Erlu að hún sliti sambandi við Sævar. Eg vissi að Einar var sama sinnis og vissi Erla það. Mér þykir því af þessu afarólklegt, að þeir Einar og Sævar hafi haft nokkur samskipti, svo sem virðist vera talið, af því sem heyrst hefur af rannsókn þessa máls.

Mér finnst sem ég hafi ekki gert upp á milli barna minna, eða alla vega var hugsun míni sú að gera það ekki eftir því sem ég hafði ástaður til og að framan er getið. Þó er rétt að fram komi að ef til vill hef ég í gegnum allt haldið mest upp á Einar þá sennilega

þar sem hann var frumburðurinn. Sem áður sagði tel ég mig hafa gætt þess að petta hafi ekki komið fram í samskiptum mínum við hin börnin.

Eg vil geta þess, að ártöl og tímasetningar sem getið er hér að framan kunna að skeika eitthvað, þar sem ég man þar ekki alveg greinilega, en þá er hægt að fá það staðfest nánar, ef á þarf að halda.

Eg man sjálfur ekkert fleira að segja í þessu sambandi, sem varpað getur ljósi á þessi mál, þótt ég feginn vildi það. Eg vísa í þessu efni til þess bréfs sem áður er getið og ég sendi Erni Höskuldssyni fulltrúa. Eg óska jafnframt eftir, að mér verði ekki hlýft við því að mæta í málinu, ef það má verða til þess að leysa málið."

Mætta er nú bent á að grunur leiki á að hann hafi selt áfengi. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli: "I þessu sambandi vil ég ekki leyra neinu. Mig minnir, að það hafi verið nú í janúar eða febrúar s.l. að Einar sagði mér að hann hefði fengið nokkuð af smygluðu áfengi. Held ég að það hafi verið allt að tveim kössum að magni. Taðað var um að selja eitthvað af þessu og bauðst ég til að taka með mér og selja eitthvað á vinnustað mínum. Tók ég með mér heilan kassa, en ekki man ég hvað það voru margar flöskur, og hafði ég kassan undir skrifborðinu á vinnustaðnum. Eg man að parna var um vodka að ræða, en ekki man ég hvaða styrkleiki var á því, eða hvaða tegund af vodka. Mig minnir að ég hafi selt petta um kr. 200-300 undir útsöluverði í ríkinu. Seldi ég allt úr kassanum parna meðal vinnufélaganna.

Mér er ekki kunnugt um hvær Einar fékk petta áfengi, en þó veit ég að sá sem seldi honum er farmaður og brýr á Seltjarnarnesi.

Eg veit ekki til þess að Einar hafi haft neitt annað smyglað áfengi undir höndum fyrr né síðar.

Eg létt Einar hafa andvirði þess sem ég seldi fyrir hann. Ekki veit ég hvað varð af því sem ég ekki seldi, en við drukkum eitthvað af því.

Eg man ekki hvort verið getur að Erla hafi heyrt mig tala um

þetta áfengi, en mig minnir að ég hafi minnst á þetta við móður hennar. Það er að segja, að ég vissi um ódýrt áfengi. Er ég hugsá nánar um þetta, þá hefur þetta komið upp á í janúar, þar sem Einar var settur í gæslu 23. jan. s.l. og búið var að sleppa Erlu."


Yfirheyrslu lauk kl. 20:20.

Vottur:



Hannes Thorarensen

Upplesið staðfest,



Bolli Gunnarsson



Grétar Sæmundsson lögreglum.

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Háðan af:  
Gísla Guðmundssyni  
löggreglum.

Miðviku daginn 7.4. 1976, kl. 10.25, mætir á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, tilh. að, Grýtubakka 10 sími 71282, húsmóðir f. 28.5.1930. N.nr. 7773-6638. Mætta er móðir Sævars Marinós Ciesielski, sem nú er gæzlufangi vegna alvarlegra afbrota.

Eftir: Skýrsla af  
móður, Sævars M.  
Ciesielski.

Örn Höskuldsson fulltr. yfirsakadómrar hefur óskað eftir því að mætta gæfi yfirlit um uppeldi og skapgerð sonar síns. Mætu er bent á 3. málsgrein 89 gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem henni er ekki skylt að bera vitni í máli sonar síns. Mætta kveðst vera fús til að gefa þær upplýsingar sem farið er fram á. Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

Grunaðir:

"Sævar er fæddur að Stórahofi í Gnúpverjahrepp, Árnessýslu þ. 6. júlí, 1955 og fluttist ég til Reykjavíkur þá um haustið. Faðir hans var, Michael Ciesielski frá Bandaríkjunum og kom hann með mér frá Bandaríkjunum um vorið 1955.

Sætar í varðhald:

Sævar var alveg eðlilegt barn og ólst upp hjá okkur hjónum hér í Reykjavík. Hann var ákæflega rólegt og meðfærilegt barn og engir erfiðleikar með hann í upp vextinum, þar til hann fór í Austurbæjarskólann líkl. 9 ára. Hann fór fyrst í Landakotsskóla þegar hann var 7 ára og var þar einn vetur, en þá fór hann í Miðbæjar skólann og var þar einnig í einn vetur.

Þá kom að því að hann fór í Austurbæjarskólann og vorum

við þá búsett að, Hverfsigötu 58 hér í borg. Þarna tel ég að ógæfa Sævars hafi **byrjað**, því hann lenti parna í miður góðum félagsskap. Sævari gekk illa að læra að lesa og stóð það honum fyrir þeim fum á hans skólagöngu.

Sævar byrjaði lo ára gamall að reykja og fór þá að vera mikið úti á kvöldin. Ekki varð ég vör við að hann drykki áfengi og hefur það alldrei verið hans veikleiki. Ég vann úti á þessum árum og gat því ekki litið nægilega vel eftir börnunum og fór það svo, að ég varð að **bíðja** Félagsmálastofnun Reykjavíkur um aðstoð til að koma Sævari út úr borginni.

Honum var útvegað pláss á Breiðuvík og lauk hann þar fullnaðarprófi með aðaleinkunninni 7.91, sem mér þótti mjög gott miðað við hans fyrri lærdóm. Eftir að hann tók fullnaðarpróf var honum komið fyrir að Reykjanesi við Ísafjörð þar sem hann átti að ljúka skyldunáminu. Honum var vísað úr þeim skóla um áramót fyrir að brjóta reglur skólans og **xkr** voru þrír piltar reknir úr skólanum með honum. Veit ég ekki hverjir það voru.

Sævar var fermdur Landakotskirkju þegar hann kom úr skólanum á Breiðuvík, þá 15 ára, eða einu ári seinna en jafnaldrar hans. Þegar hann kom til borgarinnar frá Reykjanesi, þá var ekki um meiri skólagöngu hjá honum að ræða og lenti hann þá í miklu reyðileysi og fór þá að vera með kunningjunum úr Austurbæjarskólanum.

Sævar hafði alldrei kraft í sér til að fá sér fasta vinnu og var greinilegt að hann var alls ekki heill heilsu og raunar fór ég einu sinni með hann í rannsókn til Guðmundar Oddssonar læknis, sem létt hann í heila- og hjartalínurit. Eftir þessa rannsókn sagði læknirinn að hann væri veill í hjartataugum og mætti kalla það "stress".

Þegar Sævar var 6 ára, þá var hann skorinn upp við kviðsliti og var þar um allmikla aðgerð að ræða og tel ég að hann hafi verið lengi að ná sér eftir þá svæfingu og aðgerð. Eftir það fannst mér bera meira á slappleika hjá honum og hefur hann sjálfur sagt við mig, að honum finnist hann ekki sá sami eftir.

Eftir að Sævar hætti í skóla, fór hann að kvarta um svimaköst og verk fyrir hjarta og tjáði Guðmundur Oddsson mér að þetta liti út fyrir að vera snertur af flogaveiki á lágu stigi. Mest bar á þessu ef hann var preittur og held ég að þetta sé fyrst og fremst ástæðan til þess, að hann fékk sér alldrei vinnu. Einu meðulin sem Sævar fékk var Diesepam og neytti hann þess þegar hann fékk köstin, að ráði læknisins.

Það var mjög áberandi hvað Sævar var lélegur að ganga eftir að hann ~~gengg~~ gekk undir uppskurðinn og var hann ekki mikið í leikjum með öðrum krökkum af þeim sökum.

Ekki er ég alveg klár á því, hvenær Sævar fór að vera með Erlu Bolladóttur, en ég held að það séu um þrjú ár síðan. Hún hefur tjáð mér að hún hafi fyrst tekið eftir Sævari í einhverju partíi þar sem allir voru meira og minna drukknir, en hann hafi verið alveg ódrukkinn og að upparta.

Sævar og Erla bjuggu fyrst hjá föður Erlu í Hafnarfirði og síðar á Hjallaveginum, en ég fékk alldrei að vita, hvar á Hjallaveginum það var, þó ég spyrði þau að því. Var greinilegt að einhver leynd var yfir því. Þau komu oft til míni í heimsókn og dvöldu hjá mér allt upp í vikutíma af og til, en alldrei varð ég vör við neitt óheiðarlegt í kringum þau og var alveg grunlaus um að nokkuð slikt gæti átt sér stað.

Alldrei hafði ég neit ~~þ~~ samþand við fólk Erlu, en faðir hennar hringdi þó nokkrum sinnum til míni, til að spyrja um hana. Fyrir jólin 1975 fóru þau ~~bæði~~ til Kaupmannahafnar, hún fyrst og hann hálfum mán. seinna. Hún kom svo á undan honum heim, ég man ekki hvenær það var, en minnir að það hafi verið í febrúar og hann kom eitthvað um mánuði seinna.

Eftir að hún kom heim var hún hjá mér í nokkra mánuði, þá var hún orðin ófrísk og oft lasin þess vegna. Þau fengu svo íbúð Kópavogi og var hún þar til heimilis þegar hún 61 barnið þ.24. sept.s.l. Ég fékk þá skýringu á Danmerkurför Sævars, að hann væri að selja filmur fyrir Vilhjálm Knudsen. Ekki spurði ég nánar út í það.

Eg tel mig ekki geta mikið meira ságt um æfiágrip Sævars sonar míns, en um föður hans er það að segja, að hann var ~~síkum~~ forfallinn drykkjumaður og slitnaði upp úr okkar samvistum þess vegna. Kannske hef ég dregið allt of lengi að gera það og veit ~~ég~~ <sup>áhrif</sup> að þetta ástand á föður dreggsins, hafði mjög slæm/á hann og allt heimilislífið.

Ekki varðeig vör við að Sævar væri með heift eða hatur út í neinn sérstakan mann, en það kom fyrir að hann réðist á mig, þegar ég var að skamma hann og reyna að siða hann til, en það stafaði ekki af því að hann ætlaði að vinna mér mein, heldur tók ég það þannig, að honum fynndist ég ósanngjörn í hans garð.

Ekki varð ég mikið vörvið að Sævar væri í innbrotum eða þjófnuðum, en ég veit það líka, að hann hefði þá síst farið að koma með slika hluti heim til míni, eða segja mér frá því. En sá félagsskapur sem Sævar lenti í þegar hann var í Austurbæjarskólanum ~~gerði~~ bað að verkum að hann var mikið úti á kvöldin og því ógjörningur að fylgjast með honum sem skyldi."

Skýrslutöku lokið kl.12,lo.

Vottur,

Halldór Sigurðsson.

*Halldor Sigurdsson.*

Upplesið staðfest,  
Sigurbjörn Guðjónsdóttir.  
Sigurbjörn Guðjónsdóttir.

Gisli Guðmundsson  
lögreglum.

I framangreindri skýrslu kemur ekki fram hvað móðir Sævars hefur vitað um peningamál hans, en á eftir sagði hún undirritum, að hún hafi ekki vitað mikið um hans peningamál eftir að hann fór að vera með Erlu. Hún kvaðstekki hafa vitað betur en hann væri alltaf peningalítill, enda alldrei í vinnu og oft hefði komið fyrir að hún hjálpaði honum um peninga.

Gisli Guðmundsson  
lögreglum.

# Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Mánudaginn daginn 5-4- 1976.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,  
áðalvarðstj.

Mætt er í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar  
frú Erla Ólafsdóttir, tilh. Stóragerði 29,  
sími 32138, í vinnu 27722. F.17-1-1931.

Mættu er birt tilefni yfirheyrsunnar.

Hún skýrir í því sambandi svo frá áminnt um  
sannsögli:

Eg giftist Bolla árið 1953 úti í New  
York . Erla fæddist árið 1955 í Reykjavík, en þá  
bjuggum við að Tómasarhaga 46, og síðan var hún  
hjá mér til 16 ára alðars. Hún var fyrst í  
Ísaksskólanum. Það er rétt að Erla var 4.ára

gömul er við hjónin fluttum aftur til Ameríku  
og þar byrjaði hún 5 ára í skóla, eða tímakennslu.  
Við fluttum aftur hingað árið 1962, en þá fór

Erla fyrst í Ísaksskólann, aðallega út af málínu,  
en þar minnir mig að hún hafi verið einn vetur,  
en þá fór hún í Hlíðarskólann, en síðan í Vogaskóla,  
er við fluttum og svo í Austurbæjarskólann, er  
eg flutti á Njálgsgötu, en þá skildum við Bolli  
um tíma, í fyrra skiptið, en það hefur verið 1970.

Erla kláraði gagnfræðaskólann þarna, en síðan flyt

eg inn í Alfheimi, en þá stóð til að Erla færi í Vogaskóla í landsprófsdeild, en það vildi hún ekki, en fór í Austurbæjarskólann og tók landspróf þar, en áður en hún byrjaði parna, flutti hún til föður síns, en á meðan eg var á Njálgsgötunni flutti Bolli til míni aftur um tíma, en svo skildum við alveg og vorum búin að því er eg fór inn í Alfheimi.

Áðurgreint tímabil, gat eg ekki fundið heitt athugavert við Erlu, en hún var þrjóskari en hinarr þrjár systur hennar og vildi fara sínu fram. Henni gekk mjög vel að læra og hafði gaman af því. Hún var þá ekki farin að vera neitt úti á kvöldin, en byrjaði á því er við fluttum í Alfheimana. Þegar við vorum á Njálgsgötunni, kynntist Erla stúlkuna, sem átti frænku vestur á Framnesvegi, og Erla fór að fara með henni þangað. Sú stúlka heitir Hulda og bróðir hennar Valdimar Olsen. Erla vildi fá að vera hjá þessarri Huldu og sofa hjá henni, en hún fékk það ekki á meðan hún var hjá mér og út af því urðu einusinni eða tvívar hurðarskellir. Eg vissi hinsvegar að Erla fór að sofa hjá þessarri Huldu, eftir að hún flutti frá mér til Bolla, en síðan var hún ekki hjá mér fyrr en núna á s.l. ári.

Pann 24. september s.l. ár, eignaðist Erla stúlkuna barn með Sævari, en þá fór eg að reyna að ná í hana til að reyna að ná henni út úr þeim vandræðum, sem mér fannst hún vera komin í með því að vera með Sævari. Eg hringdi nokkrum sinnum í Erlu og bauð henni að koma til míni, en hún vildi það ekki. Svo hitti eg Erlu á Kvennadaginn s.l. ár og talaði við hana. Erla kom svo til míni með barnið og upp úr því fór að ganga betur saman með okkur, en hún værtist vera alveg undir Sævars skipunum. Erla vissi að

mér var illa við samband hennar og Sævars, sem var ástæðan fyrir því að henni gekk illa að koma til míni.

Eg held að það hafi verið þegar eg var komin í Álfheimana og Erla þá verið 17 ára, sem mér fór að finnast hún vera undarleg í útliti stundum, og þá fór eg að hugsa um það hvort hún væri að taka einhver lyf. Eg spurði systur hennar hvort þetta gæti verið rétt hjá mér, en þær töldu það vitleysu. Eg þorði hins vegar aldrei að spyrja Erlu sjálfa um þetta. Í eitt skipti er Erla kom, fóru systurnar að spyrja hvort eg hefði ekki fundið lyktina af Erlu, er eg næfndi við þær að hún hefði verið undarleg. Sögðu að hasslykt hefði verið af henni, en þá var mig farið að gruna að Erla og Sævar væru í einhverju lyfjavesini, og reyndar hafði eg heyrt það utanað mér. Sævar vann aldrei neitt og eg var að hugsa um af hverju þau lifðu. Erla vann um tíma á símanum og sagði seinna að hann hefði láfað á sér.

Fyrir um mánuði síðan vildi Erla fá mig til að passa barnið fyrir sig og sagðist ætla í heimsókn til Huldu og spurði hvort eg hefði eitthvað á móti því, sem eg hafði og sagði henni mína meiningu á þessu, eða að hún færi að heimsækja systir manns, sem væri í gæzluvarðhaldi, en út úr þessu varð mikil deila á milli okkar. Erla sagði að það væri allt í lagi með Huldu, hún væri í Verzlunarskólanum núna og hætt í öllum lyfjum. Í þessu samtali, sagði Erla að það hefði verið hún, sem hefði kent Huldu að reykja hass, hún hefði ekki kunnað það er þær kynntust.

Eg get ekki sagt að Erla sé meira ósamsögul, en gengur og gerist, en hún er svolítið fantasiukernd.

Það hefur verið sumarið sem Erla varð 14 ára, sem hún fór með smá flugvél norður í land og hafði með sér afturlímdan bréfpoka með eplum og tyggigúmmi-pökkum. Eg held að það hafi ~~vara~~ verið einn annar farþegi, fullorðin kona, sem var óskaplega stórá og feit og gekk erviðlega að koma henni um borð, og svo einn flugmaður.

Nýlega sagði Erla mér frá því að er hún var í flugvélinni í þessum túr, hefði hún tekið epli og bitið í það og svo lagt það á stólbríkina hjá sér og fengið sér tyggigúmmi. Fengið leið á því og klesst því á stólbríkina og ætlað þá að taka eplið, sem var horfið. Sagðist hafa skriðið á milli stóllanna um gólfíð, en ekki fundið eplið og því spurt flugmanninn hvort gat væri á vélinni. Síðan ætlaði hún að taka tyggigúmmið, en þá var það einnig horfið. Svo er hún var komin til fólksins, sem hún ætlaði til, ætlaði hún að fara að bjóða epli og tyggigúmmi, en komst þá að raun um að pakkinn hafði ekki verið opnaður. Sagðist hafa munað hve mörg epli hefðu átt að vera í honum, og talið þau, og þannig komist að raun um að þau voru öll. Þetta hafði Erla ekki sagt mér áður.

Erla hefur sagt mér frá ferðinni í Slippinn í Keflavík og hverjir voru þar viðstaddir og mér skilst að það passi við það sem hún hefur sagt Viði og Erni. Það var mjög stutt eftir að Erla sagði þeim frá þessu, en þá var hún í uppnámi, en ekki í lyfjum. Svo höfum við talað um þetta öðruhvoru síðan, en þá hefur Erla verið í góðu ástandi, en sagan verið sú sama. Hefur ekki breyzt, og Erla er mjög róleg er hún talar um þetta. Eg get ekki sáð ástæðu til að ætla að Erla sé að skrökva

þessu, þó óneitanlega læðist að manni grunur um hið gagnstæða, sökum þess hve alvarlegt mál þarna er á ferðinni.

Eg hef aldrei orðið vör við að Erla sé illgjörn og hún er ekki eicingjörn.

Eg veit að Erlu hefur verið illa við Einar hálfbróðir sinn, en um orsökina fyrir því, veit eg ekki. Erla hefur sagt mér að Einar hafi sagt að það væri henni að kenna hvernig kemið væri fyrir Bolla, eða "að hún væri að setja hann í gröfina". Erla vill hinsvegar meina að Einar hafi eingöngu verið góður við Bolla, í þeim tilgangi að hafa af honum fé, og að hann sé búinn að hafa af Bolla allt það fé, sem hægt er. Þegar við Bolli skildum, átti hann enga peninga, en hinsvegar ein-hverjar skuldir, sem eg vissi ekki hvað var. Bolli hafði sagt dætrum mínum að hann hefði grætt milljón, eða vel það, á þessu húsi, sem Einar seldi fyrir hann, en skömmu seinna keypti Bolli bíl.

Um Einars háttalag veit eg ekkert.

Upplesið, játað rétt. Erla Ólafsdóttir.

N. Snehólm.

*urðið*

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Ilein af:

Ívari Hannessyni  
löggreglum.

Efni:

Grunaðir:

Sæti í varðhald:

Miðviku daginn 7.4. 1976, um kl. 23,00, var haft símasamband við undirritaðann frá löggreglustöðinni og greint frá því, að þangað væri væntanlegur piltur, sem hefði einhverjar upplýsingar um pakka, sem væri í fórum varnarliðsmanns á Keflavíkurflugvelli og þess getið, að pakkinn, myndi vera merktur, Valdimar Ólsen.

Undirritaður fór á löggreglustöðina og hitti þar að máli, Inga Þór Þorgrímsson nemanda í Flensborgarskóla, f. 28.5.1957, tilh. Svöluhrauni 10, Hafnarfirði sími 50651.

Ingi greindi mér frá því, að hann væri á námskeiði á vegum Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík og væri námskeiðið haldið suður á Keflavíkurflugvelli á miðvikudögum kl. 17,00-19,00.

Hann sagði mér, að er hann hefði lokið námskeiðinu í dag, hefði kennarinn, ROGER MCGINNIG v.s. 6112, komið að máli við sig og spurt hvort hann vildi ekki hringja fyrir sig í símanúmerin, 20011, eða 23334 í Reykjavík og láta vita, að hjá honum væri pakki, merktur Valdi Olsen og símanúmerinum, sem getið var um og einnig skráð á pakkann, Reykjavík.

Hann hefði einnig greint frá því, að flugmaður, sem hefði millilent á Keflavíkurflugvelli, hefði komið með pakkann, en ekki náð því að hringja og beðið hann um, að koma pakkanum til skila, en Ingi sagði, að sér hefði skilist, að hann hefði ekkert bekkt umræddan flugmann, en ekki sagðist hann þora að fullyrða, hvort hann hefði talað um, hvaðan pakkinn

væri kominn, en sagðist þó halda, að talað hefði verið um Bandaríkin. Hann sagðist strax hafa heyrt, að nafnið Valdi Olsen, kom honum kunnuglega fyrir og síðan munað, að maður með þessu nafni, væri í varðhaldi í Reykjavík og sagt Roger það og hefði þeim síðan komið saman um, að best væri að láta lögregluna í Reykjavík vita.

Eg reyndi að ná í umræddan Roger, en það tókst ekki, enda mun hann eiga heima í Keflavík og sambærmt upplýsingum ekki skráður með síma. Heimilisfang hans mun vera, Sunnubraut 13, Keflavík, en vinnustaður flugskýli, gengt flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

8.4.1976. Eg greindi Erni Höskuldssyni fulltrúa yfirsakadómara frá þessu xtrax og mætt var til vinnu.

Örn hafði síðan samband við Porgeir Porgeirsson lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, sem ætlaði að sækja pakkann og leita upplýsinga.

Undirritaður fór suður á Keflavíkurflugvöll, ásamt Halldóri Sigurðssyni lögreglum.

Porgeir lögreglustjóri, afhenti okkur pakkann á skrifstofu sinni á Keflavíkurflugvelli, en hér er um að ræða pakka, sem er að ummáli. líkt og skókassi og er brúnt bréf utanum og límt niður með breiðum brúnum límböndum. Pakkinn er merktur, VALDI OLSEN Tel. 20011, 23334, REYKJAVÍK. Porgeir sagðist hafa rætt við nefndan Roger, og hefði hann greint frá því, að flugmaður, sem hefði haft stutta viðvöl á flugvellinum, hefði beðið hann um, að koma skilaboðum í umrædd símanúmer og láta vita um pakkann. Porgeir sagðist halda, að Roger, hefði ekkert vitað deili á nefndum flugmanni.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

*"Okt."*

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Laugardaginn daginn lo-4- 19 76.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,  
aðalvarðstj.

I dag fór eg heim til Pórdísar Báru Hannesdóttur, tilh. Háaleitisbraut 113, sími 30152, 23 ára að aldri, en hún vinnur á ritsímanum, og Erla Bolladóttir vann þar með henni um tíma.

Eftirfarandi skrifaði eg eftir Pórdísi:  
Erla Bolladóttir

Eg byrjaði að vinna á ritsímanum í mai 1971. Mig minnir að Erla Bolladóttir hafi byrjað að vinna á ritsímanum í snatti, um haustið það ár og eftir það unnum við saman og á sömu vakt og seinna hlið við hlið. Erla hætti svo einhvern-tíman á árinu 1974.

Grunaðir:

Sættir í varðhald:

Mér líkaði vel við Erlu og fannst hún hressandi, og hún talaði mikið. Mér fannst hún hafa fjörugt í myndunarafl, án þess þó, að eg vissi til að hún segði ósatt. Hún talaði um að hún hataði móðir sína, því hún væri lítilfjöllegur karakter. Mér fannst hún vera beisk út í hana. Erla líkaði hinsvegar vel við föður sinn. Sagðist geta talað meira við hann.

Erla nefndi aldrei að hún væri trúlofuð, en sagðist vera með strák, Sevari, sem henni fannst

vera mjög ~~gæf~~<sup>gaf</sup> ~~sagður~~<sup>Sagður</sup>, en hún sagði engar sögur af honum.

Eg vissi aldrei til að Erla væri í lyfjum á meðan hún vann á ritsímanum, en eg vissi að hún hafði fiktað í hassi, áður en hún kynntist Sævari. Hann hefur því ekki komið henni í það.

Erla kom niður á síma í nokkur skipti eftir að hún hætti að vinna þar, og eg talaði þá við hana, en tók ekki eftir að hún væri orðin öðruvísí en hún átti að sér að vera.

Eg man að Erla kom stuttu eftir að Geirfinns-málið fór í gang, því eg fór að tala við hana um hvað þetta væri allt skrýtið eða undarlegt. Hún gaf lítið út á það. Mér fannst hún ekki vilja tala um þetta eins og allir aðrir gerðu.

Eg man að eg sagði við Erlu eitthvað á þá leið, hvort hún héldi að þeir myndu finna Geirfinn. Eg man að hún sagði eitthvað á þá leið, að þeir finndu hann aldrei. Mér fannst Erla ekkert öðruvísí í þetta sinn, en vanalega. Eg býst ~~á~~ alveg eins við að Erla gæti hafa komið eftir þetta um haustið, án þess að eg muni sérstaklega eftir því.

Pá man eg eftir því að barna um haustið, án þessu tímabili, kom Erla og sagði mér að hún hefði verið hrædd. Sagðist hafa verið í mannlusu húsi í Keflavík, að flýja undan einhverjum. Sævari að mig minnir, eða eg held að eg hafi tekið það bannig, því eg spurði einskis, en hélt áfram að vinna. Eg man meira að segja hvernig við sátum. Erla sagðist hafa verið með hálfan pakka af sigarettum, og verið í húsinu um nóttina, að mig minnir, og síðan farið í bæin næsta morgun, á puttanum, að mig minnir.

Pórdís sagðist ekki geta munað, a.m.k. ekki í bili, nákvæmlega hvenær Erla hefði sagt sér þessa sögu.

Hvort það hefði verið áður en farið var að tala um Geirfinn, eða á eftir, en það hefði sem sagt verið á því tímabili. Hún sagði að sér hefði skilist, að þetta atvik hefði verið nýskerð, er Erla sagði henni frá því, og kanske hefði það átt sér stað daginn áður, því hún sagðist einskis hafa spurt.

N. Snaehólm.



Pórdís B. Hannesson.

bjóðum hefði vildi að óskum meðan ég var með. Það  
get ekki tekið til sínar óskarinnar, en óskarinnar  
till Þórmörkum, óskarinnar þar sem óskarinnar  
vegas orðrás, og óskarinnar þar sem óskarinnar  
kallaða örðum, og óskarinnar óskarinnar til óskarinnar  
hvæt henni með óskum hefði kvöldi. Það var, sem óskarinnar  
vegas þessar óskarinnar óskarinnar óskarinnar óskarinnar  
það er ég það óskarinnar óskarinnar óskarinnar  
mál. Það var óskarinnar óskarinnar óskarinnar óskarinnar  
og óskarinnar óskarinnar óskarinnar óskarinnar óskarinnar  
mér.

Allspurð óskarinnar óskarinnar óskarinnar óskarinnar  
hefði undir óskarinnar óskarinnar óskarinnar óskarinnar

*Hótel Íslands  
Hótel Íslands  
Íslegsgjum.*

28/4 1976

Miðvikudaginn 7. 4. 1976 kl. 17:40 er mætt á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Guðfríður Sigursteinsdóttir, ráðskona, til heimilis að Stóra-Hofi, Rangárvallasýslu, dvalarstaður að Laufásvegi 17, Reykjavík, fædd 14. 4. 1952 í Borgarnesi.

Henni er kynnt tilefni yrirheyrslunnar, sem er að spyrja hana um hvað Sigurbjörn Eiríksson var staddur að kvöldi dags 19. 11. 1974 og fleiru í því sambandi. Henni er bent á, að henni sé óskyld að svara spurningum vegna tenglsa hennar við umræddan mann. Eftir það skýrir hún svo frá áminnt um sannsögli:

"Eg hef verið sambýliskona Sigurbjörns Eiríkssonar rúmlega 3 s.l. ár.

Hvað varðar þá spurningu, sem hér er um að ræða, hvar Sigurbjörn hafi verið að kvöldi 19. 11. 1974, er það að segja, að ég get ekkert fullyrt um það. Æg man að ég sá bréf það sem sent var til Dómsmálaráðuneytisins, þar sem Sigurbjörn bar fram kvörtun, vegna orðróms, þess efnis að hann tengdist eitthvað hinu svokallaða Greirfinnsmáli. Ekki kom þá neitt til tals milli okkar hvar hann hefði verið umrætt kvöld. Æg varð ekki fyrir ónæði vegna þessa orðróms og ekki man ég til að hafa orðið vör við hann það er ég heyrði ekki talað um Sigurbjörn í sambandi við petta mál. Það var aldrei talað um hvar hann hefði verið umrætt kvöld og svo sem að framan segir, þá get ég ekki rifjað það upp fyrir mér.

Aðspurð fullyrði ég, að ég varð aldrei vör við, að Sigurbjörn hefði undir höndum smyglað áfengi."

*Gretar Sæmundsson*  
Gretar Sæmundsson  
lögreglum.


Upplesið staðfest,  
*Guðfríður Sigursteinsdóttir*  
Guðfríður Sigursteinsdóttir

8. apríl 1976 kl. 12:20 er mætt í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar sem vitni í máli þessu, Helga Gísladóttir húsmóðir til heimilis að Framnessvegi 58 B hér í borg ~~xix~~, fædd 11. 5. 1955 í Hafnarfirði.

Mættu er kunnugt um vitnaskylduna, svo og tilefni yfirheyrslunnar, en það er hvaða vitneskju hún hafi um athafnir eða verustaði þeirra Sævars Ciesielski, Erlu Bolladóttur og Kristján Viðars Viðarssonar dagana 19. og 20. nóv. 1974.


Mætta skýrir frá eftirfarandi: Æg þekki þau Sævar Ciesielski, Erlu Bolladóttur og Kristján Viðars Viðarsson. Óxí þau öll hef ég umgengist, aðallega þó Sævar. Dagana 19. og 20. nóv. 1974 er alveg útilokað, að ég hafi haft nokkuð samneyti við þetta fólk, eða viti hvað það þá að-hafðist eða hvar það hvaldi.. Í september eða október 1974 fór ég til Vestmannaeyja og ~~gerðist þar með sér~~ starfaði þar í fiskvinnslustöð Fiskiðjunnar og bjó að Kirkjuvegi 15. Hingað til borgarinnar kom ég svo ekki aftur fyrr en í desember rétt fyrir jólin. Að vísu kom ég einu sinni hingað til borgarinnar um helgi og fór á dansleik. Það var skömmu áður en ég kom hingað alkomin, en ekki hitti ég mitt af fyrrgreindu fólk, svo ég muni. Þetta var á föstudagskvöldi eða laugardagskvöldi sem ég fór á dansleikinn og var hann í samkomuhúsini Tjarnarbúð. Hugsast getur, að ég hafi hitt eitthvað af þessu fólk, þegar ég hugsa mig betur um, en ég man það ekki fyrir víst. Að þessum tíma var ég nokkra róðra á m/b Jóni Helgasyni frá Þorláksshöfn, sem lagði upp í Vestmannaeyjum. Báturinn kom til Þorlákshafnar um helgi og þess vegna fór ég hingað til borgarinnar. Þegar ég hugsa mig betur um, þá kom ég í annað sinn hingað til borgarinnar, meðan á dvöl minni í Vestmannaeyjum stóð. Það var nokkuð fyrr, en sú ferð, sem ég hef lýst. Hvort ég hitti þá eitthvað af þessu fólk, það man ég ekki, en þá fór ég einnig á dansleik í Tjarnarbúð. Í þæði skiptin kom ég hingað til borgarinnar á föstudagskvöldi og fór aftur á sunnudeginum næsta á eftir.

Yfirheyrslu lauk kl. 12:45.

Vottur:   
Sigurður V. Eggertsson.

Upplesið, staðfest:

  
Helga Gísladóttir

  
E. N. Bjarnason löggreglum.

8.. apríl 1976. Bl. 180. Is működik a működésre vonatkozó lemezekben előírt minden részletekben. Az összes működésre vonatkozó lemezben előírt minden részletekben.

I dag um kl. 13:30 hringdi Helga Gísladóttir hingað í skrifstofuna. Hún kvaðst ~~skrá~~ hafa farið að athuga nánar tímasetningar varðandi komu sína frá Vestmannaeyjum vetrurinn 1974. Þessa athugun gerði hún í sambandi við launaseðla frá þeim tíma. Helga sagði, að hún myndi hafa komið hingað til borgarinnar alkomin frá Vestmannaeyjum um miðjan nóvember 1974, en ekki í desember, eins og hún hafði hér skýrt frá. Hitt stæði aftur á móti óhaggað, að hún vissi ekki um ferðir eða gerðir þeirra Sævars Ciesielski, Erlu Bolladóttur og Kristjáns Viðars Viðars-sonar dagana 19. og 20. nóvember 1974.

Savirkar og skrifstofur eru nu vegjus klæðum eins, en ekki sú  
áður var með tilgangi og lægði. Þann er ófærað minn þessi ág  
þegar er umskipti milli þeirrar  
elstu dina f. ferk til Þjórellei  
sviðverar eða þjórellei varð þó  
síðan og ekki heim á milli húsa

8. apríl 1976 kl. 13:30 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar sem vitni í máli þessu Viggó Guðmundsson verkam. til heimilis að Gyðufelli 14 hér í borg sími 72079, fæddur 14. 9. 1948 í Rvk.

Mætta hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og tilefni yfirheyrlunnar, en það er hvort hann viti eitthvað um gæ ferðir eða gerðir þeirra Sævars Ciesielski, Kristjáns Viðars Viðarssonar og Erlu Bolladóttur dagana 19. og 20. nóv. 1974.

Hann skýrir frá eftirfarandi: Eg kannast vel við þá Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson. Erlu Bolladóttir hef ég aftur á móti aldrei séð og þekki ekki í sjón, en ég veit, að hún mun hafa verið sambýliskona Sævars. Fyrst kynntist ég þeim Sævari og Kristjáni Viðari á árinu 1972 og var það í gegnum leiguakstur, en þá og af og til síðan, hef ég ekið leigubifreið. Öll kynni míni af þeim Sævari og Kristjáni vo ru vegna akstursins, það er, að ég ók þeim hingað og þangað. Utan starfsmáins hafði ég engin samskipti við þá félaga, nema hvað Sævar bauð mér eitt sinn í ferð til útlandi, hverja ég þáði og ég hef tvívar eða þrisvar tekið þá félaga upp í einkabifreið mína og ekið þeim á milli húsa án endurgjalds.

Hvar þeir Sævar og Kristján Viðar voru dagana 19. og 20. nóv. 1974, hef ég enga hugmynd, eða hvað þeir þá að höfðust. Þaðan af síður veit ég um ferðir eða gerðir Erlu á þeim tíma. Ég hætti að aka leigubifreið í september eða náktóber á árinu 1974 og ók ekki leigubifreið meira það árið.

Yfirheyrslu lauk kl. 14:15.

Upplesið, staðfest:

  
E. N. Bjarnason

lögreglum.

  
Viggó Guðmundsson

kl. 17:40

8. apríl 1976 er mætt í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, sem vitni í máli þessu, Jónína Ingibjörg Gísladóttir til heimilis að Laugavegi 46 a, Rvík., sími: 24113, fædd 9/5 1952 í Seyðisfirði.

Mættu er kunnugt um vitnaskylduna svo og um tilefni yfirheyrlunnar, en það er hvaða vitneskju hún hafi um athafnir eða gerðir þeirra Sævars Marinós Ciesielski, Kristjáns Viðar Viðarssonar og Erlu Bolladóttur dagana 19 og 20 nóv. 1974.

Mætta skyrrir frá eftirfarandi: Eg þekki Sævar nokkuð, en Erlu þekki ég lítið og hef ég lítilsháttar rætt við hana. Kristján Viðar ~~Viðar~~ þekki ég nánast ekki neitt nema af afspurn. Ég hef aldrei talað við hann, en ég man þó að hann kom heim til míni að Laugavegi 24, ásamt Sævar, og töluð þeir þá við Helgu Gísladóttir, sem þá bjó þar einnig.

Ég flutti á Laugaveg 24 í maí mánuði 1974 ásamt Helgu Gísladóttur. Í júní þá flutti að mestu til míni unnusti minn Albert ~~Khian~~ Skaftason. Sævar kom á Laugaveg 24 öðru hvoru þarna um sumarið, það er að segja á meðan að Helga var búsett þarna. Ég man það að í sept. 1974 þá bannaði ég Sævari að koma inn fyrir dyrnar heima hjá mér og veit ég ekki til þess að hann hafi komið þar eftir það.

Eftir að ég flutti á Laugaveginn þá hafði ég mjög lítil samskipti við þetta fólk og hitti það mjög sjaldan. Ég er alveg fullviss um það að ég veit ekkert um verustað þessa fólks eða athafnir 19. og 20. nóv. 1974.

Ég vil taka það fram að Helga Gísladóttir flutti af Laugaveginum í september mánuði <sup>1974</sup>, að mig minnir og fór hún þá til Vestmannaeyja.

Yfirheyrslu lauk kl. 18:05.

Upplesið, staðfest.

Ingibjörg Gísladóttir  
Ingibjörg Gísladóttir.

Sigurbj. V. Eggerthss.

löggreglum.

10. apríl 1976 kl. 14:30 er mætt í skrifstofu rannsóknar-löggreglunnar sem vitni í máli þessu Hulda Margrét Waddell nemandi til heimilis að Framnessvegi 61 hér í borg sími 20011, fædd 10. 7. 1955 í Rvk.

Mættur hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og þar með, að henni er ekki skyldt að svara spurningum vegna skildxleika hennar við hálfbróður hennar Valdimar Ólsen.

Mætta kvesőt samt sem áður vilja gefa skýrslu í máli þessu og skýrir frá eftirfarandi: Við systynin, það er ég og Valdimar, höfum búið saman að Framnessvegi 61 í um 4 ár, að frá-dregnu tímabilinu í janúar 1974 til í september sama ár, en þann tíma bjó ég í U.S.A.

Ég hef hér sérstaklega verið spurð um gerðir og gerðir Valdimars dagana 19. og 20. nóvember 1974. Í þaím mánuði þá vann ég töluvert með Valdimar við bókhaldsstörf fyrir samkomuhúsið Pórskaffi Kér í borginni, en á þeim tíma sá hann um bókhald fyrir samkomuhúsið og Hótel Valhöll á Þingvöllum. Þetta gerði hann í aukavinnu, því hann starfaði á daginn í skrifstofu Eimskipafélagsins h/f. Ég var í skóla og vann því aðeins með honum á kvöldin og um helgar, þá að-allega um helgar. Þegar við unnum um helgar, þá unnum við oftast frá um hádegi fram að kvöldmatartíma, en á kvöldin vann ég með honum frá því eftir kvöldmat og til svona 22:00 til 23:00. Ekki vann ég með honum á hverju kvöldi og mér er algjörlega ómögulegt að segja til um hraða kvöld það voru. Ég get því ekki sagt til um með minni vissu hvort ég var að vinna með honum að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Það er vel hugsanlegt, en alls ekki víst. Ég fekk ekki greitt fyrir þessa vinnu mína beint frá samkomuhúsínu, heldur lét Valdimar mig hafa vasapeninga öðru horu. Vinnan fór ~~fram~~ í skrifstofu samkomuhússins. Eftir að við hifðum lokið vinnu í Pórskaffi á kvöldin, þá ók Valdimar mér venjulega eitthvert þangað, sem ég ætlaði, eða við fórum bæði him. Þegar ég fór eitthvað annað, þá held ég, að hann hafi oftast verið sofnaður, þegar ég kom heim, sem oftast var um miðnættið. Hitt er annað, að vel getur verið, að út af þessu hafi brugðið, án þess ég muni sérstaklega eftir því og hann hafi þá jafnvel verið fjarverandi næturlangt. Um þetta vil ég ekkert fullyrða. Eftir því, sem ég best man, þá mætti Valdimar ætið til vinnu sinnar hjá Eimskipafélagi Íslands h/f á mrgnana, en frá því geta auðvitað

verið undantekningar.

Af og til voru haldið samkvæmi hiema hjá okkur og stóð Valdimar þá ýmist fyrir þeim, eða kunningjar hans komu í heim-sókn. Hvað hann vitti í þessum smvkæmum, eða hvað drukkið var, það skal ég ekki segja um, ég var aldrei að veita því fyrir mér. Ég man ekki til þess, að ég hafi séð Valdimar eða aðra hima hjá okkur hafa um hönd áfengi, sem ég hefði haft ástæðu til að ætla, að ekki væri frá A.T.V.R, en um Það atriði vil ég alls ekki fullyrða, slíkt gæti ó hafa átt sér staðk án þess ég tæki eftir því. Ég veit ekki til þess, að Valdimar hafi staði í eða staðið í sm andi við meðhöndlun á ötölluðu áfengi, en hitt er annað, að hann hefði ábyggilega ekki farið að segja mér frá því, þótt svo hefði verið.

Ég þekki þau Erlu Bolladóttur, Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson. Aðallega þekki ég Erlu, því við vorum um nokkurn tíma nokkuð nánar vinkonur, eða þar til á árinu 1974. Þá má segja, að ég hafi slitið sambandi við hana að mestu, því mér fannst hún vera orðin nokkuð mikið uppþregjandi. Samt sem áður höfum við talast við í síma af og til síðan, eða réttara sagt nú eftir síðustu áramót. Áður, eftir að ég sleit smaandi við hana, þá hittumst við aðeins af til-viljun og töluðum þá saman. Þegar Erla hefur hringt til míni að undanförnu, þá hefur það ekki verið af neinni sérstakri ástæðu, heldur höfum við aðeins rabbað um daginn og væginn. Þar sem við Erla vorum nokkuð nánar vinkonur, þá fór ekki hjá því, að hún segði mér um sína hagi og ég henni um mína. Fjölskylda hennar bar hún stundum á góma, eins og fleiri og man ég ekki til þess að hún legði illt orð til neinna úr hennar fjölskyldu, nema þá klst systur sinnar Lindu. Ég man einu sinni eftir því, að hún talaði ekki vel um Einar bróður sinn og var það um það leiti, sem faðir þeirra mun hafa veikst. Ástæðan var sú, að hún sagði Einar kenna sér um þessi veikindi bróður þeirra. Um Sævar talaði Erla að sjálf-sögðu stundum og virtistjmér, að vel færi á með þeim, nema hvað henni fannst hann ekki hafa nögan tíma til að sinna hnniþ.

Kristján Viðar þekki ég síðan ég var í barnaskóla, en þá vorum við saman í bekk. Á þím tíma var ég hrædd við hann, því hann var kallaður "hrekkjusvín". Hann hefur í seinni tíð komið nokkrum sinnum heim til míni og þá í fylgd með Erlu og Sævari, en annað hef ég ekki af hnum að segja og veit ekkert um hann.


Sævar pekki ég ekki mikið og hef aðllega kynnst honum í gengum Erlu. Mér hefur alltaf fundist hann nokkuð víðsjárværður persónuleiki og á ég þá við það, en maður vissi aldrei hvar maður hafði hann. Um þetta hugsaði ég ekki meðan ég umgekkst hann, heldur hef ég verið að gera mér grein fyrir þessu nú eftirá.


Um skammbryssu þá, sem Valdimar á, veit ég ekki mikið. Eg held hann hafi keypt hana eitt sinn, er hann var á ferðalagi á Spáni. Ekki veit ég til hvers hann notaði byssuna, nema til þess að skjóta í mark og var hann að því, að ég held einshversstaðar suður á Vatnsleysuströnd. Aldrei var ég með honum, þegar hann var að þessu. Þessi þessa var geymd í læstum skáp í íbúðinni, en um kvöldið daginn, sem Valdimar var handtekinn, þá kom Ásgeir Hannes Eiríksson góður vinu Valdimars heim til mína. Hann sagði mér, að Valdimar hefði verið úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhamð vegna hins svonefnda "Geirfinnsmáls". Þetta mun hafa verið um kl. 19:00 til 20:00.. Ásgeir Hannes vissi, að Valdimar átti þessa skammbryssu og talaði um, að réttast væri, að hann tæki byssuna í sína vörslu, því það gæti aldið einhverjum missilningi, ef lögreglan gerði húsleit og fyndi byssuna.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:30.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

  
Torfi Jónsson  
Torfi Jónsson

  
Hulda M. Waddell  
Hulda Margrét Waddell

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

10. apríl 1976 kl. 18:20 er mætt í skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar sem vitni í máli þessu Björk Valsdóttir til heimllis að Lundabrekku 10, Kópavogi, sími: 41491, fædd 12/1 1948.

Mættu hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og þar með að henni er ekki skylt að svara spurningum, þar sem að hún er eiginkona grunaðs Magnúsar Leópoldssonar.

Mætta kveðst samt vilja gefa skýrslu í máli þessu, og skýrir hún frá eftirfarandi: "Eg hef verið gift Magnúsi í átta ár og þar að hefur hann unnið við rekstur veitingahúsanna Glaumbærar og Klúbbsins sl. 6 ár. Magnús hefur unnið mikið sjálfur við veitingahúsin og sjaldan tekið sér frí. Þú upp á síðkastið hefur hann þó reynt að taka sér frí á sunnudögum.

Varðandi vitneskju míni um hvar hann var staddur og hvað hann aðhafðist 19. og 20. nóv. 1974, þá veit ég það að hann fór í vinnu í veitingahúsið Klubbinn um kvöldið 19. nóv. 1974 og gæti ég trúáð því að klukkann hafi verið um 21:00 þegar að hann fór að heimann. Hins vegar veit ég ekki hvenær hann kom frá vinnu um nöttina þar sem að ég var sofnuð, en í rúmminu sínu var hann þegar að ég vaknaði um morguninn.

Eg er þess full viss að ekki hefur verið selt smyglað áfengi í veitingahúsinu Klubbnum. Eg get ekkert sagt til um það hvað Magnús aðhafðist eftir að hann fór að heimann nema það að hann mætti til vinnu. Eg vil aðeins breyta því sem áður er komið fram, þ.e. að það er ekki víst að ég hafi verið sofandi þegar Magnús kom heim til ~~xix~~, en allavega man ég ekki eftir því þegar hann kom. ~~xx~~

Yfirheyslu lauk kl. 19:00.

Upplesið, staðfest.

*Björk Valsdóttir*

Björk Valdóttir.

*Sigurbj. V. Eggerthss.*  
Sigurbj. V. Eggerthss.  
lögreglum.

11. apríl 1976 kl. 16:00 er kominn í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar sem vitni í máli þessu Amundi Rögnvalds-son nú vélstjóri á m/b Húnaröst AR 150, til heimilis að Höru-götu 12 hér í borg sími 26133, fæddur 16. 1. 1935 á Hvamms-tanga.

Amundi er kominn hér sjálfviljugur og af eigin hvötum til þess að bera vitni í máli þessu, og eftir að honum hefur verið gerð ljós vitnaskyldan, skyrir hann frá eftirfarandi: Í nóvember-mánuði 1974 starfaði ég við flutninga á tómum síldartunnum frá Siglufirði, fyrst hingað til borgarinnar, en svo til Keflavíkur. Við vorum tveir, sem önnuðumst þessa flutninga og ókum sitthvormi vörubifreiðinni. Ég ók vöru-bifreið af tegundinni Bedford, rauðri að lit með svörtum aur-brettum. A palli bifreiðarinnar voru háar grindur. Við lögðum venjulega af stað frá Siglufirði síðari hluta dags eða að kvöldi og ókum þá venjulega að Varmahlíð eða á Blönduós og gistum þar. Næsta dag ókum svo við hingað til borgarinnar og gistum hér. Priðja daginn ókum við svo til Keflavíkur og löguðum af stað um kl. 06:00. Í Keflavík var ætíð mannsskap-ur til reiðu til þess að losa bifreiðarnar, en losunin tók um 1/2 klukkustund. Strax eftir losun lögðum við svo aftur af stað til Siglufjarðar og ókum þá leið venjulega í einum áfanga.

Ég tók eftir því, er rannsóknarlöggreglan lýsti eftir í fjöldum ný fyrir skömmu, ökumanni fluttingabifreiðar, sem hugsanlega hefði tekið stúlkum upp í bifreið sína við vega móti Grindavíkurvegar og Reykjanessbrautar að morgni 20. nóv. 1974, og ekið kinni til Hafnarfjarðar. Lýst var eftir malar-eða grjótflyttingabifreið, en svo mundi ég allt í einu eftir því, að ég hafði verið að aka þessa leið á fyrrnefndum tíma. Ég skráði hjá mér allar ferðirnar frá Siglufirði og hvaða daga og hvar ég losaði farminn verju sinni. Samkvæmt þessu bókhaldi mínu, þá hef ég losað farm í Keflavík að morgni þess 20. nóv. 1974. Það þýðir, að ég hef verið akandi á leið hingað til borgarinnar um Reykjanessbraut þann morgunn og þá lagt af stað um kl. 09:30Q

I einni af þessum ferðum man ég eftir því, að ég tók upp í bifreiðina stúlkum á Reykjanessbrautinni ca. 400 m hérna megin móta Grindavíkurvegar. Stúlkum þessi var ein síns liðs og fannst mér núna vera illa búin, því kalsaveður var, en

þó ekki frost eða snjór. Mig minnir, að einhver ~~xing~~ rign-  
ingarsuddi hafi verið, í það minnsta öðru hvoru og nokkur  
vindur, en ekki man ég af hvaða átt hann blés. Ekki treysti  
ég mér til þess að lýsa klæðnaði stúlkunnar nánar, en mér  
fannst hún ekki nógu vel búin til þess að vera á ferð fót-  
gangandi í svona veðri. Ég spurði stúlkuna hvaðan hún væri  
og kvaðst hún eiga heima í Njarðvíkunum. Ég spurði þá hvort  
hún væri búin að ganga þaðan og jankaði hún því. Hún sagði,  
að hún væri á leið til Reykjavíkur, en bifreið hennar hefði  
ekki farið í gang og þess vegna hefði hún lagt af stað fót-  
gangandi. Ekki man ég til þess, að stúlkan segði mér meira  
um sína hagai, enda held ég, að við höfum lítið rætt saman  
á leiðinni. Ekki ætlaði stúlkan beinstu leið hingað til  
borgarinnar, heldur ætlaði hún fyrst til Hafnarfjarðar, að  
mér skyldist til þess að heimsækja eitthvert skildfólk.  
Venja míni var sú, að aka ætíð Reykjanessbrautina ofan við  
Hafnarfjörð í þessum ferðum mínum, en nú ók ég inn í bæinn  
að sunnanverðu og gerði það beinlínis til hægðarauka fyrir  
stúlkuna. Hún fór svo úr bifreiðinni á Strandgötunni rétt  
á móts við kirkjuna. Stúlkan þakkað mér kærlega fyrir akst-  
urinn og ég ók svo af stað. Um kvöldið þennan dag hitti ég  
félaga minn Geir Hreiðarsson í Staðarskála í Hrútafeirði og  
sagði ég honum þá frá þessu atviki. Síðast þegar ég vissi,  
átti Geir heima í fjölbýlishúsi við Hraunbæ, ekki man ég  
númer hvað, en það var í einu af efstu húsunum.

Um það spurður hvort ég hafi ekið fram úr nokkurri bif-  
reið á Reykjanessbrautinn á leið minni frá Keflavík þennan  
morgunn, þá man ég ekki sérstaklega eftir því. Hitt er annað  
að ég hef örugglega ekið bifreiðinni eins hratt og mér hefur  
verið unnt og þá vaflalaust ekið fram úr einhverjum bifreiðum,  
ég tala nú ekki um ef þær hafa verið fremur hægfara.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:05.

Upplesið, staðfest:

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

  
Amundi Rögnvaldsson

11. apríl 1976. Í dag sá Amundi Rögnvaldsson Erlu Bolladóttir, ásamt fjórum ~~þær~~ öðrum stúlkum, Kér í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar. Ekki bekkti Amundi neina þessara stúlkna sem stúlku þá, sem hann tók upp í bifreið sína ~~skammt~~ á Reykjanessbraut skammt frá mótum Grindavíkurvegar að morgni dags í nóvember 1975 1974. Hann sagði, að samt gæti stúlkan hugsanlega hafa verið í hópi þessara stúlkna, bótt svo hann ~~haf~~ hafi ekki bekkt hana.

E. N. Bjarnason  
löggreglum.

Miðvikudaginn 14. apríl 1976 kl. 15.00 kom í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, sem vitni í máli þessu, Páll Konráð Konráðsson Þormar til heimlis að Öðins götu 8 a, Rvík., s̄mi: 13776, fæddur 2/7 1953 í Reykjavík.

Mætta er kynnt tilefni yfirheyrlunnar, en það er hvort hann hafi orðið var við símhringingu til Kristjáns Viðars Viðarssonar sem hugsanlega hefði verið staddur í húsinu Laugaveg 32, þann 19. nóv. 1974, ásamt Páli.

Mætta er kunn vitnaskyldan og skýrir hann frá eftirfarandi: "Ég var mjög mikið að Laugavegi 32 um haustið 1974 ásamt fleirra fólk. Ég man eftir því að í eitt skipti þá var Kristján Viðar staddur hjá mér og einnig Hulda Björk Ingibergsdóttir. Ég var þá í herbergi nr. 9 í húsinu. Það var seinnipart dags eða fyrri part kvölds að hringt var í síma sem var niðri á ganginum í húsinu. Kristján var kallaður í síman og fór hann og talaði við einhvern, en ekki veit hver það var.

Pegar að Kristján Viðar kom aftur í herbergið þá sagði hann að Sævar Ciesielski hefði verið að hringja til sín og hefði Sævar beðið hann að koma með sér í sjóferð til þess að sækja spíra. Sagði Kristján að fara ætti til Keflavíkur.

Ég man það að við Kristján vorum að ræða um þetta og ég vildi gjarnan koma með til þess að fá spíra, en af því varð þó ekki, ~~en xekkixvarðxumixxxixpxixxi~~ einhverjum orsökum sem ég man ekki hverjar voru. Mig minnir þó að ég hafi talið að þetta væri eitthvað rugl og þess vegna hafi ég ekki farið.

Kristján Viðar nefndi ekki hverjir færði fleirri í þessa ferð aðrir en Sævar. Kristján fór svo út úr húsinu nokkru seinna, en ekki veit ég hvert hann fór. Mig minnir að ég hafi síðan hitt Kristján daginn eftir þetta, en þetta barst þá ekkert í tal og hefur hann ekkert m̄nnst á þetta við mig síðan. Ég er þess fullviss að þetta átti sér stað um svipað leiti og Geirfinnur Einarsson hvar frá Keflavík, en ekki þori ég þó að fullyrða neitt um dagsettningu. Ég vil þó geta þess að ég fór burtu af Laugavegi 32 um mánaðarmótin nóv. des. 1974 og var þetta skömmu áður."

Yfirheyrslu lauk kl. 15:26.

*Vottur*  
Gretar Samundsson.

Upplesið stæðfest,  
Páll K. Konráðsson Þormar.  
Sigurbj. V. Eggertss. lögrglum.

Miðvikudaginn 14. apríl 1976 kl. 15:30 er mætt sem vitni í máli þessu Hulda Björk Ingibergsdóttir til heimillis að Stórahjalla 3, Kópavogi, sími: 40099, fædd 23/8 1946 í Reykjavík.

Mættur er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það hvort hún hafi orðið var við símhringingu til Kristjáns Viðars Viðarssonar, sem hugsanlega hafi verið staddur í húsi að Laugavegi 32, þann 19. nóv. 1974, ásamt henni og Páli Konráðssyni.

Mættu er kunn vitnaskyldan og skýrir hún svo frá:

Eg dvaldi mikið að Laugavegi 32 hér í borginni um haustið 1974. Eg man að ég var í herbergi nr. 9, parna í húsina ásamt Kristjáni Viðar og Páli. Eg man að það var kallað á Kristján Viðar í síman og fór hann og talaði við einhvern. Ekki man ég ~~vixi~~ hver það var sem svaraði í síman og kallaði á Kristján í síman. Þegar að Kristján kom aftur í herbergið þá fór hann að segja páli frá því að það hefði <sup>einhver</sup> verið að biðja sig að koma til Keflavíkur til þess að ná í spíra. Ekki man ég hvort Kristján nefndi hver hefði hringt til hans og beðið hann um þetta, ~~vixi~~ allavega man ég ~~þ~~ það ekki.

Eg man eftir því að Þ Páll var að tala um að honum langaði með í þessa ferð, en mig minnir að síðan hafi hann haft orð á því að þetta væri sennilega eitthvert rugl. Eg man það að þetta átti sér stað seinniparts dags eða snemma um kvöldið og að Kristján fór út skömmu eftir þessa símhringingu.

Eg er þess full viss að þetta átti sér stað í nóv. 1974 um svipað leiti og Geirfinnur Einarsson hvarf. Eg vil ekki fullyrða neitt um dagsettningu, en til þess að hafa aðra viðmiðun en Geirfinnsmálið, þá fór ég af Laugavegi 32 um mánaðarmótin nóv-des. 1974 og var þetta atvik þá skömmu áður. Eg man einnig eftir því að þetta sama kvöld fórum við Páll eitthvað út að skemmta okkur og þegar að við fórum þá var Kristján farinn. Parafleiðandi hefur þetta ekki verið seint um kvöld sem Kristján fór út. Hvert hann fór það veit ég ekki og ég minnist þess ekki að hafa heyrt hann tala um þessa ferð eftir þetta.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:53.

Vottur:

Sveinbjörn Bjarnason.

Upplesið, staðfest,  
Hulda Björk Ingibergsdóttir  
  
Sigurbj. V. Eggertsson.  
lögreglugum.

28/4/1976

Þröffjudaginn 20. apríl 1976 kl. 14:40 er enn mættur til yfirheyrslu í máli þessu í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, gæslufangi, til heimlis að Grettisgötu 82, Rvík., sími: 21689, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrsunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um mæðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann sve frá: " Það hafa nú skýrst fyrir mér ýmsir hlutir í sambandi við þessa ferð til Keflavíkur og vil ég nú skýra frá því. Ég man eftir því að Sævar hringdi til mína, þar sem ég var staddur að Laugavegi 32 og spurði mig að því hvort ég vildi koma með í einhver laiðangur. Þetta var um miðjan dag sem hann hringdi og sagði að þar væri um spíraflutning að ræða og mikla peninga í því sambandi. Mig minnir að Sævar hafi nefnt einhverja peningaupphæð í þessu sambandi, en ekki man ég hana. Ég sagði Sævari að gæti ekki sagt til um það hvort ég kæmi og sagðist hann þá gefa mér umhugsunarrest fram til kvölds, en þá myndi hann hringja aftur. Hann sagði mér einnig að hann vissi ekki hvort þessi ferð yföji farin þá um kvöldið eða næsta kvöld.

Sævar hringdi síðan aftur um kvöldið og ákvað ég þá að fara með. Hann sagði mér að hann hringdi úr sjóppunni við hliðina á Laugavegi 32 og að ég ætti að koma í bifreið sem væri á Vatnsstígnum. Ég fór upp í herbergi sem ég hafði að Laugavegi 32 og sétti þar að mig minnir svartan leðurjakka sem ég átti. Ég fór síðan út og gekk norður Vatnsstíginn og leit inn í bíla sem voru hægra megin á götunni. Þá var kallað til mína og ég spurður að því hverju ég leitaði.

Ég sá þá bifreiðum sem stéð vinstra megin á Vatnsstígnum og snéri til norðurs. Í þessum bíl, sem ég tel að hafi verið Fíat fólksvæffieið, var Sævar, Erla og Einar Bollason og stéð hann fyrir utan bifreiðina þegar ég kom að henni.

Þegar að ég stóttist upp í bifreiðina þá fór Sævar út úr henni og sagðist þurfa að tala við einhvern og hljóp hann suður Vatnsstíginn, en hann kom svo mjög fljóttlega. Þá var ekið af stað og ekið norður Vatnsstíginn og stoppað rétt við Skúlagötu, að fyrir sögn Sævars. Þar sagði hann mér og Einari að koma til úr bifreiðinni og gengum við þá að blárrí bifreið sem var með stóru vélarhúsi og var frekar lágt hús fyrir aftan stýrishús bifreiðarinnar, en þó nokkru hærra en stýrishúsið.

Húsið eða farangursgeymslan var ekki áfést stýrirshúsínu og virtist mér petta vera einhverskenar sendibifreið eða fyrirtækisbifreið nýleg og vel með farin. Bifreið pessi stóð á Vatnsstígnum við hvítam steinhávið og þegar að við komum að bifreiðinni veru tveir menn fyrir framan hana og einnig var opin hurð á húsinu og var sú hurð vinstra megin.

Inn í bifreiðinni, ~~xerm~~ p.e.s. húsinu voru nokkri menn og tel ég mig hafa kannast við einn þeirra sem bróður Gástafs Agnarssonar lyftingamanns, en ekki man ég hvað hann heitir. Hann sagði að pessir menn væru ekki miklir til vinnu og var hann þá að tala um mig og Sævar.

Sævar ræddi við mennina two sem voru fyrir utan bifreiðina og var annar þeirra frekar hár vexti, með há kollvik, dökk-hærður og greiddi hárið aftur og til hliðar. Hann var klæddur í svartan jakka, dökka peysu og virtist hann stjórna mönnunum parna á staðnum. ~~Hinum manninum~~ ~~Erlum~~ get ég ekki komið fyrir mig og get því ekki lýst honum.

Síðan var ekið af stað og vorum við Sævar þá í félksbifreiðinni ásamt Erlu og Einari. Ég man ekkert eftir ferðinni fyrr en ég var staddur í dráttarbrautinni í Keflavík og var ég þá að herfa fram á bryggjuna og finnst mér eins og að ég hafi þá staðið nokkru hærra en bryggjan. Þá kom pessi sami maður og Sævar hafði verið að tala við á Vatnsstígnum og virtist sjórna pessari ferð og spurði okkur að því hvort við hefðum verið til sjóss. Ég svaraði því játandi og sagði honum að ég hefði verið á "tappatogörum". Þá sagði hann mér að kema með sér, sem ég gerði, og gengum við fram á bryggjuna og var það mjög studilega vegalengd. Þegar við gengum fram á bryggjuna þá kom á móti okkur maður, sem var meðal maður á hað frekar þybbinn.

Þá sagði sá sem að ég kem með við hinn manni að hér kem ég með einn sem getur farið og svaraði þá sá sem komið hafði á móti okkur, að pess þyrfti ekki þar sem full mannað væri á bátinn. Kvaðst þá sá sem kem með mér hafa haldið að það vantaði 1 til 2 menn, en hinn sagði að svo væri ekki þeir væru frekar of margir. Ég sá þá að báturinn var að leggja frá bryggjunni og það sem að ég sá af bátnum var hvítt, en barna var mikil myrkur.

Eftir petta var mér sagt að standa upp við bát sem var barna í dráttarbrautinni. Ég stóð þar nokkra stund, en fór

fljótlega að ráfa um. Þá kom til míni maður, sem mér finnst hafa verið Einar Bollason, og sagði hann mér að vera á þeim stað sem mér hefði verið sagt. Æg man að ég gekk tvísvar í átt að bryggjunni og í þessi skiptin kom Einar og sagði mér að vara þar sem mér hefði verið sagt að vera. Æg var þarna talsverðan tíma og gæti ég trúð að það hefðu verið tvær klukkustandir og var mér sagt að ef það kæmi þarna einhver maður setti ég að stöðva hann. Það kom enginn þarna til míni þar sem ég stóð, en ég varð var við að menn voru á hlaupum þarna skammt frá. Æg fór þá að huga að því hvað væri á seiði og kom ég þá að þar sem hépur manna hafði slegið hrung um einn mann og var sá maður mjög skelfdur á svipinn og blóðugur í andliti. Æg spurði að því hvað þessi maður hefði gert og var mér þá sagt að ég ætti ekki að skipta mér af þessu. Æg var þá leiddur burt frá þessum stað af manni sem ég mér finnst hafa verið Viggð Guðmundsson, en ég vil þó ekki fullyrða um það, að svo komnu.

Eftir þetta fér ég að bera einhvern varning af bryggjunni og að bifreið sem stóð þar skammt fra. Æg man að það voru fleirri að bera varninginn heldur en ég. Við bifreiðina var einn maður sem tók á móti varningnum og setti hann upp í bifreiðina og var það Einar sem það gerði. Inn í biffieiðinni var annar maður sem kom varningnum þar fyrir og finnst mér eins og þar hafi verið Valdimar Ólsen.

Eftir að varningurinn hafði verið berinn í biffieiðina og ég var að ganga upp frá bryggjunni þá man ég eftir því að hafa séð mann liggja þar í hallanum og hjá honum lá á hnijánum annar maður og var hann með eitthvað í höndunum, sem ég get ekki gert mér grein fyrir hvað var. Maðurinn sem lá var sami maðurinn og mennirnir höfðu slegið hrung um þá nokkru áður og var það upp við húsin úr dráttarbrautinni, en sá sem að lá á hnijánum hjá honum og var eitthvað að eiga við hann finnst mér hafa verið maður sem kallaður er "Siggi Rauði". Æg man að ég spurði hann að því hvað væri að honum og hvað hann væri að gera. Hann sagði þá við <sup>hū</sup> hverskenar aumingi ertu getur þú ekki horft á það sem ég er að gera. Síðan sagði hann einhverju að koma mér í burtu og kallaði hann mig fífl.

Mér var síðan fylgt að einhverju bíl sem þarna var og sagð að setjast inn í hamn sem ég gerði. Æg settist inn í bifreiðin í aftursæti hennar og man ég að ég spurði mann þann sem sat í framsætinu við hlið ökumanns, hvort okkur yrði blaðndað í

þetta mál og sagði hann ~~mið~~ það ekki vera. Ég minnist þess að einhver riflildi veru í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur, en ekki man ég frekar eftir þeim.

Ég er viss um að Einar Bellason, Valdimar Ólsen og Sigurbjörn Eiríksson voru parna í dráttarbrautinni og man ég eftir því að hafa séð Sigurbjörn ásamt öðrum manni á bryggjunni. Magnús Leópoldsson þekki ég ekki og þess vagna get ég ekki sagt til um það hvort hann hefur verið parna staddir í dráttarbrautinni.

Í sambandi við "Sigga Rauða", Viggð Guðmundsson og þennan bróður Gústafs Agnarssonar, finnst mér að þessir menn hafi verið parna, en ég vil þó ekki fullyrða um það."

Yfirheyrslu lauk kl. 17:45.

Upplesið, staðfest,

Vottar:

*Gunnar Guðmundsson*  
Gunnar Guðmundsson.

*Skuli Steinsson*  
Skuli Steinsson.

Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson.

*Sigurður V. Eggerth*  
Sigurður V. Eggerth.

lögreglu.

mað

4. maí 1976 kl. 12:40 er mætt til yfirheyrslu í máli þessu í fangelsinu við Síðumíla hjá ramssóknarlöggreglunni í Rvk. Erla ~~Erla~~ Belladóttir til heimilis að Stóramerði 29 hér í berg sími 32138, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. mólsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er hvort mættu <sup>eigi</sup> hugsanlega að einhverju leiti meiri aðild að máli þessu, en þegar hefur komið fram.

Aðspurð og áminnt um sannsögli skýrir mættu frá eftirfarandi: Eg vil nú skyra að nýju frá aðklld minni að máli því, sem hér um ræðir.

Seint á árinu 1974 að kvöldi til, þá fór ég í bifreið héðan úr borginni til Keflavíkur. Þetta mun hafa verið í síðari hluta nóvember-mánaðar, en þá tímasentingu miða ég við það, að í byrjun desember, þá fór ég til Danmerkur. Eg mun nú lýsa þessari ferð eins vel fyrir og ég nú tel mig geta. Að kvöldi dags, þá var ég og Sævar Ciesielski stödd við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún hér í borginni. Eg get ekki gert mér fulla grein fyrir hvers vegna við vorum stödd barna, en vel er mögulegt, að við höfum verið að koma einhverstaðar að saman. Eins er mögulegt, að Sævar hafi haft samband við mig eitthvað og mælt sér mótt við mig við samkomuhúsið, allavega vorum við barna stödd. Ekki man ég nákvæmlega hvað við töluðum um, en ágreiningur var á milli okkar vegna þess, að áform okkar veru ekki þau sömu. Eg mun hafa ætlað að gera eitthvað sérstakt um kvöldið, en Sævar vildi hafa það óþrunað. Eg tel mig ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, nema þá mjög lítilsháttar. Sævar var ábyggilega ekkert undir áfengisáhrifum eða örðum áhrifum. Barna við samkomuhúsið stóð fólksbifreið, sem við Sævar settumst inn í. Mér fannst þetta vera leigubifreið, en síðar uppgötvaði ég, að svá var ekki. Við settumst þeim í aftumseti bifreiðarinnar, Sævar við dýrnar, en ég nálagt miðju. Ekki man ég fyrir víst hvaða leid ékið var frá samkomuhúsini, en bifreiðin var stöðvuð á Vatnastíg skammt norðan Laugavegar. Þegar þetta var, þá var ég klædd í blá kápu nokkuð viða með belt, síðbuxur og svarta þykka peysu.. Barna á Vatnastígnum þá kom Kristján Viðar Viðarsson í bifreiðina, en þann mann bekki ég nokkuð og er hann góður kunningi Sævars. Mér finnst eins og Kristján Viðar hafi barna beðið komu ekkar og ~~við~~ pað hafi verið fyrir

fyrirframmi ákveðið að aka á pennan stað. Kristján Viðar settmist inn í bifreiðina við hlið mér. Nú man ég ekki eftir ökuferðinni fyrr en við vorum stödd mjög vestarlega á Hringbraut. Ekki get ég gert mér fulla grein fyrir hvaða erindi við áttum þar, en mér finnst mjög sennilegt, að við höfum farið að til þeirra systkyna Valdimars Ólsen og Huldu Waddel. Pregar hér var komið, það er, að við vorum á ferð á Hringbratinni, þá hafði ég get mér ljóst, að við verum ekki í leigubifreið, heldur var ökumaður bifreiðarinnar Magnús Leópoldsson. Hvort einhver sat í farþegasætinu við hlið hans, því get ég ekki gert mér fulla grein fyrir og þá ekki ~~hver~~ hver það kynni að hafa verið. Nú var ekið austur Hringbraut og man ég, að á akbrautina gljáði eins og af bleytu eða hálku. Myrkur var og kalt í veðri. Ég man lítið eftir samræðum ~~fam~~ í bifreiðinni, nema þegar Kristján Viðar kom inn í hana, þá sagði hann eitthvað. Við ókum austur Hringbraut og svo suður gömlu Reykjanesbrautina. Síðan ~~um~~ sem leið liggur í gegnum Kópavog og til Hafnarfjarðar. Í gegnum Hafnarfjörð var ekið og síðan yfir Hvaleyrarholt og á Reykjanessbrautina sunnan Hafnarfjarðar. Nú var farið að tala saman og voru það þeir Sævar og Magnús sem töluðu. Þeir töluðu um einhvern mann, sem væri til vandræða og með stæla. Þeir voru auðheyrliga með eitthvað undirbúið og töluðu um að eiga ekki annars kost, en gera það, sem búið væri að ákveða. Mér skildist, að það væru aðallega hagsmunir Magnúsar, sem væru í veði varðandi pennan mann. Mér fannst, sem Sævar ætti að vera til aðstoðar, en ætti ekki beinna hagsmuna að gæta. Magnús hafði á orði, að ekki væri neinu tauti við mann pennan komandi, því baði hann (þ. e. Magnús) og Einar væru búnir að regna það, en án árangurs. Ekki áttaði ég mig á því þá um hvaða Einar var verið að tala. Frekar man ég ekki eftir ökuferðinni, eða hvað í bifreiðinni var rætt um. Ég man svo, að við vorum komin til Keflavíkur og ekið var niður í móti og sjér og sjávarmál var framundan. Ðímmið var á svæðinu framundan og lýsing léleg, en ég sá, að eitthvað af mönnum var þarna fyrir. Magnús og Kristján Viðar fóru út fyrir bifreiðinni, en við Sævar sáum kyrr um stund, en svo fór Sævar einnig út. Ég fylgdist með því í gengum framglugga bifreiðarinnar, að Magnús og Sævar voru á tali við

einhvern mann, sem ég ekki þekkti. Ég fór svo sjálf út úr bifreiðinni, en lokaði dyrunum ekki á eftir mér. Þegar þeir Kristján og Magnús fóru út úr bifreiðinni, þá sagði Magnús við Sævar, að hann skyldi gæta mínn. Þegar ég var komin út úr bifreiðinni, þá stóð Kristján rétt hjá mér og ég sá nú Einar bróðir minn þarna skammt frá. Mér fannst maður sá, sem þeir Magnús og ~~Kristján~~ Sævar voru að tala við, vera á einhvern hátt "sveitalegur" í útliti og ekki eiga heima í þessum félagskap. Maðurinn virtist ekki sammála þeim Magnúss og Sævari, en ekki heyrði ég um hvað þeir töluðu. Þeir voru með eitthvert handapat og bentu niður að sjónum. Er hér er komið, þá finnst mér eins og ég hafi verið ein um stund og síðan hafi ég ~~ha~~ verið komin hinumegin við bifreiðina. Þar skammt frá stóðu tveir menn, annar nokkuð stórvogin og þykinn með vindil í munninum. Hinn með hrokkið fremur ljóst hár. Næst man ég það, að Sævar fór að tala við mig og rétti mér eitthvert áhald, þungt, sem ég átti að nota á manninn, það er mann þann, sem þeir Sævar og Magnús höfðu verið að tala við í upphafi. Ekki man ég hvernig þetta áhald leitt út, en Sævar var að útskýra fyrir mér hvernig ég átti að nota það og hvernig ég átti að halda á því. Eins sýndi hann mér hvernig ég átti að miða þessu áhaldi á manninn. Ég tel, að þetta áhald hafi verið riffill. Er hér var komið, þá var maðurinn orðinn í einhverju slámu ástandi eins og þjarmað hefði verið að honum. Hvernig það hefur gengið fyrir sig, það get ég ekki munaoð, í það minnsta ekki nána. Maðurinn stóð ekki uppmættur og virtist mér hann vera eitthvað máttlaus. Sævar setti riffillinn í hendurnar á mér og stóð svo hjá mér. Ég miðaði rifflinum á manninn eins og Sævar hafði lagt fyrir mig og hleypti af. Riffillinn tók kipp í höndunum á mér og riðaði ég við, æn Sævar varði mig falli. Um leið eg ég hleypti af þá lokaði ég augunum. Ég var svo nálgæt manninum, að ég sá greinilega svip hans.<sup>mg</sup> Hann virtist gera sér grein fyrir hvað væri að gerast og var skelfing í svip hans og augnaráði. Ekki man ég hvort maðurinn féll við, en Sævar tók strax af mér riffillinn. Nú tókst mér að laðast í bártu og leinast í mannalausu húsi þarna ekki langt frá.

Eftir að ég hafði hleypt af rifflinum, og gæti verið, að ég hafi gert það oftar en einu sinni, þá beindist athygli annarra viðstaddir að mannum og þá gaft mér takifæri til að læðast í burtu. Ég dvaldi svo í húsinu um nóttina, eða þar til mér ég taldi mér óhætt að yfirgefa það morgninn eftir. Mér tókst svo að stöðva bifreið, sem ég fekk x far með að mótmum Reykjanessbrautar og Grindavíkurvegar. Áður en ég stöðvaði þessa bifreið, þá gekk ég nokkra stund, jafnvel í gegnum þaðan. Við fyrrgreind vegamót fór ég úr bifreiðinni og ~~x~~ fekk svo far með vörubifreið til Hafnarfjarðar. Ég man, að í öskubakka í vörubifreiðinni var reykjarpípa og fremur var óþrifalegt. Ekki man ég nánar nú hvernig þessi bifreið leit úr, en á henni var ekkert vélarhús að framan. Ekki man ég heldur hvað ég talaði um við ökumanninn, en úr bifreiðinni fór ég í Hafnarfirði og tók þaðan almenningssvagn hingað til borgarinnar og svo heim til míni á Hjallaveg. Seinna um daginn kom Sævar svo þangað og var reiður yfir því hvar ég hefði verið um nóttina. Eftir þessa ferð hef ég ekki fundið kápu þá, sem ég fór í og er ég helst á því, að Sævar hafi látið mig fara úr henni áður en ég miðaði rifflinum. Ég mun því hafa verið yfirhafnarlaus, er ég fór hingað til borgarinnar.

Skömmu eftir þetta, þá fórum við Sævar ~~x~~ til Kaupmannahafnar, þó ég nokkuð á undan. Í millitíðinni minntist Sævar ekki á Geirfinnsmálið, ~~xxxxxx~~ og vildi ekki um það tala, en eftir að við verum komin til Kaupmannahafnar, þá fór hann að fylgjast nánar með því. Sjálfri fannst mér, að ég ætti að skammas míni fyrir eithvað varðandi þetta mál, en þá gat ég ~~x~~ ekki gert mér grein fyrir af hverju.

Ég hef hér skeðað ljósmyndir og þeirra á meðal mynd, sem mér er sagt, að sé af Geirfinni Einarssyni. Ég þykist þess viss, að mynd þessi er af manni þeim, sem ég hef hér greint frá að framan og ég skaut úr rifflinum á. Hvað kann að hafa verið gert við hann eftir að ég hleypti skotinu af, veit ég ekki. Áður en við fórum til Kaupmannahafnar, þá heyrði ég ávæning af símtali, sem Sævar talaði í síma mðður sinnar. Við hvern Sævar var að tala, það veit ég ekki. ~~xxxxxxxxx~~ ~~xxxxxxxxx~~ Mér skildist á tali hans, að flytja byrfti líkið

því mikið væri farið að leita að því. Síðar úti í Kaupmannahöfn, þá hló Sevar að blaðafrétt þess efnis, að hollenski sjáandinn hefði lýst því, hvar Geirfinn væri að finna.

Yfirheyrslu lauk kl. 14:20.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

  
Sigurður V. Eggerthsson

  
Erla Bolladóttir

  
E. N. Bjarnason  
löggreglum.

Vottur:

  
Sigurður V. Eggerthsson

5-5-1977 kl. 1035 er mættur í fangelsinu í Siðumúla, gæzlufanginn Einar Bollason, ásamt Ingvari Björnssyni hūl. og Hallvarði Einarsson, vara ríkissaksóknara.

Mætta er birt tilefni yfirheyrlunnar.

Gætt er ákvæða 1.mgr. 40 gr. laga um meðferð opinberra mala. Mætti skýrir svo frá; eftir að vera frá því skýrt að Erla systir hans sé nú komin í fangelsi og að hún hafi viðurkennt, að hafa tekið þátt í því að svifta Geirfinn Einarsson lífi í Dráttarbrautinni í Keflavík, og að hún haldi því ennþá fram, að hann hafi verið þar mjög nálægt er atvikið átti sér stað.

Eins og eg er búinn að segja í gengum allar yfirheyrlunnar frá byrjun, þá er eg saklaus í þessu máli og veit ekkert um það, og hef því ekki verið á nokkurn hátt viðriðinn málid, mér vitandi.

Eg man eftir því að eg fór einusinni að kvöldi til, sennilega um kl. 1830 í Trésmiðjuna Ramma í Ytri-Njarðvík einhverntíman á árinu 1975, um vorið, en síðan fór eg á æfingaleik í Njarðvíkinni.


Einhverntíman á árinu 1974, vorið eða sumarið, fór eg í sandtöku ferð í Vogana, að kvöldi til, ásamt fleiri mönnum. Þorkell Jónsson, bankastjóri, var einn þeirra.


Upplesið, játað rétt kl. 1145.

Einar Bollason. 

Vottur:

Sigurbjörn Viðir Eggertason.



N. Snehólm.  


Fimmtudaginn 22-7-1976.

Að gefnu tilefni fór undirritaður í dag, ásamt Erni Höskuldssyni, ftr, sakadómara að Melteigi 6 í Keflavík, sími 92-1161, til að hafa tal af frú Guðlaugu Jónsdóttur, sem bar býr.

Guðlaug sagði að það væri maður austan af landi, sem hefði bent sér á þetta.

Sagði að maður, sem einusinni hefði unnið í Klúbbnum og hún vissi hver væri. Spurð um heimildir á honum, sagði hún að það væri Eðvald Hjaltason, sem byggi einhverstaðar í Breiðholtinu. Sagði að hann hefði ekki átt neitt að éta, fyrir hvarf Geirfinns, en eftir það hefði hann allt í einu verið kominn með nýtt hús, kindur og 12 hross, og hefði verið austur á Hofi. Væri í jakka eins og Leirfinnur og líkur honum. Sagðist hafa séð Eðvald fyrir mörgum árum síðan og svo núna aftur fyrir nokkru síðan, en í gegnum bílrúðu og því gæti hún ekki sagt um hvort það væri hann, sem hefði komið í Hafnarbúðina, en hann væri ískyggilega líkur honum. Sagði að hann virtist hafa vond áhrif á konu sína og hún væri hálf-hrædd við hann. Hann væri sagður af kunningja sínum, vera eins og alltaf á flótta. Sagði að hann inni í Gufunesi. Eki bíl. Sagðist ekki hafa séð konu hans, en hún heti Bára.

Sagði að strax og Sigurbirni var sleppt út, hefði hann farið austur í Landeyjar, sprellandi og allir þar dýrkuðu hann.

Sagði að hringt hefði verið til sín frá Ferðamiðstöðinni og sér boðið til Spánar, núna þann 2. ágúst. Fengi frítt far og íbúð og yrði í mánuð. Vissi ekki hversvegna henni var boðið. Sagðist fara ~~sem~~ sem hjúkrunarkona.

Sagðist fara með krakkana með sér og maður sinn færi einnig, en þau greiddu fyrir sig.

Sagðist hafa farið á fund til Hafsteins.

Pabbi Kristjáns Viðars, hefði komið þar fram og sagt að tveir með sama nafni, þ.e. Kristján Viðar, hefðu farist á b/v Júni.

Hún sagðist hafa tékkað á þessu og það reynst vera rétt. Annar hefði verið skyldmenni Kristjáns. Þá segist hún halda að Kristján Viðar viti meira um Geirfinnsmálið, en hann hefur pegas látið uppi.

Óskar eftir að ekkert af þessu verið notað opinberlega. Þ.e. að hennar nafn verði ekki bendlað við það.

(Spurning áheyrenda, hvort hugsalnegt sé, að það eigi að láta Guðlaugu hverfa í þessum túr. Þetta einnig hugsanleg vitleysa, sem betur fer).

N.Snæhólm.

~~Hávitur 6/5/76~~ 25-2-76. í dag hringdi Guðlaug og sagði að Magnús

Leopoldsson, væri ekki sá sem kom í Hafnarbúðina.

Hún sagðist hafa verið að hugsa þetta mál, og telja sig vissa um að sá sem kom í Hafnarbúðina, væri sá sem hún sá í ruslabúðinni á s.l. sumri. Hann væri líkur Magnúsi, og væri á að giska 24 til 26 ára. Með honum hefði verið stúlka, lítil og grönn í rauðri kápu. Tuskuleg.

Sagðist muna eftir því að maður þessi hefði greitt það sem hann keypti með tékka, að hún hélt á Landsbankann. Sagðist sjálf hafa greitt með tákka. Hún hefði allt í einu munað eftir þessu og farið að fletta tékkhefti sínu og þar séð að þetta hefði verið þann lo. júní 75.

Eg fór niður á Skólavörðustíg í 8 í Gjafahúsið og talaði við Holgeir Clausen, sem hefur það. Hann sagðist aldrei skrá tékka og því ekki geta fundið umræddan tékka. Sagðist vera með þrjár búðir, sem allar fengju tékka, en ekki væri skrifad á þá úr hvaða búð þeir kæmu. Sagðist vanalega selja tékkana næsta dag. Oftast í Landsbankann v. Austurstræti, en stökusinnum í bánn, Laugavegi 3. Sagði að tékkarnir væru alltaf framseldir með stimpli Gjafahússins, en þó gæti komið fyrir að hann skrifaldi það með bleki, en notaði ekki stimpil. Sagðist aldrei leggja tékkana inn, bara selja þá.

Eg fór í Landsbankann og talaði við Lúðvík og bað hann um að athuga fyrir mig hvort hægt væri að finna tékka frá Gjafahúsinu, dags. þriðjudaginn lo. júní s.l. eða þar í kring. Hann lofaði að athuga þettar N.

25-2-76. Hringdi Lúðvík til míν og sagðist vera búinn að fara í gegnum tékkana lo. ll og 12/6. Þar væri ekkert frá Gjafahúsinu.

26-2-76. Hringdi eg í Iðnaðarbankann og talaði við Guðrún Ólafss, sími 20580. Hún lofaði að athuga fyrir mig tékkana.

Pá hringdi eg einnig í Verzlunarbankann og talaði við Póru, sími 27200. Hún lofaði að athuga tékkana fyrir mig.

0005580

1520

*Annarsjörngjóf  
Jóhannestofu  
Liljalundarhlíðarhlíðar*

*Vinnslumál  
f. 2/0-36. Þessi er óvinnslumál  
Toflögur til  
Akkertak*

RÁ - Útveggsbanki Íslands

208

S 15.20



0006680

4.000 20

Hannhápa  
fjögurthúsinn  
oð 1.20

KRÓNA



REYKJAVÍK

10. júní 1975. Þórvíður Jón.

REYKJAVÍK 10. JÚNÍ 1975. ÞÓRVÍÐUR JÓN.

0006680+ 10< 020825>

Guðrún  
Ólafsdóttir

2. SECRET

10. júní 1975

Bunadárbanki Íslands  
Miðbærarútbúi

205 B

Ambjörg Jóhannesdóttir  
Liljalund 17 12/10-49

Viðum Harnason. Ð.N.T.  
f. 2/6-30. Héraðsmiður  
Tafilsa með miðan  
dækk hraðan.

# Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Fimmtudaginn daginn 8-4- 19 76.

Lekin af:

Nirði Snæhólm,  
ásalvarðstj.

I dag kl.1300 kom Ivar Hannesson, með pakka í dómsal B.Borgartúni 7. Vísast hér til skýrslu hans varðandi pakkann, og innfærslu í dómabók Arnar Höskuldssonar, ft.sakadómara, varðandi þá sem viðstaddir voru er pakkinn var opnaður.

Er umbúður voru teknar af pakkanum, kom í ljós að í honum voru tveir pappakassar.

Annar brúnn og á hann var límt jólakort, sem á var skrifað "Til Grétars frá mömmu".

A kassan er límdur hvítur miði og á hann er vélritað: "F o9Hoo 12 91 R c61674o

Colt/Emery-Watherhouse Hew G1461 22/22Mag  
o2752o 0002 oF 293832".

A enda kassans stendur: "PEACEMAKER .22  
DUAL CYLINDER. Finish B. Barrel lenght 6"

Model 1461 Serial Number G llo191.

I kassanum er plastkassi og í honum er revolver cal.22 Magnum, sem tekur 6 skot, og ein auka rúlla. Byssan er ný og með sama númeri og að ofan segir. Á hlaupið er stimplað. Colts PT.

FA. MFG. Co.Hartford CT. U.S.A.

207

2.

Hinn kassinn er svartur og á lok hans er límt jólakort,  
sem á er ritað "Til Valda frá mömmu"


Á lok kassanns er límdur hvítur miði og á  
hann vélritað: " G olo21 12 91 24657 D078746.

DatKing on long guns 28 06 JH 9201 5 1/2 22 AUTO  
087512 0001 of 0001 397037 Price 89.97."

A endanum stendur: " 2498796 High Standard 9201  
Sport King Auto.Pistol Blue .22 Caliber L.R. 63/4 Barrel-  
10 Shot Capacity."

Í kassanum er plastkassi og í honum ofangreind  
pistol, cal.22 Nr.2498796, með einu magasini. Byssan litur  
út fyrir að vera ný, en samt er hún aðeins nudduð á fjórum  
stöðum, og púðurryk í hlaupinu.

Engin skot voru með í sendingunni.

N. Snæhólm.  


207 A

Nafn Karl H. Olsen f. 14/5 1922

Nr. 779

Nafn Karl H. Olsen 1.14/5 1922		Dagsstning	Tegund skotvopna	Verksmiðju- Nafn	Nr.	Selt	Nr.
1966	13/5	Haglabyssa cal.12		Winchester	1733538		
"	"	Riffill cal.243		Parker/Hale	2144		
1968	28/5	Do. cal.22		Winchester	M-52 5sk.		
"	"	Skammbryssa cal.22		Astra	799176		

*Nafn* Valdimar Olsen F.22/2 1948

Nr. 5157

207 B

Miðvikudaginn 21.04.1976 kl 17:45, er mætt á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Sjöfn Traustadóttir, f. 21.04.1951 á Fáskfúðsfirði, tilh. að Nesvegi 7, Grundarfirði, en mun dvelja hjá fyrrverandi mágkonu minni, sem jafnframt er mikil vinkona míni, fram yfir helgina, að Brekkubraut 15, Keflavík hjá Guðnýju Sigurðardóttur.

Mættu hefur verið kynnt tilefni yfirheyrslunnar og brínd á vitnaskýldu og síðan áminnt um sannsögli, skýrir mætta svo frá: " Eg var sótt af rannsóknarlöggreglunni á Reykjavíkurflugvöll, en ég var að koma flugleiðis frá Egilsstöðum ásamt dóttur minni í dag kl 17:00.

Mér hefur hér verið tjáð, að ég sé hér til yfirheyrslu í hinu svonefnda "Geirfinnsmáli". Ég þekki Guðnýju Sigurðardóttur eiginkonu Geirfinns Einarssonar mjög vel. Ég var gift Birgi Kristjánssyni, tilh. að Laufásvegi 10, hér í borg. Ég giftist Birgi 11.03.1971 og skildi við hann að borði og seng átta mánuðum síðar. Birgir er hálfbróðir Guðnýjar.

Pegar ég skildi við Birgi, þá flutti ég inn á heimili Geirfinns og Guðnýjar, að Vallargötu 24, Keflavík, þar sem þau bjuggu þá. Ég fékk síðan leigða íbúð í húsi gegnt þeirra húsi og var mikill samgangur á milli okkar. Þau gættu dóttur minnar, Lindu Birgisdóttur, en ég hafði reyndar gifst Birgi vegna þess, að ég gekk með barni hans og er það skíringin á, hvað hjónaband okkar var skammvinnt.

Það var svo 19.nóvember 1974, að kvöldi til, að Geirfinnur Einarsson fór, að heiman frá sér og hefur ekkert til hans spurzt síðan. Geirfinnur fór í veitingahúsið Klúbbinn í Reykjavík að kvöldi 17. nóv. 1974 og það var í fyrsta skiptið, sem hann fór á veitingahús, eða ~~minnix~~ út að skemmta sér, án þess að Guðný fær með honum. Guðný sagði mér það þarna um kvöldið, að hún hefði leyft Geirfinni, að fara einum á dansleik, en það væri í fyrsta skiptið, sem þau fáru ekki út saman og hefði ~~minnix~~ Geirfinnur verið hissa á því, að hún hefði leyft honum að fara.

Viðhald Guðnýjar hringdi í hana petta kvöld og kom svo til Keflavíkur um kvöldið. Ég mun nú skýra petta nánar. Ég kom til Keflavíkur í september 1974 og þá skýrði Guðný mér frá því, að hún væri farin að halda framhjá Geirfinni. Guðný sagði mér, að hún hefði þá um sumarið kynnst manni sem Svanberg heitir, en ég man ekki föðurnafn hans. Guðný kvaðst hafa hitt þennan mann heima hjá vinkonu sinni og skólasystur, sem Heiða heitir, en ég man ekki föðurnafn hennar, en Heiða var gift Jónasi Guðmundssyni um petta leiti, en er skilin við hann fyrir tæpu ári síðan.

Heiða og Jónas bjuggi í Kópavogi, en ég veit ekki hvað gatan heitir, en það er fimmta húsið (einbýlishús) í fyrstu götu frá Fífuhammssgegi. Gatan heitir eftir korti, sem ég hef hér séð af Kópavogi, Hlíðarhvammur.

Svanberg mun vera frændi Heiðu og stundaði hann háskólanám á þessu tímabili, en er nú farin til Þýskalands og stundar þar háskólanám. Jónas hélt víst talsvert fram hjá Heiðu og hef ég ekki fengið neinar skýringar á því, hvort hún og Guðný hafi verið með karlmönnum heima hjá Heiðu.

Svanberg bjó í heimahverfi í Reykjavík og kom ég einu sinni heim til hans með Guðnýju. Svanberg hringdi oft heim til Guðnýjar og það gerði hann að kvæði kvöldi 17. nóvember. Síðan kom hann heim til mínn og sátum við þrjú saman við drykkju áfengis, þ.e.s. Guðný, Svanberg og ég, en maðurinn, sem ég var þá með, Þór Hafdal Ágústsson var að því er mig minnir á sjö.

Guðný fór heim til sín um kl 01:50 um nóttina og sagði mér síðar, að Geirfinnur hefði komið heim kl 01:50 og hún hefði hitað mat handa honum, en þegar hún var búin, að þvo matarflátin, þá hafi Geirfinnur verið sofnaður í rúmmi þeirra. Kom hún þá aftur heim til mínn, en fór um kl 04:30 um nóttina heim til sín, en Svanberg gisti hjá mér og fór um morguninn frá mér, en ég man ekki hvenær, en hann átti, að mæta í skólanum þennan mánudagsmorgun. Ég hafði þá á leigu íbúð að Vesturgötu 13, Keflavík og lánaði ég Guðnýju og Svanbergi íbúð mína til ástarfunda og minnir mig, að þau hafi í notað íbúðina tvívar sinnum í því skini.

Eg man einnig eftir því, að Guðny fór einu sinni til Reykjavíkur til þess, að hitta Svanberg og gætti ég varnanna fyrir hana.

Mér er ekki kunnugt um, að Geirfinnur hafi haldið fram hjá Guðnyju, enda var hann ákaflaga heimakær og fór yfirleitt ekkert einn út á kvöldin. Þetta sumar og haust vann Geirfinnur við virkjunarframkvæmdir í Sigoldu á þungavinnuvél og kom hann á lo daga fresti heim til sín.

Geirfinnur fór í Klúbbinn með kunningjum sínum, Þórði og Edda og þegar hann kom heim, þá sagði hann við Guðnyju, að hann hefði drukkið áfengi í Klúbbnum og einnig stríddi hann henni með því, að hann hefði dansað við Ebbu, en frekari deili á henni veit ég ekki, nema það, að Ebba er gift í Keflavík og heitir hennar maður Bjarni. Þau bjuggu skammt frá mér. Edda bekki ég ekki og veit ekki frekari deili á honum.

Eftir að Geirfinnur fór að heiman frá sér 19. nóv. 1974, ~~sigxuðu fuxxekkerxttixxhxxfrxixxpxrxzxxfðum~~ þá höfum við Guðny rætt hvarf hans mikið og lengi, enda flutti ég til hennar fljóttlega eftir hvarf Geirfinns. Við höfum ekki komist að neinni líklegrri skýringu á, með hvaða hætti Geirfinnur hefur horfið. Ekki vissum við til, að hann hefði átt neina fjandmenn, enda var hann mjög fáskiptinn og kynntist fólkilítið. Eignaðist hvorki vini né óvini. Okkur hefur einna helzt komið til hugar, að hann hafi ~~komist~~ svo verið kallaður til fundar við einhverja í því sambandi, en þetta er ekki stutt neinum rökum.

Spíri var aldræi til hjá Geirfinni og Guðnyju, hvorki fyrir eða eftir hvarf Geirfinns. Aftur á móti brugguðum við Guðny og eymaði ~~sigxuðu fuxxekkerxttixxhxxfrxixxpxrxzxxfðum~~ Geirfinnur þetta brugg. Við notuðum í bruggið vatn, sykur jk og ger. Þegar Geirfinnur hvarf, var ekkert slíkt brugg til, hvorki eymað né í gerjun. Bruggið var aðeins eymað til notkunar í hvert skipti, en ekki meira. Geirfinnur hafði fengið lánuð bruggtaki hjá Braga Eyjólfssyni, tilh. að Hjallavegi 3 í Njarðvíkurbæ, en hann vann í Dráttarbrautinni í Keflavík. Haukur Guðmundsson rannsóknarlöggreglumaður í

Keflavík tók þessi bruggtæki í sína vörzlu, fyrir eða eftir hvarf Geirfinns, en ég man þetta ekki nákvæmlega. Þeg man eftir því, að Haukar tók á upp á segulband samtal við Guðnýju, þar sem hún skýrði honum frá öllu því, sem ég hef hér sagt frá og gætti ég barna hennar á meðan þau töluðust við í stofunni heima hjá Guðnýju.


Guðný sagði mér frá því, að vinkona hennar, sem Elsa heitir en ég man ekki föðurnafn hennar, hafi líklega sagt eiginmanni sínum Snæbirni Adolfssyni, tilh. að E Kirkjuvegi 15, að Geirfinnur hefði eymingartæki, því Snæbjörn hefði hringt í Geirfinn og spurt hann, hvort hann gæti ekki eymað sjóblandaðan spíra? Þessu hefði Geirfinnur neitað, enda hafði hann eymingartækin að lána og einnig hafði hann enga aðstöðu til þess, að vinna þetta verk. Geirfinnur eymaði bruggið í litlu þvottaherbergi í fbúð sinni.

Ég var með Þór Hafdal Ágústssyni um það leiti, sem Geirfinnur hvarf og reyndar ~~hjör~~ byrjuðum við að vara saman í september 1974, en hættum að vera saman í nóvemberlok 1974, eða skömmu eftir að ~~g~~ Geirfinnur hvarf. Mér hefur verið tjáð, að Þór hafi gefið hér skýrslu og einnig, að hann hafi talið sig drekka spíra heima hjá Guðnýju, eftir hvarf Geirfinns og einnig, að hann hafi sagt, að hann hefði búið heima hjá Guðnýju ásamt mér, eftir hvarf Geirfinns. Þetta er rakalaus ósannindi., Þór fékk aldrei spíra þar, né annarsstaðar og hann bjó heldur ekki heima hjá Guðnýju, en það gerði ég. Við drukkum talsvert af áfengi og þá aðallega ákveðna tegund f af hvítvini, b.e.s. Christjan Brother og geta þeir afgreiðslumenn íxkÁTVR í Keflavík staðfest kaup minn á þessari víntegund þar. Við Guðný neyttum einnig röandi lyfja, teg. librium, en það fengum við lyfseðla hjá læknum okkar og þá hvor fyrir sig. Bæðar vorum við slæmar á taugum, Guðný útz af hvarfi Geirfinns og ég af sömu ástæðum og einnig fleirum."

Yfirheyssluslu lokið kl 21:15.

Vottur.

Egert Bjarnason

Upplesið, játað rétt.  
  
 H. Thorarensen  
 Sjófn Traustadóttir  
 H. Thorarensen rannsóknarlöggreglum.

30/4 1976.

Mættur er í máli þessu Björn Þórarinsson, hljómlistamaður, Kastala-gerði ll Kópavogi. f. 7/9 1943 í Reykjavík. Mætta er kunngert til-efni yfirheyrlunnar og skýrir hann svo frá, eftir að hafa verið bent á mitnaskylduna.

Eg man vel eftir því að hafa leikið með hljómsveit okkar, Kaktusi í "Klúbbnum" þann 19 nóvember 1974 og lékum fyrir einkadansleik hjúkrunarkvenna, eða hjúkrunarnema, en þó sá klúbburinn um alla greiðslu og samdi við okkur, en það var Pétur Guðjónsson, sem samdi fyrir okkur.

I hljómsveitinni þá voru auk mínn Stefán Ásgrimsson, Háteigsvegi 24 og Arni Áskelsson, Njarðargötu 41.

Við býrjuðum að leika um eða upp úr kl. 21:00 og tókum hvíld (pásu) frá kl. 23:15 til 23:45, eða því sem næst. Dansleik laug klukkan 01:00 daginn eftir.

Það stóð þannig á hjá okkur, að hljómsveit okkar var á leið Bandaríkjja ann þann 21. s.m. og þess vegna fór ég fram á það að mig minnir við Magnús Leopoldsson, að hann gerði upp við okkur þarna strax um kvöldið. Mig minnir fastlega að í pásunni hafi Magnús farið með mér upp í kompunum sem er á móti eldhúsinu (lyftunni) og gert upp við mig kr. 20.000,00 sem ég kvittaði fyrir og er ég hér með kvittun, sem gæti verið frá þeiri stundu, en ég vil ekki fullyrða, eða vinna eyð að því að þarna sé um sömu kvittun að ræða, en þar kemur með ljós að hluta af eyðublaði þessu hefur Magnús Leopoldsson ritað, allavega nafn hljómsveitarinnar, en datótið þori ég ekki að fullyrða. Mér er nú bent á að ritað hafi verið ofan í datótið og man ég ekki hvernig slikt er til komið. Eg hef rætt við konu Magnúsar Björk og hefur hún sagt mér að það hafi komið fram á kjölstúf að Magnús hafi greitt mér kr. 20.000,- umræddann dag.

Sérstaklega aðspurður þori ég ekki að fullyrða að Magnús hafi greitt mér þessa upphæð í pásunni, en tel þó öllu frekar að slikt hafi skeð, en tel að útilokað sé að Magnús hafi greitt okkur fyrirfram. Fé þessum var skipt eðlilega á milli okkar og sá ég um þær framkvæmdir. Magnús greiddi okkur oftast í ávisunum, en það var þó ekki ófrávirkjanleg regla. Það var Pétur Guðjónsson, sem sá um uppgjörið fyrir Klúbbinn en oft kom það fyrir að Magnús okkur fyrirfram upp í kaupið þegar við purftum á því að halda.

Ek legg hér fram kvittunina sem talað er um í skýrslunni dóminum til afnota.

H. Bjarnason  
Björn Þórarinsson  
Borgreglum.

Upplesið, staðfest.

Björn Þórarinsson.

Björn Þórarinsson

# Útvegsbanki Íslands

ÁLFHEIMUM 74

212 A

211

Nr. 20869

KR. 20.000.-

Björn Þorarinsson  
Læknarpráinnið 74

19 - 11 - 79

REYKJAVÍK


SÓKAD:

HLR.NR.

2

Björn Þorarinsson

NOV 20 NOV 1979 20.000.00



Signaturegildið er  
20 NOV 1979 6

## KVITTUN

212 B Nr. 29

í dag hefur

greitt undirrituðum

kr.

sem hér með kvittast fyrir

Kr. 20.000.

V. A. Jónasson

19/11

19 79

Björn Þorarinsson

Greitt ...: Áv. nr.

Pen.

Vixli pr.

Miðvökkudaginn 5. maí 1976 kl. 17:20 er mætt í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Hulda Margrét Waddel til heimilis að Framnesvegi 61, Rvík., fædd 10/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tiltefni yfirheyrlunnar, en það er vitneskja hennar um byssu eign Valdimars Ólsen, bróður hennar. Mættu er bent á að henni sé ekki skilt að bera vitni í máli þessu, vegna skildleika hennar við aðila málsins. Mættu er kynnt vitnaskildan og skýrir hún svo frá:

"Mér er kunnugt um að Valdimar bróðir minn á tvær byssur og var önnur þeirra skammbyssa, sem rannsóknarlöggreglan tók í sína vörslu fyrir nokkur og hef ég gefið skýrslu um vitneskjú mína um hana. Varðandi riffilinn, þá held ég að að Karl Ólesn faðir Valdimars hafi gefið honum riffilin, en ég man ekki hvenær það átti sér stað. Þessi riffill hefur yfirleitt verið heima hjá okkur að Framnesvegi 61 og minnist ég þess ekki að hafa séð Valdimar fara út með hann.

Það var í byrjun ágúst 1973 að heim til míni að Framnesveg komu Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Cielkski og Albert Skaftason en hjá mér var fyrir Erlan Bolladóttir. Ég og Erla fórum um kvöldið upp í Borgarfjörð á blót Ásatrúarmanna, en þeir strákarnir fóru nokkru áður en við löggómmaf stað.

Það var svo um nóttina, þegar að við vorum í Borgarfirði að Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar Leifsson komu í leigubifreið til okkar og var erindi þeirra að skila mér rifflinum sem þeir sögðust hafa tekið á heimili míni þá um daginn. Það var Kristján Viðar sem sagðist hafa tekið rifflin heima hjá mér.

Ég man ekki hvort ég tók við rifflinum þá um nóttina og hafði hann síðan með mér í bæinn eða hvort þeir Kristján og félagar fórum með hann og skiliðu honum seinna. Ég tók ekki eftir því þegar að Kristján tók riffilinn heima hjá mér og minnir mig að Sævar og Albert hafi sagt að þeir hefðu ekki vitað um það, þegar að Kristján tók hann.

Ég hef ekki sagt Valdimar frá þessu atviki og tel því að hann viti ekkert um það. Ég vil taka það fram að Albert Skaftason ók okkur í Borgarfjörðinn í umrætt sinn, en áður hafði hann ekið þeim Kristján og Sævar eitthvað. Ég veiti rannsóknarlöggreglunni fúslegar leyfi mitt til þess að taka í sína vörslu riffilinn sem Valdimar á þangað til að annað verður ákvæðið.

Sigurbj. V. Eggertss.  
lögreglum.

Upplesið, staðfest,  
Hulda M. Waddell.  
Hulda M. Waddel.

Föstudaginn 7. maí 1976 kl. 12:50 er mættur til skýrslu töku í máli þessu, að eigin 6sk, Kristján Viðar Viðarsson, gæslufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinbeanra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: Æg vil nú gefa skriflega skýrslu um það sem rifjast hefur upp í huga mínum nú síðustu daga.

Æg man greinilega eftir því, þegar ég og Sævar fórum að sendibifreiðinni, sem stóð á Vatnsstíg við Skúlagötu, þá var hurðin á farangurshúsínu opin og opnaðist hú aftur með ~~kirkjukl~~ hlið bifreiðarinnar. Hurðin var hvít máluð að innan. Inn í farangurshúsínu veru nekkir menn og þekkti ég einn þeirra í sjón. Maður sá er kunningi Viggðs Guðmundssonar, og er hann mikið í lyftingum. Hann sagði við mennina, sem voru með honum í farangurshúsínu, að petta væru ekki miklir menn til vinnu og átti hann þar við mig og Sævar. Æg hef nú séð nokkrar myndir af lyftingarmönnum og þekki ég þar strax mann þann er var þarna í sendibifreiðinni og er þess fullviss að það er rétti maðurinn. Æg þekki líka mann þennan af öðru, þ. e. að hann var einu sinni að angra mig fyrir utan veitingahús hér í borginni og einnig hef ég oft séð hann með Viggð og ~~xxxxxx~~ veit að þeir eru mjög miklir vinir.

Í upphafi ferðarinnar var mjög leiðinlegt andrúmsloft í bifreiðinni og ekkert rætt manna á milli, nema hvað Sævar ræddi eitthvað við bílstjórnar. Æg minnist þess ekki að hafa heyrt Erlu ~~timvera~~ í samræðum við neinn okkar í bifreiðinni og fannst mér hún vera annars hugar. Meðan að Sævar yfirlaf bifreiðina á Vatnsstíg, eftir að ég settist inn í hana, var algjör þögn í bifreiðinni.

Þá finnst mér nú að ég hafi heyrt skothvell, þar sem ég stóð upp við bátinn í dráttarbrautinni. Um svipað leiti þá varð ég var við að menn voru þar á hlaupum, eins og ég hef áður skýrt frá. Æg fér þá á eftir mönnunum eg kom að þeim þar sem þeir voru búinir að slá hrung um mann. Virtist mér maðurinn vara mjög óttaslegin í andliti, blóðugur á höfði og í andliti.

Þegar að ég kom að mönnunum þá þekkti ég strax einn þeirra og reyndi hann að fela andlit sitt, með því að bera hönd yfir höfuð sér og snúa sér frá mér. Æg er nú þess fullviss að þessi maður var Sigurður Guðjónsson leigubifreiðarstjóri, kallaður "Siggi rauði".

Þegar að ég kom þarna að mönnunum þá fór ég eitthvað að spyrja þá að hví hvað peir væru að gera ~~xix~~ mannum og var mér þá sagt, að mér kemmi það ekki við og ég skyldi bara koma mér í burtu. Þeg man þá að til mína kom maður sá, sem Sævar ræddi við hjá sendiferðabifreiðinni á Vatnsstíg og mér fannst þá stórná mönnunum og sagði hann þá til dæmis við lyftingamanninn: "Jæja strákar, þá leggjum við í hann". Maður þessi var að mér finnst mjög suðrænn í fítliti, en talaði alveg íslenzku og er ég viss um að hann er íslendingur. Hann bað mig um að fara að bílnum og spurði ég hann þá að hví hvernig væri með með peningagreiðsluna sem ég ætti að fá og svaraði hann hví þá til að ég fengi enga peninga. Þeg spurði manninn fyrist að hví hvort ég ætti ekki að vinna eitthvað við slutning áspíra, og sagði hann þá að ég ætti ekki að gera neitt þarna og að ég ætti að koma mér að bílnum.

Það er svo nokkru eftir þetta að ég kem að premur mönnum, sem voru að bogra yfir liggjandi manni og tel ég að þar hafi verið sami maðurinn og mennirnir höfðu slegið hring um. Maðurinn lá á grúfu og var höfðu hans blóðugt. Þessir þrír menn voru að vinna á mannum með höggum og spörkum. Einnig var búið að leggja til hans með lagvopni eða hníf, það er að segja að búið var að skera í fötin á bakhluta mannsins. Þeg sagði við mennina: "Hvað eru þið að gera við manninn. Haldið þið að ég sé eitthvert fífl. Haldið þið að ég sjái ekki hvað þið gerið við manninn." Í hví kom Sævar til okkar og var þá eitthvað rifist og þá kom að maður sem ætlaði að ráðast á mig. Þeg greip þá upp grjét og sagði við hann að ég mindi ekki hika við að beita hví, ef hann réðist á mig. Lét hann þá af þessari fyrirætlan sinni, enda kom þá að einn þeirra priggja mann, sem voru að berja á mannum og sýndist mér hann vera með einhverskonar hníf í hendinni. Maður þessi bað okkur að hætta og þá togaði Sævar í mig og bað mig um að koma að bifreiðinni með sér, sem ég gerði. Þessi maður sem bað okkur að hætta þessu karpi, var aðgags-harðastur í aðförlinni að mannum. Var hann kringluleitur, dökkhærður, með mikið hátt enni og stórmynntur. Hann var sjö-klæddur eða í einhverskonar blússu, þá virtist mér hann vera ~~há~~ blaustur um hárið, Meðal annara einkenna á þessum manni var það að mér fannst hann stórkorinn í andliti, ~~há~~ miklar aughnabryr. Hann var meðal maður að hæð sterklegur og samanrekinn. Þeg tela að hann hafi verið nálagt fertugur að aldri, og var hann berhöfðaður. Mér finnst einhvernvegin að þetta sá kringluleiti gesti hafa verið Ásgeir Hannes Eiríksson

sem ég kannast lauslega við. Þá vil ég enfremur taka fram, að ég sá umrædda þrjá menn vera að færa hinn liggjandi mann til í því skini, að ég held, til að varpa honum fram af, ~~þurux~~ einhverjum bakka, þar sem þeir stóru.

Pá vil ég og skýra frá því, að áður en við héldum á brott í bílnum frá Dráttarbrautinni, sýndi Sævar mér byssu sem hann var með og lyfti hann henni upp með báðum höndum til þess að sýna mér hana. Við vorum þá tveir í bílnum og kom bílstjórin fimm til tíu mínutum síðan og var þá lagt af stað til Reykjavíkur.

Vfirheyrslu lauk kl. 16:15.

Upplesið, staðfest,  
Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson.

Sigurðbj. V. Eggertss.  
löggreglum.

~~löggreglum.~~

## Logregium.

Viðstaddur yfirheyrsluna var Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari.

11/1976  
*[Signature]*

7. maí 1976 kl. 13:15 er mættur í skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar sem vitni í máli þessu, Páll Konráð Konráðsson Þormar verkam. ~~xx~~ til heimilis að Öðinsgötu 8 A hér í borg sími 13776, fæddur 2. 7. 1953 í Rvk.

~~Eftirnum~~ Mætta hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og tilefni yfirheyrslunnar, en það er hvort hugsanlegt sé, að hann ~~ky~~ kunni að hafa meiri eða nánari vitneskju um ferðir Kristján Viðars Viðarssonar að kvöldi þess 19. nóv. 1974.

Hann skýrir frá eftirfarandi: Eins og fram ~~hfur~~ komið hér áður í skýrslu hjá mér, þá hélt ég og Kristján ~~xx~~ Viðar ~~Krist~~ Viðarsson mikið til að Laugavegi 32 í nóvember 1974.

Varðandi það, er hringt var til Kristjáns Viðars, þá var það ég, sem svaraði í símann. Í símanum var þá Sævar Ciesielski og spurði um Kristján Viðar. Sævar kynnti sig í símanum og að ~~kyk~~ auki bekkti ég málróm hans. Kristján Viðar talaði svo eitthvað í símann, sem ég ekki ~~kyr~~, enda fór ég aftur inn í ~~kr~~bergi mitt. Þetta var, að ég best man, síðari ~~h~~uta dags. Þegar svo Kristján Viðar ~~kom~~ aftur inn í herbergið, þá sagði hann mér, að Sævar ~~hf~~fi viljað fá hann með sér til Keflavíkur til þess að ná í spíritus, allavega var það ferðalag eitthvað í sambandi við slíkt áfengi. Ekki man ég til þess, að nein sjóferð hafi verið nefnd í því sambandi. Eitthvað barst ~~ixxx~~ tal, að ég færi ~~m~~ í þessa ferð, en af því varð þó ekki, enda held ég, að ég hafi talið, að petta væri einhver vitleysa. Þó taldi ég rétt af Kristjáni Viðari, að hann færi og kæmi þá allavega með spíritus til baka. Um kvöldið fór svo Kristján Viðar, en hvað klukkan var þá, það man ég ekki. Ekki man ég heldur hvort bifreið kom og sótti Kristján Viðar, en mig rámar í, að hann hafi ~~ala~~ um það.

Hvenær Kristján Viðar kom aftur, það man ég ekki fyrir vist, en það var annaðhvort um nóttina eða daginn eftir. Ekki kom hann með neinn spíritus eða peninga. Hvaða orðaskipti kunna að hafa farið okkar á ~~m~~lli, er hann kom til baka, það man ég ekki. Mér fnnst þó ekki ótrúlegt, að ég hafi eitthvað strítt honum, þar sem hann kom tömhentur til baka.

Ég get ekki tímasett þetta nákvæmlega, nema þetta var í nóvember 1974 og örfáum dögum síðar var auglýst eftir Geirfinni Einarssyni í fjölmöldum. Aldrei man ég eftir

því, að Kristján Viðar ræddi um karf Geirfinns við mig,  
en eftir þessa ferð, þá fannst mér Kristján Viðar verða  
á einhvern hátt hlédrægari, en hann átti vanda til.

Yfirheyrslu lauk kl. 14:00.

*E. N. Bjarnason*  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Upplesið, staðfest:

*Pál Konráðsson*

Páll Konráð Konráðsson Þormar

11/11/1976  
H. G.

Laugardaginn 8. maí 1976 kl. 0040 er mættur til skyrslutöku í máli þessu, að eigin ósk, Sævar Marinó Ciesielski, gæslufangi, fæddur 6/7 1955 á Stóra Hofi Árnessýslu.

Gætt er ákvæða l. mgg. 40. grl laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Ég vil nú skýra frá sannkeikanum í máli þessu, eins og ég best veit hann. Það er rétt sem ég hef áður skýrt frá varðandi það þegar að kallað var til míni úr bifreið á Laugavegi. Ég fór inn í bifreiðina og settist ég í aftursæti hennar hjá Einari Bollasyni og var það hann sem kallaði til míni. Í hægra framsæti bifreiðarinnar sat Ásgeir Hannss Eiríksson, en bifreiðarstjóri var Magnús Leópoldsson. Ræddu þeir við mig um dreifingu smyglaðs áfengi og var ekið að veitingahúsinu Klúbbnum. Þar fór ég úr bifreiðinni ásamt Ásgeiri og fórum við inn í veitingahúsið. Á fyrstu hæðinni settist ég við borð, en Ásgeir fór og kom skömmu seinna aftur og var þá Sigurbjörn Eiríksson, veitingamaður, með honum.

Ásgeir og Sigurbjörn ræddu við mig um það hvort ég gæti ekki dreift einhverju af spíra fyrir þá og en fremur hvort ég gæti ekki komið með þeim til Keflavíkur til þess að nái í varninginn og spurðu hvort ég gæti haft með mér aðstoðarmann. Ég sagði þetta vera í lagi og ákváðu þeir þá að hringja til míni og láta mig vita þegar að af þessu yrði. Það var þá ákveðið að Einar Bollason hefði samband við mig. Mig minnir að þetta hafi átt sér stað á föstudagi og þá talað um það að af þessu gæti orðið næsta þriðjudag.

Það var svo seinnipart dags á þriðjudag, sem að Einar hringdi til míni og létt mig vita af því að þá um kvöldið ætti að fara til þess að nái í spíránn og var þá ákveðið að Einar kæmi heim til míni á Hjallaveg um kvöldið til þess að sækja mig. Ég hringdi þá til Kristjáns Viðars og bað hann að koma með mér í þennan leiðangur og nefndi við hann að talsverðir peningar yrðu greiddir fyrir þetta. Þegar að ég hringdi til hans á Laugaveg 32, þá svaraði einhver annar í síman, sem síðan náði í Kristján Viðar.

Það var svo á tímabilinu á milli klukkan 21:00 og 22:00 um kvöldið að Einar kom heim til míni og sétti mig og var hann þá á rauðri Fíat félksbifreið. Ekið var síðan að Klúbbnum og þar fyrir utan sá ég Erlu og kallaði ég til hennar og kom hún inn í bifreiðina til okkar. Í bifreiðinni var einnig Valdimar Ólsen og var hann í bifreiðinni ásamt Einari þegar að ég kom

í bifreiðina. Síðan var ekið niður Laugaveg og fór ég úr bifreiðinn á Laugavegi 34, við sjóppuna og hringdi þaðan til Kristjáns og bað hann að koma niður á Vatnsstíg, þar sem að bifreið biði hans. Ég fór síðan í bifreiðina og skömmu seinna þá kom Kristján og kallaði ég þá til hans og kom hann að bifreiðinni og settist inn í hana í aftursætið og sat Erla á milli okkar að mig minnir. Ekið var af stað niður Vatnsstíg og þar nokkru norðar stöðvuðum við fyrir aftan bláa sendiferðabifreið, sem Ásgeir Hannes ók.

Ég og Kristján fórum út úr bifreiðinni og gengum að sendibifreiðinni til þess að ræða við mennina sem þar voru. Ég ræddi við Ásgeir Hannes og sagði hann þá við menn, sem voru í farangursgeymslu bifreiðarinnar, þessir menn verða með. Ég þekkti einn þeirra mann sem voru í bifreiðinni með Ásgeiri Hannesi og er sá maður lyftingamaður og talaði hann um það við Ásgeir Hannes að hann þyrfti að fara heim til sín vestur á Hringbraut. Ég man ekki hvað maður þessi heitir. Ásgeir talaði um það að við skyldum fylgjast að og var síðan ekið af stað og ekið austur Skúlagötu, suður Snorrabraut og vestur Hringbraut. Áleiðinni talaði Valdimar um að það þíddi ekkert annað en að hafa byssu meðferðis og ók Einar þá heim til Valdimars á Framnesveg, þar sem Valdimar fór inn og sótti riffill og kom með haun í bifreiðina. Þetta var 22 cal. riffill, án "magasíns" og var riffillinn settur í gluggan aftan í bifreiðinni og breitt yfir hann með frakka, sem þar var.

Á Hringbrautinni hittum við aftur sendiferðabifreiðina og var þá ekið austur Hringbraut og Reykjanesbrautina fram hjá Fossvegskapellu og síðan suður Kringlumýrarbraut í gegnum Kópavog til Hafnaffjarðar. Ekið var inn á Keflavíkurveginn fyrir ofan Hafnarfjörð og ekið þá sem leið lá til Keflavíkur.

Pegar að við komum í Dráttarbænumutina þá var þar fyrir ljós fólksbifreið nokkuð stór og hjá bifreiðinni stóð þá Sigurður Guðjónsson, kallaður "Siggi rauði" og gekk hann að bifreiðinni til okkar. Ég fór þá út úr bifreiðinhi ásamt þeim Kristjáni Viðar og Valdimar og fór hann (þ.e. Valdimar) með Sigurði inn í bifreið hans. Þá kom til okkar lyftingamaðurinn og ræddi við mig og Kristján. Ásgeir Hannes kom þarna til okkar og fóru þeir Kristján og lyftingamaðurinn síðan með Ásgeiri niður að bryggjunni. Ég settist síðan inn í bifreiðina aftur og ræddi við Erlu, en Einar fór út úr bifreiðinni og ræddi eitthvað við Valdimar. Pegar að við komum í Dráttarbænumutina var bátur að fara frá bryggjunni og vissi ég þá ekki

hverjir fóru með bátnum.

Á meðan að við biðum eftir bátnum þá var Kristján Viðar einhverstaðar afsíðis, en ég og Erla vorum í bifreiðinni. Að bifreiðinni kom til okkar Ásgeir Hannes og ræddi ég við hann. Ég spurði hann meðal annars að því hvað báturinn yrði legni og svaraði hann því til Það bað yrði ekki mjög lengi. Lyftingamaðurinn og Valdimar voru inn í bifreiðinni hjá Sigurði, en Einar stóð við bifreiðina hjá þeim og talaði við þá í gegnum rúðuna.

Pegar að báturinn kom að þá fór lyftingamaðurinn niður á bryggjuna og upp bryggjuna koma Sigurbjörn og tveir aðrir menn, sem ég þekkti ekki, nema annar þeirra var maður sá sem síðar létt lífið parna á staðnum. Mennirnir fóru síðan að raða saman og var þá Valdimar komin til þeirra. Þá urðu parna átök og sá ég þá Valdimar, Sigurbjörn og annann mann til ráðast á einn mann. Maðurinn lá á jörðinni eftir þessi átök, en reisti sig upp og sá ég þá að Valdimar var komin með riffilinn. Sigurbjörn tók þá riffilinn af Valdimar og hleypti skoti af og sá ég þá manninn falla til jarðar. Ég og Erla stóðum parna skammt frá og horfum á pennann atburð og Kristján Viðar hljóp parna að og fór að deila eitthvað við mennina. Ég fór þá til Einars og sagði við hann að við skyldum koma okkur burtu og fór síðan og náði í Kristján Viðar, sem þá var í hörku riflildi við mennina og pikkaði ég aftan í hann og bað hann að koma með mér að bifreiðinni og setast inn í hana, sem hann gerði. Ég fór síðan að svipast um eftir Erlu, en þá var hún farin og fann ég hana ekki. Ég fór þá aftur í bifreiðina og settist fram í hana og var Einar þá inn í biffieiðinni.

Við fórum síðan af stað í bifreiðinni, þ.e. ég Kristján Viðar og Einar. Við leituðum að Erlu parna við Dráttarbrautina án árangurs og fórum við þá til Reykjavíkur. Kristján Viðar fór úr bifreiðinni á Sundlaugarvegi, þar sem hann ætlaði að taka sér leigubifreið og minnir mig að ég hafi látið hann hafa peninga fyrir hennum. Einar ók mér síðan heim á Hjallaveg og kom Erla þangað einhvern tíman um morguninn.

Á meðan að við biðum eftir bátnum þá sagði Ásgeir mér hvernig búið væri um spírann og sagði hann að spírinn væri í plastbrúsum. Ásgeir sagði mér einnig að á bátnum hefðu farið til þess að sækja spírann, þeir Sigurbjörn, Magnús, Jón Ragnarsson og tveir menn frá Keflavík. Ég veit ekki hvað gert hefur verið

viðmanninn, sem varð fyrir árásinni í Dráttarbrautinni, þar sem að við fórum skömmu eftir að atburðurinn átti sér stað.

Eg vil leiðréttu það sem áður er fram komið, þ.e. að Ásgeir Hannes sagði við lyftinga manninn, en ekki mennina farangurhúsinu, að þessir menn kæmu með og átti hann þar við mig og Kristján.

Yfirheyrslu lauk kl. 03:15.

Upplesið, staðfest,

Sławek M. Ciesielski

Sævar Marinó Ciesielski.

Vottar:  
Örn Ármanн  
*Örn Ármanн*

Jón Baldvin Sveinsson  
*Jón Baldvin Sveinsson*

Hjónjan Lúther.  
*Hjónjan Lúther*

Sigurbj. V. Eggertss.  
lögreglum.

11/9/1976  
*[Signature]*

Miðvikudaginn 12. maí 1976 kl. 22:45 er mættur til skýrslutöku hjá rannsóknarlöggreglunni, að eiginin ósk, Sigurður Jóhann Guðjónsson, gæslufangi, fæddur 27/2 1944 í Reykjavík.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l. mgg. #0. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: " Æg vil skýra frá því að í febrúar mánuði sl. nánar til tekið 26. febr. þá hitti ég Helga Sveinbjörnsson og var hann þá á rauðsri Toyota fólksbifreið (sport). Helgi spurði mig að því hvort ég hefði áhuga fyrir því að kaupa af sér 1 kassa af Vodka.

Ég sagði honum að ég hefði ekki áhuga á því og var það vegna þess að ég taldi að parna væri um smyglæð áfengi að ræða. Ég kvaðst hinsvegar vilja kaupa af honum 2 flöskur og sagði hann mér þá að hafa samband við sig daginn eftir.

Ég hafði ekki samband við Helga fyrr en á sunnudagskvöld og fór ég þá heim til hans. Þegar að ég kom þangað, var margt fólk þar og vildi ég ekki hafa neina við dvöl þar. Ég sá þá á eldhúsborðinu hjá honum tvær flöskur, sem voru merktar Tindavodka og var bofið innsigli á báðum flöskunum. Helgi sagði mér þá frá því að hann gæti ekki látið mig fá nema eina flösku, þar sem að gestkvæmt væri hjá honum, og varð það úr að ég keypti aðra flöskuna, sem stéð á eldhúsborðinu og greiddi ég fyrir hana kr. ~~xix~~ 3.500.oo.

Ég fór síðan með flöskuna út í bifreið, sem ég var farþegi í, og þar fékk ég mér sopa af flöskunni, óblandað, og fann ég þá að innihaldið var ekki Vodka, Mér fannst það vera spíri, blandaður, og var talsverður olíukeimur af honum. Ég gerði enga athugasemd við Helga, heldur drakk innihald flöskunnar og skemmti mér það sem eftir var kvöld.

Petta er eina skiptið, sem ég hef orðið var við að Helgi hefur verið með smyglæð áfengi undir höndum, en ég tel að innihald þeirrar flösku sem ég keypti af honum hafi oruglega verið spíri."

Yfirheyrslu lauk kl. 22:15.

*[Signature]*  
Sigurbj. V. Eggertss.  
löggreglum.

Upplesið, staðfest,

*[Signature]*  
Sigurður J. Guðjónsson.

19.1976  
Björn

13. maí 1976 kl. 09:25 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Helgi Sveinbjörnsson bifreiðarstj. til heimilis að Melabraut 63 á Seltjarnarnesi sími 28886, fæddur 29. 12. 1947 í Rvk.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er grunur rannsóknarlöggreglunnar þess efnis, að mætti hafi haft undir höndum smyglað áfengi.

Aðspurður og áminntur um sannsögli ~~askýrir~~ mætti frá eftirfarandi: Frá því nú nokkru eftir s. l. máramót og þar til í síðasta mánuði, þá hef ég haft undir höndum áfengi, sem ég er fullviss um, að var spíritus, sem búið var að blanda með vatni. Ég á áfengisstyrkleikamælir, svokallaðan flotmælir, og mældi ég styrkleika þessa áfengis með honum og virtist mér styrkleikinn vera ca. 45% til 48% miðað við magn.

Það var í verkfällinu, sem var nú eftir áramótin, sem ég fekk hjá kenningja mínum Ólafi Loga Jónassyni ca. 14 flöskur af svona áfengi. Þetta voru briggja pela flöskur, naðar til tekið áfengisflöskur undan Brennivíni og Ákavíti og hafði þessu áfengi verið tappað á þær. Ég greiddi Ólafi Loga kr. 2.500,00 fyrir hverja flösku. Ólafur Logi býr að Grenimel 22, hefur sími 28067 og er skipsverji á m/b Engey. Ekki var þetta áfengi komið upphaflega frá Ólafi Loga, heldur er ég viss um, að kennungi hans, sem Stefán heitir, hafi ~~xátt~~ útvegað það. Á þessum Stefáni veit ég engin deili, nema hann á bifreið af ~~xt~~ tegundinni Bronco, brúna og hvíta að lit með breiðum hjólbörðum. Mig minnir, að einhvern hluta af þessum 14 flöskum hafi ég veitt viðtöku heima hjá Ólafi Loga, en eitthvað af þeim hafi hann komið með heim til mínn. Ekki minnist ég þess, að Ólafur Logi hafi beinlinis sagt mér, að þetta áfengi væri frá Stefáni, ~~xi~~ em einhverra hluta vegna er ég viss um, að svo var.

Síðar, það er, að mig minnir í s. l. mánuði, þá keypti ég 3 þlastbrúsa af nefndum Stefán og var innihald þeirra það sama og í flöskunum, sem ég hafði fengið hjá Ólafi Loga. Mig minnir, að ég hafi hitt pennan Stefán heima hjá Ólafi Loga, allavega komst ég í kynni við Stefán í ~~genum~~ hann. Ég held, að hver brúsi hafi innihaldið tæpum 4 lítrum af áfengi, allavega átti það að vera jafn mikið og fimm ~~xt~~ 3/4 liters flöskur. Verðið var kr. 2.300,00 miðað við herja slíka flösku, eða kr. 11.500,00 fyrir hvern brúsa. Stefán kom meðalla brúsana þrjá heim til

mín í einu og greiddi ég honum fyrir þá alla í reiðufé. Ekki man ég hvort nokkurn tímánna var beinlinis talað um það, að áfengi petta væri vatnsblandaður spíritus, en einhvern hátt lá það í augum uppi. Hvaðan þessi spíritus var kominn, það hef ég enga hugmynd um. Hvort hann hefur verið innfluttur, eða eymaður hér fyrir, það veit ég ekki, en alveg er víst, að honum hefur verið tappað á brúsana og flöskurnar hér á Íslandi. Nekkuð af þessu áfengi drakk ég sjálfur og man ég ekki eftir að hafa fundið af því neitt 6eðlilegt bragð miðað við, að petta væri vatnsblandaður spíritus.


Ég gæti trúað, að ég hafi selt aftur megnið af þessu áfengi, en töluvert drakk ég sjálfur og viettil vinum og kunningjum. Það sem ég seldi af áfenginu, seldi ég á kr. 3.000,00 hverja 3/4 líters flösku. Hversu mikinn hagnað ég hef haft af þessu, það get ég ekki sagt um.


Áfengi sem petta, eða ólöglega innflutt áfengi yfirleitt hef ég ekki haft undir höndum í annan tíma, en ég hef hér skýrt frá.

Yfirheyrslu lauk kl. 11:10.

Upplesið, staðfest:

Vottur:


  
Sigurður V. Eggertsson.

  
Helgi Sveinbjörnsson

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Samkvæmt upplýsingum eiginkonu Ólafs Loga Jónassonar, þá mun Stefán sá, sem Helgi Sveinbjörnsson nefnir hér í skýrslu sinni á undan, vera Stefán Dalberg til heimilis að Mariubakka 8 hér í borg síni 44906, nemandi í Hákséla Íslands.

Málfur Logi er skipsverji á b/v Engey og nú á sjó, og ekki væntanlegur í land fyrr en um miðja næstu viku.

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

1/9 1976OB

14. maí 1976 kl. 09:25 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Guðmundur Stefán Daðberg nemi í læknisfræði í Háskóla Íslands, til heimilis að Mariubakka 8 hér í borg sími 44906, fæddur 29. 7. 1946 í Rvk.

Gætt er 1. málsgri. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er mjög ákveðinn grunur rannsóknarlöggreglunnar þess efnis, að mætti hafi haft undir höndum og selt áfengi og þá líklegast spíritus blandaðan með vatni.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: » Eg þekki mann að nafni E. Olaf Loga Jónasson og ég á Bronco-bifreið, brúna og hvíta að lit með breiðum hjólbörðum, ... Raunar eru hjólbærðarnir ekki breiðari en gerist og gengur, heldur eru felgurnar svolítið öðru vísni ... svo hjólbærðarnir standa lengra út.


Mér er hér tjáð, að maður að nafni Helgi Sveinbjörnsson hafi sagt, að ég hafi selt honum vatnsblandaðan spíritus og komið með það áfengi heim til Helga. Eins, að Helgi segist hafa átt viðskipti með slíkt áfengi við mig með milligöngu Ólafs Loga.

Eg lýsi þetta algjörkla lygi, sem enginn fótur er fyrir. Um spíritus og annað áfengi, sem hugsanlega væri ekki frá A.T.V.R. hef ég enga hugmynd.

Yfirheyrslu lauk kl. 10:00.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

  
Sigurbjörn Eggertsson

Eggertsson.

Guðmundur Stefán Dalberg

  
E. N. Bjarnason

löggreglum.

11/9 1976  
*H.B.*

14. maí 1976 kl. 10:25 er aftur mættur hjá rannsóknarlögreglunni í Rvk. í máli þessu í fangkelsinu við Síðumúla, Gáumundur Stefán Dalberg.

Hann kveðst nú vilja segja allt af léttu í máli þessu og skýrir frá eftirfarandi: Það er ekki rétt, sem ég sagði hér fðan, að ég hefði ekki haft undir höndum áfengi, sem ekki hefði verið frá Á.T.V.R. Ég hef verið með spíritus, sem raunar var frá Á.TvV.R., en ekki ætlaðurum til drykkjar, eða svokallaðan iðnaðarspíritus.

Á s. l. sumri tók ég að safna að mér slíkum spíritus eftir því sem mér tókst að komast yfir hann. Ég akeypti spíritus í lyfjabúðum, en þar gat maður fengið allt að 1/2 kg án þess að hafa lyfseðil eða slíkt. Eins var hægt að kaupa pennan spíritus hjá Á.T.V.R. og var hann þá í 3 kg brúsum. 1 kg af spíritus er rúmlega 1 lítri. Hvert kg af spíritusnum kostaði um kr. 1.200,00. Pennan spíritus eymaði ég svo og fekk ég um það bil 3 1/2 l af hreinum og drykkjarhæfum spíritus úr hverjum 5 l sem ég eimaði. Taki til eiminingarinnar keypti ég í Ingólfss- Apóteki, en þar sem ég er algjörlega hættur þessu, þá hef ég nú eyðilagt tækin. Æður en ég eimaði spíritusinn, þá setti ég saman við hann svolítið af brennisteinssýru og vatni. Sýran og fellir út úr spíritusnum þau efni, sem gera hann ódrykkjarhæfan og er þá einnig nauðsynlegt að setja vatn saman við. Sýran og vatnið hafa svo mikið hærra suðumark en spíritusinn, að hann gufar mikið fyrr upp og eftir verður sýran, vatnið og önnur efni, sem blandað hefur verið í hann. Ég byrjaði á því að eima spíritusinn á s. l. sumri, en hætti því alveg nú í síðasta mánuði. Hversu mikið magn ég hef í allt eimað, það get ég ekki sagt um, en mest hef ég eimað ca. 3 l í einu.

I upphafi ætlaði ég þetta áfengi eingöngu til eigin þarfa og neytti ég þess aðeins sjálfur til að byrja með. Þar kom þó, að ég lét kunningja minn Ólaf Loga Jónasson hafa flösku og flösku og jafnvel allt að 10 þriggjapelaflöskur í einu. A þessum flöskum var spíritusinn blandaður til helminga með vatni og hefur styrkleikinn á því áfengi, sem þannig varð til, verið milli 45% og 50%. Þegar ég hafði eimað spíránn, þá fekk ég um það bil 1 þriggjapelaflösku af spíritus úr hverju kílói, en það magn blandaði ég svo til helminga með vatni svo úr urðu 2 þriggjapelaflöskur og seldi ég hvora á kr. 2.000,00. Ólafur Logi hefur greitt mér nokkuð af því áfengi, sem ég hef látið

hann hafa, en meirihlutann skuldar hann mér. Ekki get ég gert mér grein fyrir hversu mikið áfengi ég hef selt Ólafi Loga, eða hvað hann hefur átt að greiða mér mikið fyrir það í heild. Einum öðrum aðila, en Ólafi Loga hef ég selt áfengi, það er spíritus meðhöndlæjan á þann hátt, sem hér hefur komið fram. Sá maður er kunningi Ólafs Loga og heitir Helgi. Ég seldi honum áfengi, sem svaraði ca. til 6 l af spíritus og miða ég þá við styrkleikann ca. 92 %. Þetta var svo blandað til helminga með vatni og greiddi Helgi mér um það bil kr. 33.000,00 fyrir allt áfengið. Eg ~~k~~ fór með áfengið heim til Helga. Ekki þekki ég Helga sjálfur persónulega, heldur kannast við hann í gegnum Ólaf Loga.

Önnur viðskipti með áfengi, eða meðhöndlun á því, en ég hef hér skýrt frá, hef ég ekki haft, eða hef vitneskju um.

Yfirheyrslu lauk kl. 11:15.

*E. N. Bjarnason*  
E. N. Bjarnason

lögreglum.

Upplesið, staðfest:  
*Stefán Dalberg*.  
Guðmundur Stefán Dalberg

14. maí 1976 kl. 19:00 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Guðjón Skarphéðinsson að sjónum. til heimmlis að Grettisgötu 31 A hér í borg sími 14230, fæddur að 19. 6. 1943 að Marðarnápi í Vatnsdal, A-Hún.

Áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg þekki Sævar Ciesielski og hef gert um nokkurt skeið. Fyrst man ég eftir honum, er ég var kennari við skólann að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og hann var þar nemandi um skamman tíma. Þetta mun hafa verið árið 1970 eða 1971, að mig minnir. Síðan hef ég hitt Sævar af og til, oftast einhversstaðar á götu úti eða í veitingahúsi. Einnig kom fyrir, að ég hitti hann einhversstaðar í heimahúsi og nokkrum sinnum hefur hann heimsótt mig.

Sumarið 1974 bjó ég að Rauðalæk 67 hér í borg og minnir mig, að þangað hafi Sævar heimsótt mig einu sinni eða tvívar. Af Rauðalæknunum flutti ég um mánaðarmót október og nóvember 1974 og þá að Ásvallagötu 46. Sumarið 1974 hitti ég Sævar öðru hvoru á almannafæri og man ég, að hann færði ~~hennu~~ oftar en einu sinni í tal við mig að taka þátt að svíkja út fé hjá Pósti og Síma. Eg hlé ætið að Sævari, enda taldi ég þetta algjöra fjarstæðu. Af þessum sökum held ég hann hafi eitthvað móögast út í mig, því frá því um þjóðhátið sumarið 1974 og þar til vorið 1975 hitti ég Sævar ekki. Einu sinni á þessum tíma talaði hann við mig og var það símleiðis frá Kaupmannahöfn. Eg held þetta hafi verið í mars-mánuði í fyrra. Ekki vartist hann eiga neitt erindi við mig og talaði ekki um neitt sérstakt. Hann spurði fréttu af sameiginlegum kunningjum, hvernig veðrið væri og svo framvegis. Síðar komst ég svo að því, að hann hafði látið skrifa símtalið hjá mér og féll mér það vægast sagt miður, er ég komst að því.

I fyrrasumar áttum við Sævar aftur á móti meira saman að salda. Við hittumst þá öðru hvoru, annað hvort á förnum vegi, eða Sævar kom til mínn. Eg aftur á móti sóttist ekki eftir félagsskap hans. Þó fórum við tvívegis saman í veiðiferðir á þessum tíma og hafði ég gaman af. Upp úr samskiptum okkar Sævars slitnaði svo í byrjun desember 1975 vegna fíkniefnamáls, sem þá komst upp og annarsstaðar hefur verið rakið.

Eg minnist þess, að á s. l. sumri barst eitt sinn hið svo-kallaða Geirfinnsmál í tal milli okkar Sævars og sagði hann þá sem svo, að um það mál vissi hann allt. Eg innti hann eitthvað nánar eftir vitneskju hans, en meira var ekki upp úr honum að hafa.

Hvenær þetta var, man ég ekki gjörla og ekki heldur tildrögin að því, að þetta bar á góma. Ekki minnist ég þess, að önnur mannshvörf hafi borist í tal milli okkar Sævars. Einsu sinni hafði hann þó á orði við mig, að hér á landi væri enginn vandi að losna við menn fyrir fullt og allt. Allt, sem þyrfti að gera væri að kála þeim og urða þá svo suður í hrauni, þar fyndust þeir aldrei, eins og Sævar orðaði það. Hvert tilefnið að því, að hann sagði þetta, það man ég ekki. Það var algengt, að Sævar færi að tala um einhver mállefni eða atvik, án þess nokkurt tilefni væri til þess, eða það væri í samhengi við annað um-ræðuefni.

Ég hef hér sérstaklega verið spurður um það, hvar ég hafi haldið mig í nóvember 1974 og hvort ég hafi verið í eða hjá sendiferðabifreið á ~~óxxum~~ Vatnsstíg hér í borginni á þeim tíma. Þar eigi einnig að hafa verið þau Sævar, Erla Bolladóttir sambýliskona hans og kunningi hans Kristján Viðar Viðarsson. Eins og áður er fram komið, þá fluttist ég búferlum um mánaðarmótin október-nóvember 1974 og um nokkurn stíma eftir þann flutning vann ég mikið við standssetningu íbúðar þeirrar, sem ég flutti í. Ég var þá flest eða öll kvöld heima. Hvað varðar fyrnefnda sendibifreið, þá kannast ég alls ekki við að hafa verið neitt í sambandi við slíka bifreið yfirleitt veturinn 1974, nema þegar ég flutti. Ég þekki Erlu í sjón, ~~xx~~ en Kristján Viðar þekki ég ekki og veit ekki hver er fyrir ~~xx~~ annan. Vel getur verið, að ég hafi séð Kristján Viðar án þess ég viti um það, en ég hef heyrt, að hann væri kunningi Sævars.


Það rifjast nú upp fyrir mér, að eitt sinn hitti ég Sævar veturinn 1974, námar til tekið mun það hafa verið síðari hluta október. Það er ekki allskontar rétt, að ég hafi flutt á Ásvallagötuna um móti október-nóvember, ég var kominn þangað nokkru fyrr þótt ég ekki flytti raunverulega fyrr en um mánaðarmótin. Ég vann því við standssetningu húsnæðisins frá því einhvern tímann í október og um þó nokkurn tíma þar á eftir. Í þessu tilviki, það er þegar ég hitti Sævar, þá kom hann ~~xx~~ í bifreið vestur á Ásvallagötu, en ég var þá að vinna í íbúðinni. Hann sggði mér, að hann væri búinn að kaupa Land Rover-bifreið og bauð mér að prófa að aka henni, hvað ég gerði. Þá var Erla í bifreiðinni með Sævari og mun hún hafa verið öku-

maðurinn. Það mun hafa verið í fyrsta skipti, sem ég sá Erlu, svo ég muni. Hugsanlegt er, að ég hafi áður séð Erlu í fylgd Sævars, þó svo ég ekki muni eftir því.


Yfirheyrslu lauk kl. 21:03.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

  
Sigurður V. Eggertsson.

Guðjón Skarphéðinsson



Erl. Bjarnason  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

1/9 1976

15. maí 1976 kl. 17:10 er mættur hjá rannsóknar-  
lögreglunni í fangelsinu við Síðumúla sem vitni í máli  
þessu Vilhjálmur Ósvaldsson Knudsen kvíkmyndagerðarmaður  
til heimilis að Hellustendi 6 A hér í borg sími 13230,  
vinnusími 22539, fæddur 14. maí 1944 á Bíldudal.

Eftir að mætta hefur verið gerð ljós vitnaskyldan  
skýrir hann frá eftirfarandi: Er ég las í dagblöðum  
nú fyrir skömmu um hið svokallaða Geirfinnsmál, þá fór  
ég að rifja upp samskipti okkar Sævars Ciesielski þá þeim  
tíma, sem Geirfinnur hvarf. Ég hélt þá dagbók, sem ég  
skráði í vinnustundir mínar og ef ég aðhafðist eitthvað  
sérstakt.

Samkvæmt dagbókinni, þá hef ég unnið til kl. 19:30  
þann 19. nóv. 1974, og svo síðar um kvöldið fór ég í Kjar-  
valsstaði á Sögusýninguna, sem þá stóð þar yfir. Tilefnið  
til þess, að ég fór á þessa sýningu var það, að faðir minn  
bað mig að gera það og sjá þar sýningu ~~kunns~~ kvíkmyndarinnar  
~~Eldseyjum~~ Eldur í Heimaey. Við fórum svo saman feðgarnir og  
eiginkona mína. Í Kjarvalsstöðum hittum við þá Sævar og  
var með honum kona, sem hann kynnti fyrir föður mínum sem  
móður sína. Hana hafði ég þá aldrei áður séð. Ekki man  
ég eftir því, að aðrir væru með Sævari og það var ekki langa  
stund, sem við töluðum saman. Það kvöld sáumst við svo ekki  
aftur. Hvað klukkan hefur verið, þegar ég hitti parna Sævar  
og móður hans, er ég ekki viiss um, en sennilega hefur það  
verið fljóttlega eftir kl. 20:00 eða um kl. 21:00. Kvíkmynd-  
in var sýnd fjérum sinnum þetta kvöld og held ég, að ég  
hafi hitt þau meðgin um það bil er fyrstu eða annarri sýn-  
ingu lauk. Sýningartími myndarinnar er 1/2 klukkustund og  
~~þekkum~~ liðu ca. 10-15 mínútur á milli sýninga.

Hvað fór okkar á milli, það man ég ekki sérstaklega  
eftir. Hitt er annað, að ég man ekki betur, en eitt sinn,  
er ég hitti Sævar, þá sagðist hann vera að flýta sér, því  
hann væri að fara til Keflavíkur. Þá kom hann eitt sinn  
til mína eða ég hitti hann og sagðist hann þá vera að koma  
úr samkomuhúsínu Klúbbnum. Þetta var, að ég best man, um  
kl. 21:00 og furðaði ég mig á því, að Sævar væri að koma  
úr samkomuhúsínu svo snemma kvölds. Hvort það var í sama  
sinnið, sem Sævar kvaðst vera að koma úr Klúbbnum og vera

að fara til Keflavíkur, það skal ég ekki segja um. Ég get ekki fullyrt um hvort þetta voru tvö aðskilin tilvik, eða um sama tilvikið að ræða. Eins er hugsanlegt, að Sævar hafi ekki sagst vera á fórum til Keflavíkur, heldur hafi hann sagst hafa farið þangað, ef til vill daginn áður. Einhverra hluta vegna hef ég það á tilfinningunni, að þegar við hittum Sævar á sýningunni, þá hafi hann verið að flýta sér eitthvað og jafnvel ekki séð kvíkmyndasýninguna.


Að sinni man ég ekki nánar eftir þessu atviki, en komi eitthvað nánar upp í hugam mér það varðandi, mun ég skyra frá því.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:55.

Upplésið, staðfest:

Vottur:


  
Sigurbj. V. Eggerthsson.

  
Vilhjálmur O. Knudsen

  
E. N. Bjarnason

löggreglum.

Vilhjálmur hefur afhent rannsóknarlöggreglunni dagbók þá, sem hann hefur hér að framan vitnað í, ef þar kynni eitthvað það vera að finna, sem að gagni mætti koma.

  
E. N. Bjarnason

löggreglum.

11/9 1976

15. maí 1976 kl. 18:40.

Eru skýrsla var tekin af Guðjóni Skarphéðinssyni hinn 14. þ. m. var gæslufanginn Kristján Viðar Viðarsson færður úr klefa sínum f herbergi við hlið þess, sem yfirheyrslan ~~yfir~~ Guðjóni fór fram í. Var Kristján Viðari gert mögulegt að sjá Guðjón tvívegis meðan á yfirheyrsunni stóð og með þeim hætti, að hann gat virt Guðjón vel fyrir sér. Var Kristján Viðar inn tur eftir því þegar á eftir hvort hann hefði berið kennsl á Guðjón. Kvaðst Kristján Viðar þá þegar hafa borið kennsl á mann þennan og væri hann þess fullviss, að þar væri kominn útlendingslegi maðurinn", sem hann hefur rætt um að hafi verið á Vatnsstíg og síðar í Dráttarbraut Keflavíkur.

*E. N. Bjarnason*  
E. N. Bjarnason  
löggreglum.

15. maí 1976 kl. 18:50 er mættur hjá rannsóknarlög-reglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson nú þar gæslufangi, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Æg er nú þess fullviss, að maður sá, sem égg sá hér í yfirheyrsluherberginu í gær og mér er tjáð, að heiti Guðjón Skarphéðinsson, er maður sá, sem ég sá í samræðum við Sævar Ciesielski við sendibifreiðina á Vatnsstíg og mér fannst útlendingslegur í útliti. Það var hann, sem sagði við Sævar þarna á Vatnsstínum, hvort ekki væri nægilegt pláss í bifreiðinni og benti um leið að bifreið þeirri, sem við Sævar komum þarna í. Bifreið þessi var rauðleit að lit. Þessi sami maður sagði á þá leið; mið nú leggjum við í hann strákar, og lekaði dyrum farmskýlis sendibifreiðarinnar. Maðurinn sagði mér og þeim, sem með mér voru í bifreið, að fara á undan og virtist mér maðurinn stjórna því, sem þarna fór fram. Sömuleiðis því, sem að mér sneri síðar í Dráttarbraut Keflavíkur.

Næst minnist ég þessa manns, það er Guðjóns, í Dráttarbraut Keflavíkur. Hann spurði þar okkur Sævar hvort við

hefðum verið eitthvað til sjóss. Ég sagðist þá hafa verið á "tappatogara", en Sævar svaraði engu til. Síðan gekk ég með Guðjóni niður á bryggjuna, en Sævar varð eftir, ásamt ökumanni okkar bifreiðar og einhverjum fleirum. Á bryggjunni kom maður gangandi á móti okkur, það er áleiðis til lands.

Pá sagði Guðjón: Héra kem ég með einn, og átti þar við mig. Maðurinn svaraði því pá til, að báturinn væri fullmannaður og væri að leggja frá, og minnist ég þess, að hafa þá séð á eftir hvítleitum bát, sem kominn var nokkuð frá bryggjunni. Bátur þessi var með stýrishúsi, en nánar treysti ég mér ekki til þess að lýsa honum. Þá sagði Guðjón, ~~"nú mér skildist, að það vantaði einn eða two"~~. Hinn svaraði þá, ~~"nei, það væri eiginlega ofaukið í bátnum og báturinn farinn frá"~~. Um leið benti hann út á sjóinn, þar sem ég grillti í bátinn. Næst gekk Guðjón með mér að bát, sem stóð uppi þarna í dráttarbrautinni og sagði mér að standa þar. Nokkru síðar, eða eftir að ég sá menn umkringja einhvern þarna, eins og ég hef áður lýst, sagði Guðjón mér að fara að bifreiðinni, ég hefði ekkert þarna lengur að gera. Ég sagði þá við Guðjón eitthvað á þá leið, að mér hefði skilst, að þarna hefði ég átt verk að vinna. Ég tel, að ég hafi staðið upp við bátinn upp undir tvær klukkustundir. Ég var nú orðinn vondur fyrir því hvernig málín hefðu þróast og spurði Guðjón hvort hann ætti að greiða mér þá greiðslu, sem Sævar hafði talað um við mig. Guðjón neitaði því þá, að ég hefði átt að vinna þarna nokkuð og skildi ég því snauta að bifreiðinni. Þetta féll mér illa, en gekk þó að bifreiðinni eins og Guðjón hafði fyrir mig lagt, en þar var þá enginn fyrir. Fór ég þá að ganga þarna um í myrkru ~~fx~~ og var að gá að Sævari. Þá var það, sem ég kom auga á hinn liggjandi mann og aðra næristadda menn, eins og ég hef áður rakið.

Yfirheyrslu lauk kl. 19:25.

Upplesið, staðfest:

Vottur:  
  
 Ólafur Ólafsson  
 Ólafur Ármann


Kristján V. Viðarsson

E. N. Bjarnason  
 löggreglum.

16. maí 1976 kl. 23:40.

Föstudaginn 14. þ.m. mætti til viðtals við rannsóknar-löggregluna, í fangelsinu við Bíóumúla, Ólafur Sigurgeirsson, lögfræðingur, Hringbraut 41, Rvík.


Gæzlufanginn Kristján Viðar Viðarsson var viðstaddir nokkurn tíma þess viðtals, en Kristján Viðar hafði áður bent á Ólaf á mynd af lyftingarmönnum, sem líklegan til að hafa verið í sendibifreiðinni á Vatnsstíg.


  
Sigurbj. V. Eggerthss.  
lögreglum.

Sunnudaginn 16. maí 1976 kl. 23:50 er mættur til skýrslutöku hjá rannsóknarlöggreglunni, að eigin 6sk, Kristján Viðar Viðarsson, gæslufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um samnsögli skýrir hann svo frá: " Ég er þess nú fulltiss, að maður ~~sá~~ sem, ég sá hér í yfirheyrsluherberginu sl. föstudag og ræddi lítilsháttar við og ég hafði áður nefnt í skýrslum sem lyftingarmann, er maðurinn sem var inni í farmskýli sendibifreiðarinnar á Vatnsstíg. Maður þessi var í farmskýli sendibifreiðarinnar ásamt fleirri mönnum, sem ég bar ekki kennsli á. Það var hann sem talaði til mannanna og sagði, að þessi væru ekki miklir til vinnu og átti hann þar við mig og sávar."

Yfirheyrslu lauk kl. 24:00.

  
Sigurbj. V. Eggerthss.  
lögreglum.

Upplesið, staðfest.  
  
Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson.

Viðstaddir yfirheyrluna var Hallvarður Einyarðsson, vararíkissaksóknari.


Priðjudaginn 18. maí 1976 kl. 14:10 er mættur til skýrslutöku hjá rannsóknarlöggreglunni í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæðal. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: " Eg hef miköö hugsað um mál þetta og þá sérstaklega ~~hávæði~~ hvaða menn voru í sendibifreiðinni á Vatnsstíg. Eg er þess nú fullviss að einn þeirra mann, sem í sendibifreiðinni voru þ.e. í farmskyli bifreiðarinnar, var Guðmundur Birgisson.

Eg var með honum á sjó fyrir nokkrum árum og vorum við þá á togaranum Margréti, sem gerð var út frá Norðfirði. Eg man einnig eftir því að eg hef séð Guðmund aka á hvítri V.W. sendibifreið, sennilega fyrirtækisbifreið, og einnig hef ég hitt hann á Þórsccaffé. Eg er þess fullviss að Guðmundur var þarna í sendibifreiðinni og það var þess vegna sem ég sagði við údlendingslega manninn í dráttarbrautinni, þegar að hann spurði hvort við hefðum verið til sjóss, að ég hefði verið á "tappatogara. Einnum man ég að þegar að ég sá Guðmund í sendibifreiðinni þá sagði ég við Sævar að ég færi ekki inn í þá bifreið og var það vagna þess að ég sá Guðmund þar. Hann var þá búinn að vara reiður út í mig, þar sem að ég hafði lamið kunningja hans, sem heitir Annel. Eg man líka eftir því að ég spurði Sævar að því hwernig staði á öllum þessum mannskap og sagði hann þá að þetta væri allt í lagi, mennirnir þekktu ekki hvorn annann.

Eg vil ítreka það, að ég er þess alveg fullviss að Guðmundur var í sendibifreiðinni og er ég tilbúinn að leggja eið að þessum framburði mínum."

Yfirheyrslu lauk kl. 14:25.



Sigurbj. V. Eggertsson  
lögreglum.

Upplesið, staðfest,  
*Kristján Viðar Viðarsson*  
Kristján Viðar Viðarsson.

11/10/1976  
u/Orf.

Priðjudaginn 18. maí 1976 kl. 20:20 er mættur til skýrslutöku hjá rannsóknarlöggreglunni, íf fangelsinu við Síðumúla, Guðmundur Birgisson til heimilis að Krummahólmum 4, Rvík., sími: 73782, fæddur 17/10 1955 í Reykjavík.

Mætta er kynntur framburður Kristjáns Viðars Viðarssonar, þar sem Kristján Viðar segir að mætti hafi verið í sendibifreið á Vatnsstíg, ásamt fleirri mönnum. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá:

"Pað eru algjör 6sannindi hjá Kristjáni Viðar að ég hafi verið í einhverri sendibifreið á Vatnsstíg, ásamt fleirri mönnum, haustið 1974 eða í nóvember mánuði. Pað er hinsvegar rétt hjá Kristjáni Viðar, að við vorum saman á togaranum Margréti sem gerð var út frá Norðfirði, fyrir nokkrum árum. Einnig vorum við Kristján ágætir kunningjar á meðan að við vorum saman á m/b Margréti, en pað var svo þegar að ég kom hér til Reykjavíkur aftur að ég kynntist Annel Borgar Þorsteinssyni og urðum við miklir vinir. Annel sagði mér þá frá því að Kristján Viðar hefði farið mjög illa með sig í áflogum og eftir það vildi ég ekkert við Kristján tala. Pað var svo nokkru eftir þetta sem að Kristján Viðar kom til mínn, þar sem ég var að skemmta mér í Þórscaffé og ætlaði að tala eitthvað við mig, en ég vildi það ekki og var þá nærrí komið til átaka á milli okkar. Pað er einnig rétt sem fram kemur í skýrslu Kristján Viðars að ég ók um nokkurn tíma hvítri V.W. sendibifreið og var það á meðan að ég vann hjá Sláтурfélagi Suðurlands Laugavegi 116.

Ég hef hér verið spurður hvort ég kannastaðist við nekkur mannanöfn, sem mér hafa verið nefnd, en ég kannast ekki við neitt þeirra. Vera má þó að ég kannist við einhvern þessara manna í sjón, þar sem ég þekki mjög marga menn, en man ekki nöfn þeirra.

Ég vil ftreka það að þetta eru algjör 6sannindi hjá Kristjáni og get ég ekki komið auga á neina ástæðu, sem gæti komið honum til þess að bera slík 6sannindi upp á mig. Ég veit ekki til þess að ég hafi neitt gert Kristjáni Viðar svo ég best muni og hef ég því ekkert fleirra um mál þetta að segja."

Yfirheyrslu lauk kl. 20:50.

Sigurbj. V. Eggertsson.  
löggreglum.

Upplesið, staðfest,  
Guðmundur Birgisson.

19/1976

Miðvikudaginn 19. maí 1976 kl. 09:05 er mættur aftur í máli þessu, í fangelsinu við Síðumúla, Guðmundur Birgisson til heimilis að Krummahólum 4, Rvík., fæddur 17/10 1955 í Reykjavík.

Mætha er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "Ég held fast við fyrri framburð minn í máli þessu, sem er sannleikanum samkvæmt, og ítreka ég það, að framburður Kristjáns Viðars, um veru míni í sendibifreið á Vatnsstíg, er ósannur með öllu. Ég hef ekkert fleirra um mál petta að segja og hef heldur enga vitneskju um það."

Yfirheyrslu lauk kl. 09:45.

Upplæsið, staðfest,

*Sigurbjörn Birgisson*  
Guðmundur Birgisson.

*Sigurbjörn Birgisson*  
Sigurbjörn Birgisson.

lögreglum.

Föstudaginn 28. maí 1976 kk.13:50 er mætt til yfirheyrslu, í fangelsinu við Síðumúla, Erla Bolladóttir, gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er samband henna og Sævars M. Ciesielski við Guðjón Skarphéðinsson. Mættu skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

" Það var í nóvember mánuði 1973, sem ég sá Guðjón í fyrsta skipti. Þá var hann í fylgd með eiginkonu sinni, Guðrúnu Egisdóttur, en þau komu, ásamt öðru pari, sem ég man ekki hvert var, í heimsókn til Rafns Guðmundssonar, að Lambhóli v/Starhaga, þar sem ég var stödd með Sævari. Þau sögðust vera að koma frá Leifi Jóelssyni, þar sem hann var við næturvörslu í skemmum Eimskipafélagsins við Sundahöfn. Þau sögðust hafa gengið þar um skálann og skoðað sig um og að ekkert væri auðveldara, en að stela þar hverju sem væri og minnir mig, að Guðrún hafi sagst hafa stolið þaðan skópari.

Næsta sinn, sem ég man eftir að hafa séð Guðjón, var í júní-júlí 1974, þegar hann kom, ásamt bróður sínum, Gunnari, inn í Álfheimi 40, þar sem ég hafði herbergi á leigu. Hann kom á bíla-leigubíl, í þeim erindum, að sækja Sævar í veiðiferð austur í Þjórsá. Hann kom ekki inn, heldur sá ég hann, er ég fylgdi Sævari út í dyr, þegar hann fór með þeim. Þegar þeir komu tilbaka, sá ég Guðjón aftur, er ég fór út í dyr, til að aðstoða Sævar við að bera inn veiðidót sitt.

Það skal tekið fram, að ég vissi, að um samband milli Sævars og Guðjóns var að ræða, áður en ég kynntist Sævari, svo og allan tímann, sem leið milli þess, sem ég sá Guðjón fyrst og þar til ég sá hann í Álfheimum. Til dæmis, að Sævar hafði símasamband við Guðjón, einnig sagðist hann oft hafa verið að koma frá honum.

Nokkru eftir umrædda veiðiferð, hringir Guðjón í Álfheimi. Ég svaraði, þar eð ég var ein heima og hann bað um að fá að tala við Sævar. Ég sagði honum sem var, að ég ætti von á honum eftir ca. klst. Guðjón talaði um, að sér lægi á að ná tali af honum, og spurði, hvort hann mætti koma eftir ca. klst. og bíða, ef Sævar skyldi ekki verða kominn. Ég samþykkti það og hann kom, þó fyrr, en hann hafði talað um. Ég var þá ennþá ein. Hann gekk inn í herbergið og litaðist gaumgæfilega um, spurði mig hvað ég læsi, því Íslandssögubækur lágu á borðinu og lýsti hann velþóknun sinni á lestrarefni mínu. Hann sagðist hafa haft áhuga á, að sjá, hvernig við byggjum, en með það fór hann, án þess að bíða Sævars nekkuð.

Pegar Sævar kom svo heim, ca. hálfri klst. eftir petta, hringdi hann til Guðjóns, eftir að ég hafði sagt honum frá komu hans. Þeir töluðu lengi saman, allavega klst., í símann, en ekkert samhengi gat ég fengið í samræður þeirra, en þær lutu að einhvers komar viðskiptum, sem mér voru ekki kunnug.

I apríl 1974 kom Sævar heim seint að kvöldi með póstpoka í fórum sínum. Hann sagðist hafa stolið honum við Flugfélagsbygginguna á Reykjavíkurflugvelli. Í honum voru meðal annars ávísanir, stílaðar á fyrirtæki, sem hljóðuðu upp á milljónir fsl. króna. Allar voru þær tvístrikaðar, skáhallt yfir eyðublöðin. Sævar talaði þá um, að bera undir Guðjón, hvernig færa mætti sér í nyt slíkar ávísanir, þar eð hann vissi ekki, hvað pessi tvö striktáknuðu. Ekki vissi ég meira um ætlun hans varðandi petta, nema að næst er ég hitti Sævar, var honum orðið ljóst, að hann hefði enga möguleika á að hagnast á pessum ávisunum.

I ágúst 1974 hafði Sævar ákveðið, að láta til skarar skrifða, við að svíkja út fé, hjá Pósti og síma, eftir að hafa ætlað það lengi. Hann talaði um, að fá Guðjón til að leysa féð út, þegar ég hefði gengið frá öllu öðru. Í þessu skyni gerði hann sér ferð til Guðjóns og er hann kom tilbaka, hafði hann með sér tvær andlitsmyndir af Guðjóni og tjáði mér, að Guðjón hefði gengist inn á, að leysa út féð. Myndirnar væru til þess, að setja í annars manns skilríki. Stuttu seinna, segir Sævar mér, eftir að hafa verið hjá Guðjóni, að Guðjón muni vera hættur við það, sem hann áður hafði ákveðið, sökum þess, að honum þætti petta of áhættusamt.

Ég minnist þess, að meðan ég bjó í Álfheimum (1. mars - 5. ág) fór Sævar með Guðjóni í samkvæmi suður í Kópavog, eða Hafnarfjörð.

I október 1974 keyrði ég Sævar nokkrum sinnum að Rauðalæk, þar sem Guðjón bjó, en Sævar fór inn til að tala við hann. Hann tók mig aldrei inn með sér, heldur lét mig bíða, langtínum saman, úti í bílnum, meðan hann dvaldist þar inni. Er ég innti hann eftir því, hvað þeir töluðu um svo lengi, svaraði hann því einungis, að þeir væru að "ræða málín."

I nóvember 1974, er ég var með Sævari í leit að jeppabifreið, sem hentaði honum, helst átti það að vera Land-Rover af lengri gerðinni, þá fórum við inn á bílaleiguna Geysi, við Laugaveg, í því skyni að leigja okkur bíl. Þar kannaðist Sævar við mann þann, sem afgreiddi okkur og minnti hann á, að hann hafði fengið áður hjá honum bíl, ásamt Guðjóni Skarphéðinssyni.

Maðurinn tók við sér, er hann heyrði nafn Guðjóns, mundir þá eftir því, að þeir hefðu komið þarna saman, sagðist kannast við fólk Guðjóns og spurði Sævar hvort hann væri skyldur Guðjóni.

A þessum bílaleigubíl keyrði ég Sævar til Guðjóns, en hann var þá fluttur á Ásvallagötu. Það tók nokkurn tíma að finna húsið, því Sævar hafði gleymt húsnumarinnu. Það fundum við þó og ég beið, eins og áður, lengi í bílnum, meðan Sævar dvaldi inni hjá Guðjóni.

Nokkrum dögum síðar festum við kaup á Land-Rover. Að kvöldi þess dags keyrðum við til Guðjóns. Sævar fór inn og ég beið. Eftir ca. 15 mín. komu þeir Sævar og Guðjón út, til að skoða bílinn. Síðan fóru þeir aftur inn og ég beið, lengi. Loks kemur Sævar út og Guðjón á eftir honum, úlpuklæddur. Þeir setjast báðir í framsætið, Guðjón ávarpar mig "kerlingu" og ég keyri af stað. Er við höfðum ekið smástund, bað Guðjón mig um að fá að prófa bílinn. Ég gaf samþykki mitt og hann keyrði um, síðan heim til sín. Eftir þetta keyrði ég Sævar næstum daglega til að hitta Guðjón, ýmist heim til hans, eða á Mokka, við Skólavörðustíg.

Áður en við fengum bíl (áður en ég hafði bílpróf), fór Sævar ferðir sínar einn og hringdi stundum til að láta vita af sér. Sagðist oftast vera með Guðjóni og er ég spurði, hvað þeir aðhefðust, sagði hann yfirleitt að þeir væru að "útréttu", "redda málunum", eða "tékka á málunum".

Um það leyti, sem "Geirfinnsmálið" kom fyrst fram í fjölmöldum, minnist ég þess, að hafa heyrt samræður milli Guðjóns og Sævars, á heimili Guðjóns, þar sem þeir ræddu um, "Geirfinnsmálið", í þeim dúr, að "Það væri nú meira hvað neðanjarðarheyfingin (undergroundið), væri orðið framtakssamt og áberandi."

Seinna var aftur minnst á "Geirfinnsmálið", milli þeirra, en þá í sambandi við líkfund á Seltjarnarnesi. Annar hvor þeirra talaði um, hvort þarna væri "annar Geirfinnur".

I ca. febrúar 1975, þegar við Sævar vorum stödd í Kaupmannahöfn, hringdi Sævar "collect" til Guðjóns, til Íslands, til að spyrja hann um "ástandið", hvernig "Málin stæðu". Hann fékk þau svör hjá Guðjóni, að því er mér virtist, að honum væri alls ekki ráðlegt að koma til Íslands. (Ástæðan fyrir því, að hann hringdi, var meðal annars sú, að ég vildi fara heim.) Allavega var hann ákveðinn, eftir satal sitt við Guðjón, að fara alls ekki til Íslands þrátt fyrir mjög þágborið ástand okkar í Kaupmannahöfn og þrábað mig að vera kyrra, sem ég gerði fyrst í stað.

Eftir að ég kom heim til Íslands, ein míns liðs, hitti ég Guðjón á Mokka. Hann spyrði mig, hvort Sævar hefði "flunkað" öllu ytra, en ég vissi ekki hverju svara skyldi, þarsem ég vissi ekki við hvað hann átti. Síðan spurði hann hvort ég ætti von á Sævari heim og hvenær. *GJ*

Eftir að Sævar kom sve heim, hélt hann áfram sambandi sínu við Guðjón, eins og áður, fór til hans ávallt án mína.

I júní 1975 fluttist ég á Grundarstíg, án Sævars, en hafði þá verið "skilin við hann" í fimm vikur. Fyrstu dagana þar hringdi Guðjón þangað og spurði um stúlku þá, sem hafði haft símann á undan mér, en þau munu þekkjast. Ég tjáði honum, að hún væri flutt, en þá teygði hann samtalið og spurði loks við hvern hann talaði. Ég sagði honum nafn mitt og þóttist kannast við rödd hans, sem hann og staðfesti, er ég spurði. Hann spurði mig fréttu um Sævar, en ég ~~Sævar~~ sagði honum, að Sævar væri hvergi á mínum vegum, nema til þess eins, að hafa í hótunum við mig. Þá kom í ljós, að honum var málavaxta kunn, varðandi samband mitt og Sævars. Sagði hann mér fréttir af Sævari, þar sem hann hefði að einhverju leyti verið á hans vegum. Svo sagði hann spyrjandi: "Pað er fátt á milli ykkar Sævars." Ég svaraði því til, að það væri aðeins eitt. Að þessu hló hann dátt, en drap svo að lokum á það, að við Sævar hefðum að einhverju leyti gerst lögbrjótar, sem ekki hefði upp um komist. Ég svaraði því þannig, að það kom út sem jákvætt svar. Við það virtist hann vera fullnægður og endaði samtalið með því, að spyrja, hvort hann ætti að skila til Sævars kveðju frá mér. Ég bað hann fyrir alla muni, að láta Sævar ekki vita hvar ég væri niður komin, og skila engum kveðjum til hans.

I júlí 1975 fer Sævar að venja komur sínar til mína á Grundarstíg,. Á þeim tíma voru þeir Guðjón og Sævar í nánu sambandi. Þeir fóru saman í veiðiferðir og á skemmtistaði, höfðu nokkuð sam-eiginlegan fjárhag, þar sem þeir tóku lán hjá sama manni, sitt í hvoru lagi þó, þannig, að Guðjón falsaði nafn Kjartans Sveinssonar arkitekts, á víxil Sævars, en ekki veit ég hver skrifaði á víxil Guðjóns. Guðjón létt síðan Sævar hafa briðjung af sínu láni.

Sævar sagði mér um fals Guðjóns á víxli sínum, og seinna, þegar hann ætlaði að framlengja víxlinum, var Guðjón erlendis og talaði ~~þ~~Sævar þá um, að hann viðsi ekki hvernig fara skyldi að, þars sem hann gæti ómögulega munað, hvaða skrift Guðjón hefði notað. Varð því úr, að hann valdi nafn Vilhjálms Knudsens í staðinn og falsaði ég það fyrir hann.

I ágúst (ca. 23.) fóru þeir Sævar og Guðjón saman á bíl Guðjóns, með ferjunni Smyrli, ásamt eiginkonu Guðjóns og dóttur, til Bergen. Sævar kom heim úr ferð sinni í byrjun September og sagði mér þá, að hann hefði skilið við Guðjón og fjsk. hans í Gautaborg í Svíþjóð. Sagði, að engu hefði verið hægt að koma í framkvæmd, þars sem koma Guðjóns og dóttir hefðu verið til trafala.

49

Nokkru seinna frétti Sævar að eiginkona Guðjóns væri komin heim og gerði sér ferð til hennar, til að fá fréttir af Guðjóni. Ekki vissi ég hvað hún sagði honum, en skömmu seinna fékk Sævar bréf frá Guðjóni, Sem ég las fyrir hann, en þar spurði Guðjón um "ástand" hér heima o.s.frv. og bað Sævar að sjá um, að sér yrðu sendir peningar af bankabók sinni, sem hann ætti hér heima, í erlendum gjaldeyri og gaf upp heimilisfang Poste restante, Paris. Sævar svaraði bréfi hans, en það skrifaði ég fyrir hann, sagðist hann myndu verða við bón hans og sendi jafnframt bæklinga fyrirtækisins VÖK og tillögu, þess efnis, að hann færí á sjónvarpsstöðvar á ferðum sínum, til að kynna kvíkmyndir VÖK, svo og athuga möguleika á markaði fyrir sína eigin kvíkmynd, sem mér var og er enn ekki kunnugt um. Þetta bréf fékk Guðjón aldrei, þarsem það var endursent aftur til Íslands.

Sævar fór utan í nóvember 1975 til Kaupmannahafnar og var burtu ca. 3 daga. Ekki sagðist hann hafa hitt Guðjón. Síðan fór hann aftur í sama mánuði og var ca. viku. Sagðist þá heldur ekki hafa hitt Guðjón.

Hann fór svo til Guðrúnar Egisdóttur, eiginkonu Guðjóns, í þeim tilgangi að fá heimilisfang Guðjóns, sem hann vissi, að var staddur í Frakklandi. Hann fékk það, hringdi og létt gera boð eftir Guðjóni á næstu símstöð, en er það bar engan árangur, sendi hann skeyti til Guðjóns, um að hringja "collect" í síma þann, er við höfðum, þar sem við bjuggum þá, í Kópavogi. Nokkrum dögum seinna hringdi Guðjón "Collect" frá Frakklandi og Sævar bað hann að fara á bíl sínum til Luxembourgar á tilteknum degi, þar sem hann myndi sjálfur koma með flugi frá Íslandi. Það dróst að Sævar færí, svo Guðjón hringdi aftur "collect" og nú frá Luxembourg. Sævar sagði honum, að það hefði orðið smátöf vegna gjaldeyrismála, en tiltök þarnæsta dag. Það stóðst ekki heldur og í þriðja sinn hringdi Guðjón "collect". Þá sagði Sævar honum, að hann kæmi daginn eftir og það stóðst. Hann var í burtu í ca. 2 vikur, og kom aftur samferða Guðjóni. Eftir að heim kom, héldu þeir sambandi sínu, sem áður. Ég minnist þess, að í byrjun desember vorum við Sævar stödd í VÖK studio í Brautarholti. Þangað kom Guðjón, eftir að hafa hringt. Peir Sævar "ræddu málin", um bíl Guðjóns, sem þá var á leið til landsins, hver skyldi leysa hann út og hvenær hann kæmi. Einnig sýndi Sævar honum þá, kvíkmynd, sem tekið var út um bílrúðu og sýndi leiðina austur Suðurlandsveg, að mig minnir Svínahraun óáfram. Sævar sagði mér, þegar ég spurði hann, hann og Guðjón

67

hefðu verið parna saman á ferð í bílaleigubílk, en vildi ekki tjá sig frekar um þá ferð.

I janúar 1976 heimsótti ég Guðjón og konu hans, að Grettis-götu 31A, en þá hafði ég ekkert frá honum heyrta, síðan í fyrri hluta desember. Hann spurði mikið, en ég sagði honum frá máli því, sem upplýstst hafði, varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar. Hann tjáði mér, að hann hefði enga hugmynd haft um hassið í bíl sínum, sem fundist hafði við komu bílsins í desember.

Skömmu síðar fer að bera á rannsókn "Geirfinnsmálsins" í fjölmöldum, en þá mætti ég Guðjóni í Austurstræti. Hann spurði hvort ég væri að flýta mér og þar sem ég var óákveðin í svörum, tók hann undir handlegg minn og sagðist ætla að bjóða mér í kaffi á Tröð. Þar spurði hann mig mikið um upphaf rannsóknar "Geirfinnsmálsins". Ég gaf tvíræð og loðin svör við sumum spurninga hans og hann virtist ekki fyllilega ánægður er ég bjóst til að fara, lagði hann áherslu á að ég heimsækti sig við fyrsta tækifæri. Skömmu síðar heimsótti ég hann og vildi hann ákafur ræða um það sama og í petta sinn fékk hann hjá mér greinarbetri upplýsingar og virtist ánægður með þær. Þá spurði hann mig að því, hvað ég ætlaði að gera við Rambler fólksbílinn, sem ég átti. Ég sagðist ekki hafa óákveðið neitt um það, en hann sýndi bifreiðinni mikinn áhuga. Það var lítið meira rætt, en stuttu seinna hringdi hann og spurði tíðinda, sagði síðan að erindi sitt væri varðandi bílinn. Ég sagði honum þá, hvar bíllinn væri niður kominn, eftir að hann hafði spurt um það og sagðist hann hafa áhuga á að kaupa hann. Ég sagðist skyldu líta heim til hans við tækifæri, petta væri vel hugsanlegt. Skömmu seinna kom ég heim til hans og ákvað þá að láta honum bílinn eftir, parsem ég hirti hvorki um að eiga hann sjálf, né hagnast á honum. Hann hafði þá alla pappíra, varðandi bílakaup, sem til þurfti, á heimili sínu, svo og ritvél og las mér fyrir, hvað ég skyldi vélrita. Að því loknu rétti hann mér pennu sinn og sýndi mér hvar ég skyldi undirrita. Ég sagði honum, að ég væri á förum erlendis til frambúðar og skrifaði þess vegna með eigin henddi á blað, að hann hefði fullt og ótakmarkað umboð mitt, varðandi bílinn, og hafði ég þá aðallega í huga að ske kynni, að hann mætti móður Sævars við bílinn, parsem bíllinn stóð á 168 hennar við Grýtubakka. Hann hafði orð á því, að hann ætlaði sér einhvern næstu daga, að fá með sér mann, til að draga bílinn þaðan, sem hann var og athuga hvað hann gæti úr honum gert. Bílinn seldi ég honum fyrir þúsund krónur, sem var hans hugmynd, formsatriða vegna.

Yfirheyrlu lauk kl. 19:40.

Upplesið, staðfest.

*Sigrún V. Guðmundsson*

*Jónla Þóladóttir*

Miðvikudaginn 23-6-1976. Mættur er í skrifstofu

rannsóknarlöggreglunnar Sverrir Lúthersson, tilh.

Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, bílstjóri, sími 51288 í vinnu og 53659 heimá, 37 ára að aldri.

Hann skýrir frá eftirfarandi af gefnu tilefni:

A tímabilinu einhverntíman í september til í byrjun desember 1973 vann eg á hjólamokstursskóflu inni í Sigöldu, og þá vann Geirfinnur Einarsson þar, á annarri mokstursskóflu og við unnum við sama verk og þá kynntumst við vel, en eg hafði ekki þekkt Geirfinn áður. Við bjuggum einnig í sama húsi og borðuðum í sama mötuneyti, en vinnustaðir okkar gátu verið mismunandi þó það kæmi fyrir að við innum saman. Mér líkaði vel við Geirfinn. Hann var lipur og prúður í sér og vann vel. Var skarp duglegur, og kom sér vel hjá Einari, verkstjóra okkar á meðan eg var barna. Eg vissi ekki til að Geirfinnur drykki áfengi, eða að hann væri í nokkru kvennavesini, eða neinu öðru sem ekki ætti að hafa verið í lagi.

Það gæti svo hafa verið komið eitthvað fram í október, eða kanske seint í þeim mánuði, sem eg varð var við að einhverjir tveir menn komu að hitta Geirfinn, En það var eftir vinnutíma og niðri í borðsal, sem eg sá að einn maður úr vinnuliðinu var að tala við Geirfinn, en þá voru mennirnir nýfarnir og þetta samtal þessa manns og Geirfinns átti sér stað einhverntíman á tímabilinu kl. 22:00 til 23:00. Eg vissi engin deili á þessum manni, nema að hann vann einhverstaðar barna og ekki get eg lýst honum heldur, en eg heyrði að þeir voru að tala saman um eitthvað í sambandi við þessa two menn, sem höfðu heimsótt Geirfinn, og eg heyrði að Geirfinnur sagði að hann hefði krafist einhverrar fjárhæðar, sem mig minnir, án þess þó

að eg þori að fullyrða það nú, að hafi verið krónur  
þrjúhundruð til fjögurhundruðþúsund, og mér fannst  
það vera talsverð upphæð, fyrir að hann, þ.e. Geirfinnur,  
þegði yfir einhverju, sem eg vissi ekki hvað var. Eg  
held að Geirfinnur hafði sagt manninum yfir hverju hann  
ætti að þegja, og eg held að þessi maður, sem var að tala  
við Geirfinn, hafi eitthvað verið kunnugur hinum mönnunum  
tveimur, hvernig svo sem sá kunnugleiki hefur verið.

Eg man enga lýsingu á þessum manni, eða aldur,  
og veit ekki í hvaða starfi hann var. Eg man ekki hvort  
eg sá pennan mann nokkurntíman eftir þetta. Þetta var  
íslendingur, eða a.m.k. ekki annað að heyra á málfari  
hans. Eg sá aldrei hina two mennina, en eg vissi að  
þeir komu í einhverjum bíl uppeftir. Eg man ekki lengur  
hvernig eg vissi að þessir menn komu, en það var eitthvað  
talað um að þeir komu, en hverjir voru að tala um það,  
man eg ekki. Eg heyrði einnig á tali mansins og Geirfinns  
að tveir menn hefðu komið að hitta hann. Eg hef ekki  
hugmynd um hvað það var, sem þessir tveir menn vildu Geir-  
finni.

Geirfinnur féll mikið í álti hjá mér er eg  
heyrði þetta samtal, eða slitrur úr samtali, og því brenndist  
þetta inn í mig.

Eg var ekki mjög langt frá mönnunum í matsalnum  
er þeir voru að tala um þetta, og veit ekki hvort þeir  
hafa ekki tekið eftir mér, eða haldið að eg myndi ekki  
heyra til þeirra. Þar sem mér kom þetta ekki við, gerði  
eg enga tilraun til að hlusta á samtalið og tók því ekki  
eftir öllu sem mönnunum hefur farið á milli. Eg man ekki  
hvort eg fór út á undan mönnunum, eða öfugt. Það var eitthvað  
fleira fólk í salnum, en hverjir voru, eða hvort nokkrir

voru nær þeim en eg, man eg ekki. Þetta kom illa við mig því mér fannst Geirfinnur svo heilsteyptur og duglegur að hjálpa, ef á þurfti að halda.

Eg heyrði ekkert um það hvort Geirfinnur hefði fengið nokkra peninga þar nað, eða hvort hann ætti að fá þá, enda var það stutt stund sem eg var í nálægð mannanna.

Geirfinnur nefndi þessa heimsókn aldrei við mig og eg heyrði aldrei neitt meira um það.

Þegar eg fór heim í desember, þá var Geirfinnur áfram, og eg veit ekki hve lengi hann var eftir það. Hann var að vinna þar nað er eg kom.

Eg varð ekki var við að Geirfinnur héldi sig að neinum sérstökum mönnum þar nað á meðan eg var. Það var annar maður á vélinni á móti Geirfinni og þeir voru saman í herbergi, en eg man ekki hvaða maður það var, og ekki hvað hann var kallaður. Eg held að sá maður hafi ekki byrjað fyrr en eftir að eg kom, en hann var áfram er eg fór. Eg held að það hafi verið einhver aðili í Keflavík, sem átti vélina sem Geirfinnur var á, en það var Caterpillar með 30 tunnu skóflu. Eg held ábyggilega að það sé rétt hjá mér að Geirfinnur hafi verið einn á vélinni í byrjun, en síðan fengið einhvern með sér, en eg var einn á minni vél.

Það hefur aldrei áður verið tala við mig um Geirfinnsmálið, og mér fannst vanta alltof mikil í þetta, til að eg gæti farið að segja nokkrum frá því, fyrr en er eg hitti þig.

Upplesið, játað rétt. Sverrir Lúthersson.

Njörður Snæhólms. Sverris Lúthersson

29-6-1976. Það eru mætt á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar hjónin Elías Ágústsson og Regina Stefánsdóttir, tilh.  
Stefnisdóttir  
Sogavegi 134.

Þau skýra frá því að einhverntíman á tímabilinu október 1974 til í janúar 1975 á sunnudegi milli kl. 1400 og 1600, hafi þau verið í skemmti akstri og ekið gammlaveginn suður Vatnsleysuströdnina, og er þau hafi komið í Flekkuvík, hafi þau séð þar dekkbát, á að giska 6 til 7 smálestir, með dekki og á honum þrjá menn. Báturinn sennilega ljós, svipaður Bátalóni minni bátunum, sem smíðaðir eru í Bátanum. Segl hafi verið breitt yfir stefnið. Seglið grænt á lit. Mennirnir hafi verið að bisa við að draga inn stjóra er þau bar að, en það hafi verið eins og fát hafi komið á mennina, er þeir urðu þeirra varið og þeir sleppt sjóranum og siglt beint út. Segja að báturinn hafi verið nær eystra horni víkurinnar og bara nokkra metra frá landi. Telja að þetta hafi verið frekar yngri menn, eftir hreyfingum þeirra að dæma, en þau hafi ekki séð þá það vel, að þau geti lýst þeim, enda um 200 metrar á að giska frá þeim stað sem þau voru á og út að bátnum. Segast ekki hafa séð annað en stjórann, sem mennirnir slepptu, en enginn bauja eða belgur hefi verið við enda hans er búið var að sleppa honum. Þau hafi heldur ekki séð neina bauju eða belg neinstaðar þarna á sjónum. Númer eða nafn á bátnum sáu þau heldur ekki, þar sem breitt var yfir stenfi hans. Segja að báturinn hafi siglt beint út á meðan þau sáu til hans. Fannst þetta furðulegar aðfarir, en hugsuðu ekki meira út í það, fyrr en farið var að auglýsa eftir upplýsingum varðandi Geirfinnsmálið mí í vor.

Upplesið, játað rétt. Elías Ágústsson.

*Elias Agustsson*  
Regina Stefinsdóttir.

*Regina Stefinsdóttir.*

Eftir að eg tók skýrsluna af hjónunum, ræddum við mál þetta fram og til baka, til að reyna að komast að frekari niðurstöðu um tímann, og þá töldu þau að þetta hefði örugglega verið nokkuð fyrir jólin, og sögðu að er þetta skeði hefði verið gott veður, þó það hefði verið kalt, og enginn snjór, og að á þessu tímabili hefði ekkert verið farið að tala um Geirfinnsmálið, a.m.k. myndu þau alls ekki eftir því. Þeim hefði frekast dottið í hug að barna gæti verið um smygl að ræða, en þar sem þau hefði ekki gaft betri upplýsingar, hefðu þau ekki talið að neitt þyddi að segja frá þessu, fyrr en farið var að auglýsa eftir vitnum, en rétt á eftir, hefðu þau farið austur á Langanes til grásleppuveiða og verið að koma þaðan núna.

N. Snæfólsm.  
*S. Snæfólsm.*

**B** Nr. V Lagt fram í Sakadómi  
Reykjavíkur 28/4 1977

**G.Br.**

## **GEIRFINNSMÁL**

**MAPPA : 1**

**FRUMRIT : Bls. 1 - 501**

**Phobos I**  
**CONFIDENTIAL**